SÓLEY ÁSTUDÓTTUR

Er lagin við að malla saman gómsæta rétti

Saumaklúbbsréttir og sushi

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

SUMARHÚS OG GARÐAR

Tilbúinn ævintýraheimur

Hvít möl og litskrúðug tré

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. maí 2006 — 140. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Enginn með meirihluta í Reykjavík

Sjálfstæðisflokkurinn fengi sjö menn kjörna samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins og tapar manni frá síðustu könnun. Samfylkingin fengi fimm og Frjálslyndir einn. Vinstri græn bæta við sig og fengju tvo fulltrúa, en Framsókn engan.

SKOÐANAKÖNNUN Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins fengi Sjálfstæðisflokkurinn 43,2 prósent ef boðað yrði til borgarstjórnarkosninga í Reykjavík í dag. Sjö fulltrúar Sjálfstæðisflokksins yrðu samkvæmt því kjörnir í borgarstjórn. Þetta er fyrsta könnun Fréttablaðsins fyrir borgarstjórnarkosningarnar sem sýnir ekki hreinan meirihluta Sjálfstæðisflokksins. Flokkurinn tapar fylgi frá síðustu könnun blaðsins, þann 18. maí, þegar 49,3 prósent sögðust myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn.

Fulltrúinn sem Sjálfstæðisflokkurinn missir frá síðustu könnun Fréttablaðsins fer yfir til Vinstri grænna sem bæta við sig fylgi, en samkvæmt könnuninni myndi flokkurinn fá tvo menn kjörna og hefur 13,0 prósenta fylgi. Í síðustu könnun sögðust 9,1 prósent myndu kjósa listann.

Samfylkingin heldur sínum fimm fulltrúum frá síðustu könnun blaðsins, en 31,7 prósent segjast nú myndu kjósa flokkinn. Fylgið eykst lítillega frá síðustu könnun blaðsins, þegar 29,8 prósent sögðust myndu kjósa flokkinn. Frjálslyndir myndu einnig halda sínum fulltrúa frá síðustu könnun blaðsins, en 7,6 prósent segjast nú myndu kjósa flokkinn, sem er nær engin breyting frá síðustu könnun blaðsins. Framsóknarflokkurinn nær ekki manni inn samkvæmt könnun Fréttablaðsins. 4,5 prósent segjast nú myndu kjósa flokkinn, sem er 0,6 prósentustigum meira fylgi en í síðustu könnun blaðsins.

Í gær birtust einnig kannanir Gallup og Félagsvísindastofnunar á fylgi flokka í Reykjavík. Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði, segir þessar þrjár kannanir í grófum dráttum sýna sömu könnunina þrátt fyrir að nokkur munur sé á fylgi flokka milli kannana, þar sem breytingar séu innan skekkjumarka. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, tekur undir það, en báðir segja að mögulegt sé að fylgið sé enn á hreyfingu og verði fram á síðasta dag. „Þetta þýðir að kosningarnar á laugardag geta orðið rosalega spennandi," segir Ólafur Þ. Harðarson. - ss/ sjá síðu 4



HORFT AÐ SLYSSTAÐ Piltur slasaðist í Esjunni er hann rann niður grjótskriðu og lenti harkalega í urðinni. Pilturinn var sóttur af þyrlu Landhelgisgæslunnar, TF-LÍF, og fluttur á slysadeild Landspítalans. Pilturinn reyndist ekki mikið slasaður. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

BLÓÐUG ÁTÖK Byssumaður á verði í Mogadishu. Íslamskir öfgamenn með talibana að fyrirmynd seilast nú til valda í Sómalíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Borgarastríð í Sómalíu:

Harðir bardagar í Mogadishu

SÓMALÍA, AP Hart var barist á götum Mogadishu, höfuðborgar Sómalíu, í gær. Þar takast á herskáir múslimar, sem vilja koma á klerkastjórn í landinu, og liðsmenn veraldlega sinnaðra samtaka sem einnig vilja stjórna landinu.

Sómalía hefur verið meira og minna stjórnlaus frá því Mohamed Siad Barre var steypt árið 1991, en hann hafði þá verið einræðisherra um langt árabil. Bardagar andstæðra fylkinga hafa staðið í Mogadishu í nokkrar vikur. - aa

Hagfræðingur sveitarfélaga:

Endurgreiðsla bæjanna í lagi

SVEITARFÉLÖG Gunnlaugur Júlíusson, sviðstjóri hagfræði- og upplýsingasviðs hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, segir ekkert mæla gegn því að sveitarfélög endurgreiði fasteignagjöld, sé það gert í hlutfalli við þá upphæð sem eigendurnir reiddu af hendi. Það hafi verið gert í Mosfellsbæ og nú einnig í Kópavogi.

GUNNLAUGUR JÚLÍUSSON

„Í sjálfu sér má segja að það sé ágætt ef sveitarfélög taka ekki meiri pening en þau þurfa af skattgreiðendum," segir Gunnlaugur, en bætir við að sambandið hafi ekki skoðun á því hvort rétt sé að endurgreiða upphæðina svo stuttu fyrir kosningar. - gag / sjá síðu 2

Nýtt útspil forseta Palestínumanna í togstreitunni við Hamas:

Þjóðaratkvæði um Palestínuríki

PALESTÍNA, AP Mahmoud Abbas, forseti Palestínumanna, lýsti því óvænt yfir í gær að hann myndi boða til þjóðaratkvæðagreiðslu um að Palestínumenn kæmu sér upp eigin ríki við hlið Ísraels ef Hamassamtökin, sem halda um stjórnartaumana á sjálfstjórnarsvæðunum, samþykkja það ekki innan tíu daga.

Að efna til slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu nú er pólitískt hættuspil sem getur annaðhvort leitt til sátta í innbyrðis deilum Palestínumanna eða aukið enn frekar á klofninginn í þeirra röðum.

Forystumenn Hamas virtust skiptast í tvö horn í afstöðunni til slíkrar þjóðaratkvæðagreiðslu. Sumir sögðust sáttir við að hún færi fram en aðrir sögðu þetta útspil Abbas hafa það að markmiði að grafa undan heimastjórninni sem Hamasmenn fara fyrir. Abbas er einn af leiðtogum Fatahhreyfingarinnar sem þurfti að láta í minni pokann fyrir Hamas í kosningum til palestínska löggjafarþingsins í vor.

MAHMOUD ABBAS Forsetinn boðar þjóðaratkvæði um stofnun palestínsks ríkis. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sérfræðingar í viðhorfskönnunum telja sennilegt að meirihluti Palestínumanna myndi samþykkja tillögu Abbas í slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu, en þeir segja að hún gæti gert herskáum öflum í röðum Palestínumanna kleift að sætta sig við samninga við Ísrael, án þess að virðast láta undan þrýstingi frá Vesturlöndum. Slík atkvæðagreiðsla gæti líka aukið þrýstinginn á Ísraela að snúa aftur að samningaborðinu í stað þess að ákvarða landamærin einhliða. - aa

Ærfingar hafnar

Bubbi Morthens er byrjaður að æfa fyrir afmælistónleikana en uppselt er á þá.

FÓLK 62



Er fyrsti meistarinn

Jónas Örn Helgason varð fimm milljónum króna ríkari.

FÓLK 62

Leiðin til álnauðar

„Leiðin til álnauðar er vörðuð góðum ásetningi," segir Andri Snær Magnason. „Þótt hver í sínu horni sé velviljaður er heildarmarkmiðið hrein yfirlýsing um fjandsamlega yfirtöku á íslensku atvinnulífi og náttúru. Næstu tvennar kosningar eru mikilvægustu kosningar Íslandssögunnar."

UMRÆÐAN 36

Brutu munnlegt samkomulag

Alfreð Gíslason, landsliðsþjálfari í handbolta, vandar forráðamönnum Fram ekki kveðjurnar og segir þá hafa brotið munnlegt samkomulag við Sverri Björnsson, sem fær ekki að fara frá félaginu.

ÍÞRÓTTIR 54

VEÐRIÐ Í DAG



VÆTA SUNNAN TIL Í dag verður yfirleitt hæg breytileg átt. Dálítil rigning eða skúrir sunnan til og síðan einnig suðvestan til og sums staðar norðan til síðdegis. Bjart með köflum annars staðar. Hiti 3-12 stig, svalast á annesjum nyrðra.

VEÐUR 4

Það besta fyrir Kópavog

xdkop.is

XD

Flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni.

FRJÁLSLYNDIR OG ÓHÁÐIR XF

www.xf.is
www.f-listinn.is

SPURNING DAGSINS

Karl, er þetta hinn fullkomni glæpur?

„Þetta er ekki hinn fullkomni glæpur en þetta er vissulega pínlegt.“

Mannsins, sem stal handjárnum og stækkunargleri á sýningunni Myrkraverk og misindismenn í Þjóðarbókhlöðunni fyrr í vikunni, er enn leitað af lögreglu. Karl Steinar Valsson er aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni í Reykjavík.

Tveir íslenskir þingmenn sækja vorfund Natóþingsins í París:

Staða varnamálanna rædd

VARNARMÁL Á vorfundi Natóþingsins, sem hefst í dag og lýkur á þriðjudaginn, verður staða varnarmála á Íslandi meðal umræðuefna. Magnús Stefánsson, þingmaður Framsóknarflokksins, og Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, verða fulltrúar Íslands á fundinum.

Að sögn Magnúsar hefur upplýsingum um stöðu varnarmála hér verið komið á framfæri til fulltrúa annarra Natóþjóða í aðdraganda fundarins. Magnús gerir ráð fyrir að umræður sem snúa að Íslandi muni fara fram á sunnudaginn og þá munu hann og Össur upplýsa nánar um stöðu mála.

„Staða varnarmála á Íslandi nú hefur ekki verið rædd á þessum vettvangi áður þó að upplýsingum hafi verið komið á framfæri við framkvæmdastjóra Nató og fleiri,“ sagði Magnús. Aðspurður hvaða áherslur verði lagt upp með sagði Magnús að markmiðið væri fyrst og fremst að gera grein fyrir stöðunni, það að Bandaríkjamenn séu að fara og óljóst hvert framhaldið verður.

„Bandarískir þingmenn verða viðstaddir umræðurnar og við búumst við viðbrögðum frá þeim. En það verða engar ákvarðanir teknar á þessum fundi.“

- sdg

VARNARLIÐSMENN Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI Þingmenn annarra Natóþjóða verða upplýstir um stöðu varnarmála á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ATLI

Dularfullur reikningur:

Hækkaði um 534 prósent

RAFMAGN Bónda á Austurlandi brá heldur betur í brún þegar hann fékk í hendurnar rafmagnsreikning upp á 99.564 krónur í byrjun apríl og hafði reikningurinn hækkað um 534 prósent á einum mánuði. Í marsbyrjun hljóðaði reikningurinn upp á 18.640 krónur.

Að sögn Tryggva Þórs Haraldssonar, framkvæmdastjóra fjármálasviðs hjá RARIK, geta hækkanir á rafmagnsverði ekki skýrt hækkunina. „Annað hvort er þetta eitthvað afbrigðilegt í notkuninni eða skekkja í mælingunni.“ Tryggvi sagði að málið yrði skoðað og leiðrétt ef um skekkju væri að ræða.

- sdg

Hæstiréttur Íslands:

Fangelsi og svipting

DÓMSMÁL Hæstiréttur Íslands dæmdi í vikunni mann til sex mánaða fangelsis og svipti hann ökuleyfi ævilangt vegna ölvunaraksturs en umræddur maður hefur alls fimmtán sinnum verið dæmdur fyrir sömu sök.

Maðurinn hefur þrisvar áður verið sviptur ökuleyfi ævilangt og dvalið í fangelsi vegna ölvunaraksturs en fyrsta dóminn fyrir slíkt hlaut hann árið 1968. Taldi dómurinn með vísan til sakaferils hans að sex mánaða fangelsi að auki væri hæfileg refsing. Hæstiréttur mildaði þar með dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá október síðastliðnum um einn mánuð en manninum var einnig gert að greiða allan sakarkostnað úr eigin vasa.

- aöe

PÁFI OG PÓLLANDSFORSETI Benedikt XIV páfi og Lech Kaczynski Póllandsforseti í Varsjá í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Páfi í Póllandi:

Vill græða sár fortíðarinnar

PÓLLAND, AP Benedikt XIV páfi fékk hlýjar móttökur í Varsjá í gær, við upphaf opinberrar heimsóknar hans til heimalands fyrirrennara síns í embætti, Jóhannesar Páls II páfa.

Páfi, sem er þýskur að uppruna, lýsti því yfir að hann vildi leggja sitt af mörkum til að græða þau sár sem hin „hörmulega kúgunarstjórn“ þýskra nasista olli. Hann sagðist ætla að halda í heiðri markmið fyrirrennara síns - að stuðla að sáttum Pólverja og Þjóðverja og að efla tengsl kirkjunnar við gyðinga.

- aa

Kosningatitringur í Kópavogi og Mosfellsbæ

Vinstri grænn eru ósátt við vinnubrögð Gunnars I. Birgissonar og Ragnheiðar Ríkharðsdóttur við endurgreiðslu fasteignagjalda nokkrum dögum fyrir kosningar. Þeir hafa beðið yfirkjörstjórn að athuga hvort vinnubrögðin flokkist sem óleyfilegur kosningaáróður og -spjöll. Bæjarstjórarnir segja vinnubrögðin eðlileg.

SVEITARFÉLÖG Vinstri grænn í Kópavogi og í Mosfellsbæ hafa kært framkvæmd endurgreiðslu fasteignagjalda í Mosfellsbæ og Kópavogi til yfirkjörstjórnar. Þau telja bæjarstjórana, sem báðir eru í kjöri fyrir Sjálfstæðisflokkinn, fara með óleyfilegan kosningaáróður og kosningaspjöll og vísa til laga sem banna að bera á mann fé eða fríðindi til að hafa áhrif á hvort og þá hvernig hann greiðir atkvæði.

Vinstri grænn segja óeðlilegt að Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri í Mosfellsbæ, undirriti endurgreiðsluávísanirnar sem fasteignaeigendum berast þar. Einnig sé óeðlilegt að Gunnar I. Birgisson riti undir bréf sem fest er við ávísunina sem eigendur fjölbýlisíbúða fá í Kópavogi.

Í yfirlýsingu frá oddvita Vinstri grænna í Kópavogi, Ólafi Þór Gunnarssyni, segir að undirritun bréfsins sé sérlega ámælisverð í ljósi þess að í kosningaskrá flokks bæjarstjórans sé talað um lækkun fasteignagjalda sem eitt af kosningaloforðum flokksins.

Í yfirlýsingu Bjarka Bjarnasonar, oddvita Vinstri grænna í Mosfellsbæ, stendur að í bréfi til Mosfellinga sem fylgdi ávísuninni hafi verið kosningaáróður.

Í báðum bæjarfélögunum hafði verið samþykkt samhljóða að lækka fasteignagjöldin og einnig að leiðrétta mismun lækkunarinnar á gjöldum fyrir einbýli og fjölbýli í Kópavogi, sem nú er verið að greiða út.

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir ekkert óeðlilegt við bréfið sem hann undirritaði og í yfirlýsingu á vef Kópavogsbæjar stendur að nauðsynlegt hafi verið að leiðrétta álagningu fasteignagjaldanna með þeim hætti sem gert var til að taka af öll tvímæli um lögmæti afsláttarins: „Þetta var gert eftir ábendingu frá félagsmálaráðuneytinu og að höfðu samráði við það.“

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri í Mosfellsbæ, segir sérkennilegt að vinstri grænn geri athugasemd við undirritun ávísananna. „Ég hef á kjörtímabilinu skrifað undir æði margar ávísanir. Það er mér því hulin ráðgáta hvernig hægt er að líta á það sem kosningaspjöll. Menn verða að hafa pínulitla þekkingu á því hvernig fyrirtækjarekstur gengur fyrir sig. Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri fyrirtækisins Mosfellsbæjar. Hann hefur fyrstu prókúru og það vald að skuldbinda sveitarfélagið að gefnu leyfi bæjarstjórnar,“ segir Ragnheiður og bætir við: „Ef þetta er ekki kosningaáróður af þeirra hálfu, þá veit ég ekki hvað þetta er.“

gag@frettabladid.is

GUNNAR I. BIRGISSON Bæjarstjóri Kópavogsbæjar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

RAGNHEIÐUR RÍKHARSDÓTTIR Bæjarstjóri Mosfellsbæjar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ENDURGREIÐSLA FASTEIGNAGJALDA Gagnrýnt er að Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri í Mosfellsbæ, skuli rita undir endurgreiðsluávísanir. Hún segir það fullkomlega eðlilegt. Hún hafi ritað undir æði margar ávísanir á kjörtímabilinu og aldrei hafi verið kvartað yfir því fyrr.

Yfirkjörstjórn Kópavogs:

Ekkert athugavert við bréfið

Jón Atli Kristjánsson, formaður yfirkjörstjórnar í Kópavogi, segir bréfið frá Gunnari I. Birgissyni og ávísun endurgreiðslu bæjarins til eigenda fjölbýlisíbúða ekki brjóta í bága við kosningalög. Bærinn hafi farið að tilmælum félagsmálaráðuneytisins. „Þetta gerir bærinn og virðist gera innan þeirra tímamarka sem eðlilegt verður að teljast, þannig að við sjáum ekki annað en að þetta séu eðlilegar embættisfærslur innan bæjarins,“ sagði Jón Atli við Sjónvarpið í gær. Um tímasetningu endurgreiðslunnar sagði Jón að mætti deila um. Ekki náðist í yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar.

- gag

Einu umfangsmesta viðskiptaglæparéttarhaldi vestanhafs að ljúka:

Forstjórar Enron sakfelldir

BANDARÍKIN, AP Fyrrverandi forstjórar Enron-stórfyrirtækisins bandaríska, Kenneth Lay og Jeffrey Skilling, voru í gær dæmdir sekir um samsæri um verðbréfasvik í einu stærsta hneykslismáli í sögu bandarísks viðskiptalífs.

Með dómnum eru þeir Lay og Skilling gerðir höfuðábyrgir fyrir gjaldþroti Enron á árinu 2001, en það var á tímabli sjöunda stærsta fyrirtæki Bandaríkjanna. Starfsemi þess var aðallega á sviði orkuviðskipta.

Réttarhaldið yfir tvímenningunum stóð í nærri fjóra mánuði og kviðdómur tók sér sex daga til að komast að niðurstöðu.

Lay var fundinn sekur um öll sex ákæruatriðin og Skilling um 19 af 28 ákæruatriðum. Lay var einnig sakfelldur fyrir bankasvik og að hafa borið ljúgvitni í öðru réttarhaldi sem fjallaði um einkabankaviðskipti hans.

Dómarinn, Sim Lake, boðaði að úrskurður um refsingu yrði kveðinn upp þann 11. september. Áratugalangt fangelsi liggur við þeim glæpum sem nú er búið að sakfella tvímenningana fyrir.

Á þeim fjórum og hálfa ári sem rannsóknin á gjaldþroti Enron hefur staðið yfir hafa sextán af fyrrverandi yfirmönnum hjá fyrirtækinu játað á sig sakir, þeirra á meðal Andrew Fastow sem var aðalfjármálastjóri þess, og Richard Causey, sem var aðalbókari fyrirtækisins. Þeir eiga allir dómsuppkvaðningu yfir höfði sér síðar á árinu, nema tveir sem þegar hafa setið af sér fangelsisdóm eða sitja enn inni.

Sakfellingin er mikill sigur fyrir ákæruvaldið vestra, en réttarhaldið var mikil prófraun á það hvort unnt væri að draga einstaka stjórnendur fyrirtækis á borð við Enron til ábyrgðar fyrir bókhaldsbrellur og svik af því tagi sem drógu Enron í þrot, en gjaldþrotið olli miklum skakkaföllum í kauphöllum Bandaríkjanna.

- aa

ÆTLAR AÐ ÁFRÝJA Jeffrey Skilling hætti sér út í fréttamannaþvöguna fyrir utan dómhúsið í Houston eftir að dómurinn féll í gær. Lay gerði það ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

TÍMI TIL AÐ BREYTA

Það er kominn tími til að breyta um áherslur við stjórn Reykjavíkurborgar.
Við ætlum í samvinnu við Reykvíkinga að búa til betri borg.

Við leggjum fram metnaðarfulla framtíðarsýn um aukin lífsgæði í borginni og reynslu og þekkingu öflugs hóps frambjóðenda.

FLUGVÖLLUR VERÐI ÁFRAM Í REYKJAVÍK

Innanlandsflugið verður ekki flutt til Keflavíkur. Að lokinni athugun sérfræðinga á mögulegum flugvallarstæðum verður tekin ákvörðun um framtíðarlegu flugvallarins, þar sem öryggissjónarmið ráða úrslitum.

SUNDABRAUT OG MISLÆG GATNAMÓT

Sundabrautin verði lögð fjögurra akreina í einum áfanga alla leið upp á Kjalarnes og mislæg gatnamót byggð á mótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar.

FLEIRI TÆKIFÆRI TIL SAMVERUSTUNDA

Tryggjum foreldrum og börnum val um örugga vistun frá því fæðingarorlofi lýkur, lækkum leikskólagjöld, göngum til samninga við íþrótta- og æskulýðsfélög í borginni um að þátttökugjöld barna verði lækkuð. Samræmum skólanám barna og íþrótta- og tómstundastarf til að fjölga samverustundum fjölskyldunnar.

STÓRÁTAK Í BYGGINGU HJÚKRUNARHEIMILA, ÞJÓNUSTUÍBÚÐA OG LEIGUÍBÚÐA

Við ætlum að ráðast í stórátak í byggingu hjúkrunarheimila í samvinnu við ríkið og beita okkur fyrir öflugri uppbyggingu þjónustu- og leiguíbúða fyrir eldri borgara.

25% LÆKKUN FASTEIGNAGJALDA

Fasteignagjöld á íbúðarhúsnæði verða lækkuð um 25%. Fyrst um 10% 1. janúar 2007 og síðan um 5% árlega. Tekjuviðmið vegna afsláttar af fasteignasköttum fyrir eldri borgara og öryrkja verða hækkuð.

HREINSUNAR- OG FEGRUNARÁTAK

Strax í sumar á að hefjast fegrunar- og hreinsunarátak í borginni. Við munum bæta aðstöðu íbúa til útivistar, glæða grænu, opnu svæðin nýju lífi, leggja göngu- og hjólreiðastíga og auka gróður og góða lýsingu í borgarumhverfinu.

FJÖLBREYTTAR LÓÐIR FYRIR ALLA

Allir sem vilja búa og byggja í Reykjavík eiga að hafa kost á fjölbreyttu húsnæði og lóðum. Lóðauppboð verður afnumið og lóðagjöld lækkuð.

AUKIÐ VAL FYRIR ELDRI BORGARA

Við ætlum að tryggja aukið val og fjölbreytni í húsnæði fyrir eldri borgara við skipulag nýrra hverfa. Við ætlum að gera eldri borgurum kleift að búa á eigin heimili svo lengi sem þeir kjósa og efla og samræma heimaþjónustu og heimahjúkrun.

www.betriborg.is

XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 24.05 2006

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	72,39	72,73
Sterlingspund	136,43	137,09
Evra	93,13	93,65
Dönsk króna	12,494	12,568
Norsk króna	11,908	11,978
Sænsk króna	9,994	10,052
Japanskt jen	0,648	0,6518
SDR	108,13	108,77

Gengisvísitala krónunnar
128,7262

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sjálfstæðisflokkur fengi átta borgarfulltrúa:

Hreinn meirihluti

KOSNINGAR Sjálfstæðisflokkurinn næði átta borgarfulltrúum og hreinum meirihluta í borgarstjórn samkvæmt nýjustu skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands sem var unnin fyrir NFS. Mælist flokkurinn með rúmlega 47 prósenta.

Frjálslyndir og óháðir bæta einnig við sig og mælast með 8,5 prósent sem tryggir þeim einn mann. Samfylkingin er með tæplega 27 prósent og fengi fjóra menn. Vinstri grænn eru með tæplega 14 prósent og fengju tvo menn inn. Framsóknarflokkur mælist með fimm prósent sem dugar ekki til að ná inn manni. Könnunin fór fram 22. til 24. maí og var svarhlutfall 64 prósent. - sdg



Framsóknarflokkur eykur fylgi sitt samkvæmt Gallup:

Nær inn manni nú

KOSNINGAR Framsóknarflokkurinn nær inn einum manni í borgarstjórn með rúmlega sex prósenta fylgi samkvæmt nýjustu könnun Gallup sem var unnin fyrir Ríkisútvarpið. Þetta er í fyrsta skipti sem Framsókn nær inn manni samkvæmt Gallup en þetta er fimmta raðkönnunin.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist nú með 43,5 prósenta fylgi og nær inn sjö mönnum. Frjálslyndir eru með rétt tæp tíu prósenta fylgi og ná inn einum manni. Samfylkingin mælist með rúmlega 25 prósenta fylgi og fær fjóra menn inn. Vinstri grænn eru með rúmlega 15 prósent og ná tveimur mönnum inn. Könnunin var gerð dagana 23. og 24. maí og svöruðu 61,6 prósent aðspurðra. - sdg



VIÐBRÖGÐ ODDVITANNA

Ólafur F. Magnússon, Frjálslyndum „Samkvæmt undanförnum könnunum höfum við verið með örruggt fylgi milli fyrsta og annars manns á lista og þessi niðurstaða breytir engu um þann staðfasta ásetning okkar að ná Margréti Sverrisdóttur inn áður en yfir lýkur. Við finnum fyrir hlýhug borgarbúa og kosningabaráttan hefur verið einstaklega trúverðug og mun að lokum skila enn meiri árangri en sést nú."

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Sjálfstæðisflokki „Það er greinilegt að fylgið er á mikilli hreyfingu og kannanir sýna fylgi okkar allt frá 43 prósentum og upp í 48 prósent þannig að allt getur enn gerst. Samkvæmt þessu missum við þann hreina meirihluta sem aðrar kannanir hafa sýnt og það verður að bíða eftir þeirri könnun sem öllu máli skiptir á laugardaginn kemur til að fá endanlega úr þessu skorið. En ég hef sterkan grun um að við munum bæta við okkur áður en yfir lýkur."

Svandís Svavarsdóttir, Vinstri grænum „Þetta eru mjög athyglisverðar tölur, ekki síst fyrir þá sök að þarna er Sjálfstæðisflokkurinn búinn að missa meirihlutann. Þarna er virkilega kominn flötur á að stjórnarandstöðuflokkarnir í þinginu myndi með sér meirihluta í borginni og ég tel að það sé afar vænlegur kostur ekki síst þegar við erum að fara inn í kosningavetur."

Björn Ingi Hrafnsson, Framsóknarflokki „Við erum að sækja í okkur veðrið en eins og ég hef alltaf sagt er flokkakönnunin á laugardaginn kemur. Aðrar kannanir sýna betri stöðu en með því er ég ekki að gera lítið úr þessari könnun. Hún sýnir samt fylgisaukningu og endaspretturinn er eftir. Allir geta verið sammála um að við erum í sókn."

Dagur B. Eggertsson, Samfylkingu „Í pólitík snýst þetta um að toppa á réttum tíma og við höfum verið að dreifa skýrum 16 atriða verkefnalista í öll hús og treyst á þann breiða hóp sem að baki framboðinu stendur. Við höfum fulla trú á að við munum sækja fram á lokasprettinum til að tryggja að við verðum sterk kjölfesta við myndun næsta meirihluta. Valið stendur milli Samfylkingar og Sjálfstæðisflokksins."

Vinstri flokkarnir bæta við sig

Sjálfstæðisflokkurinn tapar rúmum sex prósentustigum á milli kannana og fengi sjö menn kjörna. Samfylkingin og Vinstri grænn bæta við sig fylgi og fengi Samfylkingin fimm en Vinstri grænn bæta við sig manni og fengju tvo. Frjálslyndir standa í stað og fengju mann kjörinn. Framsókn bætir örlitlu við sig, en fengi engan.

SKOÐANAKÖNNUN Sjálfstæðisflokkurinn mælist enn stærsti flokkurinn í Reykjavík, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 43,2 prósent segjast nú myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn og hefur fylgi flokksins dalað nokkuð frá síðustu könnun Fréttablaðsins, 18, maí, þegar 49,3 prósent sögðust myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn. Þetta myndi þýða að flokkurinn fengi sjö borgarfulltrúa kjörna, en ekki átta, líkt og í síðustu könnun blaðsins. Fylgi flokksins dalar hjá bæði körlum og konum frá síðustu könnun. 45,9 prósent karla segjast nú myndu kjósa flokkinn, en 50,9 prósent karla sögðust áður kjósa flokkinn. 40,4 prósent kvenna segjast nú myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, en í síðustu könnun sögðust 47,4 prósent kvenna styðja hann.

Samfylkingin bætir við sig tæpum tveimur prósentustigum frá síðustu könnun blaðsins. Nú segjast 31,7 prósent myndu kjósa flokkinn, en fylgi við flokkinn var 29,8 prósent. Fimm fulltrúar Samfylkingarinnar yrðu því kjörnir í borgarstjórn, líkt og í síðustu könnun. Flokkurinn bætir við sig heldur meira fylgi hjá körlum en konum. 29,0 prósent karla segjast nú myndu kjósa Samfylkinguna, en sú tala var áður 26,4 prósent. 34,6 prósent kvenna segjast myndu kjósa flokkinn, en áður sögðust 33,5 prósent kvenna myndu kjósa Samfylkinguna.

Vinstri grænn bæta við sig nægu fylgi til að fá tvo borgarfulltrúa kjörna nú, í stað eins áður. 13,0 prósent segjast nú styðja Vinstri grænn, 9,7 prósent karla og 16,5 prósent kvenna. Í síðustu könnun blaðsins sögðust 9,1 prósent myndu kjósa Vinstri grænn, og bætir flokkurinn því við sig tæpum fjórum prósentustigum. Fylgisaukningin kemur nánast einvörðungu frá konum, en í síðustu könnun sögðust 9,3 prósent kvenna myndu kjósa listann.



Frjálslyndi flokkurinn stendur nánast í stað frá síðustu könnun blaðsins. 7,6 prósent segjast nú myndu kjósa flokkinn, í stað 7,9 prósenta í síðustu könnun. Líkt og áður myndi flokkurinn fá einn mann kjörinn. 9,3 prósent karla segjast styðja Frjálslynda flokkinn, en 5,8 prósent kvenna.

Framsóknarflokkurinn bætir aðeins við sig fylgi, en ekki nóg til að koma að manni. 4,5 prósent segjast nú myndu kjósa Framsóknarflokkinn, en það voru 3,9 prósent í síðustu könnun. Nú segjast 6,1 prósent karla myndu kjósa flokkinn, í stað 5,2 prósenta í síðustu könnun blaðsins. 2,7 prósent kvenna segjast nú myndu kjósa Framsóknarflokkinn, sem er nánast sama fylgi kvenna og flokkurinn hafði í síðustu könnun.

Hringt var í 800 Reykvíkinga fimmtudaginn 25. maí og skiptust svarendur jafnt milli karla og kvenna. Spurt var; Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til borgarstjórnarkosninga í dag? 67,4 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

Einnig var spurt hvern svarendur vildu að yrði næsti borgarstjóri í Reykjavík og tóku 69,5 prósent svarenda afstöðu til spurningarinnar. Flestir, eða 44,8 prósent, sögðust vilja að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson yrði næsti borgarstjóri. Það er 1,6 prósentustigi meira en fylgi Sjálfstæðisflokksins nú. Þá segjast 35,4 prósent vilja að Dagur B. Eggertsson verði næsti borgarstjóri. Fylgi Dags er því 3,7 prósentustigum meira en fylgi Samfylkingarinnar.

7,4 prósent segjast nú myndu vilja sjá Svandísi Svavarsdóttur sem næsta borgarstjóra, 5,6 prósentustigum minna en segjast myndu kjósa Vinstri græna. 3,6 prósent segjast myndu vilja að Ólafur F. Magnússon verði næsti borgarstjóri, sem er fjórum prósentustigum minna en segjast myndu kjósa frjálslynda. 3,2 prósent vilja að Björn Ingi Hrafnsson verði næsti borgarstjóri, sem er 1,3 prósentustigum minna en segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn. 5,6 prósent segjast myndu vilja einhvern annan sem borgarstjóra. Af þeim var nafn Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur, núverandi borgarstjóra, oftast nefnt.

svanborg@frettabladid.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

GÆTI TEKIÐ TÍMANN SINN

Það gæti tekið nokkurn tíma fyrir snjóinn sem kyngdi niður fyrir norðan í norðanáhlaupinu, að taka upp. Hitinn næstu daga verður ekkert tiltakanlega hár en það er eiginlega forsenda þess að hann taki upp. Auðvitað hjálpa sólargeislarnir, sem og almennilegt vatnsveður en í hvorugu þessara verður kraftur komandi daga. Það mun því taka nokkurn tíma að losna við snjóinn.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI

Hæg breytileg átt. Skýjað með köflum en rigning síðdegis. Hiti 5-9 stig.

um hádegi »



» á morgun



» sunnudagur



um hádegi »

Kaupmannahöfn	12°C alskýjað	London	16°C léttskýjað	Alicante	24°C alskýjað
Billund	113°C skúrir	París	14°C rigning	Mallorca	20°C alskýjað
Osló	15°C skúrir	Frankfurt	14°C rigning	Algarve	25°C hálfskýjað
Stokkhólmur	15°C skúrir	Friedrichshafen	18°C hálfskýjað	Krít	28°C heiðskírt
Gautaborg	9°C rigning	Berlín	14°C skúrir	Las Palmas	21°C hálfskýjað

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Bjarni Gunnar Kristinsson
Yfirmatreiðslumaður á Grillinu
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara

KJÚKLINGAPINNAR "SATE"

að hætti Bjarna

500 g kjúklingabringur/lundir (skornar til og þræddar upp á spjót)
100 ml kjúklingasoð (vatn og kraftur)
1/2 saxaður laukur
1 rif saxaður hvítlaukur
2 tsk. söxuð engiferrót
1/2 tsk. cumin (ekki kúmen)
1/2 tsk. tumeric

Öllu er blandað saman og látið liggja í 30-60 mín. Gott er að kryddleggja spjótin í tvöföldum plastpoka svo kryddlögurinn leiki um kjötið. Passa þarf að gegnumsteikja kjúklinginn.

Innfluttar frosnar
kjúklingabringur
TILBOÐ
1.599 kr/pk
Verð áður 1.899,-

Fylltar svínalundir
úr kjötborði
TILBOÐ
2.195 kr/kg
Verð áður 2.498,-

Lambalundir
úr kjötborði
TILBOÐ
2.998 kr/kg
Verð áður 3.749,-

Með hverri keyptri delí samloku fylgir 0.5 ltr. Coke light með í kaupbæti.

Nýtt í Hagkaupum

979 kr/pk

Partýbakki
ljúfengir ávextir og grænmeti

Nýtt í Hagkaupum

EAS
Vantar þig aukaorku í útiveruna?
Ótrúlegt úrval af EAS í Hagkaupum

Íslensk jarðaber

Gildir til 28. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Íbúðalánasjóður

KJÖRKASSINN

Viltu að Íbúðalánasjóði verði breytt í heildsölubanka?

Já 10%
Nei 90%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ertu spennt(ur) fyrir sveitarstjórnarkosningunum?

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Fyrirhugað er að leggja veg gegnum Álafosskvosina í Mosfellsbæ:

Hópur íbúa mótmælir tengibraut

SKIPULAGSMÁL Íbúar við Álafosskvosina í Mosfellsbæ stóðu fyrir mótmælum á fimmtudaginn vegna fyrirhugaðrar tengibrautar sem á að liggja gegnum kvosina. Tengibrautin á að liggja að nýju hverfi sem stendur til að reisa á Helgafellslandi.

Að sögn Orra Páls Dýrasonar, talsmanns hópsins, er mikil andstaða við þessar framkvæmdir meðal íbúa svæðisins. „Kvosin er mjög fallegur staður og mikið af fallegum trjám sem var plantað af stofnendum Álafossverksmiðjunnar verða rifin upp ef af framkvæmdinni verður.“ Orri segir að tengibraut á þessum stað muni skapa mikla mengun og er fyrirhugaður staður brautarinnar mjög nálægt tveimur húsum.

„Brautin er hugsuð sem stysta leiðin úr hverfinu í miðbæ Mosfellsbæjar. Það tekur hálfri mínútu lengur að fara Þingvallaleiðina, en menn vilja frekar eyðileggja fallegasta hverfi bæjarins.“ Orri sagði að framkvæmdin yrði kærð á næstunni af íbúum svæðisins.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, segir framkvæmdina hafa legið fyrir í langan tíma og hafi verið samþykkt í deiliskipulagi sem bíður nú samþykktar Skipulagsstofnunar. „Málið snýst um að Helgafellshverfið snýr að miðbænum og alveg skilyrt að það sé tenging við miðbæinn.“ - sdg

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

MÓTMÆLENDUR Búið er að stika út leiðina þar sem áætlað er að brautin liggi.

Barnaborgin Reykjavík

Það er ekki undirbúningur fyrir lífið að vera barn.

Það er lífið.

Forgangsröðum í þágu barnanna í borginni.

Kjósum Vinstri græn

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

Svandís Svavarsdóttir
1. sæti í Reykjavík

REYKJANESBÆR Ágreiningur um það hvernig rekstur Reykjanesbæjar heldur áfram að magnast. Sjálfstæðismenn telja að reksturinn hafi farið snarlega batnandi síðustu árin en ekki sé litið til þess. MPA-ritgerð í stjórnsýslufræðum sýnir að reksturinn standi illa.

Dökk mynd þegar málað er með svörtu

Ágreiningur magnast um það hvort rekstur Reykjanesbæjar sé jafn slæmur og haldið hefur verið fram. Sjálfstæðismenn eru afar ósáttir við niðurstöður ritgerðar þar sem fram kemur að skuldasöfnun hafi verið mikil síðustu ár og reksturinn slæmur.

FJÁRMÁL Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, er afar ósáttur við niðurstöður Sigurðar Björnssonar viðskiptafræðings um skilvirkni í stjórnun sex sveitarfélaga. Í Fréttablaðinu í gær kom fram að rekstur Reykjanesbæjar hefði staðið afar illa og skuldasöfnun verið svo mikil að jaðrað hefði við ábyrgðarleysi. Þetta telur Árni rangt og segir Sigurð hafa „föndrað með ársreikninginn“.

Árni segir að skuldir Reykjanesbæjar hafi verið greiddar niður um 1,3 milljarða króna á árunum 2002-2006. Þar af sé ótvíræð hrein skuldalækkun um 800 milljónir króna. Ritgerð Sigurðar sé byggð á misskilningi, hann hafi ekki í höndum ársreikninginn 2005. Þá skoði hann einungis A-hluta bæjarsjóðs, ekki samstæðureikninginn. A-hlutinn segi ekki alla söguna um rekstur sveitarfélagsins.

Sigurður segir í ritgerð sinni að Reykjanesbær hafi síðustu árin selt fasteignir inn í fasteignafélög og gert leigusamninga til langs tíma til að sýna lækkandi skuldir í efnahagsreikningi. Þetta þýði eignatilfærslu til að fegra rekstur bæjarsjóðs. Á svipuðu máli er Reynir Valbergsson, fyrrverandi fjármálastjóri Reykjanesbæjar. Hann segist hafa lýst því yfir á sínum tíma að þetta væri varasamt, lántaka og ekkert annað. Þessum peningum hafi meðal annars verið eytt í rekstur.

LÚÐVÍK GEIRSSON

ÁRNI SIGFÚSSON

Árni segir öll sveitarfélög hafi átt að stofna eignasjóði samkvæmt lögum 2002-2003. Reykjanesbær hafi ákveðið að stofna fasteignafélag með Glitni og átta öðrum sveitarfélögum og ná þannig stærra félagi, hagstæðari lánskjörum, lægri byggingarkostnaði og hagstæðara viðhaldi. Reykjanesbær eigi 35 prósent í þessu félagi og eignirnar nemi í dag tólf milljörðum króna.

Árni Sigfússon segir Sigurð „föndra“ með ársreikninginn. Hann bæti við framtíðarleigugreiðslum vegna húsnæðis, „en sleppir til dæmis eign bæjarins í Hitaveitu Suðurnesja. Ekki að furða að út komi dökk mynd þegar málað er með svörtu.“

Harðlega er deilt á rekstur Hafnarfjarðar í ritgerðinni. Lúðvík Geirsson bæjarstjóri segir að fjárhagurinn hafi styrkst. Samstæðan hafi skilað greiðsluafgangi yfir milljarð króna síðustu tvö ár og erlendar skuldir greiddar niður. Algjör umbreyting hafi orðið og veltufé þrefaldast á þremur árum. Hafnarfjörður hafi verið verðlaunaður fyrir stjórnkerfisbreytingar. ghs@frettabladid.is

HÁSKÓLANÁM MEÐ VINNU
VIÐSKIPTADEILD

ÁHUGAVERT NÁM
HÆRRI LAUN
STERKARI STAÐA

- Þeir sem hafa lokið BSc-gráðu í HMV eru með rúmlega 40% hærri laun en þeir höfðu áður en nám hófst.
- Meðallaun þeirra sem hafa lokið BSc-gráðu í HMV eru yfir 400 þúsund krónur á mánuði.
- Um helmingur þeirra sem hafa lokið HMV gegnir stjórnunarstöðu í dag.
- Nær allir nemendur telja að menntun í HR hafi styrkt stöðu þeirra mikið úti á vinnumarkaðnum.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY
OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.hr.is

Karfan í Krónunni lækkar um 7,4 prósent en um 0,6 prósent í Bónus:

Ríflega prósents verðmunur

MATVARA Matvöruverð hefur lækkað um 7,4 prósent í lágvöruverðsversluninni Krónunni frá því í janúar en lækkaði um 0,6 prósent á sama tíma í Bónus. Verðmunur milli verslananna tveggja nú í maí nam 1,4 prósenti, Bónus bauð lægra verð.

Verð hefur hækkað um tæp átta prósent í Nóatúni frá því í janúar og um tæp sex prósent í Hagkaupaum. Þetta er niðurstaða könnunar ASÍ á verði 25 algengra neysluvara.

Gular melónur hækkuðu um 121 prósent á tímabilinu í Nóatúni, tæp 54 prósent í Krónunni, 51 prósent í Bónus en fimmtán prósent í Hagkaupum. Tveggja kílóa gullauga kartöflur hækkuðu um 94 prósent í Nóatúni á meðan þær lækkuðu um helming í Krónunni og um 22 prósent í Bónus. Innfluttar vörur eins og kex, morgunkorn, kaffi og ýmsar pakkavörur hækka talsvert milli kannana en einnig brauðmeti og drykkjarvörur auk grænmetis og ávaxta. Þá hækkaði verð á osti víðast hvar milli kannana.

HALLDÓR ÁSGRÍMSSON Forsætisráðherra segir matarverð of hátt.

Þrátt fyrir verðlækkanir segir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra matarverð of hátt hér á landi. Hann hefur skipað nefnd til að leita leiða til að lækka matvöruverð. Hún skoði meðal annars af hverju vörur sem njóti engrar verndar eða skattlagningar séu mun verðhærri hér en annars staðar. Sporna þurfi við fákeppninni. „Þar hljóta samkeppnismál að koma við sögu.“ - gag

Þitt atkvæði skiptir máli

Sjálfstæðismenn hafa verið í forystu um að gera Kópavog að fyrsta flokks bæjarfélagi með bestu þjónustu sem völ er á.

Kópavogur er leiðandi í íþrótta- og æskulýðsmálum og er einn öflugasti menningarbær landsins. Metnaðarfull stefnuskrá okkar boðar áframhaldandi sókn með málefni fjölskyldunnar og eldri borgara í öndvegi.

Sjálfstæðismenn hafa alltaf unnið markvisst að framgangi kosningaloforða sinna og þess vegna er gott að búa í Kópavogi. Traust forysta sjálfstæðismanna næstu fjögur ár tryggir að svo verði áfram – þitt atkvæði skiptir máli.

xD

Það besta fyrir Kópavog

VEISTU SVARIÐ

1 *Hvað nefnist flugstöðin í Tyrklandi þar sem eldsvoði varð í fyrradag?*

2 *Hvaða íþróttafélag fær hæsta styrkinn frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur?*

3 *Hvað heitir sóknarleikmaður Feyenoord sem eftirsóttur er af enskum fótboltaliðum?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 62

Viðræður Vladimírs Pútín, forseta Rússlands, og æðstu forsvarsmanna Evrópusambandsins:

Nýr samningur um vegabréfaáritanir

RÚSSLAND, AP Orkuöryggi og uppfærsla nærri áratugar gamals samstarfssamnings Rússlands og Evrópusambandsins voru efst á dagskrá viðræðna Vladimírs Pútín Rússlandsforseta og æðstu forsvarsmanna Evrópusambandsins í gær. Auk þess var undirritaður nýr samningur um vegabréfaáritanir, en hans hafði lengi verið beðið.

Wolfgang Schüssel, kanslari Austurríkis sem nú gegnir formennskunni í ESB, Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, og Javier Solana, æðsti talsmaður ESB í utanríkis- og öryggismálum, ræddu fyrir hönd ESB við Pútín í Svartahafsstrandbænum Sochi.

„Eftir því sem árin hafa liðið hefur samstarf okkar orðið æ nánara og árangursríkara," sagði Pútín við upphaf viðræðnanna. Schüssel talaði um að tengsl ESB og Rússlands hefðu „batnað að gæðum".

En þessi jákvæðu orð megnuðu ekki að breiða yfir deilurnar um orkumál sem skyggt hafa á tengslin síðan í janúar, þegar miklar truflanir urðu á jarðgasflutningum frá Rússlandi til ESB-landa vegna deilna Rússa og Úkraínumanna um gasviðskipti.

- aa

SEMJA Í SOCHI Wolfgang Schüssel, Vladimír Pútín og Jose Manuel Barroso slá á létta strengi á fundinum í Sochi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

BÍLL DAGSINS

SUBARU LEGACY WAGON

Nýskr 10.01 - Sjálfskiptur - Ekinn 56 þús km. - Allt að 100% lán.

Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.

HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri sannað að maðurinn hefði ætlað að verða konunni að bana.



Sló konu ítrekað í höfuð með felgulykli

Hæstiréttur hefur mildað dóm yfir manni sem sló fyrrverandi sambýliskonu sína margsinnis í höfuðið með felgulykli. Ekki þótti sannað að um morðtilraun hefði verið að ræða og því var dómurinn mildaður úr 5 og hálfs árs fangelsi í 2 og hálft.

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt karlmann á fertugsaldri í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir alvarlega líkamsárás á fyrrverandi sambýliskonu sína. Maðurinn sló konuna margsinnis í höfuðið með felgulykli en ekki þótti sannað að maðurinn hefði ætlað að bana konunni og því var fimm og hálfs árs fangelsisdómur Héraðsdóms mildaður um þrjú ár.

Árásin varð á heimili konunnar morguninn 28. ágúst í fyrra. Að sögn konunnar fékk hún þungt höfuðhögg án þess að hafa orðið vör við mannaferðir á heimili sínu. Þegar hún leit við sá hún fyrrverandi sambýlismann sinn sem síðan barði hana ítrekað í höfuðið með felgulykli. Konan missti ekki meðvitund, fékk engin einkenni heilahristings og höfuðkúpa hennar skaddaðist ekki. Þó segir í læknisvottorði að mikið afl hafi verið notað og mikil mildi sé að ekki hafi farið verr. Maðurinn var dæmdur fyrir morðtilraun í Héraðsdómi Vesturlands.

Maðurinn neitaði ekki verknaðinum en bar við minnisleysi. Hann sagðist jafnframt ekki hafa ætlað að bana konunni. Fátt er vitað um tildrög málsins annað en að maðurinn hafði séð konuna á gangi með öðrum manni nóttina fyrir árásina og orðið sjúklega afbrýðisamur, að því er geðrannsókn hermir.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri sannað að maðurinn hefði ætlað að verða konunni að bana. Felgulykillinn hefði ekki verið eggvopn, né af teljandi þyngd og ekki lægju fyrir sérfræðileg gögn um hættuna sem árás með hann að vopni gæti leitt af sér. Ekki þóttu heldur liggja fyrir nægar upplýsingar um aðstæður á vettvangi. Það var einnig ósannað að maðurinn hefði haft í hótunum við konuna eða um ásetning hefði verið að ræða. Dómurinn var því mildaður úr morðtilraun í líkamsárás.

Gæsluvarðhald fá 31. ágúst dregst frá refsingu og maðurinn er dæmdur til að greiða konunni 700.000 krónur í bætur. Mál dæmdu hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen, Garðar Gíslason, Hjördís Hákonardóttir, Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson.

stigur@frettabladid.is

Erill var hjá lögreglunni í Reykjavík í fyrrinótt:

Tólf teknir með fíkniefni

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Reykjavík hafði afskipti af alls tólf einstaklingum í miðbæ borgarinnar í fyrrinótt vegna fíkniefnabrota en níu þeirra héldu til og neyttu efnanna á einum og sama skemmtistaðnum.

Var í öllum tilfellum um lítið magn að ræða til einkaneyslu og var enginn handtekinn eða yfirheyrður vegna þessa heldur málin gerð upp á staðnum. Fara yfirheyrslur fram síðar ef tilefni er talið til en lögum samkvæmt varða brot sem þessi sektum og eða fangelsi í allt að sex ár.

Ásgeir Karlsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík, vill ekki gefa upp nafn umrædds staðar enda heimili reglur lögreglunnar það einfaldlega ekki.

Erill var mikill hjá lögreglu að öðru leyti vegna slagsmála og almennrar ölvunar. Talsvert var um veislur í heimahúsum og þurfti lögregla að bregðast við mörgum kvörtunum vegna hávaða.

- aöe

101 REYKJAVÍK Mörg fíkniefnamál komu upp í rassíu lögreglunnar á nokkrum skemmtistöðum aðfaranótt fimmtudags. Enginn var handtekinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Björn Inga í borgarstjórn

Stjórnmál snúast um fólk
– kosningar um **traust**

Ertu með?

Kosningaskrifstofa B-listans í Reykjavík
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík
Sími: 599 3900 · Netfang: reykjavik@xb.is
www.xbreykjavik.is

exbé

Peningar og punktar, allt sem þú þarft!

e² Vildarkort er nýtt VISA kreditkort sem veitir korthöfum bæði Vildarpunkta Icelandair og endurgreiðslu – allt í sömu færslunni, hvar sem þú verslar innanlands.

Kostir e² Vildarkortsins:

- Þú þarft engu að breyta í innkaupum – Þú færð bæði Vildarpunkta og endurgreiðslu **hvar sem þú verslar innanlands.**
- Þú færð Vildarpunkta og endurgreiðslu af **öllum boðgreiðslum** eins og orkureikningum, leikskólagjöldum, fasteignagjöldum, sjónvarpsáskriftinni og öllu hinu sem fylgir því að reka heimili.
- Þú færð **0,65–25% viðbótarendurgreiðslu eða viðbótarvildarpunkta** og ýmis sértilboð hjá næstum 400 fyrirtækjum.
- Með því að nota e² Vildarkortið geturðu áunnið þér **tugi þúsunda Vildarpunkta** sem hægt er að nota til að komast út í heim með Icelandair og **tugi þúsunda króna** sem þú notar í það sem þér hentar!

Þú sækir um á www.e2.is

Allir geta sótt um kortið óháð viðskiptabanka

SPRON / Sími: 550 1400 / thjonusta@e2.is / www.e2.is

Vildarkort
Allt í einu korti

Upplausn í Austur-Tímor:

Friðargæsluliðar á vettvang

STILLA TIL FRIÐAR Ástralskir friðargæsluliðar taka sér stöðu á flugvellinum í Dili í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

AUSTUR-TÍMOR, AP Alþjóðlegir friðargæsluliðar lentu í Dili, höfuðborg Austur-Tímor, í gær, til að stilla til friðar í átökum sem geisað hafa milli stríðandi fylkinga hermanna, annars vegar manna sem voru reknir úr stjórnarhernum og hins vegar manna sem halda tryggð við hann.

Óttast er að takist ekki að kveða niður átökin kunni borgarastríð að brjótast út í Austur Tímor, þessu nýsjálfstæða og bláfátæka ríki í Suðaustur-Asíu.

Upptök átakanna nú er að rekja til þess er sex hundruð hermenn, nærri 40 af hundraði alls herafla landsins, voru reknir í mars síðastliðnum, eftir að hafa farið í verkfall til að mótmæla meintri mismunun í hernum. - aa

FARÞEGABÁTURINN VÍKINGUR Engin lög voru brotin þó að börnin ellefu sem lentu í brotsjó um borð í skemmtibátnum Víkingi voru ekki í björgunarvestum. Umboðsmaður barna segir þó að það ætti að vera föst regla. FRÉTTABLAÐIÐ/G.S. EYJUM

Enginn í björgunarvestum

Umboðsmaður barna segir að það ætti að vera föst regla að börn á sjó séu í björgunarvestum. Það er ekki lagaleg skylda. Skipstjórinn á skemmtibátnum Víkingi kveðst ekki ætla að taka þá reglu upp.

INGIBJÖRG RAFNAR Umboðsmaður barna.

SJÓBROT Umboðsmaður barna, Ingibjörg Rafnar, undrast að börnin ellefu úr Seljalandsskóla hafi ekki verið sett í björgunarvesti fyrr en eftir að brotsjór reið yfir bátinn Víking við Vestmannaeyjar í fyrradag. Það er ekki skylt samkvæmt lögum.

„Það kom mér á óvart að það skyldi ekki vera gripið til vestanna fyrr en í óefni var komið. Ég hefði talið eðlilegt, og tel að það eigi að vera föst regla þegar farið er í sjóferð með krakka á þessum aldri, að þau séu í björgunarvestum," segir Ingibjörg, en börnin eru á aldrinum níu til tólf ára.

Sigurmundur Einarsson, skipstjóri á Víkingi, segir val að setja börnin í vesti. Hann muni ekki skylda gesti sína í þau. „Það er alltaf bent á þennan valmöguleika. Við höfum frekar valið þá leið að hafa hámarksöryggi í ferðunum, það er að vera með allan búnað skoðaðan og réttan."

Gunnhildur Á. Jóhannsdóttir, skólastjóri í Seljalandsskóla undir Eyjafjöllum, segir að ekki hafi verið farið fram á að börnin færu í vesti. „Ég veit ekki hvort það er vaninn. Skipstjórinn sagði okkur aðeins í upphafi ferðarinnar hvar björgunarbátar og vesti væru." Gunnhildur segir að börnunum hafi verið skipað í vestin um leið og brotsjórinn reið yfir bátinn. „Skipstjórinn sagði mér að hann hefði ekki lent í þessu í yfir tíu ár og að þetta væri í fyrsta skipti sem björgunarsveitir þyrftu að fara um borð í bátinn. Atvikið kom öllum að óvörum. En hann lét okkur alltaf vita ef órói var í sjónum og bað okkur þá að halda okkur fast eða fara inn. Það gerðist tvívegis."

Gunnhildur reyndi í gær að hafa samband við öll börnin til að grennslast fyrir um líðan þeirra. „Þau eru ekki öll búin að jafna sig. Þeim var svo brugðið. Þau héldu að þau væru að farast." Gunnhildur segir hópinn ætla að hittast núna í morgunsárið og fara yfir atburðinn, því þó þau hafi fengið áfallahjálp í Vestmannaeyjum sé hún ekki viss um að börnin hafi verið tilbúin að taka á móti aðstoðinni svo skjótt. Hún segir hjúkrunarfræðing til taks og að skólayfirvöld bendi foreldrum á að fylgjast vel með börnunum verði eftirköst.

gag@frettabladid.is

www.xb.is/kopavogur

exbé

Kópavogsbúar

Tryggjum Samúel Erni sæti í bæjarstjórn

Samúel Örn Erlingsson kemur ferskur inn i stjórnmálin í Kópavogi. Hann starfar nú sem forstöðumaður íþróttadeildar Ríkisútvarpsins og hefur einnig komið víða að í félagsmálum með góðum árangri. Samúel mun reynast Kópavogsbúum vel.

XB

Höldum áfram

Skip Landhelgisgæslunnar vaktar sjóræningjaskip á Reykjaneshrygg:

Komu í veg fyrir olíutöku

LANDHELGISGÆSLAN Varðskipið Ægir kom nýlega í veg fyrir að eitt svokallaðra sjóræningjaskipa sem eru á karfaveiðum á Reykjaneshrygg án heimilda fengi afgreidda olíu úr olíuskipi sem var á þeim slóðum nýlega.

Allmörg skip á svörtum lista Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðiráðsins hafa verið þar að veiðum undanfarnar vikur en allar veiðar þar eru ólögmætar án leyfis. Kveða reglur á um að aðildarríki ráðsins afgreiði ekki skip er gerast brotleg um vistir og nauðsynjar og var skipstjóri umrædds olíuskips fræddur um að með því að afgreiða sjóræningjaskip um olíu færu skip hans og útgerð skipsins einnig á umræddan svartan lista. Tók skipstjórinn þá ákvörðun að halda brott án þess að nokkur viðskipti ættu sér stað. Varð skipstjóri sjóræningjaskipsins að leita annarra ráða til að halda veiðum sínum áfram.

Landhelgisgæslan mun áfram vakta svæðið ásamt gæsluskipum annarra aðildarþjóða fiskveiðiráðsins.

- aöe

HALDIÐ Á BROTT Olíuskipið heldur brott frá sjóræningjaskipinu Sunny Jane án þess að afgreiða umbeðna olíu. MYND/HALLDÓR NELLETT

Undirskriftir íbúa:

Engar áætlanir um flutning

UNDIRSKRIFTARSÖFNUN Dagur B. Eggertsson formaður skipulagsráðs segir að lykilatriðið sé það að engar áætlanir séu enn komnar fram um að flytja húsið sem stendur á horni Bræðraborgarstígs og Hávallagötu.

Ef til flutnings eða niðurrifs kemur þarf að sækja um leyfi hjá yfirvöldum og skipulagsráð fjallar þá um málið.

Ekki fengust viðbrögð hjá fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í ráðinu, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, en íbúar höfðu óskað eftir svörum frá öllum sem sitja í ráðinu.

- gþg

Könnun um fyrirhugaða byggð við Úlfljótsvatn:

Brýn þörf er á umræðu um málið

NÁTTÚRUVERND Hefja verður almenna umræðu sem fyrst um hvernig ásýnd sveita í nágrenni höfuðborgarinnar á að líta út eftir hálfa öld eða svo til að koma í veg fyrir að hver einasta náttúruperla fari undir frístundalóðir í einkaeigu.

Þetta er mat Guðmundar Guðmundssonar, forsvarsmanns hóps fólks sem berst gegn fyrirhugaðri byggð sumarhúsa við Úlfljótsvatn, en Fasteignafélagið Klasi hefur undanfarin misseri unnið að skipulagningu svæðisins í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur sem á landið. Á samkvæmt tillögunum að byggja þar um 700 frístundahús en með öðrum og náttúruvænni aðferðum en áður hafa verið notaðar. Verða grunnar húsanna til að mynda steyptir og vanda á sérstaklega lagningu allra lagna og frágang.

Guðmundur gefur lítið fyrir slíkar yfirlýsingar og bendir á fjölmörg atriði máli sínu til stuðnings. Þrengt verði að starfi Skátahreyfingarinnar sem þarna hefur starfað í áratugi. Byggt verði á skógræktarsvæði og innan vatnsverndarsvæðis Þingvallavatns og brotin verði ákvæði um að byggja ekki nær vatninu en 200 metra. Þá verði skólpi veitt út í vatnið þar sem það er hvað grynnst og áform séu uppi um að leyfa notkun vélbáta.

Hópurinn mun í dag afhenda forsvarsmönnum borgarstjórnarflokkanna niðurstöður skoðanakönnunar vegna málsins en tæp 85 prósent þeirra fimm hundruð sem þátt hafa tekið eru á móti byggð við vatnið.

- aöe

LEYNISKYTTUR Í RÉTTARSAL Á myndinni, sem teiknuð var á miðvikudag, sést Mohammad, sem er standandi, spyrja Malvo út í framburð hans við réttarhöldin í Maryland. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

– allt til framkvæmda

Kraftur, gæði og öryggi

Þegar fjárfesta á í tækjum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim alhliða fagþjónustu.

MEST býður upp á Metabo rafmagnsverkfæri fyrir fagaðila og framkvæmdafólk. Hafðu samband við söluráðgjafa okkar fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 400.

mest

– allt til bygginga

Var gerður að skrímsli

Fyrir fjórum árum leit pilturinn Lee Boyd Malvo upp til hins fertuga John Allan Mohammad, sem hafði gengið honum í föðurstað. Það er nú breytt.

BANDARÍKIN, AP Lee Boyd Malvo sagðist hafa haft svo mikið álit um tíma á John Allan Mohammad að hann hefði getað hugsað sér að fórna lífi sínu fyrir hann. Núna segir hann Muhammad hafa gert sig að skrímsli.

Þeir Malvo og Muhammad myrtu tíu manns og særðu þrjá á ferðalagi sínu um nágrannabyggðir Washingtonborgar haustið 2002. Þeir skutu á fólk úr leyni og vöktu upp mikla hræðslu meðal íbúa á þessum slóðum í nokkrar vikur áður en upp komst hverjir þeir voru.

„Þú tókst mig inn á heimili þitt og breyttir mér í ófreskju," sagði Malvo við réttarhöld yfir Mohammad í Maryland-ríki á miðvikudag. Hann sagðist núna líta á Mohammad sem „heigul".

Malvo, sem nú er 21 árs, var aðeins sautján ára þegar Mohammad, sem nú er 45 ára, tók hann með sér í morðleiðangurinn haustið 2002. Mohammad tók Malvo að sér og segist enn líta á hann sem son sinn.

Við réttarhöldin í fyrradag sagði Malvo að Mohammad hefði upphaflega hugsað sér að þeir gerðu sex skotárásir á dag í þrjátíu daga, að því búnu myndu þeir hefja sprengjuárásir á skólabifreiðar og barnasjúkrahús.

„Við ætlum að fara til Washingtonborgar-svæðisins og við ætlum að skjóta þessu fólki skelk í bringu," segir Malvo að Mohammad hafi sagt við sig. Mohammad ætlaði síðan að ljúka leiðangrinum með því að taka þrjú börn, sem hann eignaðist með fyrrverandi eiginkonu sinni, og fara með þau til Kanada.

Í Kanada ætlaði Mohammad loks, samkvæmt frásögn Malvos, að safna saman 140 heimilislausum börnum og þjálfa þau til að „halda áfram herferðinni" gegn Bandaríkjunum.

Þeir Muhammad og Malvo hafa báðir hlotið dóm fyrir morðin sem þeir frömdu í Virgíníuríki. Muhammad hlaut þar dauðadóm en Malvo ævilangt fangelsi.

gudsteinn@frettabladid.is

Brotist inn í verslanir og fyrirtæki í Breiðholti:

Fjórir teknir fyrir innbrot

AFBROT Lögreglan í Reykjavík handtók í í byrjun vikunnar fjóra menn sem höfðu botist inn í verslanir og fyrirtæki Breiðholti.

Til þeirra sást á leið út af innbrotsstað um tvöleytið og einn var gripinn á leið út um glugga á húsinu. Tveir náðust á hlaupum og sá fjórði, sem slapp undan lögreglumönnum í fyrstu, hljóp síðan í flasið á þeim skömmu síðar.

Mennirnir voru yfirheyrðir, en þeir eru allir innan við tvítugt og grunaðir um fleiri afbrot undanfarið.

- sh

Brúðkaupsgleði

Við hjá Odda skrifstofuvörum erum í sannkölluðu sumarskapi og næsta mánuðinn ætlum við að vera sérstaklega rómantísk. Í samstarfi við fjölda listamanna og fyrirtækja kynnum við með stolti vandaðar og fjölbreyttar vörur sem á einn eða annan hátt tengjast ástinni og sumarbrúðkaupum.

- Keramik eftir Önnu Siggu
- Glerlist eftir Ingu Elínu
- Myndlist eftir Auði Óla
- Samsonite ferðatöskur
- Brúðkaupsvörur frá Sia
- Skreyttur brúðarbíll
- Vínkynning frá Vín tríó
- Brúðartertur til sýnis
- Kjólar frá Brúðarkjólaleigu Dóru til sýnis
- Uppdekkað veisluborð frá Villeroy & Boch
- Brúðarvendir og skreytingar frá blómabúðinni Blómahönnun
- Frábært úrval af föndurvörum til kortagerðar
- Brúðaralbúm og gestabækur
- Glæsilegur gjafapappír og gjafakort
- Myndavélar og upptökuvélar
- Kerti og servíettur
- Brúðartímarit í miklu úrvali
- Förðun alla laugardaga, tímapantanir í síma 515 5170

Rómantískur sumarleikur

Sumarleikur Odda skrifstofuvara er léttur og skemmtilegur. Allir sem koma og versla hjá okkur í **Borgartúni 29** fylla út þátttökuseðil og geta átt von á glæsilegum vinningum.

Dregið verður í leiknum 1. júlí nk.

Vinningar

Icelandair	6 gjafabréf í flug til Parísar (með flugvallarsköttum)
Hótel Búðir	1 gjafabréf fyrir tvo (tvær nætur með morgunverði)
Bláa lónið	6 gjafabréf í 50 mínútna slökunarnudd
Samsonite	5 snyrtitöskur frá Samsonite
Nings	10 gjafabréf frá Nings

HÖNNUN ODDI VO80579

Oddi
SKRIFSTOFUVÖRUR

Borgartúni 29 • Sími 515 5170 • Opið virka daga kl. 8 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • www.oddi.is

ICELANDAIR · HOTEL BÚÐIR · BLUE LAGOON ICELAND · NINGS · blómahönnun vinnustofa · KORNIÐ

Samfylkingin | Reykjavik 2006 | Borgarstjórnarkosningar 27. mai

GYLFI ARNBJÖRNSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI

HARALDUR FINNSSON
FYRRV. SKÓLASTJÓRI

UNNUR JÖKULSDÓTTIR
RITHÖFUNDUR

HERDÍS SVEINSDÓTTIR
PRÓFESSOR Í HJÚKRUNARFRÆÐI

EIRÍKUR HJÁLMARSSON
BLAÐAMAÐUR

ERNA ÁSTÞÓRSDÓTTIR
KENNARI

GUÐNÝ ARADÓTTIR
STAFGÖNGUKENNARI

FINNUR ÞÓR VILHJÁLMSSON
LAGANEMI

BIRNA EINARSDÓTTIR
NEMI

GUÐBRANDUR S. ÁGÚSTSSON
FORSTÖÐUMAÐUR

INGA MARÍA FRIÐRIKSDÓTTIR
GRUNNSKÓLAKENNARI

LÁRA H. SVEINSDÓTTIR
LÖGFRÆÐINGUR

DAGNÝ KRISTJÁNSDÓTTIR
PRÓFESSOR

GUÐLAUG MAGNÚSDÓTTIR
FÉLAGSRÁÐGJAFI

HELGA JÓNSDÓTTIR
LAGANEMI

GAUTI ÁSTÞÓRSON
KENNARI

GUNNAR A. ÓLAFSSON
STJÓRNMÁLAFRÆÐINGUR

GÍSLI GEIR JÓNSSON
BYGGINGAVERKFRÆÐINGUR

HJÖRDÍS ALDA HREIÐARSDÓTTIR
FORMAÐUR NEMENDAFÉL. MS

LÁRUS ÝMIR ÓSKARSSON
KVIKMYNDALEIKSTJÓRI

INGIBJÖRG K. STEFÁNSDÓTTIR
HJÚKRUNARFORSTJÓRI

INGUNN ÁSDÍSARDÓTTIR
LEIKSTJÓRI OG ÞÝÐANDI

JÓN AÐALSTEINSSON
LÆKNIR

JÓNAS H. GUÐMUNDSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI

ELDEY HULD JÓNSDÓTTIR
FÉLAGSRÁÐGJAFI

KRISTÍN VIGGÓSDÓTTIR
SJÚKRALIÐI

KRISTRÚN HEIMISDÓTTIR
LÖGFRÆÐINGUR

LÁRA I. ÓLAFSDÓTTIR
TANNLÆKNIR

LONE JENSEN
SVIÐSSTJÓRI

MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR
SÖNG- OG LISTAKONA

ÓLAFUR STÍGSSON
KNATTSPYRNUMAÐUR

REYNIR HARÐARSSON
DEILDARSTJÓRI HJÁ CCP

SALMANN TAMIMI
TÖLVUNARFRÆÐINGUR

SIGURÞÓR HEIMISSON
LEIKARI

SÓLVEIG HALLDÓRSDÓTTIR
NEMI

ADDA BÁRA SIGFÚSDÓTTIR
FYRRV. BORGARFULLTRÚI

VIÐAR EGGERTSSON
LEIKARI OG LEIKSTJÓRI

ÞÓRARINN PÉTURSSON
FYRRV. SKRIFSTOFUMAÐUR

KARL BALDVINSSON
BYGGINGATÆKNIFRÆÐINGUR

ÞRÖSTUR HARALDSSON
BLAÐAMAÐUR

ÖRN ÚLFAR SÆVARSSON
RÁÐGJAFI

ÞORSTEINN HELGASON
DÓSENT VIÐ KHÍ

SUNNEFA BURGESS
NEMI

KETILL B. MAGNÚSSON
STUNDARKENNARI VIÐ HR

HALLDÓR GYLFASON
LEIKARI

JÓN ÞÓR STURLUSON
HAGFRÆÐINGUR

JÓHANNA K. MAGNÚSDÓTTIR
LAGANEMI

INGÓLFUR MARGEIRSSON
RITHÖFUNDUR

GUÐLAUG JÓNSDÓTTIR
KNATTSPYRNUKONA

HARALDUR GUÐNI EIÐSSON
VERKEFNASTJÓRI

XS allir með

Kjósum borgarstjóra

Við treystum Degi B. Eggertssyni og Samfylkingunni best til þess að leiða áframhaldandi uppbyggingu Reykjavíkur og nýta til fulls þau tækifæri sem skapast hafa í borginni eftir framfaraskeið undanfarinna ára.

Dagur B. Eggertsson hefur sýnt með störfum sínum að hann hefur þann kraft og framsýni sem þarf til að vera borgarstjóri Reykjavíkur.

ANA MARÍA UNNSTEINSSON
MATREIÐSLUKONA

HEIÐAR HELGUSON
KNATTSPYRNUMAÐUR

GUÐNÝ GUÐBJÖRNSDÓTTIR
PRÓFESSOR

BIRNA RÚN GÍSLADÓTTIR
VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

VALGERÐUR BJARNADÓTTIR
YFIRMAÐUR HJÁ LSH

BRYNDÍS SCHRAM
DÁLKAHÖFUNDUR

FANNAR FREYR ÍVARSSON
FORSETI FRAMTÍÐARINNAR - MR

GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON
RITHÖFUNDUR

JÓN SIGURÐSSON
FYRRV. RÁÐHERRA



ÚT Í FYRSTA SINN Gíraffinn D.J. fæddist 18. maí síðastliðinn í bandarískum dýragarði, og fékk fyrst að fara út fyrir hússins dyr á þriðjudag. Honum virtist þó ekkert lítast á blikuna, enda mamma hvergi í augsýn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stækkun Heilbrigðisstofnunar Siglufjarðar vegna tilkomu Héðinsfjarðarganga:

Samstarf heilbrigðisstofnana

HEILBRIGÐISMÁL Framkvæmd um endurbætur og stækkun Heilbrigðisstofnunar Siglufjarðar standa nú yfir og gert er ráð fyrir að þeim verði lokið árið 2008.

Að sögn Konráðs Karls Baldvinssonar, framkvæmdastjóra Heilbrigðisstofnunar Siglufjarðar, eru þessar framkvæmdir meira og minna í tengslum við byggingu Héðinsfjarðarganga. „Reiknað er með að Ólafsfirðingar sæki heilsugæsluþjónustu til Siglufjarðar og höfum við átt í viðræðum við þá um það."

Framkvæmdaáætlunin er tvíþætt; annars vegar endurbætur á sjúkrahúsinu sem er í tveimur áföngum og hinsvegar viðbygging fyrir heilsugæslustöð. Fyrri áfangi endurbóta er nú í gangi og verklok eru áætluð um miðjan júli. Heildarkostnaður við hann er áætlaður 70 milljónir. Því næst hefjast framkvæmdir við viðbygginguna og að lokum verður ráðist í seinni áfanga endurbótanna. Kostnaður viðbyggingar og seinni áfanga endurbóta liggur ekki fyrir að sögn Konráðs.

Samningsupphæð Héðinsfjarðarganga er fimm milljarðar og 739 milljónir króna. Áætluð verklok ganganna eru 10. desember 2009.

- sdg

HEILBRIGÐISSTOFNUN SIGLUFJARÐAR Framkvæmdum við stækkun lýkur eftir tvö ár.

Deilur í Eistlandi:

Stytta veldur klofningi

EISTLAND Forsætisráðherra Eistlands, Andrus Ansip, telur að deilur um styttu af rússneskum hermanni í Tallinn, höfuðborg Eistlands, verði ekki leystar með málamiðlun. Hann telur best að flytja styttuna í kirkjugarð, að sögn Hufvudstadsbladet, því að eistneska þjóðin geti ekki samþykkt hana í miðri höfuðborginni.

Í mótmælagöngum upp á síðkastið hefur verið hótað að velta styttunni um koll. Deilurnar hófust í byrjun maí þegar sigurs Rússa í heimsstyrjöldinni síðari var minnst og Rússar með rauða fána hindruðu fólk með eistneska fána í að komast að styttunni. **- ghs**

Húseigandi sýknaður:

Átti ekki sök á þakplötufoki

DÓMSMÁL Eigandi húss við Hvolsvöll var á miðvikudag sýknaður í Héraðsdómi Suðurlands af 2,5 milljóna króna skaðabótakröfu vegna tjóns sem varð á nærliggjandi húsi þegar þakplötur fuku á það árið 2004.

Orsök tjónsins var talin vera ofsaveður sem telja mætti til náttúruhamfara og að stefndi hefði ekki borið ábyrgð á því. Húsið sem plöturnar fuku af hafði staðið hálfbrunnið í nokkur ár en þó taldi dómurinn að stefnda hefði ekki getað verið kunnugt um ástand hússins þar sem hann tók ekki við umráðum eignarinnar fyrr en daginn sem tjónið varð. **- sh**

Í BLÓÐBANKANUM Dagur B. Eggertsson og Stefán J. Hafstein setja á sig hetjuskikkjurnar.

Ný herferð Blóðbankans:

Allir geta verið hetjur

KOSNINGAR Blóðbankinn hefur hrint af stað nýrri herferð undir yfirskriftinni „Allir geta verið hetjur". Af því tilefni var frambjóðendum til borgarstjórnar boðið að koma í Blóðbankann og „gerast hetja".

Frambjóðendur úr öllum flokkum nema Frjálslynda flokknum mættu og gáfu blóð en Blóðbankinn vill að frambjóðendur skori á flokksmenn sína um að gefa blóð. „Þetta gerum við bæði til þess að fjölga nýjum blóðgjöfum og líka að benda á að blóðgjafarnir okkar eru hetjur," segir Marín Þórisdóttir hjá Blóðbankanum. **- gþg**

UPPSJÁVARAFLI Uppsjávartegundir eins og loðna og kolmunni eru meðal deili- og flökkustofna sem samningurinn nær til. NORDICPHOTOS/AFP

Útgerðarríki verði gerð ábyrg

Fulltrúar aðildarríkja alþjóðasamnings um vernd deilistofna og víðförulla fiskistofna og veiðar úr þeim ræddu framkvæmd samningsins í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna.

FISKVEIÐISTJÓRNUN Hagsmunaárekstur vanþróaðra strandríkja og ríku iðnríkjanna á sviði veiða úr deilistofnum og víðförulum fiskistofnum kom allskýrt í ljós á ráðstefnu um stjórnun veiða úr slíkum stofnum sem fram fór í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York í fyrradag og fyrradag. Fulltrúi Brasilíu kvartaði yfir því að svæðisbundnar veiðistjórnunarstofnanir hygldu gjarnan löndum sem gerðu út hátæknivædda togaraflota og sviptu þar með vanþróaðri strandríki tækifæri til að byggja upp eigin úthafsveiðiflota.

Á ráðstefnunni báru aðildarríki alþjóðasamnings um stjórnun veiða úr deilistofnum og víðförulum fiskistofnum saman bækur sínar, en hann er talinn einn mikilvægasti lagalega bindandi samningurinn sem í gildi er um vernd fiskistofna í heimshöfunum og stjórnun veiða úr þeim. Hann er viðauki við Hafréttarsáttmála SÞ frá árinu 1982 og var saminn árið 1995. Ísland fullgilti hann árið 1997 og hann tók gildi árið 2001, þegar 30 ríki höfðu lokið fullgildingu hans.

Að því er fram kemur í fréttatilkynningu var rætt um að stjórnvöld í heimalöndum útgerða yrðu gerð ábyrg fyrir því að hafa eftirlit með því að skip skráð í viðkomandi landi virði settar reglur um veiðar úr deili- og flökkustofnum á alþjóðlegum hafsvæðum og refsi þeim sem brjóta þær. Þá var einnig rætt um rétt strandríkja til að hafa eftirlit með veiðum erlendra skipa á tilteknum hafsvæðum.

Fulltrúi Nýja-Sjálands hvatti ráðstefnuna til að koma sér saman um reglur sem ýttu undir ábyrgar veiðar með því að ákveða viðmið sem farið skyldi eftir. Fulltrúi Bandaríkjanna sagði að svæðisbundnar fiskveiðistjórnunarstofnanir ættu á einhverju stigi að sæta óháðri ytri úttekt á starfsháttum sínum, á grundvelli viðurkenndra grundvallarviðmiða. Fulltrúi Íslands lagði hins vegar áherslu á að það skyldi vera á ábyrgð aðildarríkja viðkomandi svæðisstofnana að ákveða hver þau grundvallarviðmið skyldu vera.

Fulltrúi Papúa Nýju-Gíneu, sem talaði fyrir hönd sambands Kyrrahafseyja (Pacific Islands Forum), lagði til að ráðstefnan hvetti þau strandríki sem ekki hefðu enn gerst aðilar að samningnum að gera það hið fyrsta. Hvatti hann ennfremur til þess að skip frá löndum utan samningsins og svæðisbundinna veiðistjórnunarsamtaka yrði meinaður aðgangur að veiðum á viðkomandi hafsvæðum. Aðrir þátttakendur lögðu til að aðildarríkin og veiðistjórnunarsamtökin deildu skipulega með sér upplýsingum um meinta veiðiþjófa.

audunn@frettabladid.is

hagstæðustu heildarinnkaupin

allt í matinn á einum stað

Goði London lamb

Lambagrillsneiðar að norðan

Matfugl Dijon og hvítlaukskryddaðir bitar

Lambalærisneiðar að norðan

Danskar kjúklingabringur

BK ostapylsur

Coop hörpudiskur 150gr.

Coop kræklingur 350gr.

Coop rækjur innbakaðar 250gr.

Coop risarækjur 200gr.

Coop sjávarkokteill 300gr.

Íslenskur bragðmikill humar 500gr.

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur

Gildistími frá 26. maí til 28. maí eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

SKEIFAN	BÍLDSHÖFÐI	HRINGBRAUT	BREIÐHOLT	NORÐURBRÚN	HVALEYRARBRAUT	MOSFELLSBÆR	SELFOSS	VESTMANNAEYJAR	ÞORLÁKSHÖFN
virkir dagar 11-19	virkir dagar 11-19	virkir dagar 11-19	virkir dagar 11-21	virkir dagar 11-21	virkir dagar 11-21	Allir dagar 12-23	virkir dagar 11-19	virkir dagar 11-19	virkir dagar 11-19
laugardagar 11-19	laugardagar 11-19	laugardagar 11-19	laugardagar 11-21	laugardagar 11-21	laugardagar 11-21		föstudagar 11-20	laugardagar 11-19	laugardagar 11-19
sunnudagar 12-18	sunnudagar 12-19	sunnudagar lokað	sunnudagar 12-21	sunnudagar 12-21	sunnudagar 12-21		laugardagar 11-19	sunnudagar lokað	sunnudagar lokað
							sunnudagar lokað		

KRONAN

RK SAMKEPPNI

30% afsláttur

1.189 kr. kg
~~1698~~
Þurrkryddaðar svínakótilettur eða úrbein. svínahnakki með mexíkókryddi

30% afsláttur

Stjörnumix með papriku eða salt/pipar
149 kr/stk

Góu tvenna
329 kr/pk

Pepsi Max 2 lítrar
129 kr/stk

1.298
Charmin Salernispappír 24 rúllur

Pop Secret örbylgjupopp
139 kr/pk

Roka núðlur í boxi
49 kr/stk

Roka núðlur í poka
19 kr/stk

Persil þvottaefni 5,13 kg
998 kr/pk

20%
AFSLÁTTUR AF VÖLDUM HREINLÆTISVÖRUM

Alltaf frábær tilboð alla daga

MEIRA, MEIRA Þeir voru svangir, þessir þrastarungar sem ljósmyndari festi á filmu í Alabama í Bandaríkjunum fyrr í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Úrslit í Raunveruleik Landsbankans:

Erla Filipía bar sigur úr býtum

UNGLINGAR Landsbankinn veitti í fyrradag verðlaun í Raunveruleik fyrirtækisins en þátttakendur voru nemendur í 10. bekk grunnskólanna. Sigurvegarinn í einstaklingskeppni kemur úr Valhúsaskóla og heitir Erla Filipía Haraldsdóttir en Tjarnarskóli vann bekkjarkeppnina.

Leikurinn er gagnvirkur vefleikur en höfundur hans er Ómar Örn Magnússon kennari í Hagaskóla. Leikurinn var notaður í vetur í lífsleiknitímum í tíunda bekk en honum er ætlað að auka ábyrgð nemendanna á meðferð fjármuna og fræða þau um neytendamál.

GLÖÐ Í BRAGÐI Sigurvegarinn ásamt móður sinni, höfundi leiksins og umsjónarkennara sínum eftir afhendinguna.

Alls tóku 1.500 nemendur úr 53 skólum þátt í leiknum, sem gengur út á það að læra að komast af í raunveruleikanum. Þátttakendur þurfa að ákveða hversu mikið þeir vilja eyða í helstu nauðsynjar og hvaða menntun þeir vilja sækja. Markmiðið er að nemendur læri að taka mikilvægar ákvarðanir og læri af mistökum sínum. - gþg

Stýrimaður sofnaði undir stýri:

Sýkna vegna svefnsjúkdóms

DÓMSMÁL Yfirstýrimaður á skuttogara var á mánudag sýknaður í Héraðsdómi Suðurlands af ákæru fyrir brot á siglinga- og sjómannalögum.

Stýrmaðurinn sofnaði við stjórn togarans, sem síðan strandaði á Faxaskeri við Vestmannaeyjar í maí í fyrra. Maðurinn var haldinn sjúkdómi, dúraveiki og dáslekju, sem lýsir sér þannig að sjúklingurinn getur sofnað fyrirvaralaust.

Maðurinn var sakaður um óvarkárni eða vanrækslu en þar sem hann vissi ekki að hann væri haldinn umræddum sjúkdómi var hann sýknaður af ákærunni. - sh

KYNLÍF TIL SÝNIS Nýr skemmtigarður sem hefur kynlíf í brennidepli verður opnaður í London í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kynlífssafn í London:

Ætlað að búa til betri elskhuga

BRETLAND Nýr þúsund milljóna króna kynlífsskemmtigarður verður opnaður í London í haust. Þetta kemur fram á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC.

Engar rússíbanaferðir verða í boði í 975 fermetra stórum garðinum, en hins vegar verða þar silíkonmódel af hinum ýmsu líkamshlutum sem gestir geta þuklað og þreifað á. Átján ára aldurstakmark er í garðinn og mun aðgangseyrir verða rúmar 2.000 krónur. - smk

Repúblikanar og demókratar á Bandaríkjaþingi:

Lögreglurannsókn harðlega mótmælt

BANDARÍKIN, AP Þótt repúblikanar og demókratar á Bandaríkjaþingi séu sjaldnast á einu máli, þá standa þeir þétt saman um að mótmæla lögreglurannsókn sem fram fór á skrifstofu þingmannsins Williams Jefferson um síðustu helgi.

Þingmennirnir telja aðfarir lögreglunnar brjóta í bága við stjórnarskrá Bandaríkjanna og krefjast þess að gögnum sem bandaríska alríkislögreglan gerði upptæk á skrifstofu þingmannsins verði skilað.

Hið meinta stjórnarskrárbrot felst í því að rannsókn á vegum dómsmálaráðuneytisins beinist að þinginu, sem samkvæmt stjórnarskránni er algerlega aðskilið frá framkvæmdavaldinu.

„Við teljum að þessum gögnum eigi að skila," sagði Dennis Hastert, forseti neðri deildar þingsins. Hann bætti því við að lögreglumennirnir, sem stóðu að rannsókninni um helgina, ættu ekki að taka neinn þátt í frekari rannsókn málsins.

Jefferson er repúblikani frá New Orleans, sem grunur leikur á um að hafi ætlað sér að greiða hátt settum nígerískum embættismönnum mútur til þess að greiða fyrir viðskiptasamningum. Féð fannst á heimili Jeffersons, en hann neitar að hafa gert nokkuð rangt. - gb



WILLIAM JEFFERSON Hann er grunaður um að hafa ætlað að greiða nígerískum embættismönnum mútur. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

FÁÐU MYNDINA
ÞRÁÐLAUST Í SJÓNVARPIÐ ÞITT

- Þráðlaus hnökralaus afspilun
- Styður DIVX, DIVX HD og XVID
- Geggjuð græja

Buffalo LinkTheater

- Hágæða afspilun á efni frá PC tölvu, LinksStation eða Terastation beint í sjónvarpið þitt, þráðlaust
- Skoðaðu ljósmyndir eða horfðu á video í sjónvarpinu þínu með LinkTheater.
- Háhraða 802,11g þráðlaust netkort gerir þér kleift að nálgast efni á einfaldan hátt.
- DivX, DivX HD og XviD afspilun.
- Innbyggður "procressive scan" DVD spilari sem spilar DVD/SVCD og Data format.
- MP3 og WMA afspilun á músík
- Með PCcast er hægt að spila efni beint frá Link Theater eða TeraStation
- USB tengi að framan fyrir USB Harðdisk, USB minnislykil eða USB kortalesara
- Tengi fyrir utanáliggjandi loftnet.

24.990,- kr.

My PC 3400+ Super Series

Örgjörvi: AMD Athlon 3400+ 64bita
Vinnsluminni: 1GB DDR 400Mhz
Harður Diskur: Seagate 250GB ATA
Drif: DVD 16x +/- Dual Layer Skrifari
Skjákort: EVGA Geforce 6600 XL 256MB AGP
Skjár: Acer 19" LCD WideScreen 8MS 500:1
KTC 19" LCD 600:1 12MS
Hljóðkort: 6 Channel
Hátalarar: Logitech X-230 2+1
Netkort: Gigabit Ethernet 10/100/1000
USB: 8xUSB 2,0
Spennugjafi: 420W Low Noise
Hugbúnaður: Windows XP-Home SP2
Nero Skrifarahugbúnaður
PowerDVD afspilunarhugbúnaður
Annað: Lyklaborð og Logitech mús
Ábyrgð: 2 ár

114.990,- kr.

My PC X-Blade Super Series

Örgjörvi: Intel Pentium 4 3,2Ghz 2MB EMT64 HT
Vinnsluminni: 1GB DDR 4000Mhz (2x512)
Harður Diskur: Seagate 250GB SATA 2 150 7200RPM
Drif: DVD 16x +/- Dual Layer Skrifari
Skjákort: Radeon X600 XT 256MB DVI VIVO
Skjár: Acer 19" LCD WideScreen 8MS 500:1
Hljóðkort: Intel High Definition 7,1
Hátalarar: Logitech X-230 2+1
Netkort: Gigabit Ethernet 10/100/1000
USB: 4xUSB 2,0 (2 á framhlið og 2 á bakhlið)
Spennugjafi: 450W ATX
Hugbúnaður: Windows XP-Home SP2
Nero Skrifarahugbúnaður
PowerDVD afspilunarhugbúnaður
Annað: Lyklaborð og Logitech MX518 Gaming mús,
Ábyrgð: 2 ár

135.990,- kr

Sony 13,3" Fartölva

- Örgjörvi: Intel T-2400 Core Duo 1,83Ghz 2MB 667Mhz
- Vinnsluminni: 512MB DDR2 (stækkanlegt í 2GB)
- Harður Diskur: 80GB 5400RPM SATA m/Shock protection
- Drif: DVD +/- skrifari Dual Layer og DVD Lesari (Combo)
- Skjákort: Geforce Go 7400 128MB
- Netkort: 10/100 innbyggt og 802,11 a/b/G Þráðlaust
- Mótald: 56KBps
- Skjár: 13" WXGA TFT 1280x800 Xbrite
- Skjár: 13" WXGA TFT 1280x800 Xbrite
- Stýrikerfi: Windows XP Professional SP2
- Rafhlaða: Lithium ion.
- Tengi: USB 2,0, FireWire, VGA, PC-Card, Memory stick,

209.990,- kr

Buffalo Drive Station 160GB

alveg hrikalega einfalt í notkun

FRÁBÆR HÖNNUN, GLÆSILEGT ÚTLIT

- USB 2,0 og 1,1
- Sjálfvirk uppsetning
- Stillanleg sjálfvirk afritun
- Auto Power Off
- Viftulaus hönnun með kæleiginleika kassans í huga
- Sjálfvirk ræsing
- Afar hljóðlátur tilbúinn til notkunnar 7200RPM diskur.

9.990,- kr

Samsung Syncmaster 940B 19" 8ms

Eru Samsung skjáirnir þeir bestu á markaðnum? Komdu og náðu þér í eintak.

39.990,- kr

Samsung Syncmaster 930BF 19" 4ms

Eru Samsung skjáirnir þeir bestu á markaðnum? Komdu og náðu þér í eintak.

49.990,- kr

Hauppauge PVR-500 Media Center Kit

Taktu upp tvo sjónvarpsþætti samtímis eða horfðu á annan og taktu upp hinn. Settu á pausu, slepptu úr, spólaðu fram og aftur.
Hlustaðu á útvarpið
Innbyggður Dual MPEG

24.990,- kr

Eureka Media Player
Frábær media player fyrir 3,5" harðdisk. Tengist beint við sjónvarp og spilar allar helstu media skrár.

15.990,- kr

EVGA GeForce 6600 256MB AGP 4ns hrikalega hraðvirkt kort í alla leikina

9.990,- kr

Logitech G5 Laser Leikjamús
Æðisleg mús í leikina

3.990,- kr

Flakkari USB 2,0/1394
3,5' Vinsælasti flakkarinn. Álbox með USB og FireWire Tengimöguleikum. Viftulaus. Ekki með hörðum disk

4.980,- kr

Flakkari Coolmax ATA/USB/1394
Styður bæði IDE og SATA Harðdiska.---USB 2,0 Firewire og SATA tengimöguleikar. Ekki með hörðum disk

7.900, kr.

Azona SP-3000 Fartölvu mús
Snilldar mús í töskuna

1.990,- kr

Byrt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl
Öll verð eru með 24,5 % vsk.

VISALán – HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

MasterCard Staðgreiðslu lán

Opið
Mán - Fös: 10-18
Lau: LOKAÐ í SUMAR

computer MEGASTORE – minnsta megastore í heimi –

Computer Megastore - Faxafeni 12 - 108 Reykjavík - 533-5550 - www.computermegastore.is

„ORÐRÉTT“

Gaman er greinilega afstætt hugtak

„Það er gaman að vera ungur framsóknarmaður í dag.“

JAKOB HRAFNSSON, FORMAÐUR SAMBANDS UNGRA FRAMSÓKNARMANNA, Í GREIN Í FRÉTTABLAÐINU.

Hverjum kemur þetta við?

„Ég treysti Degi B. Eggertssyni best til að gegna embætti borgarstjóra í Reykjavík nú að loknum kosningum.“

ÞÓRÓLFUR ÁRNASON, FORSTJÓRI SKÝRR, Í YFIRLÝSINGU Í MORGUNBLAÐINU.

nær og fjær **tilveran**

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? HJÖRTUR MAGNI JÓHANNSSON PRESTUR FRÍKIRKJUNNAR Í REYKJAVÍK

Á hlaupum í hjónavígslum

„Það er allt hið besta að frétta,“ segir Hjörtur Magni Jóhannsson, prestur í Fríkirkjunni í Reykjavík, sem er nýkominn frá því að ferma þegar blaðamaður slær á þráðinn.

„Á laugardaginn er ég að fara að halda útskriftarveislu fyrir son minn sem var að útskrifast sem stúdent úr Verslunarskóla Íslands.“ Hjörtur Magni segist hafa þurft að ýta frá nokkuð mörgum brúðkaupum til að geta haldið útskriftarveisluna enda annasamur tími að hefjast í hjónavígslum.

„Ég er bókaður meira og minna allar helgar fram að haustinu 2007 og sumar helgarnar eru allt að sjö athafnir. Þannig að maður er stundum á hlaupum.“

Hjörtur Magni hefur tekið eina helgi frá í sumar til að fara til Frakklands þar sem hann mun gefa saman par sem tengist söfnuðinum. „Ég var beðinn um að gifta fólk í einu fallegasta vínræktarhéraði Frakklands. Mér og konu minni var boðið þangað yfir þessa helgi og þetta verður mjög ánægjulegt.“

Hjörtur Magni segir allan gang á því hvar fólk vill láta gifta sig. „Það er bæði í Fríkirkjunni í Reykjavík og öðrum kirkjum. Einnig kemur það fyrir að fólk vill láta gifta sig heima hjá sér eða jafnvel úti í náttúrunni í góðu veðri sem mér finnst mjög við hæfi enda er náttúran helg. En mestmegnis er þetta inni í kirkjum og þá helst Fríkirkjunni enda er hún sú fallegasta.“ Hjörtur segir einnig misjafnt hve mikinn fyrirvara fólk hefur á giftingum. „Til dæmis gaf ég fólk saman um seinustu helgi og það var tveggja daga fyrirvari á vígslunni. En þetta var samt mjög dýrmæt og helg stund.“

Í kirkjustarfinu gengur allt með miklum blóma að sögn Hjartar Magna. „Það hefur fjölgað um á þriðja hundrað manns í söfnuði Fríkirkjunnar í Reykjavík það sem af er þessu ári. Og í fyrra var fjölgunin um fjögur hundruð manns.“ Í dag eru yfir sjö þúsund manns í söfnuði Fríkirkjunnar í Reykjavík.

Munum eftir fuglunum

Í ljósi veðráttunnar sem ríkt hefur á landinu síðustu daga hvetur Fuglavernd fólk til að gefa fuglum að éta. Hretið hefur komið illa niður á farfuglunum sem voru í varphugleiðingum og sumir fuglar hafa í raun hafið varp.

Spörfuglarnir líða skort þar sem erfitt er að finna fæðu í snjónum og skordýr og ánamaðkar eru torfundin í kuldatíð með snjóalögum.

Þúfutittlingar, steindeplar, maríuerlur, skógarþrestir, hrossagaukar og spóar svelta vegna fæðuskorts, segir í tilkynningu frá Fuglavernd.

Fuglunum má hjálpa með fóðurgjöfum, gott er að gefa fuglunum brauðmola og haframjöl vætt með matarolíu. Einnig er stungið upp á smátt skorinni fitu og tólg og jafnvel má gefa þeim hakkað kjöt. Við sveitabæi finna fuglarnir mikla fæðu í moði sem tekið hefur úr útihúsum.

Með því að gefa fuglunum björgum við mörgum þeirra frá hungurdauða þar til tíð batnar, segir í tilkynningunni.

SKJALDBÖKURNAR SKRÍÐA AF STAÐ Þær komast sinn veg þó hægt fari blessaðar skjaldbökurnar. Á dögunum var haldin hátíð í Bandaríkjunum til að vekja athygli á skjaldbökum í útrýmingarhættu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

VELFERÐ UMHVERFI NÝSKÖPUN

✓„Orkuveitan og Landsvirkjun áfram í eigu almennings.“

2 sæti

Margrét K. Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri og varaborgarfulltrúi

FRÍÁLSLYNDIR OG ÓHÁÐIR xF

FORSETI REFSKÁKAR Halldór Blöndal var kjörinn forseti skákfélags þingmanna með sovéskum hætti á nýafstöðnum stofnfundi. Lög félagsins kveða skýrt á um það að forseti geti ráðið því sem hann vill ráða. Þingmenn eru almennt sammála um að Halldór sé vel að embættinu kominn og treysta honum fyllilega til að fara vel með vald sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Refskák á þingi að undirlagi Halldórs Blöndal

Alþingismenn hafa stofnað með sér skákfélagið Refskák. Halldór Blöndal er forseti félagsins og ákveður það sem máli skiptir. Varaforeti ákveður annað.

„Þetta hefur lengi staðið til og nú létum við loksins verða af þessu,“ segir Halldór Blöndal um hið nýstofnaða skákfélag alþingismanna. Stofnendur eru á þriðja tuginn og geta bæði sitjandi og fyrrverandi alþingismenn gengið í félagið. Eitt skilyrði er fyrir aðild, að kunna manngangin.

Halldór Blöndal var kjörinn fyrsti forseti Refskákar, Einar Már Sigurðarson varaforseti og Guðlaugur Þór Þórðarson meðstjórnandi. Var kosning þeirra, sem og lög félagsins, samþykkt með lófaklappi á sovéska vísu á stofnfundinum.

Alþingi hefur ávallt státað af sterkum skákmönnum og hefur tafláhugi alþingismanna verið á margra vitorði og hafa margsinnis birst myndir af þingmönnum í þungum þönkum yfir stöðunni á reitunum 64. Halldór segir að raunar virðist skákáhuginn í þinginu með minna móti núna og verði taflmennskunni því komið í fast form með haustinu. Um leið og það gefi mönnum tilefni til að tefla fái fyrrverandi þingmenn tækifæri til að hittast.

Eins og gengur eru þingmennirnir misgóðir við skákborðið en Halldór forseti hyggur að Gunnar I. Birgisson sé þeirra sterkastur. Af öðrum góðum og/eða áhugasömum nefnir hann Geir Haarde, Guðna Ágústsson, Össur Skarphéðinsson, Lúðvík Bergvinsson og svo vitaskuld meðstjórnendur sína, Einar Má og Guðlaug Þór. Af liðtækum fyrrverandi þingmönnum nefnir hann Guðmund G. Þórarinsson, Guðjón Guðmundsson og Pálma Jónsson.

Halldór forseti segir oft tekist á af hörku við skákborðin í þinginu en þar eru jafnan tefldar hraðskákir og hamagangurinn eftir því.

bjorn@frettabladid.is

ÚR LÖGUM REFSKÁKAR

* Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi sem haldinn skal árlega eða sjaldnar ef forseti er vant við látinn.

* Í stjórn félagsins skulu sitja þrír menn, forseti, varaforseti og meðstjórnandi sem sinnir því sem hinir gera ekki.

* Forseti, eða sá sem hann tilnefnir hverju sinni, stýrir öllum samkomum félagsins og ákveður þar allt sem máli skiptir.

* Varaforseti ákveður allt sem ekki skiptir máli.

* Lög þessi hafa fyrir löngu öðlast gildi.

EIN BRÖNDÓTT Forseti og meðstjórnandi Refskákar taka eina stutta í húsakynnum Alþingis.

Hugsaðu um tréverkið

www.flugger.is

Flügger litir

Stórhöfða 44
110 Reykjavík
Sími 567 4400

Skeifan 4
Snorrabraut 56
Bæjarlind 6

Dalshraun 13
Hafnargata 90
Austursíða 2

Austurvegur 69
Hlíðarvegur 2-4
Egilsholt 1

104731

Svona erum við

> Fjöldi sálfræðinga og námsráðgjafa í grunnskólum



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: PÓLITÍSKAR STÖÐUVEITINGAR

40 prósent stöðuveitinga pólitísk

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, skýrði nýlega frá rannsókn sinni á pólitískum stöðuveitingum. Hann komst að því að rúm 40 prósent stöðuveitinga hins opinbera til æðstu embætta eru af pólitískum toga.

Hvað er pólitísk stöðuveiting?
Þegar starfi er úthlutað á pólitískum grundvelli, sá sem veitir starfið hefur hagsmuni tengda þeim sem fær starfið. Dæmi er þegar ráðamaður veitir dyggum stuðningsmanni síns flokk stöðu án þess að tekið sé tillit til hæfni hans eða getu. Ókostir slíkra stöðuveitinga eru þeir að litlar líkur eru á að sá hæfasti sé ráðinn og hið opinbera situr uppi með óhæft starsfólk.

Hvað er fyrirgreiðslupólitík?
Þegar stjórnmálamenn greiða götu fólks með því að veita þeim opinber gæði. Venjulega er um að ræða samflokksmenn, kjósendur eða fólk í kjördæmi þingmanns eða flokks. Það er dæmi um fyrirgreiðslu þegar stjórnmálamaður lofar nýjum vegi eða jarðgöngum í kjördæminu gegn því að hann verði kosinn.

Hvernig er staðan á Íslandi?
Fyrirgreiðsla hefur lengi tíðkast á Íslandi en hún er í ríkara mæli á sveitarstjórnarstiginu. Fyrirgreiðsla er ein tegund spillingar en Ísland er eitt af þeim löndum í heiminum sem búa við hvað minnsta spillingu. Á æðri stigum stjórnsýslunnar er nokkuð um pólitískar stöðuveitingar og hefur tíðni þeirra lítið breyst. Ekki hefur verið gerð rannsókn á lægri stigum en gera má ráð fyrir að þar hafi stöðuveitingum nokkuð fækkað vegna breyttrar starfsemi stjórnmálaflokkanna en þeir reiða sig minna á þjónustu sjálfboðaliða og kaupa þjónustuna út í staðinn.

Heimild: Gunnar Helgi Kristinsson

SPURT OG SVARAÐ

VATNSVERKSMIÐJA VIÐ RIF

Eftirvænting í Snæfellsbæ

KRISTINN JÓNASSON BÆJARSTJÓRI SNÆFELLSBÆJAR

Ákveðið hefur verið að reisa fjórtán þúsunda fermetra átöppunarverksmiðju fyrir neysluvatn við Rif á Snæfellsnesi. Um 150 manns búa á Rifi en hátt í 100 manns munu fá vinnu í verksmiðjunni. Kristinn Jónasson er bæjarstjóri Snæfellsbæjar.

Hvernig á að manna öll þessi störf?
Það er bara gert með því að fá fólk á svæðið til að vinna þau, það eru alveg hreinar línur. Svo munu einhverjir heimamenn auðvitað taka að sér störf þar líka.

Hvert á svo að selja vatnið?
Mér skilst að markaðssetningin verði mestmegnis í Ameríku. Ég held að það sé lítil sem engin sala fyrirhuguð innanlands eins og er.

Hefurðu orðið var við eftirvæntingu íbúa í bænum?
Já, það er mikil eftirvænting meðal íbúanna. Það hefur verið mikil uppbygging í gangi í sveitarfélaginu undanfarið og á síðasta fundi byggingarnefndar var úthlutað tuttugu lóðum, sem hefur ekki gerst síðan ég hóf störf 1998.

SIGRÚN MAGNÚSDÓTTIR Sat í borgarstjórn Reykjavíkur frá 1986-2002.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



BIRGIR ÍSLEIFUR GUNNARSSON Sat í borgarstjórn Reykjavíkur frá 1962-1982 og var borgarstjóri 1972-1978.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

GUPMUNDUR ODDSSON Sat í bæjarstjórn Kópavogs frá 1978-1998.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Baráttan um atkvæðin hefur róast með árunum

Það er viðtekin skoðun að kosningabaráttan nú hafi verið róleg. Ekki hefur verið tekist á um stórpólitísk mál og umræðan frekar snúist um menn en málefni. Þremur þrautreyndum fyrrverandi stjórnmálamönnum ber saman um að átökin fyrir kosningar hafi verið mun meiri á árum áður.

„Það var miklu meiri pólitík í þessu fyrir tuttugu árum og virkilega tekist á um mál," segir Sigrún Magnúsdóttir sem var borgarfulltrúi Framsóknarflokksins og Reykjavíkurlistans á árunum 1986-2002 og varamaður árin á undan.

Birgir Ísleifur Gunnarsson sat í borgarstjórn fyrir Sjálfstæðisflokkinn frá 1962-1982 og var borgarstjóri frá 1972-1978. Hann segir þróunina hafa verið í þessa átt. „Á yfirborðinu virkar þetta mjög rólegt og mér hefur fundist það vera þannig í undanförnum kosningum," segir Birgir sem einnig sat lengi á þingi og þekkir því landsmálapólitíkina líka.

„Atið var miklu meira hér áður enda miklu meiri munur á pólitískum áherslum flokkanna," segir Guðmundur Oddsson, Alþýðuflokksmaður og síðar Samfylkingarmaður í Kópavogi, og sat í bæjarstjórn á árunum 1978-1998.

Sigrún og Guðmundur eru sammála um að stefnuskrár flokkanna séu hver annarri lík; sömu áherslumálin séu á öllum oddum. „Þetta er afskaplega líkt hjá þeim öllum, öfugt sem var," segir Sigrún. Hún minnist sérstaklega kosningabaráttunnar fyrir tuttugu árum þegar Sjálfstæðisflokkurinn hafði verið við völd í eitt kjörtímabil eftir vinstri meirihlutann 1978-1982. „Þá hafði Davíð Oddsson verið borgarstjóri í fjögur ár og það var virkilega tekist á um pólitískar áherslur." Hún furðar sig einnig á að tilteknir málaflokkar hafi orðið út undan. „Enginn hefur minnst á atvinnumálin sem oft voru höfuðmál í kosningabaráttu og lítið hefur farið fyrir umræðum um skipulagsmál og almenna uppbyggingu borgarinnar."

„Þegar allir hafa sömu skoðun hvernig í veröldinni ætti þá að vera einhver hasar í pólitíkinni?" spyr Guðmundur og furðar sig á að varla sé vikið orði að fjármálum sveitarfélaganna í kosningabaráttunni nú. „Þegar ég var í þessu var rosaleg umræða um fjármálin. Nú eru þau kannski í sæmilegu lagi nema reyndar í Reykjanesbæ sem virðist bæði eigna- og peningalaus en bæjarstjórinn þar hefur samt aldrei verið vinsælli. Þetta segir sitt um pólitíkina, menn virðast geta kjaftað sig frá öllu."

Á hinn bóginn efast Birgir Ísleifur um að eiginlegur pólitískur munur hafi verið á áherslumálum flokkanna. „Ekki á sveitarstjórnarstiginu en það var náttúrulega munur í landsmálunum. Allir lofuðu meiri framkvæmdum á hinum og þessum sviðum. Það er kannski til marks um aðra tíma að nú eru áherslurnar á framkvæmdir á félagsmálasviðum áberandi en snerust meira um gatnagerð hér áður fyrr."

Þó að kosningaþátttaka á Íslandi sé jafnan með því mesta sem gerist í heiminum er ekki víst að hún sé til marks um pólitískan áhuga almennings. Um leið og Sigrún segir hann hafa minnkað telur Guðmundur menn ennþá vera pólitíska þótt þeir gefi sig síður að starfinu og fylgist ekki jafn grannt með og áður. Birgir Ísleifur segir pólitíkina ekki jafn alltumlykjandi og áður. „Það eru breyttir þjóðfélagshættir og fólk hefur um eitthvað annað og meira að hugsa heldur en pólitík. Hún hafði meira rúm í hugum flestra fyrir nokkrum áratugum."

Eitt er það til viðbótar sem breyst hefur frá því sem var hér áður. Aðstoð auglýsingastofa og ímyndarráðgjafa við frambjóðendur var ekki til. „Við gerðum allt að eigin frumkvæði og frumleika. Nú eru menn búnir til, hannaðir á auglýsingastofum, og birtast ekki fjöldanum eins og þeir eru. Það er bara búið til eitt stykki frambjóðandi," segir Guðmundur.

Viðmælendum Fréttablaðsins ber saman um að svo virðist sem kosningabaráttan nú sé, heilt yfir, háð með heiðarlegum hætti og ekki slegist í leðjunni. Sigrún viðurkennir að hún hafi glaðst þegar hún fann eitthvað á andstæðinga sína og rifjar upp atvik úr kosningabaráttunni 1994. „Markús Örn Antonsson hafði verið borgarstjóri og ég fann skýrslu sem hann hafði látið Ingu Jónu Þórðardóttur gera en við í minnihlutanum ekki fengið að sjá. Maður nuddaði Ingu Jónu endalaust upp úr þessu, hvers vegna stæði á þessu, hvað hún hefði fengið greitt og svo framvegis. Við erum ágætis vinkonur í dag en þarna fengum við vopn sem sýndi að Sjálfstæðisflokkurinn gæti farið með borgarsjóð eins og sinn eigin."

Öll segja þau skemmtilegt að standa í kosningabaráttu en fylgjast misgrannt með gangi mála nú. „Ég er nú ekki eins ötull við það og áður og sef alveg rólegur," segir Birgir Ísleifur á meðan Sigrún á það til að sofna á kvöldin út frá því að finna rök í málum fyrir frambjóðendur. „Ég velti fyrir mér hvað maður myndi nota á fundum eða í viðtölum," segir hún og hlær.

FRÉTTAVIÐTAL
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

VELFERÐ UMHVERFI NÝSKÖPUN

✓„Flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni."

1 sæti
Ólafur F. Magnússon, læknir og borgarfulltrúi

FRÁLSLYNDIR OG ÓHÁÐIR xF

Hafnarfjörður

AO Takk fyrir okkur.



Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunnar í mars 2006.

Flestir Hafnfirðingar kjósa að Atlantsolía fái að reisa mannlausa bensínstöð í nágrenni sínu. Við þökkum traustið. Nánari upplýsingar um könnunina eru á www.atlantsolia.is.

JEPPA dagar

Þegar sumarið loksins gengur í garð er um að gera að vera klár í að halda á vit ævintýranna á glæsilegum jeppa. Þess vegna efnum við nú til Jeppadaga á Bílaþingi Heklu og bjóðum mikið úrval á frábærum kjörum.

Komdu og skoðaðu úrvalið á Bílaþingi Heklu.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 401S

KLETTHÁLS

MMC Pajero Sport 2.5 – dísel
Skráður 21.6.2004 Ek. 63 þ.km. Beinsk.

Verð 2.310.000 kr.
Tilboð 1.990.000 kr.
Afb. í 24 mán. 33.802 kr. á mánuði*

KLETTHÁLS

Galloper 2.5 – dísel
Skráður 19.10.2000 Ek. 150 þ.km. Sjálfsk.

Verð 790.000 kr.
Afb. í 24 mán. 33.802 kr. á mánuði*

KLETTHÁLS

Kia Sorento 2.5 – dísel
Skráður 20.10.2004 Ek. 27 þ.km. Sjálfsk.

Verð 3.120.000 kr.
Afb. í 60 mán. 47.527 kr. á mánuði*

LAUGAVEGI

MMC Pajero 3.5 GLS – bensín
Skráður 1.2.2001 Ek. 98 þ.km. Sjálfsk.

Verð 2.850.000 kr.
Tilboð 2.650.000 kr.
Afb. í 48 mán. 48.287 kr. á mánuði*

LAUGAVEGI

MMC Pajero 3.0 – bensín
Skráður 5.7.2000 Ek. 82 þ.km. Sjálfsk.

Verð 1.850.000 kr.
Afb. í 36 mán. 44.832 kr. á mánuði*

LAUGAVEGI

MMC Pajero 3.5 GLS – bensín
Skráður 21.4.2002 Ek. 46 þ.km. Sjálfsk.

Verð 3.090.000 kr.
Afb. í 60 mán. 47.071 kr. á mánuði*

*Miðað við 20% útborgun og bílasamning SP í blandaðri myntkörfu

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11 | sími 590 5760 | www.bilathing.is

HEKLA®

www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

Opið mánudaga til föstudaga 10–18 • laugardaga 12–16

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum



landslag
fólkið í landinu

ATVINNUREKANDINN: ÞURRKHÚS NESFISKS

Þurrt góðgæti fyrir Nígeríumarkað

Það er af sem áður var þegar dálknum, eða hrygglengjunni, var fleygt eftir að búið var að flaka fiskinn. Nú er allur fiskurinn nýttur og þegar aðgerð er lokið í fiskvinnslu Nesfisks er dálkum og hausum af ufsa og þorski ekið í þurrkhús. Þar í móttökusalnum er þessu svo raðað á rekka sem síðan eru settir í sérstaka þurrkklefa.

Um 20 manns vinna í þurrkhúsinu og eru flestir þeirra útlendir. „Þetta er allt saman sent til Nígeríu," segir Arnbjörn Eiríksson verkstjóri meðan hann handleikur einn þurrkaðan dálk. „Þar þykir þetta algjör herramannsmatur sem þetta er í raun hvar sem er. Þetta bragðast bara eins og harðfiskur. Ég klíp jafnvel af þessi flís og flís til að gæða mér á."

Um sex þúsund tonn af hráefni koma til vinnslu í þurrkhúsið en aðeins um eitt þúsund tonn verða eftir sem fullunnin vara.

Arnbjörn var í óða önn að koma nýrri framleiðslulínu í gang en enn sem komið er þarf að handvigta fiskinn við pökkun. En brátt verður þetta allt saman sjálfvirkt.

Um 250 manns vinna hjá Nesfiski en þar eru unnin um 10 þúsund tonn af afurðum á ári. Fyrirtækið gerir út tvo togara og landa þeir í Sandgerði. Stærsta vinnslustöð fyrirtækisins er við litlu höfnina í Garði.

Sjö fiskverkanir eru í Garði en Sigurður Jónsson bæjarstjóri segir að Garðbúar muni í auknum mæli reyna að freista gæfunnar í ferðaiðnaðnum. Til dæmis eru uppi hugmyndir um að koma upp fuglasetri en fjöldi ferðamanna vill koma að skoða fuglalífið á nesinu. Auk þess gætu fræðimenn haft þar aðstöðu til rannsókna.

ARNBJÖRN EIRÍKSSON VERKSTJÓRI MEÐ EINN ÞURRAN Hann er ekki álitlegur þurrkaði dálkurinn sem Arnbjörn segist oft gæða sér á.
FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

STAÐURINN
TÖLUR OG STAÐREYNDIR



Garður

Íbúafjöldi í desember 2005: 1.376
Íbúafjöldi í desember 1991: 1.076

Sveitarstjóri: Sigurður Jónsson

Skólar: Grunnskólinn Gerðaskóli, Leikskólinn Gefnarborg, Tónlistarskólinn í Garði, Sveitarfélögin fimm á Suðurnesjum reka saman Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Helstu atvinnurekendur:
Nesfiskur,
Útgerðin Gunnar Hámundarson,
Fiskverkunin H. Pétursson,
Fiskverkunin Von,
Öldrunarheimilið Garðvangur,
Samkaup.

Vegalengd frá Reykjavík: 56 kílómetrar

Bryggjulausi útgerðararbærinn

Það er heiðskírt og bjart þegar Jón Sigurður Eyjólfsson kemur akandi útá Garðskaga. Fyrir utan hann má sjá togara sigla til hafnar við Faxaflóann því hafið er ólgandi og vindur svo hvass að vegfarendur standa vart á fótunum.

ÁSGEIR HJÁLMARSSON Í SÍMANUM Það kennir ýmissa grasa á byggðasafninu. Ásgeir segir að þessi gamli sími myndi spara útgjöldin hjá mörgum en símtólið er þungt og því aðeins á færi fílefldra manna að vera lengi í símanum.
FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Garður er að mörgu leyti ólíkur öðrum bæjum. Þetta er mikill útgerðar- og sjávarútvegsbær þó ekki sé þar höfn svo heitið geti, aðeins hafnartittur eins og menn kalla hana enda er hún sárasjaldan notuð. Togararnir tveir frá Garði landa hins vegar í Sandgerði sem er aðeins nokkrum kílómetrum frá.
Eins er byggðin nokkuð dreifð. Sennilega vegna þess að hver vörin var við aðra á strandlengjunni hér áður og því dreifðust bæirnir meðfram ströndinni og eins þurftu þessir sjávarbændur mikið landsvæði því þeir stunduðu landbúnað og sjávarútveg jöfnum höndum. Nú er þó að myndast myndarlegur bæjarkjarni í Garði.

Blaðamaður leggur leið sína í gegnum bæinn og út að Garðskagavita en þar hefur Ásgeir Hjálmarsson komið upp miklu byggðasafni.

Jarðskjálftavélin

„Má ekki bjóða þér inn í fjósið," segir Ásgeir en áður var fjós og hlaða þar sem nú er stór hluti byggðasafnsins. „Ég byrjaði einhverra hluta vegna að sanka að mér gömlum hlutum um 1980 og svo var húsið mitt orðið kjaftfullt þótt það væri um 200 fermetrar. En þá fékk ég þetta húsnæði árið 1994 og opnaði safnið árið eftir."

Það kennir ýmissa grasa á safninu og Ásgeir staldrar við hjá gamalli bílvél. „Þetta er fyrsta bifreiðadíselvélin sem kom til landsins en það var Ingimundur Guðjónsson sem keypti bílinn árið 1934," segir Ásgeir og nú er andinn komin yfir safnjöfurinn. „Sjálfur keyrði Ingimundur bílinn ekki neitt, hann var ekki einu sinni með próf en synir hans keyrðu hann mikið. En þessi sögulega vél hefur aldrei farið úr Garðinum. Reyndar var bílnum lagt árið 1947 og vélin fór ekki í gang eftir það fyrr en árið 2000, en Guðni sonur Ingimundar tók hana þá í gegn. Menn skildu svo ekkert í því hvað hún fór að hristast skelfilega eftir að hún fór í gang en þá vildi svo til að jarðskjálfti skók hér suðurhluta landsins samtímis. Þannig að menn sjá það hvaða afleiðingar það getur haft að koma þessum gömlu vélum í gang," segir hann og hlær við.

Guðni, sem er tengdafaðir Ásgeirs, er hin mesta hamhleypa til verka þótt hann sé 83 ára gamall. Hann hefur gangsett 58 vélar safnsins og nokkrar vélar til viðbótar sem hann hefur gert upp bíða eftir sínum stað á safninu. Einungis tvær vélar sem eru á safninu eru ekki gangfærar.

Dreifð þorpssál

Til þess að komast í snertingu við þorpssálina hefur það oft reynst mönnum vel að koma við í söluskálanum. En þar sem Reykjanesið allt er eitt atvinnusvæði fór blaðamaður flatt á þessu bragði. „Ég hef ekki hugmynd um hvar Nesfiskur er," segir afgreiðslustúlkan þegar hún er spurð hvar eitt mesta fyrirtæki bæjarins sé. „Ég er frá Keflavík og þekki ekkert alltof vel til hérna," bætir hún við.

Hreiðar Einarsson, starfsmaður í Nesfiski er hins vegar öllum hnútum kunnugur í Garði en hann keyrir daglega til vinnu frá Hafnarfirði þar sem hann býr. „Ég hef gert þetta heillengi," segir hann þar sem hann var gómaður á netaverkstæði Nesfisks. „Konan vinnur á Vellinum og hefur gert það í 20 ár svo við förum þetta saman á morgnana. Reyndar verða breytingar á hennar högum enda búið að segja henni upp þar sem varnarliðið er á förum eins og alþjóð veit. En ég verð hérna áfram."

Eflaust yrði þó konan ekki ánægð

BOZENA, SILWIA OG RACHIDA Þessar fjörugu konur kunna vel við sig í Garðinum og eiga í engum vandræðum með að spjalla meðan þær vinna. Eitthvað sem sagt er að karlmenn eigi erfiðara með.
FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

með að vita hvernig Hreiðar og kollegar hans skreyta kaffistofuna á Netaverkstæðinu en þar ber að líta fjölmargar léttklæddar konur.

Heimsþorpið við Garðskaga

Samfélagið og bæjarmyndin er óðum að breytast í Garði. Það fjölgar í bænum, byggðin þéttist, bæjarbúar sækja vinnu um allt Reykjanes og jafnvel til Reykjavíkur og þaðan koma nokkrir starfsmenn í Garð. Svo fjölgar útlendingum mikið.

Blaðamaður þræddi fiskverkanir bæjarins og gaf sér góðan tíma í þurrkhúsi Netfisks enda var þar margt góðra manna. Til dæmis voru Rachida Elgach, Silwia Lawreszuk og Bozena Walendzik að vigta þurrkaða ufsahryggi en þær gátu vel spjallað meðan þær unnu verk sín. „Ég er frá Marokkó og hef verið hér í 6 ár," segir Rachida. „Ég kom hingað með þáverandi manni mínum sem er landi minn en svo skildum við og hann er farinn en ég fer hvergi og er nú komin með íslenskan mann. Ég kann rosalega vel við mig hér í Garði." Sá böggull fylgir þó skammrifi að hún er eini Marokkóbúinn í Garði og því gerir hún sér oft ferð til Reykjavíkur að hitta landa sína og vini.

Silwia og Bozena eru hins vegar umvafðar löndum sínum en fjölmargir Pólverjar eru búsettir í Garði.

HREIÐAR Í FÖNGULEGUM FÉLAGSSKAP Á KAFFISTOFUNNI Kaffistofan á Netaverkstæði Nesfisks er mikið skreytt en eins og geta má sér til halda aðeins karlar til þar.
FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

En litla heimsþorpið Garður breytist einnig ásýndar því nú er verið að byggja verslunarmiðstöð í miðju bæjarins. Þar munu Samkaup, Sparisjóðurinn, heilsugæslan, bókasafnið, upplýsingamiðstöðin og bæjarskrifstofurnar vera undir einu þaki.

Garðbúar eru ekkert á því að það sé oftast hvasst í Garði en segja þó að norðanáttin sé hrikaleg þegar hún láti á sér kræla líkt og hún gerði þennan dag. En hvað sem því líður þá er létt yfir Garðbúum svo það fýkur ekki í neinn þótt hann standi þar í rokinu.

allt hús
Alla mánudaga

íslenskt grænmeti
sérmerkt þér!

KOMIÐ OG GERIÐ GÓÐ KAUP!

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

Skráið ykkur á póstlistann á www.rumfatalagerinn.is

ALLTAF ÓDÝRT Í RÚMFATA-LAGERNUM ADEINS ÓDÝRARI

U.Þ.B 65% AFSLÁTTUR

ÁÐUR 29.900,-

9.990,-

„NELSON" HÆGINDASTÓLL

Klassískur hægindastóll með slitsterku „míkrófíber" áklæði. Stóllinn er með innbyggðum fótaskemli sem veitir stuðning við allan líkamann.

ALLTAF ÓDÝRT Í RÚMFATA-LAGERNUM ADEINS ÓDÝRARI

BORÐ + 4 STÓLAR

16.900,-

HARÐVIÐARSETT BORÐ + 4 STÓLAR

Gott harðviðarsett á fínu verði, tilvalið á pallinn, við bústaðinn eða á veröndina. Settið inniheldur átthyrnt gegnheilt borð og 4 samleggjanlega stóla.

50% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR FRÁ 1.990,-
NÚ FRÁ:

990,-

„STELLA" SPEGLAR

Fáanlegir í gylltum, brúnum og eikarlit.

SPARIÐ 26.960

BORÐ + 4 STÓLAR

49.900,-

„PIET" BORÐSTOFUBORÐ + 4 „VALETTA" STÓLAR

Glæsilegt borðstofusett á ótrúlega góðu verði. Stærð á borði er 180 x 90 x 76 sm, fást í tekklit og eikarlit. Þykkir og flottir fætur. Í settinu eru góðir Valetta borðstofustólar með ljósu microfíber áklæði og eikarlituðum fótum. Borð **44.900,-** Stóll **7.990,-** Borð og 6 stólar, verð aðeins **74.900,-**



SOGRÖR

100 sogrör saman í pakka. Gott verð.

99,-

60% AFSLÁTTUR

„MAMMUT" KULDAGALLI

Loðfóðraðir og góðir kuldagallar með mörgum vösum ásamt fráhneppanlegri hettu. Fást í nokkrum stærðum. Litur dökkblár. Komdu og skoðaðu þennan, núna á ótrúlegu tilboði!

ÁÐUR 4.990,-

1.990,-

50% AFSLÁTTUR

ÚTIVISTAR-JAKKAR

Flottir, vatns- og vindheldir útivistarjakkar. Fást í þremur litum, svörtu/gráu, svörtu og off-white. Núna er tilvalið að gera góð kaup á fínum útivistarjakka.

ÁÐUR 2.990,-

1.490,-

VERÐ FRÁ

1.990,-

GÆLUDÝRAPÚÐI

Mjúkur og þægilegur gæludýrapúði og teppi. Margar stærðir fáanlegar.
St. á púða 52x16 sm. St. á teppi 40x40 sm.

KVEIKJARI

Langur og góður kveikjari með góðu haldi. Margir sumarlegir og fallegir litir.

119,-

BÍLSETA

Létt og þægileg bílseta með fallegu áklæði. Fyrir börn í þyngd 15-36 kg.

1.290,-

990,-

BARNAREIÐHJÓLAHJÁLMAR

Flottir hjálmar fáanlegir í nokkrum fallegum litum.

SÓLTJALD

Með þremur vængjum. Hælar, stög og stangir fylgja.
St. 4x1,35 sm.

1.490,-

790,-

FELLISTÓLL

Hvítlökkuð röragrind. Fallegt áklæði. Auðvelt að leggja saman og tekur lítið pláss.

1.490,-

FERÐABORÐ

Sterkt borð sem hægt er að leggja saman.
Borðplatan er 60x80 sm.

2.490,-

„PEGASUS" SVEFNPOKI

Stór og rúmgóður svefnpoki með tvöföldum rennilás. Hægt að renna 2 pokum saman. Ytra byrði vatnsvarið nælon. Innra byrði úr 100% bómull. Fyrir manneskju allt að 195 sm á hæð. Breidd á poka 85 sm. Vel fylltur með siliconhúðuðum holtrefjum. Þyngd 1.650g. Hlýr allt að 0°C. Má þvo í vél. Poki fylgir.

skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Endurvakinn R-listi eða Sjálfstæðisflokkur ásamt smáflokki eru ekki spennandi kostir í Reykjavík.

Þriðja leiðin

Í Reykjavík eru fram undan æsispennandi 48 klukkustundir eða svo. Skoðanakannanir gefa sterklega til kynna að vonir sjálfstæðismanna um að ná hreinum meirihluta í borgarstjórn standi tæpt og að framsóknarmenn séu jafnvel hársbreidd frá því að ná inn sínum manni.

Ef eftir gengur að Sjálfstæðisflokkur fái ekki átta fulltrúa kjörna, og þar með hreinan meirihluta, er komin upp upp sérlega athyglisverð staða. Í fljótu bragði má álykta að möguleikarnir séu þá tveir líklegastir: að R-listinn (Samfylking, Framsóknarflokkur og Vinstri grænn) rísi upp frá dauðum með tilstyrk Frjálslynda flokksins og myndi meirihluta, og hins vegar að Sjálfstæðiflokkurinn freisti þess að fá til liðs við sig fulltrúa einhvers af litlu flokkunum og komist þannig til valda.

Hvorugur kosturinn er spennandi. Dagar R-listans eru að baki. Útþynnt útgáfa af honum fjórða kjörtímabilið í röð er ekki líkleg til afreka. Sömu sögu má segja um mögulegt samstarf Sjálfstæðiflokks í yfirburðastöðu gagnvart einhverjum smáflokkanna þriggja.

Ef Sjálfstæðisflokkur og Samfylking ná saman eftir kosningar er kominn geysiöflugur meirihluti sem virkilega getur látið hendur standa fram úr ermum með umboð yfirgnæfandi meirihluta borgarbúa að baki.

Meirihlutastjórn Sjálfstæðisflokksins með stuðningi Ólafs F. Magnússonar, fulltrúa Frjálslynda flokksins, myndi til dæmis þýða að ákvörðun um framtíð flugvallar í Vatnsmýrinni væri í uppnámi. Eitt af helstu baráttumálum Ólafs og félaga fyrir þessar kosningar er að flugvöllurinn verði um kyrrt, sem var þvert á stefnu borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna allt þar til við upphaf þessarar viku þegar Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóraefni flokksins, virtist allt í einu vera orðinn eitthvað tvístígandi í málinu.

Þriðja leiðin og sú áhugaverðasta er ef stóru fylkingarnar tvær sem bjóða fram í borginni snúa bökum saman. Ef Sjálfstæðisflokkur og Samfylking ná saman eftir kosningar er kominn geysiöflugur meirihluti sem virkilega getur látið hendur standa fram úr ermum með umboð yfirgnæfandi meirihluta borgarbúa að baki.

Valdajafnvægið innan slíks meirihluta væri mun heilbrigðara en ef einhver smáflokkanna færi í eina sæng með Sjálfstæðisflokki. Og ekki þarf að fara mörgum orðum um að línurnar væru skýrari og einfaldari en ef nýr meirihluti yrði myndaður af Samfylkingu ásamt litlu flokkunum þremur.

Málefnalega eru engin gljúfur sem ekki er hægt að brúa milli Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks. Eðlilega hefur baráttan milli þessara tveggja stærstu framboða verið mest áberandi í aðdraganda kosninganna, en þar hefur ekkert gerst sem gerir mönnum persónulega ómögulegt að vinna saman í framtíðinni.

Þess utan er auðvelt að sjá fyrir sér að oddvitar flokkanna í borginni gætu myndað sterkt teymi; reynsluboltinn Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og ungi ákafi maðurinn Dagur B. Eggertsson.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Öryggið á oddinn
Barátta yfirvalda við að tryggja öryggi borgaranna getur greinilega verið tvíeggjað. Í vikunni kynnti Jóhanna Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International, skýrslu samtakanna. Í þeirri skýrslu fá þeir sem telja sig vera að berjast fyrir öryggi borgaranna heldur betur á baukinn. Þar segir að ríkisstjórnir voldugra ríkja horfi fram hjá alvarlegum mannréttindabrotum víða um heim um leið og þær beina sjónum sínum að öryggi eigin borgara.

Sömu ríkisstjórnir hafa oft fett fingur í aðrar ríkisstjórnir vegna vígbúnaðarstefnu þeirra en staðreyndin er sú að 88 prósent vopna sem seld eru til þriðja-heimsríkja koma frá ríkjunum fimm sem eiga sæti í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Eru þær sakaðar um tvöfeldni í skýrslunni.



En svo virðist sem ekki sé þess vert að berjast fyrir öryggi allra því enginn friðargæsluliði hefur verið sendur til Darfur þar sem 2,2 milljónir manna hafa flúið heimili sín og hátt í 300 þúsund manns hafa látið lífið vegna hungurs, sjúkdóma eða verið skotnir. Allt er þetta fylgifiskur átakanna sem þar ríkja og hafa Sameinuðu þjóðirnar gert tólf bókanir vegna ástandsins. Það er allt og sumt.

Hjálminn á hausinn
En íslensk yfirvöld hafa einnig látið til sín taka til að tryggja öryggi borgaranna með ýmsum hætti eins og hleranamálið sýnir. En svo hafa yfirvöld fett fingur út í hátterni borgaranna svo þeir fari sér ekki sjálfir að voða og geta aðgerðir sem beinast að slíku verið nokkuð spaugilegar. Til dæmis hafði lögreglan á Akranesi afskipti af fimm börnum sem voru í hjólreiðatúr. Þar sem þau voru hjálmlaus var þeim gert að reiða hjólin heim. Það er greinilega vandlifað í öruggum heimi.

Friður á jörð
En svo virtust öll öryggis- og friðarmál vera svo einföld þegar Dadi Janki, mannréttindasinni og trúarleiðtogi, kom hingað til lands í síðustu viku. Í Fréttablaðinu minnti hún landsmenn á að hver einstaklingur geti tekið þátt í að leysa vandamálið sem komið er vegna misskiptingarinnar í heiminum og sem viðheldur átökum og óöryggi. „Þó að á einu svæði ríki stríðsátök en ekki öðru þá er því þannig farið í reynd að átök geysa í hverju mannshjarta. Þau átök eru tilkomin af óöryggi, ótta, neikvæðni og ofstopa. Þessu verður að breyta og það er í höndum hvers einstaklings að gera það, hverrar þjóðar sem hann er.“

jse@frettabladid.is

Draumurinn getur ræst

Í DAG
SKATTALÆKKANIR

HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Íslendingar eru síðan svo heppnir að þurfa hvorki kjarnorku né olíu með allri þeirri mengun, sem því fylgir, heldur getum við virkjað vatnsaflið upp til fjalla og fáum þá í kaupbæti uppistöðulónin, vötn, sem hylja urð og grjót og prýða landið.

Frekar er að marka drauminn en vökuna, segir í frægri bók. Vissulega eigum við að láta okkur dreyma. Veruleikinn er til að bæta hann. Sumir draumar geta ræst, aðrir verða martraðir. Bandaríkin eru dæmi um draum, sem rættist. Tugmilljónir manna flýðu eymd og kúgun Norðurálfunnar og höslluðu sér nýjan og betri völl. Hið stóra ríki í vestri kom síðan lýðræðissinnum í Norðurálfunni til aðstoðar í tveimur heimsstyrjöldum og kalda stríðinu. Ráðstjórnarríkin eru hins vegar dæmi um draum, sem varð að martröð. Kommúnisminn mistókst, af því að í honum fólst ekki nægur skilningur á eðli mannanna og lögmálum auðs og eklu.

Sumir draumar eiga sér fótfestu í staðreyndum. Hópur hagfræðinga undir forystu Miltons Friedmans hefur fengist við það síðustu áratugi að mæla atvinnufrelsi í ýmsum löndum. Þeir hafa til þess smíðað sér vísitölu, og eru niðurstöður mælinga þeirra athyglisverðar. Í ljós kemur firnasterkt samband atvinnufrelsis og hagsældar. Þær þjóðir, sem búa við mest atvinnufrelsi, njóta einnig langbestu lífskjara, hvort sem þau eru skilgreind sem landsframleiðsla á mann eða líka teknir með í reikninginn þættir eins og réttaröryggi og aðgangur að heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt þessari vísitölu er Ísland 13. frjálsasta land í heimi, og hefur atvinnufrelsi stóraukist hér hin síðari ár.

Ætti draumur okkar ekki að vera, að Ísland yrði frjálsasta land í heimi? Samkvæmt vísitölunni fær Ísland 7,7 stig af 10 mögulegum, en frjálsasta atvinnulíf heims er í Hong Kong, sem fær 8,7 stig. Þrennt dregur einkum úr hlut Íslendinga. Hagkerfið er ekki nógu opið, því að innflutningur landbúnaðarvöru er takmarkaður, opinberi geirinn er of stór og skattar of háir. Þessi mál eru öll leysanleg. Draumurinn um frjálsasta land í heimi getur ræst.

Í fyrsta lagi þyrfti að gera Ísland allt að einni fríhöfn. Leyfa ætti frjálsan innflutning landbúnaðarvöru og fella niður tolla og vörugjöld. Þetta hefði þær afleiðingar, að hér yrði ódýrara að lifa. Matvælaverð myndi snarlækka. Þetta er nú loks orðið framkvæmanlegt af stjórnmálaástæðum, því að eftir síðustu kjördæmabreytingu eru neytendur í þéttbýli orðnir miklu öflugri hagsmunahópar en framleiðendur matvæla í strjálbýli.

Í öðru lagi þyrfti að halda áfram að selja fyrirtæki í eigu hins opinbera. Því hefur verið haldið fram, að ákvarðanir Landsvirkjunar um framkvæmdir ráðist ekki alltaf af arðsemissjónarmiðum. Lausnin er að selja fyrirtækið. Það er einnig óviðunandi, að Íbúðalánasjóður sé stærsta lánastofnun landsins og njóti ríkisábyrgðar. Bankarnir geta tekið við hlutverki sjóðsins. Eðlilegt er síðan að veita læknum og kennurum tækifæri til að spreyta sig á einkarekstri, en auðvitað með því skilyrði, að kostur fátæks fólks á heilsugæslu og skólagöngu verði hvergi lakari en hann er nú.

Í þriðja lagi þyrfti enn að lækka skatta. Til dæmis er brýnt að lækka tekjuskatt á einstaklinga niður í hið sama og fyrirtæki bera, 18%. Einnig þyrfti að lækka virðisaukaskatt. Engin ástæða er til að óttast, að opinber þjónusta myndi minnka. Við frjálsara atvinnulíf myndi velmegun aukast og skattstofninn þess vegna vaxa, svo að skatttekjur myndu ekki lækka að sama skapi og skattheimtan. Lítið af miklu getur verið meira en mikið af litlu. (Skatttekjur eru til dæmis svipaðar í Sviss og Svíþjóð, um eitt þúsund Bandaríkjadalir á mann, þótt skattheimta í Sviss, um 30% af landsframleiðslu, sé aðeins helmingur af því, sem hún er í Svíþjóð.)

Jafnframt þessu verða Íslendingar að haga nýtingu náttúruauðlinda sinna skynsamlega. Kvótakerfið í sjávarútvegi var stórt skref fram á við, þótt enn vanti á, að kostir eignarréttar séu þar virtir. Íslendingar eru síðan svo heppnir að þurfa hvorki kjarnorku né olíu með allri þeirri mengun, sem því fylgir, heldur getum við virkjað vatnsaflið upp til fjalla og fáum þá í kaupbæti uppistöðulónin, vötn, sem hylja urð og grjót og prýða landið. Draumurinn getur ræst.

MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Sérstakt sóltilboð á Ford

Ford

Nýtt tákn um gæði

Trend+
Mondeo Trend Plus
2,0l 5 dyra, 5 gíra*
Bílasamningur 27.490 kr.
Rekstrarleiga 41.120 kr.
Verð án sóltilboðs 2.350.000 kr.
Sóltilboð 2.250.000 kr.
Sóltilboð á sjálfskiptum Mondeo Trend Plus:
Til viðbótar aðeins 140.000 kr.

Mondeo Trend Plus sóltilboð

27.490*

Mán.gr. Bílasamningur
Lýsingar og Brimborgar

Sumarið er komið í Brimborg. Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir sumarfríið á sérstöku sóltilboði Brimborgar. Skoðaðu góðan Bílasamning* Lýsingar og Brimborgar - aðeins 20 prósent út og lágar mánaðargreiðslur. Skoðaðu Mondeo Trend Plus eða Focus C-Max Trend Plus frá Ford. Vertu í hópi þeirra bestu. Komdu í Brimborg.

Við staðgreiðum gamla bílinn þinn
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú færð peninginn beint í vasann eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

Focus C-Max - eins og að vera á fyrsta farrými

Betra aðgengi, mikið rými og góð þjónusta eru atriði sem Focus C-Max eigendur sækjast eftir. Aðstaðan um borð getur vart verið betri. Allir sitja hátt með góða yfirsýn. Auðvelt að sinna yngri börnunum og færa þau í og úr barnabílstólum. Eldri börn sitja hvert fyrir sig í sérstöku sæti en þrjú sérstök aftursæti eru í Focus C-Max. Kerran fær einnig gott rými í skotti. Focus C-Max stenst ströngustu kröfur þýsku TÜV eftirlitsstofnunarinnar við ofnæmisprófanir.

Trend+
Focus C-Max Trend Plus
2,0l 5 dyra, sjálfskiptur*
Bílasamningur 29.200 kr.
Rekstrarleiga 41.670 kr.
Verð án sóltilboðs 2.590.000 kr.
Sóltilboð 2.390.000 kr.

Focus C-Max Trend Plus
sóltilboð
29.200*
(mán.gr. bílasamningur)

Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir aðeins til 27. maí n.k. eða meðan birgðir endast.

Nýttu þér sérstakt Trend-plús sóltilboð Brimborgar:
Ford Mondeo Trend Plus og Ford Focus C-Max Trend Plus.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Tryggingar- og þjónustuefnirit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita sölusérfræðingar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum eru aðeins



visir ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

Íþróttir og útivist – allir með!

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

STEFÁN JÓN HAFSTEIN OG DOFRI HERMANNSSON
FRAMBJÓÐENDUR

Æfirðu boltaíþróttir, sund, fimleika, listhlaup á skautum eða íshokkí? Stundarðu líkamsrækt? Iðkarðu sjálfsvarnaríþróttir? Gengurðu? Skokkarðu? Hleypurðu? Syndirðu? Skautarðu? Hjólarðu?

Stórfelld uppbygging

Frá árinu 1994 hefur grettistaki verið lyft í uppbyggingu aðstöðu til íþróttaiðkunar og útivistar í Reykjavík. Dæmi um það eru: Laugardalshöll með stækkun, Skautahöllin í Laugardal, Egilshöll, Grafarvogslaug, Félagsheimili Þróttar í Laugardal, 50 m innisundlaug í Laugardal, íþróttamiðstöð við Laugardalslaug í samstarfi við WC, frjálsíþróttahús við hlið Laugardalshallar og uppbygging á Bláfjallasvæðinu. Einnig hafa verið byggðir brettagarðar, fjöldi nýrra gervigrasvalla og sparkvalla fyrir börn, og ráðnir íþróttafulltrúar til að skipuleggja íþróttastarf í félögunum. Við höfum eflt hreyfingu og útivist sem hluta af daglegu lífi Reykvíkinga með:

Uppbyggingu göngu- og hjólastíga inni í hverfum og frá Úlfarsá meðfram strandlengjunni vestur að Seltjarnarnesi og þaðan um Fossvog, Elliðaárdal og upp í Heiðmörk að sunnarverðu.

Göngubrúm yfir Miklubraut við Rauðagerði og við Skeifuna, yfir Miklubraut við Hvassaleiti, yfir Kringlumýrarbraut í Fossvogi og milli Teiga og Túna, yfir Hringbraut við Hljómskálagarð og við Landspítalann og yfir Reykjanesbraut við Stekkjarbakka. Auk þess höfum við byggt fjölda undirganga undir stórar umferðaræðar.

Uppbyggingu Ylstrandarinnar í Nauthólsvík og mikilli uppbyggingu í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

Hreinsun strandlengjunnar, stærsta umhverfisverndarátaki sem ráðist hefur verið í á Íslandi.

Framtíðin er hér!

Við viljum hins vegar gera enn betur og því gera áætlanir okkar m.a. ráð fyrir: Fjölda nýrra sparkvalla og gervigrasvalla. Átaki í skólalóðum og opnum útivistarsvæðum. Fimleikahúsi í Laugardal. Uppbyggingu íþróttamannvirkja og aðstöðu hjá fjölda íþróttafélaga í borginni. Viðbyggingu við Sundhöllina með möguleika á sambyggðri líkamsrækt. Sundlaug fyrir Grafarholt og Úlfarsárdal. Uppbyggingu opinna svæða um alla borg með hreyfihvetjandi aðstöðu fyrir börn. Lagningu sérstakra hjólabrauta meðfram fjölförnum götum. Fjölgun á göngubrúm yfir fjölfarnar umferðaræðar.

Framtíðin í Reykjavík er björt og við höldum ótrauð áfram að efla aðstöðu fyrir borgarbúa, hvort sem þeir vilja stunda almenna holla hreyfingu eða keppnisíþróttir. Þegar kemur að hreyfingu og útivist eiga allir að geta verið með.

Stefán Jón skipar 3. sæti og Dofri 7. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík.

HJÓLAÐU

HJÓL ÁRSINS 2006

Jamis Dakar

Stell: 7005 álstell, m/ 2 ára ábyrgð.
Bremsur: TekTro diskabremsur m/vír.
Gírskiptir: Shimano Deore, 24 gíra.
Framdempari: Manitou Splice Comp, 100 mm slaglengd. Stillanlegt bakslag og stífleiki.
Afturdempari: Fox Vanilla gormadempari m/ 90 mm slaglengd.
Helstu kostir: Það er unun að hjóla á þessu hjóli í hvaða landslagi sem er. Dempararnir eru stillanlegir eftir aðstæðum og lætur hjólið einstaklega vel að stjórn, enda hlaut það verðlaun í flokki fjallhjóla í Ameríku nýverið sem fjallahjól ársins undir 1000 dollurum hjá Bicycling Magazine.

Verð: 89.990 kr.

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

Borgarstjóri hvað?

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

G. VALDEMAR VALDEMARSSON

Þegar núverandi borgarstjóri var valinn í samstarfi þeirra flokka sem mynda R-listann höfnuðu Framsóknarmenn og Vinstri grænn Degi Eggertssyni sem borgarstjóra og völdu frekar Steinunni Valdísi.

Þessa dagana birtast auglýsingar í fjölmiðlum þar sem stjórnmálaflokkar eru að kynna „borgarstjóraefni“ flokkanna í komandi sveitarstjórnarkosningum. Ég man þá daga þegar Sjálfstæðisflokkurinn bauð Davíð Oddsson fram sem borgarstjóraefni flokksins og Reykvíkingar fengu 3 borgarstjóra frá flokknum á 4 árum. Fyrir 4 árum var formaður Samfylkingarinnar borgarstjóraefni R-listans og gaf um það stórar yfirlýsingar að hún myndi sitja út kjörtímabilið og allir vita hvernig það fór, enn og aftur 3 borgarstjórar á 4 árum. Yfirlýsingar Ingibjargar Sórúnar í aðdraganda kosninganna voru ekki pappírsins virði þegar upp var staðið.

Þegar núverandi borgarstjóri var valinn í samstarfi þeirra flokka sem mynda R-listann höfnuðu Framsóknarmenn og Vinstri grænn Degi Eggertssyni sem borgarstjóra og völdu frekar Steinunni Valdísi. Það sem gerst hefur síðan þá er að Samfylkingin hefur hafnað eigin borgarstjóra í prófkjöri og býður fram borgarstjóraefni sem líklegustu samstarfsflokkarnir í meirihluta í borgarstjórn hafa þegar hafnað. Er Dagur Eggertsson borgarstjóraefni Steinunnar Valdísar og Stefáns Jóns? Er Dagur Eggertsson borgarstjóraefni Vinstri grænna eða Frjálslyndra, já eða Sjálfstæðisflokksins? Hann er kannski bara borgarstjóraefni Ingibjargar Sólrúnar? Hvar er samstaða kvenna nú?

Þeir verða að svara því, en hann er örugglega ekki borgarstjóraefni Framsóknarmanna. Hversvegna ættu Framsóknarmenn og Vinstri grænn að vilja skipta um borgarstjóra ef flokkarnir fara með Samfylkingunni í meirihluta? Hvað hefur Steinunn Valdís gert sem borgarstjóri sem réttlætir það að henni sé hafnað fyrir Dag Eggertsson? Það er langlíklegast að sátt geti orðið um að Steinunn verði áfram borgarstjóri komi til samstarfs þessarra flokka í borgarstjórn á komandi kjörtímabili Framsóknarmenn kjósa allavega frekar að styðja núverandi borgarstjóra til áframhaldandi góðra verka komi til samstarfs þessara flokka.

Höfundur er formaður málefnanefndar miðstjórnar Framsóknarflokksins.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Sauðagæra Sjálfstæðisflokksins

Sjálfstæðisflokknum hlýtur að vera ansi heitt í sauðagærunni sem hann dró yfir sig fyrir nokkrum vikum síðan. Nú storma hægri mennirnir fram sem rósrauðir stórkratar sem allt vilja fyrir lítilmagnann gera. Bara að nefna það. Allt nema kannski lofa betra veðri, enda erfitt að lofa því í vor fræsingnum sem geysar nú um land allt.

Hvar þessi rósrauða hjörð íhaldsmanna var þar til korteri fyrir kosningar er erfitt að segja. Hvernig stendur þá á blindri hægri stefnunni sem rekin er í ríkisstjórn á vegum íhaldsins? Þar eru lækkaðir skattar á hátekjufólkið og einkavætt af meira kappi en forsjá. Nei, þeir einfaldlega selja betur í kratagærunni þessa dagana.

Íhaldið verður hinsvegar fljótt farið úr gærunni að loknum kosningum. Þá fara þeir að selja Orku- og bæjarveitur um land allt. Einkavæða grunnskólana og bjóða út bæjarþjónustu af hvaða sort sem er. Ekki efast um það eitt augnablik. Eðli íhaldsins er það sama. Þrátt fyrir fögur og kratísk yfirboðin í háflóði kosningabaráttunnar.

Mín spá er sú að kantflokkarnir tveir, Sjálfstæðisflokkur og Vg, fái talsvert lakari útkomu en þeim er gjarnan spáð í könnunum. Samfylking og Framsókn talsvert betri. Þangað fara óákveðnir frekar sem oft er fólk sem á eftir velja annan miðvinstri flokkinn. Eiga eftir að velja frjálslynda félagshyggju en myndu tæplega kjósa til hægri eða yst til vinstri, öfgakennda heimsendaspámennskuna sem ómar í sífellu frá Vinstri grænum.

Íhaldið stillti miðið hátt í mörgum sveitarfélögum. Reykjavík, Árborg og Kópavogi svo dæmi séu tekin. Sjálfur hef ég unnið við kosningastjórn Samfylkingarinnar í Árborg og fylgst með íhaldinu í návígi beita öllum brögðum sem í bókinni eru. Vonandi falla þeir á eigin bragði. Kjósendur kaupa ekki blekkingar sem betur fer.

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON
ALÞINGISMAÐUR

Íhaldið verður hinsvegar fljótt farið úr gærunni að loknum kosningum. Þá fara þeir að selja Orku- og bæjarveitur um land allt.

Í Árborg fékk Samfylkingin rúm 40% fyrir fjórum árum. Það var mikill sigur í krafti voldugs framboðslista og vandaðrar málafylgju. Það er erfitt að fylgja slíku eftir en við ætlum að halda okkar hlut og að sjálfsögðu að vera yfir meðaltalsfylgi Samfylkingarinnar á landsvísu. Og auðvitað áfram í meirihluta í Árborg þar sem við höfum unnið frábært starf á síðustu fjórum árum.

Nú sláum við skjaldborg um Árborg. Gegn einkavæðingarbrölti íhaldsins og óábyrgu bölsýnisrausi um bæinn góða Árborg. Það mun okkur takast trúi ég, enda framboðið gott og málefnastaðan einsog best verður á kosið.

Í Reykjavík fær íhaldið kannski sjö menn, ef vel gengur. Sex er líklegra. Samfylkingin fær sex og vel yfir 35% fylgi. Vonbrigðin verða Vinstri grænna enda fjarar hratt undan þeim eftir að flokkurinn gaf út að það væri í kortunum að leiða íhaldið til valda í Reykjavík. Makalaus afleikur hjá Svandísi Svavarsdóttur. Það verður vinstri grænum dýrkeypt daður.

Framsókn mun koma betur út en spáð er. Víðast hvar nema í líklega í Hafnarfirði og Kópavogi. Hrun blasir við flokknum þar sem sár mun hökta frá kosningunum.

Þetta verður spennandi kosninganótt. Þar mun sauðagæran renna af Sjálfstæðisflokknum og úlfurinn undir gærunni koma fram. Enda korterið liðið og kosningarnar frá. Kosningar vonbrigða fyrir Sjálfstæðisflokkinn víðast um landið og mikið áfall fyrir nýja forystu flokksins. Forystu sem hefur verið í felum alla baráttuna.

INN Í SUMARIÐ

Jamis Cross Country 1.0

Stell: 6061 álstell, m/ eilífðarábyrgð.
Bremsur: TekTro V-bremsur.
Gírskiptir: Shimano Acera, 24 gíra.
Dempari: SR Suntour gorma dempari 50 mm slaglengd og stillanlegur stífleiki.
Helstu kostir: Frábært alhliða fjallahjól. Hvort sem farið er í lengri ferðir um bratta stíga eða mjóar gönguleiðir þá býr Cross Country fjallahjólið yfir styrk og hönnun til að koma þér á leiðarenda. Svo er auðvitað lítið mál að skjótast á því út í sjoppu.

Verð: 32.990 kr.

Jamis Explorer 2.0

Stell: 6061 álstell, m/ eilífðarábyrgð.
Bremsur: TekTro V-bremsur.
Gírskiptir: Shimano Acera, 21 gíra.
Dempari: SR Suntour M3070. Einnig dempari í sætispósti fyrir aukin þægindi.
Helstu kostir: Fínmynstruð dekk henta vel innanbæjar en halda nægri breidd til að þau nýtist á malarvegunum uppí sumarbústað. Breiður hnakkur, dempari í sætispósti og hátt stillanlegt stýri fyrir upprétta setstöðu. Tilheyrir Street/Comfort línunni hjá Jamis.

Sumartilboð: 29.990 kr. verð áður 32.990 kr.

ÚTILÍF

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS ÚTI 32864 05/2006

DV Helgarblað

10 RÍKUSTU ÍSLENDINGARNIR EIGA 725 MILLJARÐA

Sautján ára unglingur lamaðist í bílslysi fyrir þremur áratugum

ÖLLUM SAMA UM NÁUNGANN

Sirkus og DV Sport eru fylgirit DV.

Hefur þú séð DV í dag?

Akureyringar – takið af skarið!

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

RAGNAR SVERRISSON
KAUPMAÐUR

Afrakstur verkefnisins Akureyri í öndvegi er margþættur og á eftir að hafa víðtæk áhrif á þróun og frekari uppbyggingu bæjarins. Undanfarið hefur umræðan einkum snúist um hvort ein meginniðurstaða verkefnisins, að gera sjávarsíkið, sé snjöll lausn eða hreinlega slæm. Ekki er ætlun mín í þessum fáu línum að ræða einstaka þætti málsins en vísa á vandað kynningarrit sem dreift var í allar íbúðir á Akureyri í gær – fimmtudag. Þar kemur skýrt fram að sú villukenning sem haldið hefur verið fram, að kostnaður við gerð sjávarsíkisins muni leggjast á bæjarsjóð og taka fé frá öðrum þörfum verkefnum, á ekki við nokkur rök að styðjast.

Þvert á móti bendir allt til þess að sá mikli áhugi sem sterkir fjárfestar sýna að byggja við sjávarsíkið verði til þess að bæjarsjóður fái mun meira í sinn hlut en nemur kostnaði við gerð þess. Þá fjármuni má nýta til margra góðra verka sem allir eru sammála um að sinna. Að auki fá bæjarbúar nýjan, bjartan og skjólgóðan miðbæ sem laðar til sín viðskipti og ferðamenn. Þannig hefur þetta starf fætt af sér nýja möguleika til að fjármagna framkvæmdir við uppbyggingu bæjarins.

Mér er það því með öllu óskiljanlegt hvernig tilteknir talsmenn framboðslista fyrir bæjarstjórnarkosningarnar á Akureyri leggjast gegn þessum framkvæmdum. Fjármögnun er tryggð og snjöll lausn liggur á borðinu, sem hefur vakið mikla athygli og verið lofuð víða um heim. Þá er allt í einu skorin upp herör gegn gerð sjávarsíkisins og talað um að fresta, skoða og spjalla um þetta allt fram og aftur næstu árin enda þótt vönduð og víðtæk vinna hafi nú þegar farið fram við undirbúning með færustu sérfræðingum landsins.

Ég vil bara segja við þetta góða fólk: Það er ekki eftir neinu að bíða. Látum nú verkin tala og hefjumst handa. Hik er sama og tap. Það er búið að vera nóg af þess konar vingulshætti í okkar bæ undanfarna áratugi og tími til að bretta upp ermarnar.

Nú er tækifæri til að brjóta blað og gera stórátak til að efla bæinn og byrja á því að taka myndarlega til hendi í miðbænum. Þess vegna er mikilvægt að treysta þau pólitísku öfl í bæjarstjórn í sessi sem hafa komið þessum málum áfram af festu og fimi í framhaldi af íbúaþingi og verðlaunasamkeppninni. Því hvet ég bæjarbúa til að styðja framboðslista þeirra sem hafa myndað meirihluta í bæjarstjórn síðustu fjögur árin – B og D lista. Með því yrði tryggt að vilji íbúanna frá íbúaþinginu um skjólsælan og bjartan miðbæ verði að veruleika.

VG vill átak í húsnæðismálum

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON FRAMBJÓÐANDI OG ÖGMUNDUR JÓNASSON ALÞINGISMAÐUR

Einu mega kjósendur treysta og það er að Vinstri hreyfingin - grænt framboð mun gera allt sem hún megnar til þess að færa húsnæðismál tekjulágs fólks til betri vegar.

Sveitarstjórnarkosningar nálgast. Stjórnmálaflokkarnir kynna áherslur sínar í aðskiljanlegum málaflokkum, skipulags- og umhverfismálum, málefnum ungra og aldinna. Fjallað er um umfang og fyrirkomulag samfélagsþjónustunnar, hvort hún eigi að vera félagslega rekin eða á vegum einkaaðila.

Í öllum þessum málaflokkum er afstaða Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs skýr. Það er hún líka í húsnæðismálum tekjulítils fólks. Á þessu sviði teljum við vera þörf á stórátaki. Staðreyndin er sú að tekjulítið fólk í Reykjavík berst í bökkum á húsnæðismarkaði. Kaup á húsnæði er ekki lengur mögulegur kostur eftir að félagslega húsnæðiskerfið var eyðilagt með nýrri húsnæðislöggjöf árið 1999 þvert á vilja verkalýðshreyfingar og félagslegra stjórnmálaafla. Nú er tekist á um leifarnar af þessu kerfi því Sjálfstæðisflokkurinn vill Íbúðalánasjóð feigan og flest bendir til þess að Framsóknarflokkurinn sé að leka niður í vörn sinni fyrir sjóðinn þrátt fyrir loforð og heitstrengingar um varðstöðu um hann.

Hvað er til ráða? Húsaleiga er ekki í nokkru samræmi við greiðslugetu tekjulítils fólks. Því fer fjarri að framboð á íbúðum á vegum Félagsíbúða sé nægjanlegt auk þess sem leiguverð þeirra íbúða hefur farið hækkandi í samræmi við þá hugsun að stuðningur skuli ekki koma í gegnum leiguna sem slíka, heldur húsaleigubætur. Að okkar mati þarf stuðningurinn að vera blanda af þessu tvennu.

R-listinn bryddaði upp á því nýmæli að veita tekjulitlu fólki svokallaðar viðbótarhúsaleigubætur til að brúa bilið á milli viðráðanlegrar leigu og okurkjara markaðarins. Þetta fyrirkomulag hefur verið að þróast og slípast til. Sitthvað gott er um þetta fyrirkomulag að segja. Það býður upp á sveigjanleika og valfrelsi. Hitt er augljóst, að þennan stuðning þarf að stórauka og gildir hið sama um framboð á íbúðum á vegum Félagsíbúða. Hvað sem segja má um viðbótarhúsaleigubæturnar og sveigjanleikann sem þeim fylgja, þá er óöryggið á markaði miklu meira en í íbúðum Félagsíbúða. Ekki er það þó einhlítt. Einn svartasti bletturinn á borginni á undanförnum árum er útburður fátæks fólks úr félagslegu húsnæði.

Á þessu hafa verið gefnar ýmsar skýringar, fólk hafi ekki borgað leiguna í langan tíma og stundum hafi verið um óreglu að ræða sem valdið hafi nágrönnum ónæði. Allt þetta kann að vera rétt. Það er hins vegar aldrei – ekki undir neinum kringumstæðum – forsvaranlegt að henda fólki út af heimili sínu án þess að því sé tryggður samastaður. Í fyrsta lagi er það einfaldlega lagaleg kvöð, sem hvílir á sveitarstjórnum, að sjá til þess að allir íbúar sveitarfélagsins hafi húsnæði. Í öðru lagi er hér um að ræða félagslega skyldu okkar. Við getum ekki talist siðað samfélag nema frumskyldunni húsnæði fyrir alla sé fullnægt. Enda þótt R-listanum hafa tekist margt vel upp verður að horfast í augu við að borgin hefur ekki staðið sig sem skyldi hvað þetta snertir.

Einu mega kjósendur treysta og það er að Vinstri hreyfingin - grænt framboð mun gera allt sem hún megnar til þess að færa húsnæðismál tekjulágs fólks til betri vegar. Þar þarf margt að koma til. Aukið framboð á leiguíbúðum, öflugra húsaleigubótakerfi og síðast en ekki síst stóraukinn stuðningur félagsþjónustunnar til aðstoðar fólki sem ekki getur séð sér farborða. Nú þegar dýrtíðarskrúfan er farin að snúast eykst þörf á því að fylgja félagslega ábyrgri stefnu hvað þetta snertir til mikilla muna.

Þorleifur er 3. maður á lista VG í Reykjavík og Ögmundur Jónasson er þingmaður VG í Reykjavík.

Akureyringar í hár saman

UMRÆÐAN
HALLDÓR BRYNJARSSON AKUREYRARBÚI SKRIFAR UM KOSNINGAR

Síðustu áratugina hefur það nokkurn veginn nægt Akureyringum að rífast um Þór og KA utan við „pólitíkina". En núna hefur fundist nýr vettvangur til átaka, reyndar ekki alveg nýr af nálinni en hefur ágerst svo um munar núna fyrir sveitarstjórnarkosningarnar.

Málið er, á að leggja tengibrautir hér eða þar, Dalsbraut eða ekki Dalsbraut, Miðhúsabraut, hér eða þar eða alls ekki. Það er safnað nöfnum á undirskriftarlista með eða á móti og pólitíkusarnir reyna að hafa alla góða, taka göturnar til skiptis út af aðalskipulagi eða inn á það aftur. Menn eru auðvitað farnir að nýta netið í þessari baráttu og undirskriftarlisti í gangi þar sem fólk er hvatt til þess fara fram á það að Dalsbrautin sé lögð strax og Miðhúsabrautinni sleppt. Er ekki ábyrgð þessara manna sem setja á stað svona undirskriftarlista töluverð. Hvatt er til þess að láta framkvæma eitthvað, sem hefur áhrif á fjölda fólks, þó svo að þeir sem skrifa undir þetta sjái ekki annað en það að þetta gæti gagnast þeim sjálfum.

Væri ekki eðlilegra, að á svona undirskriftarlista væri óskað þess, að bæjaryfirvöld væru hvött til þess að ganga í það strax að láta kanna það hvort það sé einhver möguleiki að koma þarna fyrir tengibraut sem nýttist sem slík. Og ef það fyndust raunhæfar leiðir til þess, að hefja þá undirbúning strax, ef ekki þá væri hægt að fara að skipuleggja þetta svæði upp á nýtt. Það er búið að gera margar skýrslur um Dalsbrautina og eðlilega verið úr vöndu að ráða því hún þarf að fara rétt framhjá barnaskóla, leiksvæði, íþróttasvæði og íbúðum aldraðra svo eitthvað sé tínt til. Ef samt sem áður skipuleggjendur og bæjarstjórnarfólk ákveður að þarna skuli stefnt að tengibraut þarf það væntanlega að fara í sinn lögformlega farveg, umhverfismat o.þ.h. Það er svo þeirra sem framkvæmdin hefur bein áhrif á að koma með sínar athugasemdir og eða mótmæli sem væntanlega eru skoðuð og athugað hvort þau séu á rökum reist og þá tillit tekið til þeirra. Það telst nú sjálfsagður hlutur í flestum bæjum og borgum að bílaumferð sé stýrt út fyrir helstu íbúðabyggðirnar, þó svo það sé eitthvað lengri leið en oftast samt fljótfarnara.

Væri ekki ráð núna að fara eftir samþykkt bæjarstjórnar frá því 14.6.2005 um að taka Dalsbrautina út af aðalskipulagi og skipuleggja þetta frátekna svæði upp á nýtt, þar eru margir spennandi kostir fyrir hendi.

TILBOÐ Á FATNAÐI

Mörg góð tilboð er að finna á tilboðssíðum í blaðinu í dag.

TILBOÐ 6

LEYNDARDÓMSFULLIR EFTIRRÉTTIR

Þjóðverjar kunna það vel að galdra dýrindis eftirrétti úr eplum.

MATUR 2

allt

ALLT HITT

[MATUR TILBOÐ]

Humar er á verksmiðjuverði í Humarbúðinni í Hveragerði. Þeir sem eiga leið austur fyrir fjall ættu því að líta við og kippa með sér góðum, ódýrari humri.

Svar býður sumartilboð á síma, fartölvu og myndavél. Panasonic-síminn kostar 4.900, Acer-myndavél 29.900 og Acer-fartölva 69.000. Fyrstir koma, fyrstir fá.

Sushismiðjan er komin á fullt. Um er að ræða sushi-take away við smábátahöfnina í Reykjavík. Staðurinn opnaði nýlega svo nú er um að gera að skunda niður á höfn og smakka á sushi við sjávarsíðuna.

Papinos pizza hefur opnað þriðja pítsustaðinn sinn og er hann í Grafarvoginum.

GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 26. maí, 146. dagur ársins 2006.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	3.39	13.25	23.13
Akureyri	2.57	13.09	23.25

Heimild: Almanak Háskólans

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Sóley Ástudóttir er dugleg við að búa til uppskriftir að léttum réttum sem henta vel í saumaklúbbinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gott fyrir kjaftaklúbba

Saumaklúbbsréttir og sushi eru sérgreinar Sóleyjar Ástudóttur en hún er lagin við að malla saman gómsæta rétti sem henta vel í samkvæmi.

Sóley Ástudóttir, einn eiganda Emm förðunarskólans og förðunarmeistari, er jafn listræn í eldhúsinu og hún er við förðunina. „Ég bý til mikið af smáréttum og á nokkrar uppskriftir sem ég hef búið til sjálf," segir Sóley. „Það er svo gott að kunna eitthvað fljótlegt en báðar uppskriftirnar sem ég gef upp hér eru þannig. Aðra þeirra bjó ég til en hina fékk ég í kokteilboði í Stokkhólmi."

Sóley segir sinn uppáhaldsmat vera sushi og er orðin ansi lagin við að elda það. „Það er rosalega erfitt að búa til sushi og tekur langan tíma, en það er mjög gaman að gera það með öðrum. Við vinkonurnar höfum verið saman í eldhúsinu og útbúið okkur sushi meðan það kjaftar á okkur hver tuska," segir Sóley og hlær.

Sóley ferðast mikið vegna vinnu sinnar og hefur kynnst matarmenningu víða um heim. Hún segir Marokkó og Spán vera neðarlega á listanum hvað varðar góða matarmenningu. „Í Stokkhólmi má hins vegar finna marga góða og fjölbreytta veitingastaði. Þar má líka finna fólk frá öllum heimshornum þannig að farir þú á japanskan veitingastað þá er það Japani sem matreiðir ofan í þig. Á Barbados fékk ég frábæran rétt sem kallast Flying Fish. Svo þeir sem eru á leið þangað ættu að leggja nafnið á minnið og smakka." Uppskrift Sóleyjar má finna á síðu 3.

johannas@frettabladid.is

Eðalvara á flöskum

Í VIRKU Í MÖRKINNI 3 FÆST VÖNDUÐ HVÍTLAUKSDRESSING SEM HEITIR GARLIC EXPRESSIONS.

Það eru ekki einungis vefnaðarvörur, húsgögn og gjafavörur í Virku heldur líka góðmeti eins og hvítlauks salatdressing úr olíu og ediki. Hún gefur grænmetissalati frísklegan keim og hentar vel í maríneringu, hvort sem er á kjöt, fisk eða grænmeti. Gott er líka að bragðbæta pítsu með því að bera dressinguna á hana áður en sósa og álegg er sett ofan á. Brauðsneiðar sem penslaðar hafa verið með henni og stungið inn í ofn bragðast líka vel sem forréttur, með súpu eða öðrum mat. Garlic Expressions dressingin geymist vel í kæli í nokkrar vikur þótt búið sé að opna flöskuna.

Hvítlauksdressingin í Virku.

Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

JKE DESIGN
Óteljandi möguleikar
Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

Aspas er fjölær jurt sem ekki ber ávöxt fyrr en á öðru ræktunarári. Þess vegna er aspas svo dýr.

Madonna Ristorante

Þriggja rétta matseðill

	Verð fyrir einrétta	Verð fyrir tvírétta
Okkar rómaða humarsúpa	990	
~ Steiktur skötuselur með hvítvínssósu	3.390	4.390
~ Kjúklingabringa „a la Italiana“	2.950	3.890
~ Lambafillet með sherrybættri sveppasósu	3.390	4.390
~ Nautalundir með Chateubriandsósu	3.700	4.690
~ Súkkulaðifrauð	790	

Einnig úrval annarra rétta á „a la Cartseðli“

Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27-29
Borðapantanir í síma 562 1988 • Madonna síðan 1987 • www.madonna.is

Leyndardómsfullir eplaréttir

Þjóðverjar eru þekktir fyrir góða og matarmikla rétti. Vinsæll eftirréttur þar í landi eru eplaréttir en Þjóðverjar kunna margar útgáfur af dýrindis eftirréttum þar sem eplin eru allsráðandi.

Margir ferðamenn hafa staðið í þeim sporum að fá fram borinn gómsætan rétt í fjarlægu landi sem bragðlaukarnir gleyma seint. Hins vegar fylgir því tregablandin gleði þar sem vitað er að rétturinn verður áfram í framandi landinu þó svo ferðamaðurinn hverfi aftur heim á Frón. Oftar en ekki hefja ferðamennirnir miklar samningaviðræður við þjóna og kokka á viðkomandi veitingastað um upplýsingar varðandi innihald og matreiðslu á réttinum, en í flestum tilfellum er svarið ávallt „it is a secret“.

Þessu lenti blaðamaður Fréttablaðsins í á dögunum á ferð sinni um Þýskaland. Tveir eplaréttir heilluðu ferðalanginn upp úr skónum og í kjölfarið var reynt að draga upplýsingar upp úr þjónum og eigendum veitingastaðanna. „It is a sceret“ var svarið, en með lúmskum spurningum og fallegu brosi náðust þó nokkrar upplýsingar um réttina, nóg til að gúgla og forvitnast frekar og birta svo hér á síðum blaðsins Allt. Hér kemur því grunnurinn að góðum eplaréttum og svo verða lesendur að smakka sig áfram í leitinni að hinum fullkomna eftirrétti.

johannas@frettabladid.is

Apfelkuche mit Erdbeeren. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANNA

Apfelkuche mit Erdbeeren

4 egg, aðskilin
4 msk sykur
1 tsk lyftiduft
1 tsk salt
1 tsk vanilla
4 msk bráðið smjör
1 bolli hveiti
3/4 bolli mjólk
2 bollar af stöppuðum eplum
smjör til steikingar

Þeytið eggjahvíturnar þar til þær verða þéttar. Þeytið eggjarauðurnar og bætið við sykri, lyftidufti, salti, vanillu og bræddu smjöri. Blandið vel. Þeytið mjólkina og hveitið saman við. Stöppuðu eplunum er blandað saman við og að síðustu er eggjahvítunni blandað varlega í deigið. Steikið svo á heitri pönnu og brúnið báðum megin. Berið fram með kanil. Hvað varðar kleinuhringjalögunina á réttinum hér á myndinni verður aðferðin við hana látin liggja á milli hluta enda voru þjónarnir sem báru þennan rétt fram sérlega dulir varðandi framkvæmd hans.

Eplaréttur Alpanna. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANNA

Eplaréttur Alpanna

Heldur gekk erfiðlega að draga upp úr þjóninum uppskriftina að þessum rétti. Ekki vildi þjónninn tjá sig um rjómaísinn sem fylgdi eplunum en hins vegar náðist upp úr honum að Calvados-líkjör væri aðalmálið til að ná fram góðu bragði á eplunum. Blandið Calvados-líkjör saman við sjóðandi vatn og setjið eplin heil ofan í. Látið eplin sjóða í um það bil tíu mínútur. Þá eru eplin tekin upp úr og kæld snögglega því þá hættir suðan í þeim og þau verða stökk. Þá eru eplin afhýdd og sneidd niður. Gott er að krydda þau með hnetum eða þá vanillu en einnig er gott að bera þau fram með ís og vanillusósu. Einnig má nota perur í staðinn fyrir eplin.

VERSLUN VÍNGERÐARMANNSINS

áman
www.aman.is
S. 533 1020
Erum fluttir að Háteigsvegi 1
(gamla austurbæjar apótekið)

FULLKOMLEGA FERSKT – LENGUR!

Te og kaffi notar einungis kaffibaunir frá bestu ræktunarsvæðum heims og ristar þær daglega. Umbúðirnar eru með sérstöum einstreymisventli sem heldur kaffinu fullkomlega fersku – lengur!

Verslanir:
Kringlunni
Smáralind
Laugavegi 27
Suðurveri
Akureyri
Egilsstöðum

Vönduð framleiðsla síðan 1984 !

Sérfræðingar í saltfiski

Ekta fiskur
Sælgæti úr sjónum

Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is

Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.

Fyrir verslanir:

Til suðu:
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi

Til steikingar:
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur

Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl

Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita

Verðlaunavara frá Merchant Gourmet.
Frábært yfir salat, með kjöti, fiski, grilluðu grænmeti og ómótstæðilegt með jarðaberjum.
arka sími 8992363

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

Appelsínukrapi

Appelsínukrapi er viðeigandi fæði þessa köldu vordaga þegar sumar og vetur frjósa saman dag eftir dag. Hægt er að búa til krapa úr flestum ávöxtum en það er sérstaklega skemmtilegt að gera appelsínu- eða sítrónukrapa og bera fram í eigin hýði eins og hér er gert.

6 fallegar appelsínur
70g sykur
Safi af 1/2 sítrónu
50 ml vatni

1. Setjið sykur, sítrónusafa og vatn saman í pott og leysið sykurinn hægt upp. Látið suðuna koma upp og sjóðið í 2-3 mínútur þar til sírópið verður glært. Kælið.

2. Skerið „lok" ofan af 4 appelsínunum, og hreinsið allt appelsínukjötið vandlega innan úr báðum hlutunum og með skeið. Setjið appelsínukjötið til hliðar en tómu appelsínurnar og „lokin" á disk inn í ísskáp.

3. Rífið börkinn af þeim 2 appelsínum sem eftir eru og setjið hann út í sírópið. Kreistið næst safann úr öllu appelsínukjötinu (þrýstið í gegnum sigti) og safann úr auka appelsínunum líka. Safinn ætti að verða um 4 dl. Hugsanlega þarf að bæta við appelsínum til að ná tilsettu magni af safa.

4. Blandið nú appelsínusafanum saman við sírópið. Smakkið til og bætið sykri eða sítrónusafa út í eftir smekk. Setjið þá blönduna á stórt fat eða í ofnskúffu (ef hún kemst fyrir í frystihólfinu). Komið fatinu fyrir í frysti og látið blönduna frjósa í 3 tíma. Hrærið í blöndunni á hálftíma fresti á meðan hún frýs.

5. Þegar krapinn er tilbúinn, er honum skipt jafnt í appelsínurnar. Setjið lokin á og skreytið þau með laufguðum kvistum úr garðinum. Látið standa við stofuhita í um 5 mínútur áður en rétturinn er borinn fram.

uppskrift Sóleyjar }

Kjörið í saumklúbbinn

Sveppamauk à la Sóley

1 kassi sveppir, skornir niður í stóra og litla bita.
1 búnt ferskt kóriander, hakkað smátt niður
2 hvítlauksrif, söxuð smátt
1 biti engifer, saxaður smátt
sojasósa (Kikkoman)
olía
púðursykur
kirsuberjatómatar

Allt steikt á pönnu þar til að sveppirnir eru vel steiktir og púðursykurinn, olían og sojasósan eru orðin að góðri sósu. Látið kólna, setjið í skál og stráið kóríander og kirsuberjatómötum yfir. Borið fram með baguette-brauði.

Rússahræra

1 paprika, skorin smátt
1 rauður laukur, skorinn smátt
rauður kavíar
svartur kavíar
hreinn philadelfia-ostur
pínu salt og pipar

Öllu blandað saman í eina hræru og borið fram með baquette brauði. Tekur enga stund og gott að narta í.

Konungur grænmetisins

Aspasinn er stundum kallaður konungur grænmetisins.

Aspasinn er mildur og tælandi á bragðið og ber í sér von um bjarta og sólríka daga. Uppskerutími hans stendur nú yfir og nær hámarki síðustu vikuna í júní.

Aspas er af liljublómaætt og var fyrst vinsæll meðal Grikkja og Rómverja á fyrstu öld eftir Krist. Hann hefur dottið úr og í tísku sitt á hvað, en hefur trúlega aldrei verið vinsælli en undanfarna áratugi. Lengi vel var aspas kallaður grænmeti ríka fólksins, en nú er hann öllum aðgengilegur á viðráðanlegu verði.

Aspasinn er sneisafullur af steinefnum og vítamínum og inniheldur nánast ekkert af fitu og kolvetnum. Veljið aspas sem er þéttur og ekki farinn að opna sig, þá er hann ferskastur. Skerið hörðu endana af. Aspas fer sérlega vel með smjöri, osti og eggjum. Hann er líka ljúffengur með hvers konar kryddi og mildum mat eins og kjúklingum og fiski. Svo er einfaldlega hægt að snöggsjóða hann og borða með bráðnu smjöri eða hollandaisesósu.

allt
auglýsingasími
550 5880

allt bílar
Alla laugardaga

allt tilboð o.fl.

65% Tvennt trónir á toppnum í tilboðum vikunnar. Það er sykurlaus Natumi sojadrykkur og kalkbættur sojadrykkur frá sama fyrirtæki. Nettó býður sojadrykkina með 65% afslætti.

BÓNUS

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Danskar kjúklingabringur 900 g	1.398	Nýtt	1.553	
Nýsjálenskar ungnautalundir	2.299	Nýtt	2.299	
Lambalæri frosið snyrt	998	Nýtt	998	
Bónus eldhúsrúllur xl 3 stk.	298	Nýtt	99	
Bónus lambalæri kryddað	1.079	1.199	1.079	10
Bónus skúffukaka m/ karam. 450 g	199	Nýtt	442	
Bónus rabarbarasulta 900 g	199	Nýtt	221	
KF hrá og kartöflusalat 350 g	98	159	280	40
Euroshopper túnfiskur 185 g	69	Nýtt	373	
Tortillasnakk 500 g	129	Nýtt	258	

Tilboðin gilda til 28. maí

FJARÐARKAUP ekki bara verð!

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Grillsneiðar frá Fjallalambi	967	1.384	967	30
Grilllæri frá Fjallalambi	1.299	1.998	1.299	35
FK grill svínakótilettur	1.198	1.655	1.198	30
ALI Mexico svínahnakki	1.274	1.698	1.274	25
FK grill lambakótilettur	1.378	1.798	1.378	25
Fersk kjúklingalæri Frá Matfugli	395	599	395	35
Kjúklinga strimlar eldaðir	1.199	1.599	1.199	25
FK hrásalat 320 g	98	148	306	35
FK kartöflusalat 320 g	118	168	369	30
Ben&Jerr´s ís 473 ml	498	648	1.052	25

Tilboðin gilda til 27. maí

nettó

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Goða London lamb	1.147	1.639	1,147	30
Lambagrillsneiðar	959 kr.	1.598	959	40
Lambalærisneiðar	1.496	1.995	1.496	25
Matfugl læri/leggir Dijon /hvítlauks	749	998	749	25
Náttúra matarolía 1 l	129	199	129	35
Náttúra maískorn 432 g	40	79	93	50
X-tra hvítlauksbrauð 2 stk.	99	169	99	40
Natumi soyadrink sykurl. 1 l	59	159	59	65
Natumi soyadrink m/kalki 1 l	59	159	59	65
Caprí súkkulaðibitar 200 g	149	169	149	15

Tilboðin gilda til 28. maí

KRÓNAN

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Gourmet rauðvíns lambalæri	937	1.874	937	50
Goða grísakótilettur	1.271	1.694	1.271	25
Ali svínakótilettur þurrkryddaðar Mexíkó	1.189	1.698	1.189	30
Ali svínahnakki úrbeinaður Mexíkókryddaður	1.189	1.698	1.189	30
Fjörfiskur spjátrungur ýsubitar 800 g	412	589	515	30
Goða skinka 216 g	269	359	1.245	25
Móa kjúklingalæri BBQ	719	1.199	719	40
Sýrður rjómi með hvítlauk 200 g	151	168	755	10
LP uppþvottalögur ávaxta/epla 500 ml	49	79	98	40
Persil þvottaefni 5,13 kg	998	1.398	195	30

Tilboðin gilda til 28. maí

NÓATÚN

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Grísakótilettur	798	1.298	798	40
Móa Piri-piri læri/leggir	359	599	359	40
Nóatúns þurrkryddað lambalæri	1.189	1.698	1.189	30
Gourmet frampartasneiðar	1.364	1.948	1.364	20
Gourmet lærisneiðar	1.721	2.459	1.721	30
Pickwick te 7 tegundir 40 g	199	289	199	30
Bounty Select eldhúsrúllur 2 stk.	399	489	133	20
Florette Caesar salat 250 g	269	389	1.076	30
Bláber 125 g	299	429	2.392	30
Hindber 125 g	399	499	3.192	20

Tilboðin gilda til 28. maí

Þín verslun

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Lamaframpartssneiðar þurrkryddaðar	1.498	1.998	1.498	25
Grillpylsur	779	1.038	779	25
Borgarnes hangiálegg 150 g	374	499	2.493	25
1944 Kjöt í karrí + snickers	598	598	598	Frítt súkkul.
Lasagne + Twix	528	528	528	Frítt súkkul.
1944 Lambakjöt í Satay	598	598	598	Frítt súkkul.
Hvítlaukssmjör m/steinselju 125 g	179	224	1.432	20
Mozzarella ferskur (kúla) 125 g	169	209	1.352	20

Tilboðin gilda til 31. maí

Svefn & heilsa
www.svefn.is

HREYFI GREINING
- Fagleg heilsurækt
- Frábær aðstaða
- Frábær lífsstíls námskeið
- Frábær staðsetning

Árangur, ánægja og línurnar í lag

Líkamsrækt og sjúkraþjálfun

Hreyfigreining Höfðabakka býður frábæra aðstöðu til líkamsræktar og sjúkraþjálfunar. Öll þjálfun er unnin af fagfólki. Góð aðstaða í heilsurækt og fagmenntaðir einkaþjálfarar.

Opnir tímar hjá Gigju Þórðar, kl. 6:30, mán., mið. og fös.
Fyrsti tíminn hefst. 24. maí.

Tilboð Sumarkort
kr. 9.900
til 01. júní 2006



HREYFI GREINING
HÖFÐABAKKA
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is

VORUM AÐ TAKA INN NÝJA SENDINGU AF BAÐKÖRUM INNRÉTTINGUM OG HANDKLÆÐAOFNUM, MIKIÐ ÚRVAL, GOTT VERÐ. EIGUM EINNIG RAFMAGNSHANDKLÆÐAOFNA.

BAÐHEIMAR
Fosshálsi 1
s: 525 0800

GLEÐISALA GLUGG-INN
-25% af Öllum vörum í 5 daga
Frá föstudegi 26.maí til þriðjudagsins 30. maí
Ég ætla að mæta !!!!

Traust dráttarbeisli
Ásetning á staðnum.



VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

allt bílar
Alla laugardaga

Katrín hefur gaman af því að ferðast og er ánægð með Iceland Express. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sparar mikið á því að hjóla

Katrín Guðmundsdóttir mannfræðinemi og harmonikkuleikari í Brúðarbandinu reynir að spara á ýmsan hátt.

Katrín segist óhjákvæmilega reyna að hugsa eitthvað um að spara. „Ég og kærastinn minn erum bæði á námslánum svo það kemur eiginlega ekkert annað til greina en að lifa frekar sparlega," segir hún.

Katrín segist til dæmis ekki kaupa í matinn hvar sem er. „Bónus og Drekinn eru mínar búðir og ég versla bara í þeim," segir hún og hlær.

Katrín segist líka spara með því að eiga engan bíl. „Ég hef aldrei keypt mér bíl og ég geng bara eða hjóla. Hjólið mitt kostaði mig ekki mikið því ég fékk það í afmælisgjöf þegar ég var þrettán ára þó að það sé orðið frekar ryðgað nota ég það mikið."

Katrín hefur gaman af því að ferðast og reynir að komast eins oft og hún getur til útlanda. „Mér finnst frábært að það skuli vera komin fleiri flugfélög svo maður þurfi ekki að borga hundrað þúsund til þess að komast af landinu. Iceland Express er flugfélagið mitt."

Katrín og kærastinn hennar eiga litla dóttur og hún segir að þau eyði miklu minna í óþarfa eftir að þau eignuðust hana. „Við förum sjaldnar á kaffihús, sjaldnar í bíó, sjaldnar út að borða og sjaldnar á barinn núna og mér finnst muna mikið um það. Við höfum fengið mikið af barnafötum og öðru frá ættingjum og vinum svo við höfum ekki þurft að eyða miklu í svoleiðis. Stundum er talað um að það sé svo dýrt að eiga börn en ég held að við höfum hreinlega grætt á því að eignast barn frekar en hitt," segir hún og hlær.

Katrín segist heldur ekki eyða miklu í föt á sjálfa sig. „Það er svo dýrt að vera pæja að ég held að ég spari heilmikið með því að vera það ekki. Ef maður er lúði eru líka allir að gefa manni föt og það er alveg ótrúlegt hvað götóttar buxur geta vakið upp mikla gjafmildi hjá ættingjum," segir hún og hlær.

emilia@frettabladid.is

SVEFNSÓFAR MEÐ HEILSUDÝNU

TILBOÐSDAGAR Í MAÍ
MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM MEÐ HEILSUDÝNU

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

www.velaborg.is S: 414 8600

Bobcat

Bobcat 316
Beltavél, 820kg
Til á lager

Bobcat 319
Beltavél, 1400kg
Til á lager

Bobcat 323
Beltavél, 1753kg
Til á lager

Bobcat 331
Beltavél, 3378kg
Væntanlegar

Bobcat 337
Beltavél, 5147kg
Til á lager

S 175 Loader
2633kg
Væntanlegar

2200 D Bíll
Væntanlegur

Vélaborg ehf.

Reykjavík Krókhálsi 5F • 110 Reykjavík
Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601
Akureyri Narðarnesi 2 • 603 Akureyri
Sími: 464 8600 • Fax: 464 8601

Sumarið er í Svanna

Toppar, bolir og pils eru með tuttugu prósent afslætti í Svanna.

Í trausti þess að bráðum komi betri tíð með blóm í haga bjóðum við, 20% afslátt af toppum, bolum og pilsum í nokkra daga," segir Ásdís Sigurgestsdóttir, verslunarstjóri í Svanna í Stangarhyl 5. Hún kveðst hafa verulega gott úrval af alls konar sólarlandafötum og kveðst auðvitað vona að þau nýtist líka hér á landi á næstu vikum.
„Kúnni sem kom hingað um daginn líkti því við að komast í gullnámu að koma hingað og versla sér föt í sólarferð. Það væri bara svo gott að þurfa ekki að eyða dýrmætum tíma í fatakaup í útlöndum," sagði Ásdís og skaut því líka að að enn ætti hún nokkurt úrval af fötum úr vor- og sumarlistum frá 2005 sem hún seldi nú með 50% afslætti.

Mexíkó fyrir slikk

Ferðaskrifstofan Trans Atlantic býður ferð til Mexíkó á tilboðsverði.
Þeir sem eiga aukalega hundrað þúsund krónur og vita ekki í hvað á að eyða þeim ættu að skella sér til Mexíkó með Trans Atlantic ferðaskrifstofunni.
Í boði er ótrúlegt tilboð í þrettán nátta ferð á þennan sólríka og fallega stað. Flogið er 7. júní og gist á hótelinu Real Playa Del Carmen. Á hótelinu er allt innifalið, ótakmarkaður matur og drykkir, hvort sem eru óáfengir eða áfengir, öll afþreying og skipulagðar sýningar og skemmtidagskrár á kvöldin. Flogið er í beinu flugi í hitann. Ferðin kostar á tilboðsverði 99.900.
Nánari upplýsingar má finna á www.transatlantic.is.

Götumarkaður Outlet

AÐEINS ÞRJÚ VERÐ ERU Í GANGI Á GÖTUMARKAÐI OUTLET Í FAXAFENI.

Götumarkaður er hafinn í Outlet versluninni í Faxafeni. Gera má góð kaup á fötum á þessum markaði enda eru aðeins þrjú verð í gangi, 500 krónur, 1000 krónur og 1500 krónur.
Til sölu er merkjavara á frábærtu verði. Meðal annars eru seldar vörur frá DKNY, Diesel, Levi´s, Inwear, FCUK, Tark, Wrangler, Lee, 4You, Everlast, Kookai, Morgan og fleiri góðum merkjum.

Vordagar hjá Artic Trucks

ARTIC TRUCKS Á KLETTHÁLSI MEÐ SKEMMTILEG VORTILBOÐ.

Vortilboð Artic Trucks eru fjölbreytt og skemmtileg. Meðal annars má finna sportjakka á góðum verðum og margar gerðir af hönskum fyrir útivistar og mótorhjólafólk. Einnig var verslunin að fá sendingu af nýjum gerðum af álboxum en á vordögunum eru öll álboxin með 20 prósent afslætti.

Einnig er veittur 15 prósenta afsláttur af samsettum dekkja- og felgugangi á flestar gerðir af japönskum jeppum og pallbílum ásamt því að boðið er sérstakt dúndurverð á samsettum gangi af 15 sinnum 10 Dick Cepek-álfelgum og 33 tommu Chaparral-dekk á aðeins 99.900, en slíkt kostar annars 154.290 krónur. Einnig eru Dick Cepek-álfelgurnar á sérstöku tilboðsverði á 13.700 krónur.

tilboð }

Handklæðaofnar

Harviðarval á Krókhálsi bjóða 35 prósent afslátt af handklæðaofnum í versluninni. Um er að ræða hvíta og krómaða ofna í tveimur stærðum. Sá stærri er 60 sinnum 120 sentimetrar og minni ofninn er 50 sinnum 70 sentimetrar.

Gleraugu

Sjónarhóll Hafnarfirði er með tvær fyrir eina-tilboð á umgjörðum. Gleraugnaverslunin Augnsýn í Fjarðargötu býður ókeypis sólgler þegar keypt eru ný gleraugu í versluninni.

Raftæki

Ísskápar, þvottavélar, eldavélar og uppþvottavélar eru á tilboði hjá Raftækjaverslun Íslands. Í eldhúsið er hægt að fá pakkatilboð. EDESA fjölkerfaofn og keramíkhelluborð með stálkanti er á 54.900 krónur. Ítalskur gæðaofn, keramikhelluborð og gufugleypir eru á 74.900 krónur. Ódýri barkaþurrkarinn frá White Knight er kominn aftur og kostar 23.900 krónur.

Listadúnn er með listafínt tilboð á dýnum sem henta sérstaklega vel í sumarhús og fellihýsi.

Dýnudagar Listadúns

Listadúnn í Mörkinni boðar til sérstakra dýnudaga og veitir afslátt af ýmsum vörum í verslun sinni.

Dýnudagar í Listadúni standa nú yfir. Dagarnir eru sérstaklega ætlaðir sumarhúsaeigendum og fellihýsaeigendum en að sjálfsögðu geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi á tilboðsdögunum.

Sem dæmi má nefna að heilsurúm með tvöföldu fjaðrakerfi eru með 20 prósent afslætti og kosta frá 29.520 krónum. Allar yfirdýnur eru með 20 prósenta afslátt og púðar úr sérskornum svampi eru einnig með 20 prósenta afslátt. Eggjabakkadýnur eru á 30 prósent afslætti og hægt er að fá svampdýnur eftir máli á 20 prósent afslætti. Koddar og sængur eru einnig með 20 prósenta afslátt.

Einnig er veittur 20 prósent afsláttur af svefnsófum og springdýnur kosta frá 9.520 og eru með 20 prósenta afslátt.

Verslunin er staðsett í Mörkinni í Reykjavík, við Hofsbót á Akureyri og Miðvang á Akureyri.

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

Kindakjöt á tilboði

Það er alltaf jákvætt þegar verslanir taka sig til og bjóða lambakjöt á tilboði, sérstaklega þegar grillvertíðin er hafin.

Verslunin Spar í Bæjarlind er með tilboð á kindakjöti úr kjötborði verslunarinnar. Um er að ræða kindalundir og kindafilet hvort um sig á 2.198 krónur kílóið. Kindagúllas kostar 1.098 krónur kílóið, kindasnitsel er á 1.198 krónur kílóið og kinda innlæri á 1.998 krónur kílóið. Svo er ekki úr vegi að byrgja sig upp af kindahakki sem kostar 698 krónur kílóið á tilboðsverði.

Tilboðið gildir fram á sunnudag.

Auk þess býður verslunin upp á sérstakt kjúklingatilboð frá fimmtudegi til sunnudags. Þá má fá grillaðan kjúkling, franskar kartöflur og tvo lítra af kók á aðeins 998 krónur.

Kindakjöt er á tilboði hjá Sparversluninni að Bæjarlind.

Fyrir alvöru grillara

Nú geta grillarar hoppað hæð sína af gleði enda býður ECC Sizzle King-grillið á einstöku kynningarverði.

ECC á Skúlagötu er með til sölu það sem kalla mætti alvörugrill. Sizzle King-grillið er á sérstöku kynningarverði hjá versluninni þessa dagana og kostar aðeins 99.900.

Þetta er gasgrill úr ryðfríu stáli með fjórum brennurum úr pottjárni. Álgrindur eru yfir brennurunum og grillteinn og rafmagnsmótor fylgja með. Undir brennurunum er skúffa í fullri stærð sem tekur við fitu. Tvær grillgrindur fylgja með grillinu, önnur úr krómuðu stáli og hin úr pottajárni sem er ein heil plata. Grillflöturinn er 78 sinnum 46 sentimetrar.

Skápur er undir grillinu fyrir gaskútinn og tvær stórar skúffur nýtast sem geymslurými. Einnig er skúffa á hliðarborðinu þar sem geyma má krydd og pilsner. Grillið er á hjólum og því auðvelt að rúlla því fram og til baka. Hægt er að fá grillið afhent samsett.

Sannkallað alvörugrill fyrir alvöru grillara.

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS 8–18
LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11–16

Citroen Picasso, skrd. 12/2004, ek. 35.000 km, 1800cc, Beinskiptur. Ásett verð 1.550.000 kr Tilboð 1.350.000 kr 100% lán mögulegt S. 515 7000.

Nissan Bluebird SLX, skrd.10/1988, e:140.000 km, 2000cc, sjálfskiptur, Ásett verð 190.000 kr 100% lán mögulegt S. 515 7000.

Land Rover Discovery, skrd.09/1999, e:100.000 km, 4000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.820.000 kr Tilboð 1.390.000 kr. 100% lán mögulegt S:515-7000

Citroen C3 ,skrd.06/2003, e:64.000 km, 1400cc, beinskiptur. Ásett verð 960.000 kr Tilboð 790.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Hyundai Elantra ,skrd.08/1996e:115.000 km, 1800 cc, beinskiptur. Ásett verð 310.000 Kr Tilboð 199.000 kr 100% lán mögulegt S: 515-7000

Subaru Legacy, skrd.05/1998, e:144.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 750.000 kr Tilboð 599.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Ford Windstar, skrd.01/2000 ek. 96.000 km, 3800cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.590.000 kr Tilboð 1.290.000 kr 100 % lán mögulegt S. 515 7000

Ford Focus ,skrd.07/2003 ek. 72.000 Km , 1600 cc, beinskiptur. Ásett verð 1.250.000 kr tilboð 1.090.000Kr 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Fiat Multipla, skrd.01/2000, e:120.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 790.000 kr Tilboð 399.000 kr 100% lán möguleg S:515-7000

Citroen Xsara, skrd.10/2004, e:17.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.420.000 kr Tilboð 1.290.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Toyota Rav4, skrd.04/2004, e:36.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 2.240.000 kr Tilboð 1.990.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

MMC Space Wagon, skrd.08/1999, e:121.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 790.000 kr Tilboð 599.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Subaru Forester, skrd.10/1999 ek. 115.000 km, 2000cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.350.000 kr Tilboð 1.090.000 kr 100% lán mögulegt S. 515 7000.

Volvo V50, skrd. 05/2005, ek. 8.000 km, 2500cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.750.000 kr Tilboð 3.190.000 kr 100% lán mögulegt. S. 515 7000.

Suzuki Grand Vitara, skrd.11/2003, e:43.000 km, 2000cc, beinskiptur. Ásett verð 1.870.000 kr Tilboð 1.550.000 kr 100% lán mögulegt S:515-700

Ford Explorer, skrd.04/2004, e:42.000 km, 4600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 3.890.000 kr Tilboð 3.590.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Ford Mondeo, skrd.09/1997, e:117.000 km, 1800cc, sjálfskiptur. Ásett verð 450.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Citroen C3 , skrd.06/2005, e:8.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.480.000 kr Tilboð 1.340.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Ford Focus , skrd.10/2005, ek. 5.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.950.000 kr Tilboð 1.650.000 100% lán mögulegt S. 515 7000.

Ford Focus H-series, skrd.11/2000, ek. 76.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 890.000 kr Tilboð 699.000 kr 100% lán mögulegt S. 515 7000

Ford Focus Trend, Skrd.06/2004, e:23.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.560.000 kr Tilboð 1.390.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Ford Focus , skrd.09/1999, e:140.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 690.000 kr Tilboð 630.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Ford Focus, skrd.09/2004, e:36.000 km, 1600cc, beinskiptur. Ásett verð 1.640.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Ford Focus station Trend, skrd.01/2004, e:49.000 km, 1600cc, sjálfskiptur. Ásett verð 1.490.000 kr 100% lán mögulegt S:515-7000

Brimborg
Bíldshöfða 6, 110 Rvk.
Sími: 515 7000
www.brimborg.is

GOTT SKJÓL EÐA SJÓNMENGUN

Fleiri vilja fella trén

SJÁ BLS. 6

Í FULLUM SKRÚÐA

Sumarblómin

SJÁ BLS. 14

[SÉRBLAÐ UM SUMARHÚS OG GARÐA – FÖSTUDAGUR 26. MAÍ 2006]

Sumarhús og garðar

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

EFNISYFIRLIT

SKEMMTILEGA ÖÐRUVÍSI
Sumarhús kennara BLS. 2

KULDABOLA HALDIÐ Í SKEFJUM
Kamínur BLS. 2

TILBÚINN ÆVINTÝRAHEIMUR
Hvít möl og litskrúðug tré BLS. 4

AÐ SKAPA SÉR SÆLUREIT
Brýr í garðinn BLS. 6

RÓMANTÍK Í LOFTINU
Garðstyttur BLS. 7

ÞOLINMÆÐI ER LYKILLINN
Trjárækt BLS. 8

VILL HAFA UMHVERFIÐ FALLEGT
Stanislas Bohic BLS. 10

Á FYRSTA FARRÝMI
Heimsfræg hönnun BLS. 10

ÞAR SEM MÆTIR MENN HVÍLA
Lágafellskirkjugarður BLS. 14

Tvær gerðir kamína frá Huntingdon sem fást í Arinvörum. Huntingdon 40 á 99.800 kr. og Huntingdon 35 á 91.400 kr. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kuldabola haldið í skefjum

Vandaðar kamínur og arnar í Arinvörum. Tilvalið fyrir sumarbústaðinn.

Sumarbústaðir hérlendis eru í síauknum mæli notaðir árið um kring. Þar sem erfitt getur verið að spá fyrir um hverju veðurguðirnir taka næst upp á, er sniðugt að eiga góða kamínu eða arinn knýi kuldaboli dyra. Í verslluninni Arinvörum, á Krókhálsi 10 í Reykjavík, fást fallegar kamínur og arnar í miklu úrvali.

Kamínurnar, sem eru til sölu í Arinvörum, koma í hentugum stærðum fyrir sumarbústaðaeigendur og eru fluttar inn frá Englandi og Spáni. Kamínurnar og arnarnir eru hannaðir til að valda minni mengun en almennt þekkist og minni óhreinindi setjast á glugga frístandandi arna vegna sérstaks útbúnaðar. Verslunin býður einnig upp á alls konar hreinsi- og viðhaldsefni fyrir kamínur og arna, til að mynda sérstaka hreinsikubba sem koma í veg fyrir tjörumyndun í skorsteinum. Þá eru ótalin alls konar aðrir fylgihlutir, svo sem kústasett og fýsibelgir, sem fást í búðinni og geta komið að góðum notum.

Rafmagnsarinn á 127.600 kr. Eldurinn er raunverulegur og fjarstýring fylgir með til að stilla hitann frá ofninum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lorca-arinn með þremur gluggum á 189.800 kr. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í Arinvörum fást alls kyns fylgihlutir fyrir kamínur og arna, meðal annars þetta flotta kústasett sem kostar 10.800 kr. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Muck Truck 4x4

Fjölnota léttitæki og hjólbörur

Dráttarvél
Ryksuga
Flatpallur
Brettalyftari
Hjólbörur
Rampur
Snjóplógur

Keyra 1/4 tonn upp tröppur

Garðyrkja ehf
Helluhraun 4 220 Hafnarfjörður

www.gardyrkjan.is
5641860

Á Flúðum er fallegt göngusvæði í kringum bústaðina og meðal annars stutt í sund og golf. Þá er hestaleiga skammt frá. MYND/VALGEIR

Skemmtilega öðruvísi í útliti

Barist er um sumarbústaði Kennarasambands Íslands. Valgeir Gestsson varaformaður orlofssjóðs er himinlifandi með viðtökurnar.

Hönnun sumarbústaða hefur tekið töluverðum breytingum undanfarin ár og meiri fjölbreytni virðist nú ríkja en oft áður. Kennarasamband Íslands lét byggja sex sumarbústaði við Heiðarbyggð á Flúðum og fjóra á Kjarnabyggð við Akureyri fyrir nokkrum árum sem renna stoðum undir þá fullyrðingu, þar sem þeir eru skemmtilega öðruvísi í útliti. Valgeir Gestsson, varaformaður orlofssjóðs Kennarasambands Íslands segist ánægður með útkomuna enda hafa bústaðirnir vakið mikla lukku.

„Heiðurinn af hönnun bústaðanna á Albina Thordarson, en þeir vöktu töluverða athygli á sínum tíma vegna sérstæðni," segir Valgeir. „Við áttum venjulega bústaði fyrir, ef svo má að orði komast, en ákváðum að hafa þessa í stærri kantinum þar sem algengt er að tvær fjölskyldur vilji nota einn bústað saman," bætir hann við.

„Útkoman er 87 m² stórir, vandaðir og viðhaldslitlir sumarbústaðir með upphituðu gólfi, sem í eru tvö hjónaherbergi og eitt kojuherbergi þannig að átta manns geta gist þar í einu," segir Valgeir. „Það fer nefnilega svo illa með húsnæði að troða mörgum þar inn, eins og gert hefur verið hjá okkur," útskýrir hann.

Að því er Valgeir segir njóta húsin mikilla vinsælda og fylla hefði mátt þrjátíu hús af þessu tagi í allt sumar væru þau til. „Aðsóknin var líka mikil síðasta vetur og um jól og áramót var allt upppantað," segir hann. „Leiga á þessum húsum dettur því aldrei niður. Við erum náttúrulega að þjónusta stóran hóp, allt að 10.000 manns, en inni í þeirri tölu eru líka kennarar sem látið hafa af störfum. Við höfum því ákveðið að byggja fleiri bústaði til að mæta vaxandi eftirspurn en þeir verða tilbúnir eftir tvö ár," segir hann að lokum.

Stofurnar eru bjartar, rúmgóðar og búnar nýtískulegum húsgögnum. Þar er að finna sjónvarp, útvarp og geislaspilara. MYND/VALGEIR

Bústaðirnir eru búnir tveimur hjónaherbergjum og kojuherbergi hver, þannig að átta manns geta gist þar í einu. MYND/VALGEIR GESTSSON

Valgeir Gestsson er ánægður með þær viðtökur sem bústaðir Kennarasambands Íslands hafa hlotið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bústaðirnir við Heiðarbyggð á Flúðum hafa vakið athygli fyrir nýstárlegt útlit. MYND/VALGEIR GESTSSON

Helgarsprengja

fimmtudag til sunnudags

Square sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.

Verð áður 12.990.-

50% afsláttur

Newbury Folding sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.

Verð áður 36.990.-

22% afsláttur

Octagonal sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.

Verð áður 19.990.-

20% afsláttur

Butterfly sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.

Verð áður 54.990.-

27% afsláttur

Galway garðhúsgagnasett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði. Stækkanlegt borð 230x110 cm og 6 stillanlegir stólar með sessum.

Verð áður 82.990.-

24% afsláttur

Gildir til 29. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Tæknivædd öryggiskerfi

Tækninni hefur fleygt mikið fram undanfarin ár og nú geta sumarhúsaeigendur sofið rólegir allt árið um kring. Hægt er að senda boð með farsíma í kerfið til þess að hækka hita, slökkva ljós og fá almenna stöðu mála.

Öryggisfyrirtækin bjóða viðskiptavinum sínum upp á ýmsa möguleika til þess að gæta öryggis sumarhúsanna á meðan eigendur þeirra eru í burtu. Hægt er að kaupa pakka sem sumarhúsaeigendur setja sjálfir upp á einfaldan hátt. Kerfið virkar þannig að ef eitthvað óeðlilegt gerist í húsinu, hvort sem það er eldur, innbrot eða vatnstjón, þá sendir kerfið boð í gegnum GSM-kerfi til Neyðarlínunnar og stjórnstöðva fyrirtækjanna.

Möguleikar þessara kerfa eru miklir. Auk þess sem húsið er vaktað allan sólarhringinn þá bjóða fjarskiptin í gegnum GSM-kerfið upp á margar sniðugar lausnir. Sumarhúsaeigendur geta þannig fengið regluleg boð frá kerfinu auk þess sem þeir geta stýrt hita og lýsingu húsanna í gegnum fjarsímann sinn. Það er meira að segja hægt að senda öryggiskerfinu boð um að maður sé á leiðinni upp í sumarbústað og þá lætur það renna sjálfkrafa í heita pottinn.

Varnir gegn innbrotum eru alltaf að verða betri. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Það er ljóst að öryggistæknin er langt á veg komin og endalaust má bæta við sig. Hægt er að setja upp skynjara sem nema rúðubrot, gasleka og hækkandi hita. Allt kerfið er þráðlaust og því eru engar snúrur til ama fyrir sumarhúsaeigendur.

Weber Genesis Silver

GRILL Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

Það sem gerir Weber grillin framúrskarandi er jöfn dreifing hita sem sparar gas, öll steiking verður jafnari og betri. Weber endist lengur og heldur útliti sínu. Þess vegna er Weber fjárfesting!

Gott hráefni kallar á alvöru grill!

pipar / SÍA

Söluaðilar:

HÚSASMIÐJAN GARÐHEIMAR JÁRN&GLER

www.weber.is

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000 FRÉTTABLAÐIÐ

Jörðin virðist snæviþakin þegar hvítri möl hefur verið dreift yfir hana. Ekki nóg með að möl geti verið einstaklega falleg heldur er hún talin stöðva vöxt illgresis. MYND/MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR

Tilbúinn ævintýraheimur

Hvít möl og litskrúðug tré í garði í Kópavoginum mynda fallega heild.

Húseigendur í Kópavoginum brugðu á það skemmtilega ráð að setja hvíta möl í garðinn sinn, með hreint út sagt ótrúlegri útkomu. Það er ekki flókið ferli að setja möl í garðinn og ætti varla að taka meira en nokkra daga. Jarðvegsdúkur er þá lagður yfir moldina, göt skorin í dúkinn fyrir beð og mölin sett yfir.

Kostirnir við að hafa möl í garðinum eru nokkrir, sá helsti að hún er talin stöðva vöxt illgresis. Sumir hafa reyndar kvartað undan því að erfitt geti verið að hreinsa laufblöð og greinar úr mölinni, en þá er heillaráð að hafa góða laufsugu við höndina. Laufsugan nær þó aldrei öllu, þannig að afganginn verður að tína burt.

Þeir sem hafa áhyggjur af því að mölin fari illa með jarðveginn geta nú varpað öndinni léttar þar sem hún er ekki talin geta haft skaðleg áhrif.

Möl er fáanleg í fleiri litum en hvítum, til dæmis rauðum, bláum og gráum, og með réttri litasamsetningu á möl og garðplöntum getur útkoman orðið ótrúlega flott. Eins og í Kópavoginum þar sem mölin og fallegt gullregn mynda skemmtilegar andstæður og útkoman minnir helst á ævintýraheim.

Það er eins og að horfa inn í ævintýraveröld þegar horft er inn í þennan garð. Hvít mölin og gráar hellurnar draga fram sterkan lit gullregnisins og mynda skemmtilegar andstæður, sem virka vel saman. MYND/MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR

Gullregn er stásstré sem verður ótrúlega fallegt þegar það blómgast á sumrin. Mælt er me að því sé ekki plantað of djúpt og vel dreift úr rótunum. Brýna skal fyrir börnum hættuna sem felst í því að innbyrða fræ af trénu þar sem þau eru eitruð. MYND/MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR

Horft inn í ævintýraheim.

Viking
Verð frá 339.000
Emerald
Verð frá 635.000
Kjörorka
Stjórnkerfi
fyrir heita potta
Hús á potta
Verð frá 390.000
PDC
Verð frá 620.000
Kjörorka Selásbraut 98 Reykjavík
Sími: 487-8000
Heimasíða www.kjororka.com

Brú sem liggur yfir læk eða tjörn skapar oft friðsæld í görðum. LJÓSM/HÚSASMIÐJAN

Brýr geta sett ævintýralegan svip á garða eins og hér sést. LJÓSM/HÚSASMIÐJAN

Að skapa sér sælureit

Bogadregin brú með ýmsa útfærslumöguleika í Húsasmiðjunni.

Fátt setur jafn skemmtilegan svip á garðinn og falleg brú. Brú getur til dæmis tengt tvo palla og legið yfir tjörn eða læk, en það getur verið ótrúlega afslappandi að sitja og hlusta á lækjarnið úti í góða veðrinu. Að því er Kristján Smith hjá söludeild Húsasmiðjunnar segir fæst þar einstaklega falleg, bogadregin brú sem útfæra má á ýmsa vegu.

Kristján segir það vera undir hverjum og einum komið hvernig hann vill útfæra sína brú, þar sem Húsasmiðjan gegnir hlutverki söluaðila en ekki brúarsmiða. „Í slíkum tilvikum getur sérþekking arkitekts oft komið til góða, þar sem að mörgu þarf að huga við útfærsluna á brúnni okkar," segir hann.

Kristján minnir tilvonandi brúareigendur jafnframt á að bera reglulega á brúna, þegar hún er tilbúin. „Fyrst er litur valinn," segir hann. „Svo er gott að bera glært efni yfir til að sá litur endist, en það er gert tvisvar sinnum fyrstu tvö árin. Glæra efnið er borið á á tveggja ára fresti eftir það og liturinn aftur á móti þegar hann tekur að upplitast."

Kristján bætir við að lítið mál sé að búa til fallega tjörn eða læk í garðinum, sem leggja má brúna yfir. „Grunnur er einfaldlega grafinn í garðinum, sandur settur ofan í hann og dúkur lagður yfir," segir hann. „Svo er möl dreift yfir og grunnurinn fylltur af vatni. Það er síðan áríðandi að yfirfall sé haft í vatninu svo það mygli ekki."

Í Húsasmiðjunni fæst falleg ósamsett brú, sem má útfæra á ýmsa vegu með hjálp arkitekts. LJÓSM/HÚSASMIÐJAN

Gott skjól eða sjónmengun

Sífellt fleiri vilja fá að fella tré, segir Þorkell Gunnarsson, formaður Félags skrúðgarðyrkjumeistara.

Fallegur garður krefst mikillar vinnu og stundum þarf að taka erfiðar ákvarðanir til að draumagarðurinn verði að veruleika. Að sögn Þorkels Gunnarssonar, formanns Félags skrúðgarðyrkjumeistara og eiganda Lystigarða, óska sífellt fleiri eftir því að tré séu fjarlægð úr görðum, oft vegna þess að þau eru á slæmum stað.

Inntur eftir því hvort það sé mikið mál að fjarlægja tré, segir Þorkell að svo sé yfirleit ekki nema helst þegar þau eru skökk, kræklótt og margstofna, eins og birkitré og reynir eru. „Það er mun auðveldara að fella tré sem eru beinvaxin og einstofna eins og aspir," segir Þorkell. „Við fellum mest af öspum, en þær verða stór tré með miklar rætur. Annars er allur gangur á því hvað við tökum," bætir hann við.

Þorkell segir aftur á móti vandasamt að hreinsa burt rætur, en það tilheyri jarðvinnunni. „Það fer náttúrulega bara eftir því hvort gera eigi eitthvað á svæðinu eftir á eða ekki," segir hann. „Rætur eru kraftmiklar og geta skemmt nánast hvað sem er og sem dæmi geta þær leitað inn í illa frágengnar lagnir."

Þorkell segist vita til þess að harðvítugar deilur hafi risið um hvort fella skyldi tré eða ekki. „Það eru náttúrulega skiptar skoðanir á trjám," segir hann. „Sumum finnst tré veita gott skjól, en öðrum þykir þau spilla fyrir útsýni. Svo má lögum samkvæmt ekki fella tré þegar þau ná ákveðinni hæð og aldri. Það er gott að hafa þetta hugfast, sérstaklega ef fólk vill sjálft fella tré í garðinum heima hjá sér. Þá er aðalatriðið að fara varlega í sakirnar og oft betra að fá fagmenn í verkið," segir Þorkell að lokum.

Þorkell Gunnarsson, skrúðgarðyrkjumeistari og eigandi Lystigarða, verður önnum kafinn í sumar við grisjun trjáa auk annarra garðstarfa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Rómantík í loftinu

Anton Magnússon hjá Garðheimum segir rómantísk mótíf vinsæl í garðstyttum.

Fyrir utan garðstyttur er gott úrval steinbekkja og borða í Garðheimum. Þessi fallegi bekkur kostar 94.445 kr.

Konungur dýranna er klassískur og verður vinsælli með hverju ári. Steinljón kosta á bilinu 5.582-97.885 kr.



Grískar gyðjur eru vinsælar um þessar mundir og setja ævintýrablæ á garða. Þær kosta á bilinu 5.280-21.980 kr.

Fátt lífgar eins mikið upp á garðinn og falleg garðstytta. Garðstyttur eru til í miklu úrvali í Garðheimum, Stekkjarbakka 6 í Reykjavík, en samkvæmt Antoni Magnússyni deildarstjóri er eftirspurn mest í styttur frá bandaríska fyrirtækinu Henri, langstærsta framleiðandanum á þessu sviði.

Anton segir mikla fjölbreytni vera í garðstyttunum hjá Garðheimum. „Stytturnar fást í ýmsum stærðum og gerðum," segir hann. „Má nefna gosbruna og styttur með rörum fyrir tjarnir. Síðan eru rómantísk mótíf mjög vinsæl um þessar mundir, til að mynda grískar gyðjur, ástfangin pör, sveitastrákar og – stelpur," bætir hann við.

„Steinljón eru síðan alltaf klassísk og hefur sala á þeim aukist mikið síðustu fimm ár," segir Anton. „Á móti þessari rómantísku línu koma öllu stílhreinni styttur í hlýjum litum, sem ég kalla suðræna línu. Svo erum við líka með ódýrar styttur í svipuðum dúr frá bresku fyrirtæki, en úrvalið er ekki eins mikið og í þeim dýrari og vandaðri. Loks erum við líka með gott úrval steinborða og -bekkja frá sömu fyrirtækjum, en slíkt nýtur einnig vinsælda," segir hann.

Rómantísk lína er ríkjandi í garðstyttum. Þetta krúttlega par kostar 7.599 kr. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skúlptúr í garðinn

Skúlptúr, styttur og höggmyndir setja skemmtilegan svip á garðinn og gefa honum öðruvísi bl. Nýtísku skúlptúr getur gefið garðinum framúrstefnulegt útlit á meðan hvít stytta í anda endurreisnarinnar gefur sígilt og fágað útlit.

Styttur og skúlptúrar eru til í öllum möguleg-um gerðum og sama má segja um verðið. Fyrir þá sem ekki vilja eyða miklu er hægt að fá fallegar styttur og listaverk í mörgum stærri blómabúðum. Listaverkin virðast mörg hver vera íburðamikil og dýr en sum þeirra eru undir 5000 krónunum og fislétt í þokkabót.

MAÍ- OG JÚNÍ TILBOÐ



PELTOR FM HEYRNARHLÍFAR

Verð áður kr. 11.950,-
TILBOÐSVERÐ kr. 7.998,-

PE HTRXS7A2

concept

ÖRYGGISSKÓR

Verð áður kr. 3.460,-
TILBOÐSVERÐ kr. 2.450,-

JD 72105

Stærðir: 38-48
Breidd: 11
Staðall: EN 345 S1P

GENSET RAFSTÖÐ MEÐ 9HP. HONDA MÓTOR.

Verð áður kr. 134.103,-
TILBOÐSVERÐ kr. 89.000,-

GS B5000H

Á stöðinni eru tveir eins fasa tenglar auk 12v hleðslu.

INTERPUMP HÁÞRÝSTIDÆLUR ÞRJÁR GERÐIR.

Verð áður kr. 73.664,-
TILBOÐSVERÐ kr. 59.850,-

IP APX130
Eins fasa 230V.
130 bar
10 lítrar á mínútu

IP APX150
Þriggja fasa 400V
150 bar
15 lítrar á mínútu

IP APX180
Þriggja fasa 400V
180 bar
13 lítrar á mínútu

PELTOR ANDLITSSKERMUR OG HEYRNARHLÍF SAMAN

Verð áður kr. 3.004,-
TILBOÐSVERÐ kr. 1.998,-

PE V40FH510A

Sendum í póstkröfu hvert á land sem er

Skeifan 3
108 Reykjavík
Sími 588 5080
www.dynjandi.is

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

allt atvinna
Alla sunnudaga

Þolinmæði skiptir sköpum

Arnór Snorrason, skógfræðingur hjá Skógrækt ríkisins. gefur þeim góð ráð sem eru að stíga sín fyrstu skref í trjárækt.

Ef rétt er að farið þá getur trjárækt á Íslandi gengið ágætlega. Skilyrði eru þó ekki allstaðar jafn góð en Arnór Snorrason skógfræðingur segir að nóg sé af góðum svæðum sem bjóði upp trjárækt. „Bestu aðstæðurnar eru á svæðum inn til landsins sem eru ekki of hátt yfir sjó. Það er erfiðara að rækta niður við sjóinn og einnig hátt yfir sjávarmáli.“

Þegar fólk er að hefja trjárækt á sumarbústaðarlandi sínu er gott að byrja á því að gróðursetja harðgerar og hraðvaxta víðitegundir sem skjólgerði. „Fólk má ekki vera óþolinmótt, það er langbest að vanda til verks og undirbúa jarðveginn vel. Plönturnar geta verið harðgerar gegn veðrum en ekki gegn jarðveginum.“

Arnór segir að hann mæli með því að bera jarðvegsbætandi efni eins og skít í moldina, strengja svo plast yfir beðin og gróðursetja í gegnum það. „Plastið hefur margþætt áhrif. Það heldur öðrum gróðri í burtu og það eykur hitann í jarðveginum. Best er að nota svart eða grátt plast því það dregur í sig meiri hita frá sólinni,“ segir Arnór og tekur það fram að vatn nái ekkert síður niður í moldina þótt plastið sé á.

„Þeir sem ætla að rækta upp sumarbústaðalandið sitt ættu að byrja við landamörk og ná þannig upp góðu skjóli bæði með trjábelti og skjólgirðingum. Þegar nokkuð gott skjól er komið er hægt að fara að gróðursetja önnur tré sem eru ekki eins harðgerð.“

Varðandi umhirðu í trjáræktinni segir Arnór að gott sé að klippa víðitrén snemma til þess að þau greini sig neðar og verði þar af leiðandi þéttari.

Arnór mælir ekki með mikilli eiturúðun á gróðurinn. „Við ráðleggjum fólki að úða sem minnst. Það er bæði dýrt og skaðlegt fyrir umhverfið. Það er allt í lagi að úða í görðum í borginni en fólk ætti að takmarka úðunina á stærri svæðum. Þetta er bara hluti af lífríkinu.“

Íslenska moldin er oft frekar næringarsnauð og segi Arnór að fólk ofmeti moldina sem sé fyrir í jörðinni.

„Á sumum stöðum á landinu er moldin mjög léleg og þar sem frostlyfting er mikil eiga trén litla möguleika. Menn verða því að vera duglegir að bæta jarðveginn,“ segir skógfræðingurinn Arnór Snorrason.

Trjárækt á Íslandi getur gengið ágætlega, ef rétt er að málum staðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Viðurinn lýstur upp

Upp á síðkastið hefur verið mjög vinsælt að lýsa upp dökk sumarhús samkvæmt starfsmönnum Slippfélagsins Litalands. Það er gert með því að hreinsa og bursta gömlu klæðninguna á sumarhúsinu. Síðan er klæðningin grunnuð með gulri viðargrunnmálningu og viðar hálfþekjandi er máluð yfir í mahóný- eða tekk lit. Þegar grunnurinn er þornaður er klæðningin meðhöndluð eins og um nýjan við væri að ræða.

Viðar hálfþekjandi er hágæða viðarvörn sem er sérstaklega framleidd með veðurfar á norðlægum slóðum í huga. Hana er hægt að nota á allan nýjan við en mikilvægt er að viðurinn standi ekki lengi óvarinn. Hægt er að fá viðar hálfþekjandi í mörgum litum hjá Slippfélaginu Litalandi.

FABRIKAN

Sumarblóm í miklu úrvali
Garðagróður af öllum gerðum
Ráðgjöf og tilboðsgerð

GRÓÐRARSTÖÐIN Mörk
Stjörnugróf 18 * Sími 581 4550 * Fax 581 2228
www.mork.is mork@mork.is

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

Byggt uppi á heiði

Hin margrómaða íslenska bjartsýni á það til að leiða fólk langt upp á heiði þar sem hvorki finnst rennandi vatn né rafmagn. Bjartsýnin fær fólk til þess að taka þá ákvörðun að slíkir staðir séu fyrirmyndar byggingarlóðir undir sumarhús. Áður en það getur talið upp að tíu er búið að grafa myndarlegan grunn fyrir húsinu sem brátt mun rísa, miðja vegu milli Afdala og Öræfa.

Hér eru fimm atriði sem vert er að hafa í huga þegar byggja á hús utan alfaraleiðar.

1. Þú gefst fljótt upp án vatns. Komdu þér í samband við næsta bónda eða landvörð og gerðu allt sem þú getur til þess að koma rennandi vatni að þér. Þangað til getur þú safnað rigningarvatni, það er nóg til af svoleiðis á Íslandi.

2. Þegar búið er að gera ráðstafanir með vatnið, þá ætti það að vera næsta skref að klambra saman þokkalega vindheldu útihúsi. Það nennir enginn að smíða sumarbústað allan dagnin og þurfa svo í lok vinnudags að svara kalli náttúrunnar úti í náttúrunni.

3. Fyrst að þú ert uppi á heiði þá ætti ekki að vera erfitt að knýja áfram eina litla vindmyllu sem skilar þér nægilega miklu rafmagni til þess að lýsa upp húsið þitt með tólf volta straumi.

4. Þegar bygging hússins er komin á fullt þá er gott að fara að huga að því hvernig kynda eigi kofann. Kamínur eru sjarmerandi og gefa góðan hita.

5. Gasofn, gashellur og gasgrill. Þú getur eldað allan mat á gasi og það er algjör óþarfi að eyða milljón í það að fá fullan straum. 220 volta rafmagn er bara fyrir borgarbörn.

Eitt atriði í einu og áður en þú veist af ertu búinn að reisa þér fullkominn fjallakofa sem er alveg laus við allt það sem þú hefur ekkert að gera við. Í fyllingu tímans er hægt að fara að huga að því að reisa stæðilegra útihús eða jafnvel að fjárfesta í alvöru klósetti. Það fer allt eftir því hversu harðgerður einstaklingur þú ert.

Eins og sést á myndinni getur bergflétta komið einstaklega vel út á húsveggjum, en þessi sígræna klifurplanta þrífst ágætlega hérlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Óhefðbundin garðplanta

Bergflétta getur lífgað upp á garðinn.

Margir eru nú farnir að spá í hvers konar blóm þeir vilja planta í garðinum, svo hann verði sem fallegastur í sumar. Þeim sem vilja fara óhefðbundnar leiðir í vali á garðplöntum skal bent á að bergflétta er falleg klifurplanta sem þrífst ágætlega hérlendis. Bergflétta hentar vel á veggi og aðra „lokaða“ fleti, en skríður ekki vel eftir opinni girðingu þar sem hún þolir illa gegnumtrekk. Til að hylja vegg með þessari sígrænu klifurplöntu er best að setja um það bil fjórar plöntur á hvern metra. Þótt plönturnar hafi heftirætur sem festa sig á veggi, getur engu að síður verið gott að festa þær aðeins í byrjun svo þær liggi vel að veggnum. Það tekur bergfléttu nefnilega svolítinn tíma að sjúga sig fasta, einkum á það við slétt yfirborð og timbur. Bergflétta þrífst á skuggsælum stöðum, þar sem nægilegt rakastig er fyrir hendi, og blómgast í júní.

Miðstöðin getur bæði kælt og hitað sumarhúsin

Sniðug leið til þess að kynda sumarhúsið

Margir sumarbústaðir eru orðnir svo vel útbúnir að fólk er farið að dvelja í þeim á öllum tímum árs. Margir vilja halda hita á húsunum sínum allan veturinn og getur kyndingarkostnaður þá orðið nokkuð hár.

Þó svo að íslenska sumarsólin sé ekki svo steikjandi heit að hún þrýsti á sumarbústaðaeigendur til þess að fá sér loftkælingu í húsin sín þá hefur fyrirtækið Celcius hafið innflutning á slíkum kerfum. Kerfið er þó mjög hentugt fyrir íslenskar aðstæður þar sem það er líka öflug hitamiðstöð. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu geta húseigendur viðhaldið því hitastigi sem þeir óska sér með mun lægri kyndingarkostnaði en með hefðbundnum rafmagnsofnum.

Þessi tækni hefur verið að ryðja sér rúms upp á síðkastið og hentar hún þeim sérstaklega vel sem vilja halda hita á sumarhúsinu allan ársins hring þar sem orkunýtni kerfisins er mjög góð.



Stanislas Bohic segist gera a.m.k. þrjár útfærslur þegar hann teiknar upp garðinn.

Vill hafa umhverfið fallegt

Stanislas Bohic gerir það gott sem garðahönnuður. Það getur tekið um það bil tvo mánuði frá því fólk setur sig í samband við hann þangað til fagmenn hafa lokið sinni vinnu garðinum.

Stanislas Bohic hefur um árabil hannað garða fyrir Íslendinga með glæsilegum árangri. Stanislas segist sjálfur vilja hafa umhverfi sitt fallegt og því eigi starfið vel við hann. „Ég hanna garða af öllum stærðum og gerðum, fyrir alls konar fólk," segir Stanislas.

Ferlið frá því að fólk setur sig í samband við Stanislas og biður hann um að hanna garðinn sinn og þangað til garðyrkjumenn, smiðir, píparar og rafvirkjar hafa lokið sínu verki tekur nokkra mánuði. „Fyrst kem ég á staðinn og skoða aðstæður, síðan fer ég á skrifstofuna mína og teikna þetta allt upp. Ég geri gróðurkort, efnislista og margt fleira. Síðan geri ég tilboð, þetta ferli getur tekið allt upp í mánuð," segir hann og bætir því við að hann teikni allt frá grasblettum upp í gróðurhús.

Stanislas gerir að minnsta kosti þrjár útfærslur af teikningum fyrir hvern garð og svo getur fólk valið það sem því líkar best áður en framkvæmdavinnan hefst. Ef fólk kýs að láta fagmenn sjá um framkvæmdavinnuna í garðinum getur Stanislas útvegað þá.

Kostnaðurinn við að fá garðahönnuð í lið með sér er á bilinu fimmtíu til fimmhundruð þúsund krónur. „Ef ég kem, geri skýrslu og veiti ráðgjöf þá er kostnaðurinn um fimmtíu þúsund krónur. Meðalstórir garðar eru í kringum þrjú hundruð og fimmtíu þúsund krónur."

Auk þess að hanna garða teiknar Stanislas mikið í kringum sumarbústaði og segir hann að mikið sé að gera hjá sér um þessar mundir. Stanislas segir reyndar að mikið sé að gera hjá sér allan ársins hring, en auðvitað sé mesti álagstíminn á sumrin. Stanislas verður á faraldsfæti um þessar mundi, en hann mun í maí og júní sjá um garðaráðgjöf fyrir viðskiptavini Húsasmiðjunar um allt land.

Vorum að fá mjög skemmtilegt parhús alls 170 fm með bílskúr. Húsið skilast fokhelt að innan og fullbúið að utan frá seljanda.Gert er ráð fyrir 4 svefnherbergjum samkvæmt teikningu. Húsið stendur í enda á botnlanga og verður staðsteypt , einangrað að utan og klætt með bárujárni og jatóbavið. Þak verður einangrað og klætt pappa og aluzink bárujárni í ál-lit. Lóð verður tyrfð án trjágróðurs,girðinga og sólpalla. Sorpgeymsla verður frístandandi á lóð , bílastæði og stígar verða hellulagðir og fullfrágengnir.Þetta er einstakt tækifæri fyrir fólk sem vill eignast nýtt hús á góðu verði í nágrenni Reykjavíkur. Vogar eru ört vaxandi bæjarfélag með öfluga uppbyggingu íþrótta og tómstundaiðkunar og ekki spillir fyrir að tvöföldun Reykjanesbrautar er senn að ljúka. Aksturstími frá Reykjavík er aðeins ca.20 min.

Ella Lilja Sigursteinsdóttir lögg. fasteignasali

Hjalti Sölufulltrúi
899 1717
hjalti@remax.is

FASTEIGNIR

Það er gott að búa á austurlandi

Kaupvangur, Egilsstaðir. TIL SÖLU

2. herbergja íbúðir (tilbúnar til afhendingar)

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

VERÐ FRÁ KR. 12.850.000*

* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)

ffa FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS

Björn sími: 896-8934
Ágúst sími: 894-7230
Harry sími: 896 6900

Fasteignafélag Austurlands ehf · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

Leitin hefst hér!

Um 150.000 lesendur

Þú finnur allar nýjustu fasteignirnar í **Allt – fasteignum** sem fylgir frítt með Fréttablaðinu alla mánudaga.
Ekki missa af mest lesna fasteignablaðinu í vikubyrjun!

Allar eignir eru skráðar á **visir.is** svo þú getur fylgst með fasteignamarkaðnum jafnóðum!

allt - fasteignir
- mest lesna fasteignablaðið

SALT
LOUNGE BAR & RESTAURANT

Veitingastaðurinn býður uppá einstaklega fjölbreyttan matseðil með alþjóðlegu yfirbragði og einungis fyrsta flokks hráefni. Á barnum er boðið uppá úrval spennandi smárétta ásamt drykkjum í afslöppuðu og þægilegu umhverfi.

Við leitum að:

Matreiðslumönnum

Við leitum að fólki í hlutastarf og fullt starf!

Senda skal inn umsóknir fyrir 01.05. 2006.

SALT Restaurant - is looking for a person to work breakfast food preparation for hotel guests on the weekends.

Working hours are 6.00 – 13.00 Saturdays and Sundays. Persons interested or with food preparation experience are welcome to visit the restaurant and learn more about the details.

Contact person:
Raggi Omarson, yfirmatriðslumaður/executive chef
ragnar.omarsson@radissonsas.com
gsm: 822 9019
sími: 599 1000
Radisson SAS 1919 Hotel
Pósthússtræti 2, 101 Reykjavik
1919.reykjavik.radissonsas.com

Skipulags stofnun

Tengibraut frá Vesturlandsvegi um Álafossveg og Helgafellsland Mosfellsbæ

Mat á umhverfisáhrifum – Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdir við **tengibraut frá Vesturlandsvegi um Álafossveg og Helgafellsland, Mosfellsbæ** skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum m.s.b.

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: ***www.skipulag.is.***

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **23. júní 2006.**

Skipulagsstofnun

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Sögurnar, tölurnar, fólkið.
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

HÚSA NAUST
FASTEIGNASALA
Borgartúni 29 - Sími 530 7200
Ásgeir E. Gunnarsson lögg. fasteignasali

Ásgeir Erling Gunnarsson
lögg.fast.sali

Páll Kolka

Skúli Sigurðsson

BAUGAKÓR

Falleg ný íbúð á annarri hæð í fjórbýlishúsi við Baugakór, Kópavogi. Húsið er steinað að utan og frágangur allur hin vandaðisti. Sérinngangur. Forstofa flísalögð, skápar. Björt stofa/borðstofa með útgengi á stórar suður-svalir. Hjónaherbergi með miklu skápaplássi. Tvö önnur svefnherbergi með skápum. Eldhús er stórt með vönduðum innréttingum og tækjum, gólf er flísalagt. Eldhúsið er opið að hálfu leiti inn í stofu/borðstofu. Baðherbergi er flíslagt hólf í gólf, baðkar og stór sturtuklefi, falleg innrétting, handklæðaofn. Þvottahús flísalagt gólf, vaskborð. Góð geymsla gólf er flísalagt. Þvottahús og geymsla eru innan íbúðar. Bílskúr með vandaðri hurð og hurðaropnara, heitt og kalt vatn. Tvö bílastæði, steinlögð framan við bílskúr, snjóbræðslukerfi. Eftir er að setja gólfefni á íbúðina fyrir utan eldhús, bað, geymslu, forstofu og þvottahús. Verð 36,8 millj.

HAGAMELUR

Þriggja herbergja íbúð, ásamt tveim aukaherbergjum í risi, á fjórðu hæð í fjölbýlishúsi í vesturbænum. Forstofa og hol eru parketklædd, tvær samliggjandi stofur, svefnherbergi er parketklætt og með skápum. Eldhús er rúmgott, dúkklætt gólf, falleg, eldri innrétting flísalagt milli skápa, borðkrókur. Baðherbergi með flísalögðu gólfi, flísalagt í kringum baðkar, innrétting. Úr annarri stofunni er gengið út á suð-vestur svalir. Í risi hússins eru tvö stór herbergi (u.þ.b. 15 fermetrar hvort), sem fylgja íbúðinni ásamt snyrtingu og tveim geymslum. Í kjallara er stór sér geymsla, sameiginlegt þvottahús og þurrkherbergi ásamt hjólageymslu. Áhugaverð eign, frábærlega staðsett í miðju melahverfis, stutt í verslanir, skóla og aðra þjónustu, vesturbæjarsundlaugin í næsta húsi. Verð: 21,9 millj.

SKÓGARÁS

Rúmgóð 129,6 fm og falleg, fjögurra herbergja íbúð á góðum stað í Árbæjarhverfi (Selási). Íbúðin er á tveim hæðum, neðri hæðin er 80,7 fm og efri hæðin 48,9 fm Neðri hæð: Forstofa og hol, gólf er flísalagt. Stofa, gólf er flísalagt, útgengi út á suðvestur svalir. Eldhús með fallegri innréttingu, rúmgóður borðkrókur, korkflísar eru á gólfi. Baðherbergi með flísum á gólfi og veggjum, falleg innrétting, baðkar. Tvö rúmgóð, flísalögð svefnherbergi með góðum skápum. Efri hæð: Rúmgóð parketlögð setustofa/sjónvarpshol. Stórt svefnherbergi, parketlagt. Þvottahús er rúmgott. . Í þvottahúsinu hefur verið komið fyrir sturtuklefa. Geymslur eru undir súð og eru ekki taldar inn í uppgefinni fermetratölu FMR. Fleiri fermetrar af efri hæðin nýtast í raun, en mæling FMR gefur til kynna. Verð: 27,3 millj.

EINBÝLI KÓPAVOGI

BJARNHÓLASTÍGUR: Tveggja hæða einbýlishús í grónu hverfi í Kópavogi. Neðri hæð: Forstofa og hol, svefnherbergi, snyrting, þvottahús. Eldhús, borðstofa og stór parketlögð setustofa með útgengi út á suður sólverönd og fallegan garð. Efri hæð: Hjónaherbergi með útgengi út á svalir mót suðri, tvö svefnherbergi, sjónvarpshol og baðgerbergi sem er flísalagt hólf í gólf. Allt umhverfi hússins er hið snyrtilegasta, garður mjög fallegur, bílastæði lögð munstursteypu og vel hefur verið staðið að viðhaldi húss lóðar. Verð: 41,8 millj.

BYGGÐARHOLT

Raðhús á einni hæð á eftirsóttum stað í Mosfellsbæ. Forstofa er flísalögð, gestasnyrting, hol er parketlagt, rúmgóð stofa með útgengi út á sólverönd. Í svefnálmu er hjónaherbergi og þrjú svefnherbergi. Flísalagt baðherbergi með baðkari og sturtuklefa, hiti er í gólfi. Úr svefnálmu er gengt inn í geymslu og bílskúr, sem nú er nýttur sem auka íbúð. Eldhús er rúmgott, borðkrókur, inn af eldhúsi er þvottahús. Fyrir framan húsið að norðanverðu eru hellulögð bílastæði með snjóbræðslukerfi. Á baklóð hússins að sunnanverðu er hellulögð sólverönd og gróinn garður með limgerði á lóðarmörkum. VERÐ : 34,7 millj.

FLÓKAGATA

Fjögurra herbergja íbúð á 2. hæð í fjórbýlishúsi við Flókagötu (101) í Reykjavík. Forstofa og hol eru með parketi á gólfum, tvær stofur parketlagðar, útgengi út á suðursvalir. Svefnherbergi, gólf er parketlagt, gott skápapláss. Eldhús, gólf er parketlagt, eldri innrétting. Baðherbergi er flísalagt hólf í gólf, lítið baðkar, innrétting. Í kjallara er 22 fm herbergi með aðgangi að salerni, sameiginlegt þvottahús og sér geymsla. Gróinn garður snýr í mót suðri: Svalir og skyggni yfir útidyrum þarfnast viðgerðar. Verð: 24,9 millj.

Frum

Mikil hreyfing á fasteignamarkaði.
Vegna mikillar sölu undanfarnar vikur,
vantar okkur flestar gerðir eigna á skrá.

www.husanaust.is – husanaust@husanaust.is

TOPP 5: MOZART

Wolfgang Amadeus Mozart (27. janúar 1756 - 5. desember 1791) var eitt áhrifamesta tónskáld klassískrar tónlistar í Evrópu. Hann fæddist í Salzburg og varð frægur sem undrabarn á fiðlu og píanó.

Mozart var afkastamikið tónskáld og samdi um sína stuttu ævi fjölda verka af nær öllum gerðum. Það voru óratoríur (trúarleg verk fyrir einsöngvara, kór og hljómsveit), kantötur (verk fyrir söng og hljóðfæri), mótettur (trúarleg verk fyrir kór), sónötur (kaflaskipt einleiksverk), konserta, sinfóníur, strengjakvartetta og -kvintetta og svo auðvitað óperur. Lætur nærri að verk Mozarts séu um 600 talsins en sum þessara verka eru þekktari en önnur.

1. Brúðkaup Fígarós 1786. Skopópera sem var og er með eindæmum vinsæl meðal almennings.
2. Don Giovanni 1787. Ópera um spænska aðalsmanninn Don Giovanni og ást hans á Donnu Önnu.
3. Töfraflautan 1791. Ópera um ævintýralega tilveru manna í fuglslíki, vondar drottningar og ást í meinum.
4. Sálumessa í D-moll 1791. Var síðasta verkið sem Mozart samdi og hann náði aldrei að fullklára það. Nemandi hans að nafni Sussmayr fullgerði síðar verkið sem nýtur mikilla vinsælda.
5. Cosi fan tutte 1790. Skopópera um ástarflækjur og misskilning.

VISSIR ÞÚ

... að stúdentar við Pretoríu-háskóla í Suður-Afríku bjuggu til lengstu pylsu í heimi. Hún var 10,5 metra löng en þeir bættu metið sem var 6,9 metrar. Stúdentarnir bjuggu til sinn eigin kolaofn og grill til að geta eldað ferlíkið sem var um 60 sinnum lengri en venjuleg pylsa.

... að dýrasti rjómaís í heimi er Serendipity Golden Opulent-rjómaísinn. Hann var að finna á matseðli Serendipity 3 veitingastaðarins í New York í september 2004. Hann kostaði þúsund dali eða um 65 þúsund íslenskar krónur.

... að í þessum dýrasta rjómaísrétt var að finna sykruð blóm þakin ætri gullþynnu. Grande passion-kavíar með Armagnac og safa úr blóðappelsínum og ástaraldinum. Fimm kúlur af rjómaís með vanillubaunum frá Tahítí, þaktar ætri 23 karata gullþynnu. Sykraðir framandi ávextir, tólf gullhúðaðar möndlur og súkkulaði.

... að þessi ísréttur var borinn fram í kristalskál og gullskeið með.

... að dýrasta eggjakaka í heimi heitir Grilljóndollara humarfrittata. Hún kostar 65 þúsund krónur og hana er að finna á matseðli Nroma's veitingahússins í New York.

... að innihald þessarar eggjaköku samanstendur af eggjum, rjóma, viskíi og humarkæfu; einn heill risahumar, 280 g kavíar og ein sneidd kartafla.

... að dýrasti hamborgari í almennri sölu kostar um 7.800 krónur og fæst á Bistro Moderne í New York.

... að dýrasta hanastél í almennri sölu kostar 34.350 krónur og fæst á Paris Ritz í Frakklandi.

... að dýrasta vínsflaska sem um er vitað kostaði 13.125.000 krónur og var seld hjá Christie's í Lundúnum.

... að dýrasta sterka áfengið er Macallan 60 ára viskí sem seldist hjá Fornum & Mason í Lundunum á 1.375.000 krónur.

... að dýrasti jarðsveppur í almennri sölu er 1.08 kílóa hvíttruffla sem kostar 2.665.000 krónur á Alba á Ítalíu.

... að dýrasta brúðkaupsterta sem um getur var seld í Sotheby's í New York. Þetta var sneið af brúðkaupstertu hjónanna af Windsor frá 1937 og kostaði hún 1.950.0000 krónur.

... að dýrasta vínglas var selt á Bickwick kránni í Beaune í Frakklandi. Vínið var af gerðinni Beaujolais Noveau 1993 og kostaði glasið 122.750 krónur.

... að dýrasta súkkulaðistykki sem um getur kostaði 58.750 krónur. Þetta var Cadbury's súkkulaðistykki úr eigu Roberts Scott sem hann hafði með sér í suðurskautsleiðangri sínum 1901.

Sizzle ® King

GASGRILL smíðað úr ryðfríu stáli • Fjórir massívir brennarar úr pottjárni 18,4KW/h • Grindur yfir brennurum úr áli • Grillteinn og rafmagnsmótor • Ábreiða • Hágæða elektrónískur kveikjari • Tvö sett af grillgrindum annarsvegar úr krómuðu stáli og hinsvegar úr pottjárni (ein heil plata) • Skápur fyrir gaskútinn og tvær stórar skúffur • 4 hjól 2 með bremsu • Skúffa í fullri stærð undir brennurum sem tekur við fitu • Skúffa á hliðarborði til að geyma t.d. krydd og drykki • Hitamælir á loki • Grillflötur 78 x 46cm • Utanmál með lokið niðri H:124cm B:159cm D:59cm • Afhent samsett ef óskað er.

Kynningarverð 99.900

ECC Skúlagötu 63 – Sími 511 1001
www.ecc.is

ECC

Framtíðin er hér

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

DAGUR B. EGGERTSSON
FRAMBJÓÐANDI

Eftir gríðarlega uppbyggingu síðustu ára blasa tækifærin hvarvetna við í borginni. Á næstu árum mun ráðast hvort okkur tekst að nýta þessi tækifæri Reykvíkingum til hagsbóta. Þessum málflutningi höfum við í Samfylkingunni haldið fram í kosningabaráttunni í Reykjavík. Hér er ekki um innantóm orð að ræða. Í árangrinum liggja tækifærin. Framtíðin er hér.

Ef ekki væri fyrir uppbyggingu leikskólanna væri tómt mál að tala um að gera þá gjaldfrjálsa. Gjaldfrjálsir leikskólar er dæmi um skref sem við getum núna tekið vegna þess að við höfum náð árangri. Spurningin snýst um vilja. Við getum núna hafið uppbyggingu í Vatnsmýri. Það getum við vegna þess að loks hafa hagsmunaaðilar, sem staðið hafa í deilum um þetta svæði í áratugi, sest að samningaborði. Þetta er árangur. Framhaldið er spurningin um vilja.

Á næstu fjórum árum eigum við að halda áfram veginn. Gamaldags hugsunarháttur má ekki ráða för. Við þurfum nútímalega sýn fyrir nýja Reykjavík. Það er sameiginlegt verkefni okkar að skapa samfélag, byggja borg með skýra framtíðarsýn að leiðarljósi. Trygg þjónusta fyrir eldri borgara, fjölbreytt húsnæðisframboð, jafnrétti, innihaldsríkir grunnskólar með frístundastarfi; - allt eru þetta dæmi um mál sem Samfylkingin leggur áherslu á.

Við viljum að Reykjavík sé bæði í senn, öruggur heimabær og glæsileg heimsborg, iðandi af mannlífi og sköpunarkrafti. Hið ánægjulega er, að eftir uppbyggingu undanfarinna ára, er staðan sú að við höfum aldrei verið jafnnálægt því að ná þessu marki. Hvort við náum því, er spurning um getu, skýra sýn og síðast en ekki síst: vilja. Við teflum fram lista fólks með mikla og víðtæka reynslu. Í kosningunum á morgun bið ég og Samfylkingin um stuðning þinn til þess að halda áfram með Reykjavík inn í bjarta og spennandi framtíð. Við getum og við viljum.

Höfundur er borgarstjóraefni Samfylkingarinnar.

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
vísir VEF TV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

BJÖRGUM BORGINNI
„OPINBER REKSTUR LEIKSKÓLA ER TÍMASKEKKJA“*
*ORÐRÉTT ÚR NÝSAMÞYKKTRI STEFNU UNGRA SJÁLFSTÆÐISMANNA
X-S | UNGT SAMFYLKINGARFÓLK

Í grænum sokkum

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

ÁSTA ÞORLEIFSDÓTTIR
FRAMBJÓÐANDI

Oft vill brenna við í fjölmiðlum landsins að þeir sem kenna sig við vinstri stefnu hafi hátt um umhverfismál. En eru umhverfismál einkamál vinstrimanna? Svarið við því hlýtur að vera nei. Umhverfismál varða alla Íslendinga og eru því í eðli sínu þverpólitísk. Þau eru þar af leiðandi ekki einskorðuð við einn flokk eða eina pólitíska stefnu. Náttúruverndarfólk kemur úr öllum flokkum hvort sem það kýs að kenna sig við hægri, vinstri, miðju eða bara háð málefnum hverju sinni. Við sem byggjum landið eigum það ekki. Við höfum það einfaldlega að láni frá framtíðinni og ættum að umgangast nærumhverfi okkar jafnt sem náttúruperlur í samræmi við það. Við eigum aðeins eina jörð og hún er í okkar umsjá. Það er nauðsynlegt að umgangast þennan lífgjafa okkar af umhyggju og nærgætni. Slíkt munum við fá margfalt launað því náttúran er uppspretta og aflgjafi andans og forsenda nýsköpunar.

Umhverfismál varða okkur öll og þess vegna eiga umhverfisáhrif alltaf að vera höfð að leiðarljósi við stefnumótun og ákvarðanatöku í öllum málum. Margir af frambjóðendum Frjálslyndra og óháðra í Reykjavík hafa árum saman verið í fremstu röð þeirra sem vilja vernda hálendi Íslands gegn gegndarlausri ásælni orkufyrirtækja í náttúruauðlindir landsins fyrir erlenda stóriðju. Þess vegna eiga umhverfismálin ríkulegan þátt í stefnumálum Frjálslyndra og óháðra í Reykjavík: F-listinn vill vernda óspillta náttúru í borgarlandinu og standa vörð um ströndina

F-listinn vill vernda grænu svæðin í borginni því aðgangur að náttúrutengdum útivistarsvæðum er lífsgæði. F-listinn vill að vistvænar samgöngur verði raunhæfur valkostur fyrir borgarbúa. F-listinn vill endurvekja herferðina „Hrein torg, fögur borg“ því ekki veitir af í ruslaborginni Reykjavík. Þar þarf að fjölga ruslatunnum og sjá til þess að þær séu losaðar. Þá vill F-listinn að flokkað sorp sé sótt heim. F-listinn vill ekki að Ísland verði ruslahaugur fyrir erlenda stóriðju. F-listinn leggst gegn áformum Orkuveitu Reykjavíkur um orkuöflun til stóriðju á kostnað náttúru landsins. F-listinn leggst gegn áformum Orkuveitunnar um frístundabyggð við Úlfljótsvatn. Þar er einstök náttúra og fuglalíf sem ber að varðveita og tryggja aðgengi allra.

Umhverfismál varða alla – alltaf og vonandi munu kjósendur líta til verka þeirra flokka sem þeir hyggjast gefa sitt atkvæði á kjördag. Vonandi velja þeir trúverðugt fólk sem hefur staðið vörðinn um náttúru okkar ástkæra lands. Gleymum ekki að framtíð okkar byggist á afstöðu og aðgerðum í umhverfismálum, en ekki aðeins innihaldsrýrum yfirlýsingum við hátíðleg tækifæri, sem síðan sér ekki stað í athöfnum þegar á reynir. Kæru kjósendur ef ykkur er annt um umhverfið, setjið x við F, frjálslynda og óháða.

Höfundur skipar 4. sæti á lista Frjálslyndra og óháðra í Reykjavík.

Afl fyrir Akureyri

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

ODDUR HELGI HALLDÓRSSON
BÆJARFULLTRÚI Á AKUREYRI

L-listinn, listi fólksins, býður nú fram til bæjarstjórnar á Akureyri í þriðja sinn. Við bjóðum fram krafta okkar til að vinna að þeirri hugsjón að gera bæinn okkar betri. Þess vegna mótum við stefnuskrá okkar eftir spurningunni: „Hvernig viljum við að Akureyri verði við lok kjörtímabils, árið 2010?“

Umfram allt viljum við efla bæjarfélagið, þess vegna kjörorð okkar: Afl fyrir Akureyri! Akureyrarbær getur veitt meiri og betri þjónustu þannig að bæjarbúum líði betur og þeir hafi það betra í lok kjörtímabilsins árið 2010 heldur en nú. Af þeim fjölmörgu verkefnum sem ráðast verður í vil ég nefna nokkur helstu. Við viljum bæta skipulag innanbæjarsamgangna og efla almenningssamgöngur með því að hafa frítt í strætó. Dalsbraut þarf að leggja í stokk. Bæta verður aðkomu skemmtiferðaskipa og við höfnum því að skera miðbæinn í sundur með síki! Ávallt verður að hafa nægar byggingarlóðir, jafnt fyrir íbúðir sem atvinnustarfsemi.

Tryggt aðgengi að daggæslu, skólum, heilsugæslu og allri þjónustu, leikskólar verði án skólagjalda og við viljum ekki einkavæða grunnskólana. Öll skólabörn leik- og grunnskóla fái heitan mat í hádeginu.

Tryggt aðgengi að daggæslu, skólum, heilsugæslu og allri þjónustu, leikskólar verði án skólagjalda og við viljum ekki einkavæða grunnskólana. Öll skólabörn leik- og grunnskóla fái heitan mat í hádeginu. Framhaldsskólarnir og Háskólinn á Akureyri njóta öflugs stuðnings okkar og við viljum ljúka skipulagi háskólasvæðis. Orkuháskólinn er boðinn velkominn, hann styrkir stórlega háskólastarf á Akureyri! Glerársundlaug verður opin allt árið. Byggjum upp á KA- og Þórssvæðinu. Við viljum byggja akstursíþróttaaðstöðu við Glerá, tryggja fimleikafólki 1. flokks aðstöðu, við munum vinna að því að byggja áhorfendasvæði við íþróttahús Síðuskóla. Listahátíð unga fólksins verði árlegur viðburður og bæjarstjórn unga fólksins verður starfandi á hverju ári til að veita okkur hinum eldri aðhald. Stóraukum fjármagn til vímuvarna og forvarna og aukum niðurgreiðslu þátttökugjalda í íþrótta og æskulýðsmálum.

Vinnum markvisst áfram að uppbyggingu hjúkrunarheimila fyrir þá sem þess þurfa og búum þeim heimilislegt umhverfi. Ráðinn verður sérfræðingur í öldrunarlækningum. Við teljum að málefnum fatlaðra sé betur borgið hjá sveitarfélaginu en ríki og munum vinna ötullega að því. Umhverfismál bæjarins þarf að taka nýjum tökum. Sorpmálin eru bæjarskömm, þeim verður komið í það horf að sómi verði af og opnunartími gámasvæðis verður endurskoðaður. Glerárgil og strandlengjan meðfram bænum verða gerð að hreinu og vistvænu útivistarsvæði. Við munum vinna markvisst að stuðningi við atvinnulíf í bænum og gera Akureyri fýsilegan kost fyrir ný fyrirtæki. Um leið viljum við strax hefja vinnu við að tryggja að þyrlubjörgunarsveit verði hér staðsett og að flugvöllurinn verði lengdur.

Jafnrétti kynjanna á að vera ófrávíkjanleg regla í stjórnsýslu Akureyrarbæjar um leið og stjórnsýslan verði gegnsæ. Við viljum að bæjarstjórinn verði ráðinn á faglegum forsendum, en ekki pólitískum. Hér er aðeins það helsta talið af markmiðum okkar í L-listanum. Nú er það undir ykkur komið Akureyringar að veita okkur afl til að hrinda þeim í framkvæmd. Kjósum L-listann, lista fólksins!

Höfundur skipar 1. sæti L- listans, lista fólksins á Akureyri.

Ný mannréttindastefna

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

BRYNDÍS ÍSFOLD HLÖÐVERSDÓTTIR
FRAMBJÓÐANDI

Til að tryggja sanngjarnt samfélag þurfum við leikreglur sem byggja á jafnræðisreglu um að allir fá notið sín án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Borgarstjórn samþykkti á síðasta borgarstjórnarfundi fyrstu mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, sem er stefna sem leggur bann við mismunun og stuðlar að þátttöku allra hópa í mótun samfélagsins.

Markmið stefnunnar er margþætt: Að tryggja mannréttindi allra hópa. Að leggja aukna áherslu á kynjajafnrétti með því að skoða stöðu kynjanna innan þeirra hópa sem stefnan nær til. Að lokum er henni ætlað stuðla að þátttöku allra hópa sem stefnan nær til. Með samþykkt stefnunnar er Reykjavíkurborg fyrst allra sveitafélaga til að setja fram heildstæða mannréttindastefnu sem nær til allra hópa og tryggir þannig öllum skýran rétt og möguleika til þátttöku í öllu því sem borgin hefur upp á að bjóða.

Að stefnunni hefur verið unnið síðustu mánuði í starfshópi sem undirrituð leiddi. Forveri þess starfshóps var rannsóknarhópur sem í sátu fræðimenn, hagsmunaaðilar og sérfræðingar ásamt formanni jafnréttisnefndar. Verkefni hópsins var að leggja mat á kosti og galla þess að samræma jafnréttis- og fjölmenningarstefnu borgarinnar í eina heildstæða mannréttindastefnu. Niðurstaða hópsins var sú að kostirnir væru tvímælalaust fleiri en gallarnir og að með því að leggja áherslu á að kynjajafnréttið fléttist inn í alla þætti stefnunnar borgarinnar væri hægt að ná lengra í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna.

Stefnan nær til þess þrískipta hlutverks sem borgin hefur að gegna; borgin sem stjórnvald, borgin sem miðstöð þjónustu og borgin sem atvinnurekandi. Aðgengi borgarbúa og starfsmanna borgarinnar að þeim markmiðum sem borgin setur sér og réttindum borgarbúa er nú einfaldara en áður var og nær til fleiri hópa. Með þessu móti skapast heildstæðari sýn í mannréttindamálum hjá borginni. Þjónusta Reykjavíkurborgar verður því markvissari og framkvæmd stefnunnar einfaldari þar sem verið er að vinna með eina stefnu í stað margra.

Í samtölum við hagsmunaaðila minnihlutahópa kom skýrt fram hversu mikilvægt þeim fannst að vera sýnileg í stefnunni og við því var brugðist. Í kjölfarið eru réttindi fjölda hópa formlega viðurkennd, sem staðfestir að enn á ný er Reykjavíkurborg komin með leiðandi hlutverk á sviði jafnréttis- og mannréttindamála. Fjölmargir forsvarsmenn hinna ýmsu hagsmunahópa og fræðimenn veittu ómetanlega aðstoð og gáfu álit sitt við undirbúning stefnunnar. Þrátt fyrir að ábyrgð á stefnumótun sem þessari hljóti ávallt að vera pólitísk á óeigingjörn vinna þessa fólks stóran þátt í að starfshópnum var kleift að koma stefnunni á laggirnar.

Á síðustu tólf árum hafa jafnréttismálin verið í öndvegi hjá fulltrúum Samfylkingarinnar í borgarstjórn. Það sýndi Ingibjörg Sólrún fyrrverandi borgarstjóri með því að setja jafnréttisnefnd beint undir borgarstjóra og stöðu jafnréttisráðgjafa á skrifstofu borgarstjóra. Jafnframt var gerð krafa um að jafnréttismál kynja væru hluti af stefnumótun sviða borgarinnar en þau setja sér öll jafnréttisáætlun og skipa sérstakan jafnréttisfulltrúa. Kynbundinn launamunur borgarinnar er lægri en þekkist víða annars staðar og hlutföll kynjanna í stjórnunarstöðum hvergi jafnari. Árangurinn er óumdeilanlegur.

Í nýju mannréttindastefnunni er gengið lengra í að tryggja réttindi fleiri hópa en í fyrri jafnréttisstefnu, m.a. tryggt að öllum starfsmönnum borgarinnar af erlendum uppruna verði gert kleift að stunda starfstengt íslenskunám sé þess þörf. Tekið er fram að í skóla- og uppeldisstarfi séu fjölbreytileika mannlífsins gerð skil og t.d. samkynhneigð rædd kinnroðalaust svo fátt eitt sé nefnt.

Enn og aftur höfum við sýnt að við höfum dug og vilja til að ganga lengra í átt að jafnræði til að tryggja að allir fái notið sín í borginni okkar. Brotið hefur verið blað í sögu jafnréttisstarfs hjá sveitarfélögum og stigið skrefinu lengra í baráttunni fyrir bættum kjörum allra kvenna og karla, hvaða hópi sem þau svo sem tilheyra. Allir með! Nýsamþykkta stefnu er hægt að sjá á heimasíðu jafnréttisnefndar Reykjavíkurborgar: www.reykjavík.is/jafnrétti.

Höfundur er formaður jafnréttisnefndar Reykjavíkurborgar og skipar 12. sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík.

Skólamál í Hafnarfirði

UMRÆÐAN
HELGA RAGNHEIÐUR STEFÁNSDÓTTIR
FRAMBJÓÐANDI SKRIFAR UM KOSNINGAR

Mikilvægt er að faglegur metnaður og fjölbreytileiki móti allt skólastarf og að samstarf heimila og skóla verði eflt með markvissum hætti.

Sjálfstæðisflokkurinn í Hafnarfirði leggur fram metnaðarfulla stefnuskrá í skólamálum nú fyrir bæjarstjórnarkosningarnar. Þar er m.a. lögð til sú nýbreytni varðandi stjórnun og rekstur grunnskóla, að skipuð verði stjórn yfir hvern skóla. Þannig verði lögð áhersla á aukið sjálfstæði skólanna og að skólar fái aukið rekstrarlegt og faglegt sjálfstæði. Skólastjórn með aðild fulltrúa kennara og foreldra mun auka tengsl þeirra við skólann.

Skólastjórnin hefði með höndum faglega og rekstrarlega umsjón. Stuðlar þetta fyrirkomulag að auknu sjálfstæði skóla og eflir faglegt starf þeirra. Sjálfstæðisflokkurinn vill gera Hafnarfjörð að leiðandi bæ í skólamálum með það að markmiði að hafnfirskir skólar séu ávallt í hópi þeirra bestu. Mikilvægt er að faglegur metnaður og fjölbreytileiki móti allt skólastarf og að samstarf heimila og skóla verði eflt með markvissum hætti. Metnaðarfullt skólastarf er með margvíslegum áherslum og verkefnum. Má þar nefna fræðslu og námsefni um sögu Vesturfara, sögu Hafnarfjarðar og þátttöku frá upphafi í stóru upplestrarkeppninni sem nýverið hlaut foreldraverðlaun Heimilis og skóla.

Það verkefni er gott dæmi um samvinnu foreldra og skóla við undirbúning að áhugaverðum verkum í skólastarfi. Hafnfirðingar, tryggjum Sjálfstæðisflokknum góða kosningu á laugardag.

Höfundur skipar 7. sæti á lista Sjálfstæðisflokks í Hafnarfirði.

MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup oktober 2005.

Stelpur við gefum boltann til ykkar!
Stelpudeildin á SKJÁ*EINUM* frá 5. júní - 9. júlí
Alla virka daga milli kl. 19 og 22.30 verður dagskráin tileinkuð stelpum.

Nú nærðu SKJÁ*EINUM* í gegnum Digital Ísland

ASUS
fartölvur á ótrúlegu verði!

A6V
ASUS
Skjár: 15.4" SXGA (colorshine LCD) M/innb. vefmyndavél
Örgjörvi: Intel Pentium M 740 1,73Ghz
Skjákort: ATi Radeon X700 Pro,
Minni: 512MB DDR2/ mest 1B
Harður diskur: 60GB - 4200rpm
Hljóðkort: AC97 - Soundblaster Pro
Netkort: 10/100/þráðlaust 802.11b/g
Kortalesari: 4-in-1
Geisladrif: DVD dual double layer brennari/geislaskrifari/DVD
Tengi: 4x USB 2.0, 1x FireWire IEEE 1394, 1x TV út, 1x EPP/ECP Parallel o.fl.
Stýrikerfi: Windows XP Professional
o.m.fl.
129.900 kr.-

ASUS A5E
ASUS
INNBYGGT SJÓNVARPS-KORT
Skjár: 15.4" SXGA(colorshine LCD/Clare type)
Örgjörvi: Intel Pentium M 740 1,73 Ghz
Skjákort: Intel Graphics
Minni: 512mb mest 1024mb
Harður diskur: 80gb 4200rpm
Hljóðkort: High Definition audio compliant audio chip, with 3D effect & full duplex
Netkort: 10/100 og þráðlaust 802.11b/g
Kortalesari: 4-in-1 (SD/MMC/MS/MS PRO)
Geisladrif: 8x DVD dual double layer brennari/geislaskrifari/DVD
Tengi: 4x USB 2.0, 1x FireWire IEEE 1394 Blue tooth, 1x TV út, 1x EPP/ECP Parallel 1x SIR 115,2Kbps, 1x SPDIF, 1x Headphone, 1x Mic
Stýrikerfi: Windows XP Pro
o.m.fl.
144.990 kr.-

W2U - 17"
ASUS
Skjár: 17" SXGA (Colorshine LCD / Clare type) Upplausn:1680x1050
Örgjörvi: Intel Pentium Mobile 770 (2,13 GHz/2MB L2)
Skjákort: ATI Radeon X700 128MB Hyper Memory
Minni: 1GB DDR2 / mest 2GB
Harður diskur: 100GB 5400rpm
Hljókort: 8 rása - Intel High Definition - 4.1 hljóðkerfi (subw.)
Netkort: 10/100/1000 og þráðlaust 802.11b/g
Kortalesari: 4-in-1
Geisladrif: DVD dual double layer brennari/geislaskrifari/DVD
Tengi: 4x USB 2.0, 1x FireWire IEEE 1394, 1x TV út, 1x EPP/ECP o.fl.
Annað: Sjónvarp-/FM kort Analog TV/Digital TV með 2x fjarstýringum - Bluetooth, léttmálmshúsi W2Vc styður Microsoft Media center.
Stýrikerfi: Windows XP Professional
o.m.fl.
222.900 kr.-

ÖLLUM TÖLVUM FYLGIR TASKA, MÚS OG ÖFLUGUR HUGBÚNAÐAR-PAKKI
Vegna sérsamninga getum við boðið þessar hágæða-fartölvur á lækkuðu verði.
TASK
TÖLVUVERSLUN
TASK
BRAUTARHOLTI 10-14
S: 588 1000
WWW.TASK.IS
Opið:
10-18 virka daga
12-16 laugardaga

Mikilvægustu kosningar aldarinnar á laugardaginn?

UMRÆÐAN
KOSNINGAR

ANDRI SNÆR MAGNASON
RITHÖFUNDUR

Leiðin til álnauðar er vörðuð góðum ásetningi. Þótt hver í sínu horni sé velviljaður er heildarmarkmiðið hrein yfirlýsing um fjandsamlega yfirtöku á íslensku atvinnulífi og náttúru. Næstu tvennar kosningar eru mikilvægustu kosningar Íslandssögunnar. Við erum að kjósa um það hvert Ísland stefnir.

Næstu tvennar kosningar eru einhverjar þær örlagaríkustu sem fram munu fara á Íslandi næstu áratugi vegna þess að þær snerta grundvallarákvarðanir sem munu marka líf okkar, umhverfi og stjórnmál næstu áratugi. Einmitt um þessar mundir er verið að taka þá ákvörðun hvort Ísland verði stærsta álbræðsla í heimi eða ekki.

Yfimenn Alcan hafa gefið til kynna að verksmiðjunni verði lokað nema hún fái að vaxa upp í næstum því 500.000 tonn, það er kallað stækkun en þreföldun er nærri lagi. Þegar álverið í Straumsvík hefur þrefaldast verður það næstum því jafn breitt og það er langt og það mun fylla upp í svæðið beggja vegna Reykjanesbrautar. Það á að verða heill ferkílómetri að stærð og það tæki rúma klukkustund að ganga í kringum það. Í blöðum stendur að hlutfallsleg mengun muni minnka. Ef dulmálið er afkóðað kemur í ljós að gróðurhúsalofttegundir aukast sem nemur öllum bílaflota Íslendinga. Heimiluð aukning á brennisteinsdíoxíði úr 3.500 upp í 6.900 tonn á ári. Sjónmengun er ekki hægt að mæla í prósentum en á kyrrum dögum ætti þessi mengun að verða öllum ljós.

Þegar lýðræðið dó á Húsavík

Fjölmiðlar hafa ítrekað brugðist skyldu sinni. Álpartíið fræga á Húsavík var til dæmis skipulagt af Gísla Sigurgeirssyni, fréttamanni RÚV. Hann smalaði fólki saman og fréttin sem virtist koma í „beinni útsendingu“ hafði löngu borist um bæinn. Þetta var leikrit og Gísli samdi jafnvel slagorðin, „álið er málið“ sem fólkið galaði eftir hans leiðsögn. Jafnvel hörðustu áhugamenn um álver fengu aumingjahroll við að horfa upp á þetta en þennan dag dó lýðræðið á Húsavík. Þaðan í frá töluðu fjölmiðlar um „vilja Húsvíkinga“. Þetta ástand var skapað af opinberum fjölmiðli áður en nokkuð hafði verið rannsakað eða rætt, áður en arðsemi var ljós, áður en reynsla var komin af framkvæmdum, ráðningum eða mengun á Austurlandi, hvað þá hvort Kárahnjúkavirkjun nái yfirleitt núlli.

Menn fjalla ekki um aðalatriði málsins, að álverið á Húsavík er aðeins hálft álver. Það mun þurfa að tvöfaldast í framtíðinni en enginn vill ræða hvaðan sú orka á að koma. Jökulsár Skagafjarðar og Skjálfandi hafa þegar verið eyrnarmerktar verksmiðjunni en það dugar ekki nema upp í 360.000 tonn. Þrátt fyrir öll vafaatriði er látið eins og ákvörðun á Húsavík sé formsatriði og búin er til tímapressa og neyð. Alcoa stendur fyrir fundum sem höfða til skammtíma gróðavonar einstakra hagsmunaaðila. Þessi skák hefur verið leikin margsinnis um allan heim: Láttu heimamenn ná niður orkuverðinu.

Kynningarefni Alcoa

Þrátt fyrir að íslenska ríkið hafi fært Alcoa milljarða í beinhörðum peningum, skattaafsláttum, niðurgreiddu rafmagni og náttúruverðmætum fær Alcoa að eigna sér þjóðgarðinn sem á að ná frá Skaftafelli niður Jökulsárgljúfur fyrir litlar 20 milljónir. Hér eftir verður allt myndefni af þessu svæði til reiðu í kynningarefni Alcoa og fyrirtækið getur sagt heiminum að öll þessi fegurð sé Alcoa að þakka. Þetta er eins og Bílaverkstæði Bödda fengi að nota Björk ókeypis í öllu kynningarefni þrátt fyrir að eigandinn hafi nýlega bakkað yfir hana.

Fyrirtæki sem stendur í mestu eyðileggingu á náttúrugersemum á Íslandi verður tákn fyrir verndun. Írónían er auðvitað sú að ekkert ógnar þessum svæðum nema einmitt áliðnaðurinn. Versti markaðsfræðingur í heimi getur séð að stórfyrirtæki ætti að borga milljarða fyrir að vera opinber verndari höfuðdjásna Íslanda og enn meira ef fyrirtækið er þekkt fyrir mengun og eyðileggingu.

Stjórnmálamenn og fjölmiðlar virðast ekki hafa ímyndunarafl til að sjá eða sýna okkur hvert þjóðin stefnir. Leiðin til álnauðar er vörðuð góðum ásetningi.

Stærsta álbræðsla heims

Nú þegar stefnir í að ársframleiðsla verði um 1,5 milljón tonn með álverum á Reyðarfirði, Hvalfirði, Húsavík og Helguvík og þrefaldri Straumsvík. En fjögur þeirra munu vilja eða neyðast til að tvöfaldast í framtíðinni. Það væri blekking að ímynda sér annað. Rannsóknir í Skjálfandafljóti, Héraðsvötnum, Kerlingarfjöllum, Torfajökulssvæði og Langasjó staðfesta hvert orkufyrirtækin stefna og að tæknileg markmið eru komin upp í tvær og hálfa milljón tonna. Sú staðreynd að Þjórsárver eru á ís sanna þennan vilja, annars væru þau sjálffriðuð. Orkufyrirtækin vilja gera Ísland að stærstu álbræðslu í heimi, á því leikur enginn vafi, verktakar vilja það, ASÍ vill þetta, Sjálfstæðisflokkurinn vill þetta, Framsóknarflokkurinn vill þetta og Samfylking hefur spilað með í mörgum bæjum.

Álið leitar í pólitík

Ef valdið er tafl eru venjulegir sveitarstjórnarmenn látnir glíma við stórmeistara í samningagerð sem hafa snúið á stjórnvöld og haft áhrif á lagasetningu í stærstu ríkjum veraldar. Á móti þessum stórmeisturum spila ráðamenn lúdó. Bisnessvit þeirra verður ekki í askana látið.

Century sem rekur álverið á Grundartanga er örfyrirtæki, það gæti auðveldlega runnið inn í Alcoa-samstæðuna. Þá mun Alcoa eiga fjórar verksmiðjur á Íslandi sem allar munu þurfa að tvöfaldast. Hvert leitar slíkt vald og slíkur vilji? Á meðan forstjóri Ossurar þarf ekki að ganga í miðstjórn Framsóknarflokksins til að hanna betri gervilimi og Marel þarf ekki á velvild ráðherra að halda til að þróa betri vinnslulínu, á meðan allt hið skapandi afl á Íslandi leitar í útrás, þá mun ál- og orkuiðnaðurinn standa í innrás og leita í pólitík enda byggist vöxturinn á aðgangi að helgustu véum þjóðarinnar og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands í loftslagsmálum.

Enginn fjölmiðill hefur viljað birta okkur í hvaða átt við erum að fara. Væri æskilegt að einn og sami aðili eignaðist fjórar verksmiðjur á Íslandi sem allar vilja stækka? Og þegar þau hafa stækkað, munu þau ekki vilja stækka? Er opið bókhald hjá stjórnmálaflokkum?

Leiðin til álnauðar er vörðuð góðum ásetningi. Þótt hver í sínu horni sé velviljaður er heildarmarkmiðið hrein yfirlýsing um fjandsamlega yfirtöku á íslensku atvinnulífi og náttúru. Næstu tvennar kosningar eru mikilvægustu kosningar Íslandssögunnar. Við erum að kjósa um það hvert Ísland stefnir. Á laugardag ætla þúsundir Íslandsvina að ganga niður Laugaveg klukkan 13:00 ásamt mörgum helstu tónlistarmönnum þjóðarinnar og mæla þannig með annarri framtíðarsýn.

Allir eru hvattir til að mæta.

Vorhret á sauðburði

UMRÆÐAN
SIGURÐUR SIGURÐSSON DÝRALÆKNIR SKRIFAR UM VORHRET

Þegar veðráttan lætur illa á sauðburði og gerir það nauðsynlegt að hýsa lambfé, jafnvel dögum saman, þá er hætta á ferðum varðandi heilsu og líf lambanna. Í þrengslunum magnast upp óhreinindi og oftast bleyta. Smitefni sem eru til staðar magnast upp og mest ef hlýtt er og raki í lofti og ef loftræsting í húsum er léleg. Meltingarfærasýking getur orðið af óhreinindum úr umhverfinu, sem berast á ull og spena ánna og í heyið.

Gegn því verður að vinna með lyfjum að sjálfsögðu, einkum ef lömbin fá rennandi niðurgang og hita. Til eru sérstakar sprautur með tilbúnu mauki, sem stuðlar að hollum gerlagróðri í meltingarfærunum, ef gefið er í tæka tíð, en AB-mjólk getur komið í þess stað í mörgum tilfellum, ekki síst ef menn eiga magaslöngu og kunna að nota hana. Gefa má allt að 30 ml sæmilega stórum lömbum. Ef lömbin geta kyngt má með gát sprauta sama magni upp í þau, en fara verður gætilega við það og gefa lömbunum nægan tíma, annars getur þeim svelgst á og lungnabólga orðið afleiðingin.

Ef lömbin eru farin að éta hey verður að gæta þess að heyið sé gott og alls ekki mengað Hvanneyrarveikisýklum (Listeria). Ef þau sýkjast af slíku heyi geta þau fárveikst og drepist, jafnvel mörg áður en vörnum verður við komið. Í slíkum tilfellum dugar ekki annað en nákvæm fúkkalyfjameðferð strax að dýralæknisráði. Þrengslin og óhreinindin magna upp hættu á sýkingu um sár af sprautum, merkingu og mörkun og einnig um naflastreng í nýfæddum lömbum. Af því getur hlotist blóðeitrun, ígerðir dreifðar um líkamann og liðabólgur, þ.á m. liðastirðnun. Gegn því má vinna með því að baða naflastrenginn á nýfæddum lömbum í joðlausn (jodofor með lanolini, spenadýfa).

Láta þarf merki, markahnífa og tengur liggja í joðlausninni. Notið einnota hanska, hafið joðlausnina rétt blandaða. Ef lömbin standa lengi inni eykst hætta á hvítvöðvaveiki eða stíuskjögri, en það útheimtir meðhöndlun með seleni og E-vítamíni. Fleira má tína til en allir sem á þurfa að halda ættu að hafa samband við dýralækni sinn og þar á meðal má hafa samband við mig undirritaðan hvenær sem er.

SENDIÐ OKKUR LÍNU
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.


Lottó
22 milljónir í fyrsta vinning!
Lýður Oddsson, Lottóvinningshafi
Þátttaka þín skiptir mig máli
Fjórfaldur pottur!
X-Lottó
ENNEMM / SÍA / NM21985

SAMUEL PEPYS (1633-1703), LÉST ÞENNAN DAG.

„Furðulegt að sjá hvernig góður kvöldverður og veisluhöld jafna allan ágreining.“

Bretinn Samuel Pepys hélt ítarlega dagbók sem gefin var út eftir dauða hans.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 26. MAÍ 1963

Afríkuríki taka sig saman

Þennan dag árið 1963 mynduðu 32 Afríkuríki bandalag. Tilgangur þessa var að gefa mannréttindabaráttu svartra í Afríku aukið vægi með sameinuðu átaki landanna.
Meginmarkmið var að afnema stjórn hvítra víðs vegar um álfuna. Aðildarríki bandalagsins lögðust á eitt um að styðja með vopnum og fjármunum baráttu svartra fyrir frelsi og eðlilegum réttindum í allri álfunni. Haile Selassie Eþíópíukeisari var helsti hvatamaður að stofnun samtakanna. „Megi þetta bandalag vaxa og dafna í þúsund ár,“ sagði Selassie við fundarmenn að loknum árangursríkum umræðum.

Á stofnfundinum var einnig rætt um stöðu blökkumanna í Bandaríkjunum og lýsti bandalagið yfir vonbrigðum með framgöngu lögreglu og stjórnvalda þar í landi. Stofnun þessara samtaka skapaði mikla samstöðu meðal almennings í Afríku, sem síðar leiddi til gríðarlegra breytinga á stjórnskipan í allri álfunni. Angóla, Suður-Afríka og Mosambík þurftu sérstaklega á miklum umbótum að halda. Höfuðstöðvar samtakanna voru í Addis Ababa, höfuðborg Eþíópíu, þar sem Haile Selassie, sem réttu nafni hét Ras Tafari Makonnen, sat á valdastóli og stjórnaði samtökunum.

MERKISATBURÐIR

1056 Fyrsti biskup Íslands, Ísleifur Gissurarson, er vígður. Hann sat í Skálholti.

1847 Jónas Hallgímsson skáld og náttúrufræðingur lést.

1889 Fyrsta lyfta Eiffelturnsins er opnuð almenningi.

1965 Ástralir senda átta hundruð hermenn til Víetnam þrátt fyrir hávær mótmæli almennings.

1983 Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar tekur við völdum.

1986 Evrópubandalagið tekur upp Evrópufánann.

1999 Enska knattspyrnuliðið Manchester United vinnur meistaradeild Evrópu og þar með hina eftirsóttu „þrennu“.

AFMÆLI

Ragnhildur Helgadóttir fyrrverandi þingmaður er 76 ára.

Jón Gunnarsson alþingismaður er 47 ára.

Jóhanna Vigdís Arnardóttir leikkona er 38 ára.

Kristinn Björnsson skíðamaður er 34 ára.

JARÐARFARIR

10.30 **Pálmi Guðmundsson** kennari, Lerkigrund 3, Akranesi, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju.

14.00 **Hallgrímur Guðjón Sigurðsson**, Bárugötu 22, Akranesi, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000.**

Ráðstefna um smávöruverslun

Alþjóðleg ráðstefna um vöxt smásöluverslunar í alþjóðlegu samhengi verður haldin í dag, föstudag, í Háskóla Íslands. Ráðstefnan er samvinnuverkefni viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands og breskra háskóla og er styrkt af Bakkavör.

Fyrirlesarar eru bæði frá Íslandi og Bretlandi. Ágúst Einarsson og Örn Daníel Jónsson prófessorar við viðskipta- og hagfræðideild halda fyrirlestra ásamt þeim Neil Wrigley og Mark Harvey sem einnig eru prófessorar. Frekari upplýsingar um dagskrá má finna á heimasíðu viðskipta- og hagfræðideildar. Ráðstefnan hefst klukkan 9.00 í Odda, stofu 101, og lýkur um klukkan tólf. Hún fer fram á ensku og er öllum opin.

VERSLUN Í dag verður haldin alþjóðleg ráðstefna um vöxt smávöruverslunar.

ÓMAR H. KRISTMUNDSSON **Að mati Ómars er hann einn þeirra sem fékk Rauðakrossbakteríuna sem fólk losna ekki við fyrr en það kemst inn í hreyfinguna.** FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

ÓMAR H. KRISTMUNDSSON: NÝR FORMAÐUR RAUÐA KROSS ÍSLANDS

Gott fólk og brýn verkefni

Á dögunum tók Ómar H. Kristmundsson við stjórnartaumum hjá Rauða krossi Íslands. Ómar er ekki ókunnur starfi Rauða krossins og var meðal annars í fjögur ár formaður Reykjavíkurdeildar Rauða krossins.

„Verkefni Rauða kross Íslands eru ótrúlega fjölbreytt. Flestir þekkja alþjóðlegu verkefnin sem við tökum þátt í en minna ber ef til vill á starfinu innanlands þó það sé ekki síður mikilvægt,“ segir Ómar. Verkefnin eru að sögn Ómars ekki af skornum skammti enda að mörgu að huga bæði hér á landi og annars staðar. „Rauði krossinn þarf alltaf að huga að tvennu. Hann er málsvari þeirra sem höllum fæti standa og ætlað að vinna að verkefnum til að leysa úr vanda þess hóps. Auðvitað getum við ekki alltaf leyst vandann en þá er þeim mun mikilvægara að við sinnum vel málsvarahlutverkinu.“

Að sögn Ómars felst í hlutverki formanns að leiða starf Rauða kross Íslands samkvæmt stefnu félagsins, samþykktum aðalfundar og ákvörðunum stjórnar. „Formaður stýrir fundum stjórnar félagsins en henni er ætlað að taka á öllum þeim stefnumálum sem hreyfingin í heild vinnur að. Rauði kross Íslands starfar í 51 deild en stjórn og starfsfólk landsfélagsins sinnir sameiginlegum verkefnum félagsins og alþjóðastarfi.“

Ómar hefur starfað með Rauða krossinum í nokkur ár og segist sjálfur hálfpartinn hafa slysast inn í starfið. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á þeim gildum sem Rauði krossinn stendur fyrir. Þetta byrjaði í rauninni á því að ég var beðinn um að starfa í nefnd á vegum Reykjavíkurdeildarinnar og þaðan varð ekki aftur snúið. Ég veit að þetta á við um marga sem hafa áhuga á þeim grundvallarmarkmiðum sem félagið stendur fyrir að þeir fá eiginlega Rauðkrossbakteríuna. Menn losna ekki við hana þegar þeir eru komnir inn í hreyfinguna.“ Varla þarf að ítreka að Ómar er mjög ánægður með að fá að starfa með Rauða krossinum. „Bæði er gott fólk sem starfar innan hreyfingarinnar og svo eru verkefnin brýn og áhugaverð.“

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sædísar Sigurbjargar Karlsdóttur
frá Bóndastöðum, Hjaltastaðarþinghá.

Hörður Rögnvaldsson
Margrét Elísabet Harðardóttir
Andrés Þórarinsson
Ingibjörg Harðardóttir
Katrín Rögn Harðardóttir
Jón Þór Daníelsson
Ólafur Tryggvi Mathiesen

barnabörn og barnabarnabörn.

LEGSTEINAR
Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara. Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.
Hafðu samband eða kynntu þér þjónustuna í verslun okkar.
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

BER VEL Í VEIÐI Í ARGENTÍNU Margan Íslendinginn klæjar eflaust í veiðifingurna og hlakkar til að dusta rykið af flugustönginni þegar laxveiðitímabilið hefst á ný þann fyrsta júní. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Endurbætt laug á Nesinu

Í dag geta Seltirningar og aðrir velunnarar sundlaugarinnar á Seltjarnarnesi tekið gleði sína á ný. Endurbótum er lokið á sundlauginni og getur almenningur því stungið sér þar til sunds frá og með deginum í dag en laugin er búin að vera lokuð síðan í nóvember á síðasta ári.

Breytingarnar eru bæði innan dyra sem úti í laug og felast meðal annars í nýjum búningsklefum og endurbótum á þeim sem fyrir voru. Útiklefum var einnig breytt og nýjar flísar lagðar á sundlaugarker. Börnin eru heldur ekki látin afskipt því byggðir hafa verið nýir barnapottar auk þess sem ný rennibraut og leiktæki fyrir börnin verða tekin í notkun.

SUNDLAUG SELTJARNARNESS Myndin er tekin fyrir breytingarnar

Árrisult áhugafólk getur lagt leið sína í laugina strax klukkan 6.50 þegar fyrstu gestunum verður hleypt ofan í endurbætta laugina. Laugin er annars opin í dag, eins og alla virka daga, til klukkan 20.30 og um helgar stendur hún gestum opin frá klukkan átta til 17.30.

Enn er tækifæri!

Nú þegar líður að lokun rýmingarsölu okkar bjóðum við enn betri afslátt.
Sumar vörur með allt að 90% afslátt!

83.300,-

Furuhornsófi:
Áður kr. 119.000,-
nú kr. 83.300,-
Áklæði: Rautt og blátt.

38.000,-

Sven
Sófi 225 sm.:
Áður kr. 119.000,-
nú kr. 83.300,-

Ótrúlegt en satt!

3.000,-

Áður kr. 16.000,-
nú kr. 3.000,-

3.900,-

Áður kr. 18.000,-
nú kr. 3.900,-

4.000,-

Áður kr. 18.900,-
nú kr. 4.000,-

Svona afslátt sérðu hvergi annars staðar!!

Sjónvarpsskápar
3.000,- stk.

Fleiri gerðir til af sjónvarpsskápum á sama verði!

Opið á morgun, laugardag kl. 11 -16.

Opið virka daga 10 - 18, laugardaga 11 - 16.

TM - HÚSGÖGN
Síðumúla 30 - Sími 568 6822
tmhusgogn.is

Grafíska smiðjan ehf. 0506

Tómatar eru hollir og ljúffengir, litfagrir og ómissandi á matborðið. Íslenskir grænmetisbændur bjóða neytendum upp á margar tegundir sem auka fjölbreytnina og möguleikana. Nú er rétti tíminn til að prófa þær allar.

www.islenskt.is

ljúffengar uppskriftir og fróðleikur

Fíton / SÍA FI017316

STUÐ MILLI STRÍÐA Sumarblóm í vorhríð

SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR MAN ÞAÐ SEM HÚN VILL MUNA

Mikið ertu bjartsýn sagði nágranni minn við mig í síðustu viku. Ég stóð þá úti í garði og var að gróðursetja blóm í potta, sumarblóm því sumarið var komið hélt ég í bjartsýni minni. Undanfarin sumur hef ég líka sett sumarblómin niður í júlí og heitið mér því að vera ekki jafn seint á ferðinni aftur. Því ákvað ég að bregða mér í blómabúð og kaupa mér nokkrar plöntur og hefja þannig garðræktina snemma og með stæl þetta árið. Nágranni minni sagðist fyrir löngu vera búinn að læra að setja ekki niður blóm fyrir sautjánda júní en ég lét þessi orð sem vind um eyru þjóta.

Nokkrum dögum síðar þaut vindurinn virkilega um eyru mín. Ískaldur norðanvindur. Ég var þá á leið út í bíl húfulaus að morgni í sumarjakka. Nýbúin að fara með ullarkápuna upp í geymslu fyrir sumarið. Þegar mér varð litið út um gluggann skömmu síðar snjóaði. Mér varð hugsað til blómanna í garðinum og velti því fyrir mér hvort ég væri ein um að vera svona afar bjartsýn. Ég komst reyndar að þeirri niðurstöðu að ég væri ekki bara bjartsýn heldur væri ég haldin ákveðnu minnisleysi. Þetta minnisleysi birtist meðal annars þannig að hvert ár þegar fyrstu hlýju dagarnir koma þá held ég að svona verði allt sumarið. Þegar sólin vermir og hlýr vindur leikur um vanga þá virkilega trúi ég að svona sé veðurfarið hér á landi. Ár hvert kemur skammdegið mér á óvart, ég trúi því varla hversu stuttur dagurinn er í desember. Svo þegar daginn lengir hratt í mars og apríl þá dásama ég það eins og slíkt hafi aldrei gerst áður. Þegar snjóar á veturna þá held ég að snjórinn muni vera um hríð og er alveg næstum því komin í Bláfjöll þegar hann rignir burt. Alltaf er ég jafn undrandi en glata greinilega ekki bjartsýninni eins og blómadæmið sannar.

Ég held reyndar að ég sé ekki sú eina sem er svona bjartsýn og gleymin. Held að við sem hér búum séum svona meira og minna – þess vegna búum við hér þrátt fyrir snjó í maí og annað rugl.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Överli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Afnemum VSK
af öllum Prostyle hágæða hjólum

26"hjól
City Cruiser

12"hjól 3-5 ára

Champion

Bremsur: Handbremsur að aftan og fótbremsa að framan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, bretti að aftan og að framan, keðjuhlíf, hjálpardekk, lás, bjalla.

"hjól 3-5 ára

Girl

Bremsur: Handbremsur að aftan og fótbremsa að framan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, bretti að aftan og að framan, keðjuhlíf, hjálpardekk, lás, bjalla.

16"hjól 5-7 ára

Bre
Hjól
ss

16"hj

keðjuhlíf.

20"hjól 7-9 ára



Eos Fatboy

Bremsur: Handbremsur að aftan og að framan
Dekk: Breitt 20" dekk að aftan, 24" dekk að framan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, aftan og að framan, lás, krómbretti að aftan, keðjuhlíf, bjalla.

20"hjól 7-9 ára

Queen

Gírar: 6 gíra.
Tegund gíra: Shimano grip shift.
Bremsur: Handbremsur að framan og að aftan.
Hjólinu fylgir: Glitaugu í pedölum, gjörðum, framan og að aftan, lás, bjalla, bretti að framan og að aftan.

Afnemum VSK
af öllum hjólum um helgina

Gildir til 29. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Kl. 20.00
Óperan La Pays eða Föðurlandið verður flutt í Hafnarhúsinu af Sinfóníuhljómsveit Íslands og þremur af ástsælustu söngvurum landsins, Sigrúnu Hjálmtýsdóttur, Bergþóri Pálssyni og Gunnari Guðbjörnssyni. Leikstjóri er Stefán Baldursson en hljómsveitarstjóri er Kurt Kopecky.

menning

menning@frettabladid.is

Maraþonsöngur á afmælisári

Félagsheimili Kópavogs mun óma á sjálfan kosningadaginn því skólakórar Kársness munu standa fyrir maraþonsöng frá morgni til kvölds. Þetta er í sjötta sinn sem kórarnir efna til slíkra tónleika og að sögn stjórnandans Þórunnar Björnsdóttur hefur fyrirkomulagið slegið í gegn hjá bæjarbúum og öðrum velunnurum kórsins. „Þetta eru afskaplega fjölskylduvænir tónleikar en 300 börn á aldrinum 8-16 ára koma fram og skipta með sér klukkutíma dagskrám. Fólk getur síðan komið og farið að vild en aðgöngumiðinn gildir allan daginn," útskýrir Þórunn.

SUNGIÐ MEÐ HJARTANU Skólakórar Kársness syngja maraþonsöng á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Meðal efnis á tónleikunum er dagskrá tileinkuð Halldóri Laxness en hana flytja elstu nemendurnir, vinningshafar úr söngvakeppnum grunnskólanna árið 1996 og 2006 taka lagið og Drengjakór Kársness stígur á stokk en þess má geta að það er eini drengjakór landsins sem starfar við grunnskóla.

Það mæðir mikið á kórstjóranum og undirleikaranum Marteini H. Friðrikssyni og Þórunn viðurkennir að þetta sé dálítið strembinn dagur enda er sungið frá klukkan níu um morguninn til fimm síðdegis. „Þetta eru milli 150-160 lög sem maður þarf að hafa á hreinu en við erum búin að undirbúa þetta vel," segir hún. Tónleikarnir marka lok afmælisárs kóranna í Kársnesi sem fagna 30 ára starfsafmæli um þessar mundir.

> Ekki missa af...

groovebox-kvöldi á Pravda Bar, gestir kvöldsins verða Hunk of a Man, Shaft, Ingvi og slagverksmeistarinn Ýmir. Stuðið stendur frá 22-06.

leikritinu Viltu finna milljón? í Borgarleikhúsinu. Farsi af bestu gerð og valinn grínari í hverju rúmi.

meistaraverki Haydns, Sköpuninnni, sem Sinfóníuhljómsveit Norðurlands flytur í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði á annað kvöld kl. 20.

ÞRÍR HLUTU VERÐLAUN FYRIR FRAMLAG SITT TIL BARNAMENNINGAR Á ÍSLANDI Harpa Þórsdóttir tók við verðlaunum fyrir hönd Bjarkar Bjarkadóttur, rithöfundurinn og myndlistarkonan Sigrún Eldjárn og Sigurður Skúlason sem tók við verðlaununum fyrir hönd Bernds Ogrodnik.

Verðlaunahafar IBBY

Félagið IBBY á Íslandi hefur frá árinu 1987 veitt einstaklingum og stofnunum viðurkenningar fyrir framlag til barnamenningar á Íslandi. Fimmtíu aðilar hafa hlotið þessar viðurkenningar. Síðastliðinn þriðjudag voru verðlaunin afhent við hátíðlega athöfn en þau hlutu að þessu sinni myndlistarkonan og rithöfundurinn Sigrún Eldjárn, brúðumeistarinn Bernd Ogrodnik og rithöfundurinn Björk Bjarkadóttir.

Sigrún Eldjárn hefur gefið út 34 bækur og hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir störf sín, hún hefur meðal annars verið tilnefnd til Norrænu barnabókaverðlaunanna og til H.C. Andersen verðlaunanna.

Bernd Ogrodnik hefur verið mjög afkastamikill í leiksýningum á Íslandi að undanförnu og gerði meðal annars hinar fjölmörgu brúður sem komu fram í sýningunni Klaufar og kóngsdætur en hönnun þeirra og stjórnun var alfarið í höndum Bernds. Sýningin hlaut m.a. leiklistarverðlaun Íslands, Grímuna, sem barnaleiksýning ársins 2005. Bernd býr til allar sínar brúður sjálfur og hefur heimsótt flesta leikskóla á Íslandi með leikbrúðusýningar en með því starfi telur hann að börnin fái að kynnast listinni nógu snemma og búi að því alla ævi.

Rithöfundurinn Björk Bjarkadóttir býr og starfar í Osló en hún hefur meðal annars gert fimm myndabækur fyrir yngstu börnin, til dæmis er hún höfundur bókarinnar Leyndarmálið hennar ömmu.

Við sama tilefni var goðsagnabókin „Heil brú" kynnt en bókin sú var unnin með þeim óvenjulega hætti að fyrst voru myndirnar teiknaðar en sagan skrifuð á eftir. Myndlistarmenn völdu efni úr goðafræðinni og teiknuðu út frá því. Síðan fengu þeir rithöfunda í lið með sér til að ljúka verkinu. Bókin er gefin út í samvinnu IBBY á Íslandi og Eddu útgáfu en meðal höfunda bókarinnar eru Halldór Baldursson og Sjón og Sigrún og Þórarinn Eldjárn.

- khh

Óþekkir femínistar á NFS

Tvær ungar konur úr Reykjavík ætla að leggja sitt af mörkum til að opna augu almennings fyrir jafnréttismálum en þær munu bregða sig fyrir gleraugum femínista í sjónvarpsþætti á NFS, enda segjast þær líta á sig sem málsvara markmiðsins að ná fram fullu jafnrétti kynjanna. Og enn verður baráttunni sinnt, launalaust.

Auður Alfífa Ketilsdóttir og Kristín Tómasdóttir hafa báðar verið virkar í Femínistafélagi Íslands og oftar en einu sinni komið fram í fjölmiðlum til að ræða málefni sem varða jafnrétti kynjanna. Stöllurnar eru því ekki ókunnar sviðsljósinu en þær eru umsjónarmenn nýs sjónvarpsþáttar sem hóf göngu sína á NFS um síðustu helgi.

Þátturinn fjallar um konur og femínisma. „Það er náttúrulega frábært að stjórna þætti sem tekur á viðfangsefni sem lýtur að meginhugðarefnum okkar," segir Kristín en bætir við að þær fái að vísu engin laun greidd fyrir þáttinn og verði því að reiða sig á frjáls framlög frá fyrirtækjum. „Við erum enn ekkert farnar af stað með þá vinnu að fá styrkveitingar frá fyrirtækjum en erum vongóðar um að okkur verði vel tekið. Langflest fyrirtæki í landinu eru orðin meðvituð um hversu miklu þátttaka þeirra skiptir í umræðunni um kynjajafnrétti," heldur Kristín áfram.

„Það eru svo mörg mál í kvennabaráttunni sem enn eru óleyst en við ætlum okkur að fjalla um þau í þáttunum með aðstoð sérfræðinga. Það verður að leggja áherslu á að femínismi kemur öllum við og á erindi inn í svo margt í þjóðfélagsumræðunni. Sumir líta þetta hugtak neikvæðum augum og það verður að leiðrétta," segir Kristín með áherslu. Aðspurð um titil þáttarins „Óþekkt", segir Kristín að hann hafi verið hugsaður í þeirri tvíræðu merkingu að vísa annars vegar í lýsingarorðið „óþekktur" og hins vegar í nafnorðið „óþekkt". Þegar Kristín er innt eftir því hvort þær stöllurnar telji sig vera óþekkar með því að fjalla um ýmis mál sem varða hagsmuni kvenna, svarar hún því játandi. „Sérstaklega þar sem við verðum aðallega með konur sem viðmælendur má segja að við séum í einhverjum skilningi óþekkar og án efa er það óþekkt fyrirbæri að tala eingöngu við konur þegar kemur að heitri samfélagsumræðu. Þetta er þáttur sem stjórnað er af konum og er um konur, en ætti að höfða til allra sem láta sig málefnið varða af einhverju viti," segir Kristín að lokum.

Í fyrsta þættinum var talað við frambjóðendur frá öllum listum í Reykjavík um kynjapólitík í borginni og jafnréttismál en þátturinn verður framvegis á dagskrá NFS kl. 10 á laugardögum.

- brb

KRISTÍN TÓMASDÓTTIR OG AUÐUR ALFÍFA KETILSDÓTTIR Stjórnendur þáttarins Óþekkt á NFS.

Valborg Sigurðardóttir fyrrum skólastjóri Fósturskóla Íslands rekur sögu menntunar kvenna á einfaldan og læsilegan hátt.

„Bókin er einstök heimild um menntunarsögu íslenkra kvenna og ekki spillir að Valborg hefur sjálf lifað þá sögu sem hún segir."
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir

„Áhugaverð og skemmtileg bók fyrir alla háskólanema."
Droplaug Margrét Jónsdóttir verðandi MA í mannfræði frá H. Í.

„Bók Valborgar er vönduð og glæsileg í alla staði og prýdd fjölmörgum athyglisverðum og skemmtilegum myndum."
Inga Dóra Sigfúsdóttir *Þjóðmálum*

„Fróðleg bók sem snertir ýmsa þætti þeirrar jafnréttisumræðu sem verið hefur ofarlega á baugi að undanförnu."
Jón Þ. Þór *Morgunblaðinu*

BÓKAFÉLAGIÐ

Leirlistakonur í Hönnunarsafni

Nú stendur yfir samsýning leirlistakvennanna Guðnýjar Magnúsdóttur, Koggu og Kristínar Sigfríðar Garðarsdóttur í Hönnunarsafni Íslands við Garðatorg. Sýningin ber heitið „3X3" en um er að ræða þriðju samsýningu þessara virtu listamanna en þar gefur að líta bæði skrautmuni og nytjagripi.

Kristín Sigfríður eða Subba lauk námi við Myndlistar- og handíðaskóla Íslands 1997. Hún nam síðan við Danmarks Design Skole í Kaupmannahöfn 1998-1999 með aðaláherslu á leir og gler. Hún rekur verslunina Kirsuberjatréð ásamt níu íslenskum hönnuðum, vinnustofuna Stúdíó Subbu í Kópavogi og einnig gallery r-21 í Kaupmannahöfn ásamt listamönnum frá Norðurlöndunum. Kristín Sigfríður hefur jafnframt kennt keramik við Listaháskóla Íslands og Myndlistaskólann í Reykjavík.

Kolbrún Björgólfsdóttir, Kogga, á að baki fjölbreyttan feril í grein sinni, og notar helstu aðferðir sem nú tiðkast í leir- og postulínsbrennslu og eru verk hennar þekkt fyrir margslungnar skreytingar þeirra, Verk hennar, bæði ílát og skúlptúrar, virðast í senn efnismikil og lauflétt, virðuleg og gáskafull. Kogga rekur vinnustofu og verslun á Vesturgötu 5 í Reykjavík.

Guðný hefur stundað nám og störf bæði hérlendis og í Finnlandi frá árinu 1970 og líkt og starfssystur sínar hefur hún haldið fjölda sýninga og tekið þátt í samsýningum. Verk hennar má sjá víða á opinberum stöðum og á söfnum bæði hér heima og erlendis. Guðný rekur Studio Umbra í Reykjavík.

Sýningin stendur til 18. júní.

- khh

KRISTÍN SIGFRÍÐUR GARÐARSDÓTTIR Subba sýnir í Hönnunarsafni Íslands með listakonunum Koggu og Guðnýju Magnúsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

tab
ÍTALÍA

tilboð!

HEILIR STURTU KLEFAR

MEÐ ÖLLU

80x80 eða 90x90

Hitastýrð blöndunartæki

8 nuddstútar

Sæti

VERÐ FRÁ 69.900

BESTA VERÐIÐ FLOTTARI VARA

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

Café/Restaurant
KRINGLU KRÁIN
á góðri stund
Stuðbandalagið frá Borgarnesi í kvöld
Stór og fjölbreyttur sérréttaseðill ásamt tilboðsseðli öll kvöld.

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar
LAU. 27. MAÍ KL. 15 - Aukasýning
LAU. 27. MAÍ KL. 19 - UPPSELT
LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAU. 3. JÚNÍ KL. 22 - Aukasýning
FIM. 8. JÚNÍ KL. 19 - Aukasýning
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - NOKKUR SÆTI LAUS
„Besta söngleikjauppfærsla ársins"
S.S - Fréttablaðið
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn
ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
FAGNAÐUR
7. sýn. í kvöld fös. 26/5 nokkur sæti laus, 8. sýn. lau. 27/5, 9. sýn. sun. 28/5 nokkur sæti laus. Allra síðustu sýningar í vor.
GALDRASKYTTAN - DER FREISCHÜTZ
Frumsýning fös. 2/6 örfá sæti laus, mið. 7/6, fös. 9/6, lau. 10/6. Aðeins þessar 4 sýningar. Samstarfsverkefni Sumaróperunnar, Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins, Dansleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.
KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Sala hafin á sýningar í september.
Fös. 15/9 nokkur sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 nokkur sæti laus.
UMBREYTING - LJÓÐ Á HREYFINGU
Í kvöld fös. 26/5 nokkur sæti laus, lau. 27/5, sun. 28/5. Síðustu sýningar í vor.
Brúðuleikhús fyrir fullorðna.
Samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.
ÞURÍÐUR OG KAMBSRÁNIÐ
Fös. 2/6. Leikfélag Selfoss - Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins.
LEIKHÚSKJALLARINN
Art, Truth and Politics - Nóbelsræða Harolds Pinter.
Upptaka sýnd í Leikhúskjallaranum að loknum sýningum á Fagnaði.
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.
MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ
RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 28/5 kl. 14 UPPS.
SÍÐASTA SÝNING Í VOR.
Miðasala hafin á sýningar í haust!
NAGLINN
Fi 1/6 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING
TENÓRINN
Lau 27/5 kl. 19 ALLRA SÍÐASTA SÝNING
ATHUGIÐ: Breyttan sýningartíma
FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Í kvöld kl. 20 UPPS. Í kvöld kl. 22:30
Su 28/5 kl. 20 UPPS. Fi 1/6 kl. 20 UPPS.
Fö 2/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 22:30
Má 5/6 kl. 20 Þri 6/6 kl. 20
UPPS. Fö 9/6 kl. 20 UPPS. Fö 9/6 kl. 23
Má 12/6 kl. 20 Þri 13/6 kl. 20
25 TÍMAR
DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 2006
9 verk verða frumsýnd sem keppa til verðlauna.
Fi 8/6 kl. 20
Teldu mig með. Höf. Ólöf Ingólfsdóttir og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachman.
Elsku bróðir. Höf. Steinunn Ketilsdóttir.
Blind ást. Höf. Rebekka Rán Samper.
Tommi og Jenni. Höf. Elma Backman, Stefán Hallur Stefánsson ogHalldóra Malín Pétursd.
Boðorðin 10. Höf. Marta Nordal.
Guðæri. Höf. Ólafur Darri Ólafsson og Lovísa Ósk Gunnarsdóttir
Dillir dó og Dummi. Höf. Benóný Ægisson.
Shoe size nine months. Höf. Peter Anderson.
Stigma. Höf Andreas Consantinou.
MIÐAVERÐ 2.500. Miðasala hafin.
VILTU FINNA MILLJÓN?
Í kvöld kl. 20 UPPS. Mi 31/5 kl. 10 UPPS.
Fö 2/6 kl. 20 UPPS. Lau 3/6 kl. 20 UPPS.
Má 5/6 kl. 20 Fi 8/6 kl. 20 UPPS.
Fö 9/6 kl. 20 Lau 10/6 kl. 20 UPPS.
Fi 15/6 kl. 20 Sun 18/6 kl. 20
HLÁTURHÁTÍÐ
Su 28/5 kl. 20:00
HLÁTURNÁMSKEIÐ MIÐAVERÐ 1.000
Ásta Valdimarsdóttir og Kristján Helgason kenna hláturjóga.
RONJUVÖRUR
Bolir, sundpokar, nælur, geisladiskur ofl.
Fæst í miðasölu Borgarleikhússins.
Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

Almodovar þykir sigurstranglegur

Spænski leikstjórinn Pedro Almodovar hefur gert stormandi lukku á kvikmyndahátíðinni í Cannes með nýjustu mynd sinni Volver. Myndin þykir líkleg til að hreppa Gullpálmann á sunnudaginn en hún keppir við 19 aðrar myndir um þau eftirsóttu verðlaun. Gagnrýnendur hafa keppst við að lofa Volver og segja að með henni leiti Almodovar aftur til róta sinna og myndin flokkist með því besta sem hann hefur gert. Meðaleinkunn myndarinnar í samantekt tímaritsins Screen Daily er 3,4 en meðaleinkunn myndanna sem kepptu um Gullpálmann í fyrra var 2,16 þannig að Almodovar er vel yfir því.

Leikstjórinn Alejandro Gonzales Inarritu er að mati gagnrýnenda líklegastur til að ógna Almodovar en mynd hans Babel, með Brad Pitt og Cate Blanchett í aðalhlutverkum, hefur einnig fengið prýðilega dóma. Southland Tales, eftir Richard Kelly, er almennt talin mestu vonbrigði hátíðarinnar en þessi ungi leikstjóri vakti mikla athygli árið 2001 með Donnie Darko og þá vöknuðu strax upp spurningar um hvort honum myndi takast að fylgja henni eftir með sannfærandi hætti. Southland Tales er því miður ekki svarið sem fólk vað að vonast eftir.

Fast Food Nation eftir Richard Linklater þykir ekki nema miðlungsgóð mynd og þó að Ken Loach hafi fengið þolanlega dóma fyrir The Wind That Shakes the Barley var búist við meiru frá þeim trausta leikstjóra. Þá þykir finnski leikstjórinn Aki Kaurismaki ekki skila neitt sérstöku dagsverki með Laitakaupungin Valot, eða Ljósin í húminu, en hann var forseti dómnefndarinnar í fyrra.

Volver skartar Penelope Cruz í

PENÉLOPE CRUZ Í miklu uppáhaldi hjá Almodovar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

aðalhlutverki og þykir hún sýna stórleik og með viðtökunum sem hún er að fá í Cannes má segja að Evrópa sé að bjóða hana velkomna heim en hún hefur á undanförnum árum starfað í Hollywood með æði misjöfnum árangri. Almodovar fer ekki leynt með aðdáun sína á Cruz en hún lék síðast fyrir hann í All About My Mother árið 1999. „Ég vissi alveg að hún myndi valda þessu hlutverki og það er eins og að horfa á allt aðra manneskju þegar maður ber hana saman við Hollywoodmyndirnar," sagði Almodovar í samtali við Fréttablaðið í Cannes.

Penelope Cruz er ekki eini leikarinn sem hefur öðlast heimsfrægð og vinsældir eftir samstarf sitt við Almodovar þar sem Antonio Banderas á svipaða sögu. Þegar Almodovar var spurður að því hvort hann myndi næst sækja Banderas frá Hollywood sagðist hann ekki telja það líklegt. „Ég myndi gjarnan vilja vinna aftur með hæfileikafólki sem ég hef unnið með áður og Antonio og Victoria Abril koma strax upp í hugann en ég held að ég hafi ekki lengur efni á Antonio." **thorarinn@frettabladid.is**

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

23 24 25 **26** 27 28 29

Föstudagur

TÓNLEIKAR

- 20.00 **Kvennakórinn Crescento** kemur fram í **Norræna húsinu**.
- 20.00 Hljómsveitirnar **Mount Eerie** (áður **The Microphones**), **Woelv** og **Micah Blue Smaldone** spila á **Kaffi Hljómalind** ásamt söngkonunni **Lay Low**.
- 21.00 **Þröstur Jóhannesson** flytur tónleikadagskrána **Aðra sálma** í **Fríkirkjunni í Reykjavík**.

SKEMMTANIR

- 00.00 Dúettinn **Sessý og Sjonni** leikur á **Paddy's** í **Reykjanesbæ**. Svöl tónlist úr öllum áttum og gargandi gleði. Frítt inn.

LISTAHÁTÍÐ

- 11.00 **Masterklass** í **Íslensku óperunni** á vegum sönghópsins **I Fagiolini.**
- 17.00 Sönghópurinn **I Fagiolini** flytur tón- og leikverkið **L'Amfiparnaso** eftir ítalska tónskáldið **Orazio Vecchi** í Íslensku óperunni. Sögumaður er **Hilmir Snær Guðnason**.
- 19.00 **Benedikt Erlingsson** flytur einleik sinn **Mr. Skallagrímsson** í **Landnámssetrinu** í **Borgarnesi**.
- 20.00 Franska óperan **Le Pays** verður flutt í porti **Hafnarhússins** af **Sinfóníuhljómsveit Íslands** og þremur einsöngvurum. Leikstjóri er **Stefán Baldursson** en **Kurt Kopecky** stýrir sveitinni.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

FRANSKA ÓPERAN LE PAYS EÐA FÖÐURLANDIÐ VERÐUR FLUTT Á LISTAHÁTÍÐ Í KVÖLD
Bergþór Pálsson og Sigrún Hjálmtýsdóttir í hlutverkum Kötu og sjómannsins Tual.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Föðurlandið í Hafnarhúsinu

Í kvöld verður óperan Le Pays flutt í porti Hafnarhússins við Tryggvagötu. Ópera þessi er eftir franska tónskáldið Joseph-Guy Ropartz og eina ópera heimsbókmenntanna sem gerist á Íslandi en er samin af erlendu tónskáldi. Verkið var samið á árunum 1908-1910 en þar segir af samskiptum fransks skútusjómanns við eyjaskeggja og örlagaríku ástarævintýri hans. Skúta strandar í ofviðri en sjómaðurinn Tual kemst af og er honum bjargað af bónda í nágrenninu. Dóttir bóndans hjúkrar sjómanninum til lífs og fella þau hugi saman með hádramatískum afleiðingum. Enginn prestur er á svæðinu svo þau sverja eiða sína við kviksyndi eitt og heita því að láta kviksyndið gleypa sig verði tryggðarrof þeirra í millum. Síðar verður dóttirin verður barnshafandi en sjómaðurinn fær heimþrá og æðir af stað þegar hann fréttir að landar hans séu staddir á Seyðisfirði en þá verður kviksyndið á vegi hans og hann ferst á þeim örlagabletti.

Efnið er byggt á sönnum atburðum sem áttu sér stað við strendur Íslands árið 1873 en óperutextinn er saminn upp úr smásögunni „L'Islandaise" sem kom út í smásagnasafni rithöfundarins Le Goffics árið 1910.

Tónlistin er samin í anda síðrómantíska tímabilsins og minnir um margt á verk Puccinis og Richards Strauss en hefur verið lýst sem fagurri og dramatískri. Sungið er á frönsku en texta óperunnar verður varpað á skjá til hagræðis fyrir áhorfendur.

Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur óperuna ásamt þremur af ástsælustu söngvurum landsins, Sigrúnu Hjálmtýsdóttur, Bergþóri Pálssyni og Gunnari Guðbjörnssyni, en þetta er í fyrsta skipti sem hljómsveitin leikur á þessum sérstaka tónleikastað. Leikstjóri sýningarinnar er Stefán Baldursson en Kurt Kopecky stýrir hljómsveitinni. Um ljósahönnun sér Björn Bergsteinn Guðmundsson en útlit og búninga annast Filippía Elísdóttir. Lára Stefánsdóttir dansari kemur einnig fram í sýningunni og bregður sér í ýmis hlutverk, þar á meðal í hrafnslíki.

Aðeins tvær sýningar verða á óperunni, í kvöld kl. 20 og hin síðari á morgun laugardag kl. 16.

- khh

Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

Sköpunarsmiðja í Fellaskóla

Menntaráð Reykjavíkur veitti tíu milljónir króna til uppbyggingar hugmynda- og sköpunarsmiðju fyrir grunnskólanema við hátíðlega athöfn í Fellaskóla á miðvikudaginn, er þar mun starfsemin fara fram. Húsnæðið verður gert upp í sumar þannig að listastarfsemi geti hafist þar á næsta skólaári. Megináhersla verður lögð á myndmennt en einnig er gert ráð fyrir aðstöðu þar sem ungt fólk getur samþætt aðrar listgreinar, svo sem tónlist, leiklist og upplýsingatækni.

Stefán Jón Hafstein er formaður menntaráðs Reykjavíkur en samkvæmt honum mun þetta verkefni verða til þess að möguleikar grunnskólanema á fjölbreyttari valgreinum aukast. „Fellaskóli í Breiðholti er í hverfi sem er einkar fjölmenningarlegt og því er skólinn vel í sveit settur til að ýta undir uppbyggingu þess fjölmenningarlega auðs sem þar býr en í sköpunarsmiðjunni verður lögð áhersla á fjölbreytileika og leitast við að koma til móts við nemendur af ólíkum uppruna," segir Stefán.

Annað verkefni sem einnig var kynnt til sögunnar við sömu athöfn lýtur að samstarfi Reykjavíkurborgar og Listahátíðar. Samningur þessa efnis var gerður árið 2004 og miðar hann að þriggja ára samstarfi þar sem gert er ráð fyrir aðkomu grunnskólanema í viðburðum Listahátíðar. Í þessu samhengi hafa 232 grunnskólanemar úr 5 skólum unnið að undanförnu að ýmsum listaverkum í sköpunarsmiðju listamanna í Viðey, til að mynda vídeóverki, gifsverki í sjó, listaverki í holu og fleiru. „Þetta er stórskemmtilegt verkefni enda verða mörg frumleg verk til sýningar í Viðey." Afrakstur vinnu barnanna er til sýnis í sal Orkuveitunnar í Reykjavík. „Ég hvet sem flesta til að mæta og upplifa hvað unga kynslóðin hefur fram að færa til listsköpunar í landinu," segir Stefán Jón að lokum.

-brb

STEFÁN JÓN HAFSTEIN FORMAÐUR MENNTARÁÐS REYKJAVÍKURBORGAR OG KRISTÍN JÓHANNESDÓTTIR AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRI FELLASKÓLA Hugmynda- og sköpunarsmiðja sett á laggirnar í Fellaskóla.

ÚR VERKINU OBSTRUCTSONG EFTIR PALLE GRANHØJ Þrjár spennandi danssýningar í Borgarleikhúsinu um helgina.

Átök, daður og endalaus þrá

Dansunnendur kætast nú um helgina því góðir gestir munu sækja heim Íslenska dansflokkinn og sýna þrjú spennandi en ólík dansverk í Borgarleikhúsinu í samstarfi við Listahátíð. Heimsóknin er liður í evrópska samstarfsverkefninu Trans Dance Europe sem flokkurinn hefur verið aðili að síðan árið 2000. Katrín Hall, listrænn stjórnandi Íslenska dansflokksins, útskýrir að verkefnið hafi þróast út frá samvinnu sjö af níu menningarborgum Evrópu sem efndu til verkefnisins á sínum tíma en í því felst að dansarar og danshöfundar frá þátttökulöndunum sjö heimsækja og dvelja í hinum löndunum, semja verk þar og ferðast síðan áfram með það.

Sýningarnar þrjár koma frá Danmörku, Belgíu og Póllandi. Frá Árósum kemur danshöfundurinn Palle Granhøj en verk hans „OBSTRUCTSONG" hverfist um erótík, átök og þrá. „Þetta er afskaplega falleg sýning, það er mikið leikið með samspil líkama og radda. Dansararnir sjálfir flytja mestan hluta tónlistarinnar. Lýsingin er sérstök og þau eru með mjög skemmtilega notkun á ljósum þar sem þau afmarka rýmið," segir Katrín. „Frá Belgíu kemur mjög þekktur jaðardansflokkur og flytur verkið Helium en flokkurinn hefur getið sér gott orð fyrir frekar framsæknar sýningar. Þar er unnið með samspil leikhúss og dans." Þriðji hópurinn er frá leikhúsinu Dada von Bzdülöw í Póllandi en Katrín Hall útskýrir að verkið Magnolia sé dúett eftir ungan og upprennandi danshöfund sem hefur samið verk um samskipti milli karls og konu, þessa ævarandi uppsprettu lista og sköpunar.

„Verkið We Are All Marlene Dietrich FOR er okkar framlag í þetta verkefni en við gengum skrefinu lengra í samstarfinu," segir Katrín. Íslenski dansflokkurinn fór í beint samstarf við slóvenska listamenn sem sýna verkið með Íslenska dansflokknum auk annarra erlendra listamanna en meðhöfundur sýningarinnar ásamt dansaranum Ernu Ómarsdóttur er slóvenski leikstjórinn og sviðslistamaðurinn Emil Hrvatin.

Nú er þessum síðari hluta verkefnisins að ljúka en Katrín segir að framkvæmd þess hafi haft gífurlega mikla þýðingu fyrir flokkinn. „Marlene Dietrich sýningin er sú sem Íslenski dansflokkurinn hefur ferðast hvað víðast með. Ég held að hún hafi farið til sextán borga frá því í febrúar í fyrra og nú um daginn vorum við með þrjár sýningar hérna heima, nánast fyrir fullu húsi á Stóra sviðinu og standandi uppklapp í hvert sinn. Viðtökurnar hafa verið frábærar og þetta hefur opnað okkur dyr og breytt mörgu. Í kjölfar þessara sýninga eru heilmikil fundahöld því umsjónarmenn og aðstandendur þeirra koma hingað til lands, meðal annars til þess að funda um áframhaldandi samstarf.

Sýningarnar þrjár fara fram í Borgarleikhúsinu, danska og belgíska verkið verða flutt á morgun, en pólska verkið á sunnudaginn.

-khh

Stórviðburðir á Listahátíð

Tónlistarhópur ársins í Bretlandi - I Fagiolini

Gleðileikurinn L'Amfiparnaso
í Íslensku óperunni 25. maí kl. 20.00 og 26. maí kl.17.00.
Sögumaður: Hilmir Snær Guðnason
Brennandi hjarta Monteverdis
í Kirkju og menningarmiðstöðinni Eskifirði 27. maí kl. 16.00 og Íslensku óperunni 28. maí kl. 17.00.
Miðaverð: 3.200 kr.
Í samstarfi við Íslensku óperuna.
Landsbankinn

Le Pays

Ástsælustu söngvarar þjóðarinnar Sigrún Hjálmtýsdóttir, Gunnar Guðbjörnsson, Bergþór Pálsson og Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflytja Le Pays / Föðurlandið.
Týnda óperan sem gerist á Íslandi!
Í porti Hafnarhússins. Fyrri sýning 26. maí kl. 20.00, seinni sýning 27. maí kl. 16.00.
Miðaverð. 3.900 kr.
Aðeins þessar tvær sýningar
Alfesca

Miðnæturmúsík

Vorvindar með Tríói Björns Thorddsen og Andreu Gylfadóttur
Nýjar útsetningar á íslenskum sönglögum frá fyrri hluta síðustu aldar.
Iðnó, laugardagskvöldið 27. maí kl. 23.30.
Miðaverð 2.300 kr.

Sunnudagsmorgnar með Schumann

3. hluti

Píanótónleikar í Ými
Flytjandi: Kristín Jónína Taylor
Efnisskrá: Fantasía í C dúr ópus 17, Kreisleriana ópus 16.
Sunnudaginn 28. maí kl. 11.00 fyrir hádegi.
Miðaverð 2.500 kr.

KB BANKI
ICELANDAIR
SAMSKIP
Radisson SAS
www.listahatid.is
Listahátíð í Reykjavík 2006 hátíðin

Miðasalan Bankastræti 2:
Opin virka daga kl. 12 til 18, um helgar kl. 12 til 16.
Sími 552 8588 – Miðasala á netinu á www.listahatid.is
Miðasala við innganginn hefst klukkustund fyrir viðburð

Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

Lára: Þögn, Teitur: Stay Under the Stars, Heavy Trash: Heavy Trash, Powersolo: Egg, Violent Femmes: Live in Iceland, Neil Young: Living with War, The Triffids: Born Sandy Devotional og Quasi: When the Going Gets Dark.

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Tólf tíma rokkmaraþon

Hljómsveitirnar The Foghorns og Reykjavík! ætla að brydda upp á nýjung í tónleikahaldi með því að halda maraþontónleika á morgun.

Sveitirnar munu spila nánast viðstöðulaust í einar tólf klukkustundir með tilheyrandi blóði, svita og tárum. Gjörningurinn fer fram á þremur tónleikastöðum í miðborg Reykjavíkur; í Smekkleysubúðinni, Kaffi Amsterdam og á Grand Rokk, þar sem Morðingjarnir halda útgáfutónleika sína.

REYKJAVÍK! Hljómsveitin Reykjavík! gefur út sína fyrstu plötu í byrjun júní.

„Bart Cameron úr The Foghorns stakk upp á þessu við okkur. Við endumst yfirleitt ekki í tuttugu mínútur á sviði þannig að þetta er ákveðin áskorun og ögrun," segir Haukur S. Magnússon úr Reykjavík! „Hann hefur lengi langað til að gera þetta og hann ákvað að hrekkja okkur með því að fá okkur með sér."

Þetta verða síðustu tónleikar Reykjavík! í tvo mánuði en útgáfutónleikar sveitarinnar eru fyrirhugaðir snemma í ágúst.

Reykjavík! skrifaði nýverið undir útgáfusamning við 12 Tóna og er fyrsta plata sveitarinnar, Glacial Landscapes, Religion, Oppression and Alcohol, væntanleg í byrjun júní.

Í tilefni þess að platan er tilbúin spilar sveitin á Grand Rokk í kvöld. Einnig koma fram Hairdoctor og Lack of Talent. Aðgangseyrir er 500 krónur fyrir þá sem mæta eftir klukkan 23.00.

> Plata vikunnar

Red Hot Chili Peppers: Stadium Arcadium

„Níunda breiðskífa Red Hot Chili Peppers hefur allt sem gerir sveitina að einni vinsælustu sveit heims. Kannski aðeins of mikið af því, því það tekur 2 klukkustundir að hlusta á öll 28 lögin. Skotheldur pakki fyrir aðdáendur og plata sem á eflaust eftir að stækka hlustendahóp sveitarinnar, ef það er þá mögulega hægt." **BÖS**

X-DÓMÍNÓSLISTINN

TOPP TÍU LISTI X-FM

1. **WOLFMOTHER** DIMENSION
2. **TOOL** VICARIOUS
3. **EDITORS** ALL SPARKS
4. **WEEZER** THIS IS SUCH A PITY
5. **SNOW PATROL** YOU´RE ALL I HAVE
6. **THE RACONTEURS** STEADY AS SHE GOES
7. **THE FLAMING LIPS** YEAH YEAH YEAH SONG
8. **MEW** THE ZOOKEPERS BOY
9. **RED HOT CHILI PEPPERS** DANI CALIFORNIA

WOLFMOTHER Bandaríska tríóið Wolfmother er á toppi X-Dómínóslistans með lagið Dimension.

SMS

UM NÝJUSTU PLÖTURNAR

Pearl Jam: Pearl Jam

„Nýjasta afurð Pearl Jam á eftir að halda aðdáendum sáttum. Allir hinir eiga þó líklegast bara eftir að halda það áfram að sveitin hafi hætt fyrir áratug." **BÖS**

Jet Black Joe: Full Circle

„Ekkert kemur á óvart á fyrstu hljóðversplötu Jet Black Joe í tólf ár. Nokkur lög á plötunni gætu þó komist í hóp með þeim bestu í sögu sveitarinnar." **FB**

Snow Patrol: Eyes Open

„Fylgifiskur Final Straw er jafn grípandi og lagið Run. Hetjuleg og hugljúf á réttum stöðum. Coldplay er komið með alvöru andstæðing í keppninni um vinsælustu indípoppsveit Breta." **BÖS**

Tool: 10.000 Days

„Nýja Tool platan er alveg jafn fullkomin og ég leyfði mér að vonast eftir. Í einu orði sagt, meistaraverk!" **BÖS**

Ýmsir: Litla hryllingsbúðin

„Skemmtileg plata þar sem hópur sterkra söngvara stendur fyllilega fyrir sínu. Andrea Gylfadóttir gnæfir þó upp úr sem plantan Auður II." **FB**

The Fiery Furnaces: Bitter Tea

Fjórða plata The Fiery Furnaces er alveg virkilega pirrandi. Hvernig geta svona hæfileikaríkir krakkar mögulega skapað svona leiðinlega plötu?" **BÖS**

The Zutons: Tired of Hanging Around

„Önnur breiðskífa stuðboltanna í The Zutons stenst allar væntingar, og gott betur. Ávísun á gott skap, dillandi mjaðmahreyfingar og töffaralegan lúftgítar." **BÖS**

THOM YORKE Söngvari Radiohead gefur út sína fyrstu sólóplötu í júlí.

Konfekt fyrir eyrun

Umfjöllun um fyrstu sólóplötu Thom Yorke, söngvara Radiohead, er að finna á heimasíðunni Pitchfork.com.

Platan nefnist The Eraser og er væntanleg í búðir í júlí. Upptökustjóri er Nigel Godrich, sem stjórnaði upptökum á meistaraverki Radiohead, OK Computer.

Í umfjölluninni segir að platan sé algjört eyrnakonfekt, uppfull af fallegum píanóleik, hljóðgervlum, sveimandi gítarleik og forrituðum trommuhljóm. Yfir öllu saman flýtur angurvær rödd Yorke sem syngur meðal annars um þrýstinginn og ofsóknarbrjálæðið sem fylgir frægðinni.

THE ROLLING STONES Rokksveitin enska hefur frestað fyrstu fimmtán tónleikunum í tónleikaferð sinni um Evrópu. MYND/AP

Tónleikum frestað

Rokkararnir síungu í The Rolling Stones hafa frestað fyrstu fimmtán tónleikunum í fyrirhugaðri ferð sinni um Evrópu vegna veikinda gítarleikarans Keith Richards.

Richards er að jafna sig eftir að hafa gengist undir heilaskurðaðgerð. Tónleikarnir sem Stones hafa frestað áttu meðal annars að fara fram í nágrannalöndum okkar Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Tónleikaferðin átti að hefjast á morgun í Barcelona á Spáni en hefst þess í stað í júlí á stað sem enn á eftir að tilkynna.

Gerir meira úr þessu litla

Önnur plata tónlistarkonunnar Láru Rúnarsdóttur, Þögn, kemur út í dag. Freyr Bjarnason spjallaði við Láru, sem er á leið í tónleikaferð til Bandaríkjanna.

Platan er gefin út undir merkjum Dennis Records. Á henni eru tólf frumsamin lög og textar sem Lára flytur ásamt þeim Berki Hrafni Birgissyni, Daða Birgissyni, Kristni Snæ Agnarssyni og Pétri Sigurðssyni.

Damien Rice í bakröddum

Nú þegar hefur lagið Ókunnugi maður verið mikið spilað á öldum ljósvakans. Að auki má nefna að söngvarinn vinsæli Damien Rice, sem Lára hitaði upp fyrir hér á landi á sínum tíma, syngur bakraddir í laginu Why. Þó svo að lítið beri á Rice gefur hann laginu engu að síður mikla vigt með angurværri rödd sinni.

„Ég var að hita upp fyrir hann og þá myndaðist vinátta. Síðan bað ég hann um þetta og hann sagði já," segir Lára. „Þetta er rólegt og tilfinningaríkt lag og hann bætir ennþá meira við það. Hann er mjög heilsteyptur náungi og er ekkert að láta frægðina stíga sér til höfuðs."

Amma til aðstoðar

Lára segir að amma sín hafi átt stóran hlut í nafni plötunnar. „Það er eitt lag á plötunni sem heitir þögn og í framhaldi af því skrifaði amma klausu um þögn sem var mjög ljóðræn og birtist í „coverinu". Það var kveikjan að plötunni," segir Lára. „Síðan heitir hún líka Þögn af því að þögnin var viðloðandi allt ferlið þar sem hlutirnir snerust um að gera meira úr þessu litla," segir hún.

Syngur á íslensku

Lára segist vita meira en áður eftir hverju hún sé að leita í tónlistarsköpun sinni, þó svo að hún eigi erfitt með að lýsa því í orðum. „Maður finnur það þegar það kemur og þá veit ég að ég er óhrædd við að prófa hlutina," segir Lára, sem syngur á íslensku í flestum laganna í fyrsta sinn, í átta lögum af tólf.

„Ég ákvað að prófa það af því að það er svo oft verið að tala um að Íslendingar eigi að syngja á íslensku og síðan eru bestu ljóðin líka á íslensku. Ég sem oftast lögin á ensku á meðan ég að búa þau til, babla þau á ensku eða bý til ljóð og sem svo lagið," segir hún.

Tónleikar í Bandaríkjunum

Á morgun flýgur Lára til Bandaríkjanna þar sem hún mun halda nokkra tónleika og er hún að vonum spennt fyrir því að spila erlendis í fyrsta sinn.

„Þetta er í gegnum góðan vin minn sem býr úti og er tónlistarmaður. Þetta verða litlir sætir staðir sem ég spila á. Það verður rosalega gaman að sjá hvernig er að spila fyrir aðra en vini sína því ég er alltaf með svo góðan stuðningshóp hérna heima," segir hún glaðlega.

Eftir tveggja vikna dvöl í Bandaríkjunum stefnir Lára á að halda útgáfutónleika vegna plötunnar þann 22. júní. Í sumar ætlar hún síðan að fara hringinn í kringum landið og kynna Þögnina enn frekar fyrir þjóðinni.

LÁRA RÚNARSDÓTTIR Söngkonan Lára Rúnarsdóttir er að gefa út sína aðra sólóplötu. Damien Rice aðstoðar hana í einu lagi á plötunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Sökuð um lagastuld

Hljómsveitin Red Hot Chili Peppers hefur verið sökuð um að hafa stolið hugmyndinni að lagi sínu Dani California sem er að finna á plötunni tvöföldu Stadium Arcadium.

Að sögn útvarpsstöðvarinnar WGMD í Bandaríkjunum er lagið sláandi líkt Mary Jane´s Last Dance með Tom Petty. „Hljómagangurinn, melódían, hraðinn, viðlagið og umfjöllunarefni textans er allt saman nákvæmlega eins," sagði útvarpsmaðurinn Jared Morris. Sýndi hann fram á líkindin með því að spila bæði lögin fyrir hlustendur til að þeir gætu áttað sig betur.

Engin viðbrögð hafa enn borist frá meðlimum Red Hot Chili Peppers.

Hljómsveitin hélt toppsæti bandaríska Billboard-vinsældalistans með plötuna sína þrátt fyrir að dregið hafi úr sölunni um 65 prósent aðra viku hennar á listanum. Alls seldist hún í 157 þúsund eintökum.

RED HOT CHILI PEPPERS Hljómsveitin frá Kalifornía hefur verið sökuð um lagastuld.

Red Hot Chili Peppers ætlar í umfangsmikla tónleikaferð til að fylgja gripnum eftir og mun hún standa yfir fram í ágúst.

Þá fer sveitin í tónleikaferð um Bandaríkin og spilar m.a. á Lollapalooza-hátíðinni í Chicago hinn 5. ágúst.

Frábærir leikir á ótrúlegu verði!

1.999
Formula One 2004
PS2 Platinum

1.999
God Of War
PS2 Platinum

1.999
KillZone
PS2 Platinum

1.999
Jak X
PS2 Platinum

PlayStation 2

1.999
Gran Turismo 4
PS2 Platinum

1.999
Pro Evolution Soccer 5
PS2 Platinum

1.999
Star Wars-The Video Game
PS2 Platinum

1.999
Star Wars-Battlefront
PS2 Platinum

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

Enginn samningur

Samningur hljómsveitarinnar Babyshambles við útgáfufyrirtækið Rough Trade verður ekki endurnýjaður.

Ástæðan er hegðun forsprakkans Pete Doherty, sem áður var í hljómsveitinni The Libertines. Hefur hann átt í miklum fíkniefnavandræðum og verið margoft handtekinn fyrir að hafa slík efni undir höndum. Á dögunum sást Doherty sprauta sig með heróíni fyrir framan myndatökulið MTV og var það dropinn sem fyllti mælinn hjá útgáfufyrirtækinu. Doherty hefur sjálfur lýst því yfir að hann sé jafn mikilvægur fyrir breska tónlist og sjálfur John Lennon en virðist vera spila allt úr höndunum. Kærasta hans og ofurfyrirsætan Kate Moss hefur loksins gefist uppá honum og hann gæti því staðið uppi einn og yfirgefinn.

Rough Trade, sem hefur á sínum snærum stór nöfn á borð við The Strokes og Arcade Fire, auk Emilíönu Torrini, gaf á síðasta ári út fyrstu plötu Babyshambles, Down in Albion.

Framtíð Babyshambles er í óvissu því sveitin er hvorki með útgáfusamning, umboðsmann né fjölmiðlafulltrúa.

BABYSHAMBLES Framtíð hljómsveitarinnar Babyshambles er í mikilli óvissu um þessar mundir.

ÞRÖSTUR JÓHANNESSON Fyrrum meðlimur Texas Jesús heldur tónleika í Fríkirkjunni í kvöld.

Þröstur í Fríkirkjunni

Ísfirðingurinn Þröstur Jóhannesson heldur tónleika í Fríkirkjunni í kvöld í tilefni af útgáfu plötu sinnar Aðrir sálmar.

Platan hefur að geyma fjórtán rammíslensk lög við ljóð bæði Þrastar og þjóðþekktra skálda á borð við Stein Steinarr og Jónas Hallgrímsson.

Þröstur, sem var áður í hljómsveitinni Texas Jesús, gefur plötuna út sjálfur en með honum á plötunni leikur einvalalið tónlistarmanna.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 21.00 en annað kvöld spilar hann á skemmtistaðnum Paddy´s í Keflavík.

Sólarvörn í dagkremi

Nú þegar sól er tekin að hækka á lofti er mikilvægt að huga vel að sólarvörninni. Mörg dagkrem eru með sólarvörn í sér og því afar ákjósanlegur valkostur á sumrin. Í versluninni L´Occitane á Laugavegi er að finna eitt slíkt krem sem kallast Very precious fluid. Þetta dagkrem gefur húðinni raka, mýkir hana og vinnur gegn öldrunaráhrifum eins og hrukkum sem og blettum í andliti. Að auki er það með afskaplega góðri sólarvörn upp á SPF 40 og PA+++. Kremið er borið á andlitið að morgni dags og hentar öllum húðgerðum.

Áferðin er létt og það smýgur auðveldlega inn í húðina. Í sömu línu er hægt að fá hreinsifroðuna Brightening cleansing foam sem er kjörið að nota samhliða dagkreminu. Hreinsifroðunni er nuddað á rakt andlitið og skilur húðina eftir hreina, mjúka og fallega – en eins og allar konur vita þá er hrein og heilbrigð húð undirstaða fallegs andlits.

VARASAMT GÓLF Gólfið á Broadway þótti nokkuð hált enda hafði það verið bónað sama dag. BIRT MEÐ GÓÐFÚSLEGU LEYFI SKJÁS EINS

SKRIKAR FÓTUR Unnur var ekki sú eina sem fipaðist á miðvikudagskvöldið. BIRT MEÐ GÓÐFÚSLEGU LEYFI SKJÁS EINS

SKALL Í GÓLFIÐ „Fall er fararheill" skrifaði Ungfrú heimur á heimasíðu sinni daginn eftir. BIRT MEÐ GÓÐFÚSLEGU LEYFI SKJÁS EINS

SLASAÐIST Á HENDI Unnur Birna þurfti að fara á slysavarðstofuna í gærmorgun eftir fallið. BIRT MEÐ GÓÐFÚSLEGU LEYFI SKJÁS EINS

TIL AÐSTOÐAR Fegurðardísin fékk hjálparhönd frá kynnum kvöldsins. BIRT MEÐ GÓÐFÚSLEGU LEYFI SKJÁS EINS

SÖNN HETJA Ungfrú heimur lét þetta litla slys ekkert á sig fá og hélt áfram ótrauð. BIRT MEÐ GÓÐFÚSLEGU LEYFI SKJÁS EINS

Unnur slapp við meiðsl eftir fallið

Það óheppilega atvik átti sér stað á krýningarkvöldinu að Unnur Birna Vilhjálmsdóttir, Ungfrú heimur, féll á sviðinu á Broadway stuttu eftir að hafa haldið ræðu og tók salurinn andköf þegar hún sást falla í jörðina. Unnur Birna var heil á húfi eftir atvikið og segir gólfið á sviðinu hafa verið slysagildru. „ Gólfið var bónað fyrr um daginn og það var ekki búið að strjúka yfir það þannig að þetta var alveg eins og skautasvelli. Dísa í World Class og Ingunn Sigurpálsdóttir voru einnig næstum því dottnar á þessum sama stað fyrr um kvöldið og því má segja að ég hafi tekið þetta með trompi í lokin," segir Unnur Birna og hlær. Hún var þó ekki alveg óhrufluð og þurfti því að byrja á afmælisdaginn sinn á því að kíkja upp á slysavarðstofu þar sem olnboginn var talinn brotinn. „ Mér var ráðlagt að fara og láta kíkja á þetta en sem betur fer var allt í lagi."

Elín Gestsdóttir, framkvæmdastjóri Ungfrú Ísland, sagðist dást að Unni Birnu fyrir að hafa tekið þessu svona vel enda hefðu ófáar drottningar látið þetta slá sig út af laginu. „Hún stóð sig eins og sannkölluð hetja. Unnur var með Ungfrú heimur-kórónuna á höfðinu sem er mjög verðmæt en sem betur fer kom ekkert fyrir hana." segir Elín. Unnur Birna krýndi síðan arftaka sinn af mikilli sæmd eftir atvikið og lét eins og ekkert hefði í skorist.

Fallegasti flugumferðarstjóri landsins

Hin 21 árs gamla Sif Aradóttir var krýnd Ungfrú Ísland á Broadway á miðvikudaginn en það var Unnur Birna Vilhjálmsdóttir sem krýndi þennan glæsilega arftaka sinn.

„Ég bjóst alveg eins við þessu, vissi að ég hefði sama möguleika og allar hinar á að vinna þennan titil," segir Sif Aradóttir sem var krýnd Ungfrú Ísland á miðvikudagskvöldið. Keppnin fór að venju fram á Broadway og fylgdist fjöldi fólks með stúlkunum 22 berjast um þennan eftirsótta titil.

Sif er 21 árs Keflavíkurmær og býr þar ásamt fjölskyldu sinni. Hún er útskrifuð af félagsfræði- og málabraut Menntaskólans við Hamrahlíð en er nú í námi í flugumferðastjórn. „Ég er eins og stendur í verklega hluta námsins og er því í flugumferðarturninum á Keflavíkurflugvelli. Ég var alltaf ákveðin að fara í flugnám að loknu stúdentsprófi en svo rakst ég á auglýsingu frá Flugumferðastjórn íslands og ég ákvað að láta slag standa. Ég klára námið í haust og stefni á áframhaldandi nám enda hef ég gaman af að læra," segir Sif. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á öllu sem tengist flugi og ætli það hafi ekki áhrif að búa í Keflavík þar sem lífið snýst að hluta til í kringum flugvöllinn."

Sif er ánægð að keppnin sé yfirstaðin enda hafi þetta verið mikil vinna. Fróðir menn segja Sif líkjast einni af frægustu fegurðardrottningum landsins, sjálfri Hólmfríði Karlsdóttur, sem verður henni vafalítið til framdráttar. „Ég er mjög ánægð með að hafa unnið því að auðvitað var það takmarkið og nú er ég að fara á fund með skipuleggjendum keppninnar til að ákveða framhaldið og veit ég satt að segja mjög lítið hvað ég er að fara að gera," segir Sif og bætir við að hún hlakki til að fylgja þessu eftir.

Sif á kærasta sem heitir Jón Norðdal Hafsteinsson og hafa þau verið saman um nokkurt skeið. Hann var að vonum ánægður með sína enda ekki amalegt að vera kærasti fallegustu konu landsins. Ungfrú heimur er haldin í Póllandi síðar á árinu og Sif veit ekki enn hvort hún fer. „Ég mundi vilja fara ef ekki væri bara til að öðlast góða reynslu enda er það megintilgangurinn með þessari keppni en ég er ekki með neinar væntingar og ætla bara að njóta þess í botn ef af verður." Sif er því með mörg járn í eldinum en ætlar fyrst að fara í frí til Spánar með fjölskyldunni í næstu viku. - áp

FALLEGASTA KONA LANDSINS Keflavíkurmærin Sif Aradóttir var krýnd Ungfrú Ísland á miðvikudagskvöldið. Hún vinnur í flugumferðarturninum á Keflavíkurflugvelli og stundar nám í flugumferðarstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ / HÖRÐUR


Rachel Weisz
in London
English days
Burberry LONDON
BURBERRY
LONDON
a new fragrance for women

Smáskífa á leiðinni

Gleðipoppsveitin Safnaðarfundur eftir messu gefur á næstunni út sína fyrstu smáskífu. Hefur hún að geyma þrjú lög auk þess sem tvö myndbönd munu fylgja.

Sveitin var stofnuð fyrir fjórum árum og hefur verið áberandi á sveitaböllum á þessum tíma. Hefur hún meðal annars spilað með Sálinni hans Jóns míns á nokkrum stöðum. Hljómsveitarmeðlimir eru fjórir og hafa þeir allir verið meðlimir frá upphafi. Þetta eru þeir Jón Marinó Sigurðsson söngvari, Gunnar Ingi Guðmundsson bassaleikari, Þorvaldur Halldórsson trommuleikari og Gylfi Gunnar Bergmann gítarleikari.

„Við vorum skólafélagar í Tónlistarskóla Reykjanesbæjar," segir Gunnar Ingi. „Við höfum verið að spila úti um allt og það hefur gengið alveg glimrandi vel," segir hann.

SAFNAÐARFUNDUR EFTIR MESSU Gleðipoppsveitin frá Keflavík er að gefa út sína fyrstu smáskífu.

Þess má geta að Gunnar Ingi samdi Þjóðhátíðarlagið árið 2003, Draumur um Þjóðhátíð, sem Skítamórall flutti.

Safnaðarfundur eftir messu mun spila 16. júní á H-Punktinum í Keflavík og 17. júní í Samkomuhúsinu Garði með risadansleik um kvöldið.

Berry komin á fast

Halle Berry geislaði af gleði í Cannes og staðfesti það í þröngum hópi blaðamanna á kynningarfundi vegna X-Men The Last Stand að hún væri komin með nýjan kærasta og hún væri mjög hamingjusöm.

„Hann er tíu árum yngri en ég og þegar ég hugsa um hann fæ ég stjörnur í augun." Berry vildi að öðru leyti ekki tjá sig um nýja kærastann en lét þess þó getið að þau hefðu kynnst við vinnu. Þá sagðist leikkonan hafa fengið sinn skerf af vonbrigðum, vandræðum og sorg í einkalífinu en nú hefði hún loksins höndlað hamingjuna. - þþ

HALLE BERRY
Skartaði sínu fegursta í Cannes enda ástfangin upp fyrir haus.

Sumar eða ekki sumar? Það er spurningin

Það var heldur betur hryssingslegt um að lítast á þriðjudaginn þegar borgarbúar litu út um gluggann. Fæstir þurfa þó að standa af sér veðrið líkt og hörkutólin í Reykjavík.

Að sögn Trausta Jónssonar veðurfræðings er þetta kuldakast afar óvenjulegt fyrir maímánuð enda þarf að hverfa aftur til 19. aldar til að finna jafn mikinn kulda og mældist í Reykjavík á þessum tíma ársins.

Hið sérkennilega er að hitamet mældist fyrr í mánuðinum, svo segja má að veðurtíðin í maí markist af mótsögnum með meiru.

Þeir sem sinna útistörfum á höfuðborgarsvæðinu fóru heldur ekki varhluta af kuldabola, en Fréttablaðið fór á stúfanna og tók nokkur hörkutól tali sem mynduðust við að strita sér til hita.

MIKAEL WALLSATEN, 22 ÁRA, FRÁ FINNLANDI OG SÍMON JÓHANNESSON, 18 ÁRA. Mikael og Símon sinna störfum hjá bæjarvinnunni í Reykjavík en Mikael, sem er frá Finnlandi, dvelur hér þar til síðla sumars. „Ég verð að játa að ég átti ekki von á þessu veðurfari hér á landi á þessum árstíma", segir Mikael. „Veðrið í Finnlandi er ekki til þess að hrópa húrra fyrir enda nær maður oft ekki að anda súrefni að sér í kuldahríðum á veturna þegar frostið fer niður fyrir þrjátíu gráður, en sumrin eru oftast góð. Það er ansi erfitt að vinna úti við þessar aðstæður," heldur Mikael áfram, súr á svip. Að sögn Símonar má þó búast við hverju sem er frá veðurguðunum hér á landi enda eru þeir jafn fjölbreytilegir og fólkið sem þeir skeyta stundum skapi sínu á. „Það er kannski ekki nema von að við séum mörg svona mislynd," segir Símon og brosir skældu brosi vegna veðurbarningsins.

SKOTARNIR JOHN OG DENNIS VINNA VIÐ SMÍÐAR FYRIR BFKÓ Tveir stálslegnir Skotar í Vesturbæ Reykjavíkur segjast hafa komið hingað til lands í leit að ævintýrum. Segja má að þeim hafi orðið að ósk sinni í einhverjum skilningi enda ævintýralega kaldur dagur á þeirra mælikvarða. „Þetta var nú ekki alveg ævintýrið sem við höfðum í huga," segir John sposkur á svip. „En við komum ekki hingað af því við væntum veðurblíðu eða svimandi hárra launatékka. Þetta er nú einu sinni Ísland," heldur John áfram með sínum þykka skoska hreim. „Vertu ekki að þessu félagi. Við komum hingað út af íslensku konunum en við höfðum heyrt að fegurð þeirra væri jafn ævintýralega mikil og föst fyrir og veðrið er skeikult," bætir Dennis við hlæjandi og beinir tali sínu að samstarfsfélaganum. Þessir tveir kalla greinilega ekki allt ömmu sína.

ÞORVALDUR SIGGASON OG SIGURGEIR ÓLAFSSON AÐ STÖRFUM FYRIR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR „Við erum ýmsu vanir enda vinnum við allan ársins hring. Auðvitað tekur aðeins á að vinna í svona kuldakasti í maímánuði, en þá er bara aðalatriðið að vera vel klæddur," segir Þorvaldur. „Við erum að setja upp ljósabúnað hérna á Melhaganum en það nær auðvitað meira um mann hérna á toppnum," bætir Sigurgeir við, glaðhlakkalegur á svip.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖGNI

PÁLMI KÁRASON ÚÐAR GRÆNSÁPU Á GRÓÐURINN FYRIR FRAMAN HALLGRÍMSKIRKJU „Ég man bara ekki eftir ámóta kulda í háa herrans tíð svona síðla maímánaðar," segir Pálmi, sem unnið hefur hjá Garðyrkjudeild Reykjavíkur síðustu fimm ár. Þegar Pálmi er spurður hvort honum finnist ekki erfitt að vökva gróður Reykjavíkurborgar í tíð sem þessari játar hann því hikandi og bætir við að hann sé sjóaður í baráttunni við íslensku veðuröflin, enda hafi hann lifað tímanna tvenna.

BJÖRGVIN SIGURBJÖRNSSON SMIÐUR AÐ STÖRFUM Í SKUGGAHVERFINU Í REYKJAVÍK Björgvin, sem starfar hjá Íslenskum aðalverktökum, hlær hálfpartinn að blaðamanni þegar hann er inntur eftir því hvort ekki sé erfitt að reka niður nagla í norðangaddinum. „Er ekki alltaf svona veður öðru hverju á Íslandi á sumrin?" spyr Björgvin svalur og lætur sér fátt um finnast. „Ég galla mig bara betur," bætir hann við. „Reyndar gera ofurþykkir vettlingarnir það að verkum að fleiri naglar fara til spillis enda er ég ekki jafn fingrafár," segir Björgvin hlæjandi.

MOUNT EERIE Tónlistarmaðurinn Mount Eerie heldur tónleika á Íslandi um helgina.

Eerie með tónleika

Tónlistarmennirnir Mount Eerie, Woelv og Micah Blue Smaldone koma fram á tvennum tónleikum hér á landi á föstudags- og laugardagskvöld.

Mount Eerie, sem áður kom fram undir nafninu The Microphones, spilaði síðast á Íslandi í mars í fyrra. Á föstudag spila hljómsveitirnar í Kaffi Hljómalind og kvöldið eftir í Gamla bókasafninu í Hafnarfirði að Mjóasundi 10. Báðir tónleikarnir hefjast klukkan 20.00 og er ekkert aldurstakmark. Miðaverð er 700 krónur.

Eiríkur fámáll um framtíðina

„Ég ætla að róa á ný mið," segir Eiríkur Jónsson blaðamaður, en hann hætti störfum á DV þegar blaðinu var breytt í helgarblað fyrir skemmstu. Hann hefur einnig hætt störfum á NFS þar sem hann hélt úti spjallþætti um helgar í félagi við Reyni Traustason, ritstjóra Mannlífs. Eiríkur fæst ekki til að gefa út yfirlýsingar um hvað hann ætli að taka sér næst fyrir hendur. „Sjóndeildarhringurinn er breiður og einn fugl í hendi er ekki alltaf betri en tveir í skógi," segir hann dulur.

Eiríkur hefur á sínum blaðamannaferli ætíð verið mikið á milli tannana á fólki. Skrif hans í DV og ekki síst sjónvarpsþættirnir Eiríkur á Stöð 2 hafa verið umdeild og óhætt er að segja að Eiríkur er ekki allra. Þrátt fyrir það má fullyrða að fjölmiðlalandslagið íslenska verði fátækara ef Eiríkur ákveður að snúa sér að öðru. Aðspurður segist hann ekki enn vera farinn að vinna. Sögusagnir hafa verið á kreiki um að Eiríkur ætli sér að starfa að fríblaðaútgáfu 365 í Danmörku. „Ég er ekkert á leiðinni til Danmerkur, ég er hins vegar að fara til Búlgaríu bráðlega," segir Eiríkur Jónsson.

EIRÍKUR JÓNSSON Gefur loðin svör þegar hann er spurður um hvað hann ætli að taka sér fyrir hendur.

SÖLUSÝNING

á Grand Hótel Reykjavík dagana 26. - 28. maí 2006

Frábærar vörur á frábæru verði, milliliðalaus viðskipti við framleiðanda.

Tungusófi 1+2+2
Verð aðeins **99.000.-**

Sófasett 3+1+1 Svart hamrað leður
Verð aðeins **169.000.-**

Borð náttúru eik. Stærð 150x85
Verð aðeins **27.500.-**
Borðstofustólar PU svartir eða hvítir með chrome fótum
verð aðeins **7.500.-**
Borðið + 4 stólar
á enn betra verði aðeins **49.900.-**

Borðstofuborð náttúru eik. Stærð 150x150
Verð aðeins **59.000.-**
Borðstofustólar PU svartir, dökkbrúnir eða hvítir með ljósum eikarfótum
verð aðeins **9.900.-**
Borðið + 6 stólar
á enn betra verði aðeins **99.500.-**

Baðinnrétting 105x60x200 með spegli, vaski og blöndunartækjum.
Verð aðeins **59.000.-**

Sjón er sögu ríkari

Stofuskenkur 150x46x85 náttúru eik.
Verð aðeins **65.000.-**

Sjónvarpsskenkur 180x58x50,5 náttúru eik.
Verð aðeins **59.000.-**

Mikið úrval af fallegum húsgögnum

Legubekkur bycast Litir: hvítur, svartur.
Verð aðeins **59.500.-**

Egglaga stóll PU
Litir: svartur, hvítur, rauður.
Verð aðeins **59.500.-**

Sigtún 38
104 Reykjavík

Opið:
Föstudag 12-19
Laugardag kl. 10-18
Sunnudag kl. 10-18

Visa og MasterCard létt- og raðgreiðslur

BOHEMIA
vöruhús

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

X-MEN 3	kl. 5.45, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 4, 5, 7, 8, 10 og 11 B.I. 14 ÁRA
SÝND Í LÚXUS	kl. 5, 8 og 11 B.I. 14 ÁRA
CRY WOLF	kl. 10 B.I. 16 ÁRA
RAUÐHETTA M/ENSKU TALI	kl. 6 og 8
RAUÐHETTA M/ÍSL. TALI	kl. 3.50
ÍSÖLD 2 M/ÍSLENSKU TALI	kl. 4

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

X-MEN 3	kl. 6, 8.30 og 10.50 B.I. 12 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 6 og 9 B.I. 14 ÁRA
RAUÐHETTA M/ENSKU TALI	kl. 6 og 10
RAUÐHETTA M/ÍSLENSKU TALI	kl. 6
PRIME	kl. 8 og 10.15
CRY WOLF	kl. 8 B.I. 16 ÁRA

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Borgarbíó SÍMI 462 3500

X-MEN 3	kl. 6, 8, 10 og 12 B.I. 12 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 5, 8 og 11 B.I. 14 ÁRA

KRAFTSÝNING Á MIÐNÆTTI!

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað

GERI HALLIWELL Hefur gefið dóttur sinni nafnið Bluebell Madonna Halliwell enda hefð fyrir því hjá stórstjörnum að skíra börnin sín sérstökum nöfnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Heldur í hefðina

Geri Halliwell hefur ákveðið nafn á nýfæddu stúlkuna sína og hyggst hún nefna hana Bluebell Madonna Halliwell. Geri heldur því í hefðina með því að láta skíra afar sérstöku nafni eins og er vinsælt meðal stjarnanna í dag.

„Scarlett var annað nafn sem ég var hrifin af því Scarlett O'Hara er hetjan mín. En þegar ég var á göngu í almenningsgarði nokkrum vikum fyrir fæðinguna fannst mér ég sjá bláklukkublóm alls staðar. Og þegar móðir mín sagði mér frá því að bláklukkur væru mjög sjaldgæf blóm fannst mér það vera réttnefni á dóttur mína," sagði Geri og bætti því við að einnig væri góð ástæða fyrir Madonnunafninu. „Þegar Bluebell fæddist var hún með báðar hendurnar út í loftið eins og hún væri að öskra til allra í heiminum „Hér er ég!" Hún hefði alveg getað verið á Wembley-vellinum að kalla til aðdáenda sinna."

KALDÁRSEL
sumarbúðir fyrir káta krakka
Skráningarsími
588 8899

Rabbíreggí

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Veröld poppsins getur vissulega verið stórfurðuleg. Hverjum hefði dottið það í hug fyrir sex mánuðum að næsta reggístjarna heimsins yrði 26 ára gamall rabbíi úr Chabad-Lubavitch Hasidic-samfélagi strangtrúaðra gyðinga? Já akkúrat, hann er einn þeirra sem er með úfið skegg niður á bringu og lætur ekki sjá sig úti á götu nema með gyðingahatt á höfðinu. Flestir textarnir eru trúboð. Þeir lofsama Guð og Jerúsalem og Matisyahu hikar ekki við að reyna að leiða hlustendur sína í átt að sama ljósi og hann fann og gerði hann svona hamingjusaman. Titillag plötunnar er til dæmis mjög sterkt og gæti jafnvel fengið hörðustu rappara til að hlusta og velta hlutum fyrir sér. Það er stuttur kafli í því lagi sem minnir mig á Kukl. Meira að segja textinn, „Youth is the engine of the world", finnst mér hljóma Kukl-lega. Boðskapurinn er alveg merkilega fallegur og friðsæll enda segist Matisyahu vera einlægur aðdáandi Bobs Marley og ég held að þessi kauði verði seint sakaður um að reyna stofna til uppþota. Er pottþétt að berjast fyrir betri heimi, en kýs orð og tónlist fremur en ofbeldi.

Unglingar dagsins í dag eru ekki almennt að velta sér upp úr fornum gyðingdómi frá degi til dags en hvernig fór Matisyahu þá að því að ná svona mikilli athygli á svona skömmum tíma? Nú, einfaldlega með því að búa til frábæra tónlist. Þetta er örugglega besta reggí-plata sem ég hef heyrt síðan Manu Chao lét síðast að sér kveða. Matisyahu rappar meira en hann syngur og lögin eru öll prettán alveg merkilega grípandi. Það skemmir heldur ekki að hann hefur eitthvað merkilegt að segja. Að minnsta kosti eitthvað sem fær mann til þess að hugsa. Og hvað er svo sem að því að unglingar dagsins í dag kynnist einum elstu trúarbrögðum heimsins örlítið?

MATISHYAHU:

YOUTH

Niðurstaða: Nýjasta stjarna reggísins er gyðingur og rabbíi sem kýs að flytja trúboð sitt í gegnum tónlist. Frumraun Matisyahu er svo full af visku, góðum grúfum og beittum poppönglum að hann gæti vel endað sem einn af nýliðum ársins á næstu Grammy-verðlaunahátíð.

Hvernig sem á það er litið er Matisyahu stórmerkilegt fyrirbæri í tónlistarsögunni. Hann er kominn í aðstöðu þar sem hann er orðinn að táknmynd trúar sinnar. Predikari sem flytur boðskap sinn með söng og tónlist í gegnum ljósvakamiðlana í stað þess að drepa alla úr leiðindum með lestri á hebresku. Svona skapar hann brú fyrir æskuna að guði sínum sem virðist öllu friðsamlegri en sá guð sem sneri upp á hönd George Bush og skipaði honum að drepa saklausa borgara í Fjarskanistan í nafni „hins frjálsa heims".

Persónulega finnst mér öll trúarbrögð gölluð. Öll trúarrit fyrir mér eru líka meingölluð samin af breyskum mönnum sem vilja segja öðrum hvernig þeir eigi að ná sambandi við sinn æðri mátt en, ef ég ætti að velja, myndi ég líklegast frekar kjósa að dansa með Matisyahu og syngja. En það er kannski bara vegna þess að þetta er tónlist sem ekki er hægt að hlusta á án þess að fyllast vellíðan.

Birgir Örn Steinarsson

Willis er klár fyrir Die Hard 4

Harðjaxlinn Bruce Willis var sjálfum sér samkvæmur á kvikmyndahátíðinni í Cannes en hann var að þessu sinni mættur til þess að kynna teiknimyndina Over the Hedge en í henni talar hann fyrir þvottabjörninn RJ.

Willis lét þess getið í samtölum við blaðamenn að hann myndi mjög líklega snúa aftur sem löggan John McClane í fjórðu Die Hard myndinni næsta sumar. „Við höfum aldrei verið jafn nálægt því að gera þetta en nákvæmlega núna," sagði Willis brattur.

Fyrsta Die Hard myndin kom Willis á sínum tíma á kortið í Hollywood eftir að hann hafði vakið athygli í sjónvarpsþáttunum Moonlighting. Framhaldsmyndirnar festu hann svo í sessi sem einn helsta harðhaus kvikmyndanna og hann tók við keflinu af ekki minni mönnum en Sylvester Stallone og Arnold Schwarzenegger. Fjórða Die Hard myndin hefur verið í pípunum í nokkur á og því víst að aðdáendur kappans eru orðnir óþreyjufullir.

Willis var annars í góðum gír í Cannes og tók af öll tvímæli um að hann er alvöru töffari. Hann var með stjörnustæla þegar hann hitti sjónvarpsfréttafólk og nennti varla að ræða við það en var svo í banastuði á stórum Over the Hedge blaðamannafundi síðar og gerði allt vitlaust á rauða dreglinum við frumsýningu myndarinnar þegar hann óð út í mannfjöldann í kring og blandaði geði við aðdáendur, öryggisvörðum til mikillar armæðu.

- þþ

BRUCE WILLIS Sýndi sínar bestu og verstu hliðar í Cannes og tilkynnti að hann væri líklegur til að snúa aftur í fjórðu Die Hard myndinni fyrr en síðar.

FRUMSÝNING

ÁLFABAKKA

X-MEN 3	KL. 3:45-6-8:15-10:30	B.I. 12
X-MEN 3 VIP	KL. 3:45-6-8:15-10:30	
AMERICAN DREAMZ	KL. 3:45-6-8:15-10:30	
THE SHAGGY DOG	KL. 3:45-5:50-8	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 3:45-6-8:30-10:30	B.I. 14
SCARY MOVIE 4	KL. 4-6	B.I. 10
FAILURE TO LAUNCH	KL. 8:15	
FIREWALL	KL. 10:30	B.I. 16

ÁLFABAKKI S: 587-8900

KEFLAVÍK

X-MEN 3	KL. 5:45-8-10:15	B.I. 12
THE DA VINCI CODE	KL. 5-8-11	B.I. 14

AKUREYRI

AMERICAN DREAMZ	KL. 6-8-10	
THE SHAGGY DOG	KL. 6	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 8-10:20	B.I. 14

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

KRINGLUNNI

AMERICAN DREAMZ	KL. 5:45-8-10:20	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 5:30-8-10:40	B.I. 14
SHAGGY DOG	KL. 6	
SCARY MOVIE 4	KL. 8:10-10:20	B.I. 10

SÝND Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

KRINGLAN S: 588-0800

THE DA VINCI CODE	KL. 5-7-10	B.I. 14
THE SHAGGY DOG	KL. 6-8-10	
MISSION IMPOSSIBLE 3	KL. 5-8-10	B.I. 14
SCARY MOVIE 4	KL. 6-8	B.I. 10
V FOR VENDETTA	KL. 10	B.I. 16

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hjólreiðakappinn **Lance Armstrong** segir það hafa verið álíka erfitt að takast á við fréttirnar um að fyrrverandi kærasta hans **Sheryl Crow** væri með krabbamein eins og þær fréttir að hann sjálfur væri með krabbamein. Armstrong og Crow hættu saman nokkrum vikum áður en hún var greind í febrúar.

„Þeir náðu því mjög snemma, það var gott og geislameðferðin gekk vel. Þetta var mjög erfiður tími og við vorum nýhætt saman. Að mörgu leyti var þetta mun erfiðara en þegar ég greindist með krabbamein. Henni líður vel

núna og hún mun jafna sig fljótt," sagði Armstrong.

Ekki vilja allir vera mjóir og **Beyoncé Knowles** þoldi ekki að þurfa að grenna sig fyrir myndina Dreamgirls. „Þetta var erfitt, ég var máttlítil og leið illa," sagði leikkonan, sem fastaði í fjórtán daga og lifði svo á próteinhristingum allan tímann. „Um leið og tökur kláruðust borðaði ég franskar, steiktan kjúkling, steiktan fisk, allt sem var steikt og kílóin komu sem betur fer fljótt aftur."

Brad Pitt hefur vakið athygli barnaverndar eftir að hann var myndaður að hjóla með dóttur sína Zahöru festa á bakið á sér í barnapoka. Framleiðendur pokans segjast hins vegar taka

það sérstaklega fram að hann eigi ekki að nota á hjóli þar sem pokinn geti haft áhrif á jafnvægi hjólreiðamannsins. „Zahara þarf að vera með hjálm og í lokuðum skóm. Einnig mæli ég með því að smábörn séu í þar til gerðri hjólakerru eða sitji í barnasæti aftan á hjólinu," segir Debra Smiley Holtzman, höfundur bókarinnar The Safe Baby.

Sony Ericsson Z300i

11.980 kr.

- Fallegur samlokusími
- Ytri skjár
- Valmyndakerfi á íslensku
- Vekjari og dagbók

Sony Ericsson W810i

37.980 kr.

- 2.0 megapixel myndavél
- Walkman MP3 spilari
- 512 MB minni
- Íslensk valmynd

Sony Ericsson

www.siminn.is/davinci

Birgir Leifur lék vel

Atvinnukylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson lék mjög vel á fyrsta keppnisdegi á Áskorendamóti í Marokkó í gær og lék á 63 höggum, fjórum höggum undir pari. Birgir Leifur er fjórum höggum á eftir fyrsta manni en hann fékk sex fugla á deginum og tvo skolla.

sport

sport@frettabladid.is

EYÞÓR ATLI EINARSSON HJÁ GRINDAVÍK: NÆLDI SÉR Í TVÖ GUL SPJÖLD Á JAFN MÖRGUM MÍNÚTUM

Allavega ekki minn lengsti leikur

Eyþór Atli Einarsson, miðjumaður Grindvíkinga, átti stutta innkomu í nágrannaslagnum gegn Keflavík á fimmtudaginn. Hann kom inn á sem varamaður á 88. mínútu leiksins og áður en Kristinn Jakobsson, dómari leiksins, hafði flautað leikinn af náði hann að gefa Eyþóri tvö gul spjöld og þar með rautt. Um óstaðfest Íslandsmet er að ræða en erfitt er að fletta aftur í sögubókum til að leita að sams konar atviki. „Það er allavega ljóst að þetta var ekki minn lengsti leikur," sagði Eyþór furðu hress þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. „Þetta var frekar furðulegt. Ég get viðurkennt það að ég hef líklega verðskuldað fyrra gula spjaldið. Það var leikmaður Keflavíkur sem fékk boltann úti við hliðarlínu og ég var of seinn í tæklingu. Miðað við hvernig leikurinn hafði þróast átti ég kannski skilið það spjald. En seinna atvikið skil ég ekki alveg og það er mér eiginlega hulin ráðgáta."

Eyþór Atli fékk seinna gula spjaldið þegar um tvær mínútur voru komnar fram yfir venjulegan leiktíma og var því rekinn af velli. „Það var einvígi inni á miðjunni og ég næ að pota í boltann. Svo verða menn allt í einu brjáláðir og ég ligg skyndilega í jörðinni og er að reyna að verja mig. Þá fæ ég að líta gula spjaldið, en ég held að ég hafi ekki gert neitt rangt," sagði Eyþór, sem lék sautján leiki í deildinni í fyrra en fékk aldrei gult spjald.

„Ég var svo duglegur að lyfta í vetur að maður er orðinn nautsterkur," sagði Eyþór hlæjandi en það kom honum sjálfum á óvart að hafa ekki fengið neitt gult í fyrra. „Maður hefur ekki verið nægilega ákveðinn en ég fékk reyndar eitt rautt spjald í fyrra. Ég fékk það spjald einnig gegn Keflavík og þá var Kristinn einmitt líka að dæma," sagði Íslandsmetshafinn Eyþór Atli Einarsson.

> KR fær Króata

KR-ingar hafa gengið frá samningi við króatíska miðjumanninn Mario Cizmek sem hefur æft með liðinu síðustu daga. Cizmek kom til liðsins að undirlagi landa hans, Dalibor Pauletic, sem leikur með KR. Cizmek þykir fjölhæfur leikmaður en er fyrst og fremst hugsaður sem miðjumaður enda hafa KR-ingar verið í vandræðum með miðjustöðurnar og varnarmaðurinn Pauletic hefur meðal annars þurft að spila við hlið Bjarnólfs Lárussonar. Cizmek er þrítugur og þótti mikið efni á sínum tíma en hann á að baki leiki með króatíska U-21 árs landsliðinu.

HEIÐAR DAVÍÐ Nær vonandi að fylgja frábærum árangri sínum eftir í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Heiðar Davíð Bragason:

Í efsta sæti í Svíþjóð

GOLF Kylfingurinn Heiðar Davíð Bragason hefur átt tvo frábæra daga á Kinnaborg-mótinu í golfi sem fer fram þessa dagana. Heiðar hefur leikið hringina tvo á þremur höggum undir pari en síðasti hringurinn verður leikinn í dag.

Mótið er hluti af sænsku atvinnumannamótaröðinni en Heiðar lék á 69 höggum í fyrradag og 68 í gær. Þetta setur Heiðar í efsta sæti mótsins fyrir lokahringinn. Heiðar hefur ekki verið að leika ýkja vel að undanförnu og því er þessi velgengni hans í Svíþjóð mjög kærkomin. **- hþh**

Leikmenn Stoke farnir heim:

Vildu komast til mömmu

FÓTBOLTI Hinir ungu lánsmenn frá Stoke, Carl Dickinson og Keith Thomas, eru á leið heim eftir skamma viðdvöl í Fossvoginum. Þeir horfðu á leik Víkings og Breiðabliks í gær, fóru svo í lambalæri til formannsins, Róberts Agnarssonar, og eiga flug seinni partinn í dag. Þessi niðurstaða kemur nokkuð á óvart, sérstaklega í tilfelli Dickinsons sem hafði verið í byrjunarliði Víkings.

„Honum leiddist hérna og það kom fram í leik hans," sagði Róbert en þess er skemmst að minnast þegar Dickinson lenti í handalögmálum við félaga sinn í Víkingsliðinu, Grétar Sigurðsson, í leik liðsins gegn Keflavík. „Þetta eru bara ungir strákar og við eigum ekkert síðri leikmenn í hópnum. Þeim leiddist og voru með svolitla heimþrá. Þeir vildu komast heim til mömmu."

Róbert segir ekkert ákveðið með að sækja frekari liðsstyrk að utan og eins og staðan sé í dag treysti hann núverandi hópi til að klára dæmið. **- hbg**

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

23 24 25 **26** 27 28 29

Föstudagur

SJÓNVARP

- 19.00 **Gillette sportpakkinn** á Sýn.
- 20.00 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Fréttaþáttur.
- 20.30 **Motorworld** á Sýn.
- 21.30 **HM í póker** á Sýn.

Gummersbach er ekki Chelsea

Alfreð Gíslason, landsliðsþjálfari í handknattleik og tilvonandi þjálfari Gummersbach, furðar sig á framkomu Framara í garð Sverris Björnssonar og bendir á að Fram sé ekki að semja við Chelsea. Hann segir stjórnarmenn Fram enn fremur brjóta munnlegt samkomulag við Sverri.

HANDBOLTI Mál Sverris Björnssonar og Fram vakti upp mikla umræðu í handboltaheiminum í gær en Fram vildi ekki taka tæplega milljón króna tilboði þýska úrvalsdeildarfélagsins Gummersbach í Sverri. Sverrir lýsti því yfir við Fréttablaðið í kjölfarið að hann myndi frekar leggja skóna á hilluna en að spila aftur fyrir Fram - svo reiður var hann stjórnarmönnum félagsins.

Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari blandast í málið með verulegum hætti enda hefur hann haft veg og vanda af því að Sverrir fari til félagsins en hann tekur við liðinu næsta sumar. Stjórnarmenn Fram - þeir Kjartan Ragnarsson og Hjálmar Vilhjálmsson - lýstu því yfir í samtali við blaðamann í gær að þeir undruðust framgöngu Alfreðs, sem hefði ekki haft samráð við þá þegar hann samdi við Sverri. Fréttablaðið setti sig í samband við Alfreð í gær og spurði hann hvernig málið blasti við honum.

„Til að fá alla söguna er þetta þannig að ég kemst að því fyrir tilviljun að annað lið í Þýskalandi sé að ræða við Sverri um að koma út en það er lið í neðri hluta úrvalsdeildarinnar. Mig grunaði ekki að hann hefði áhuga á að fara út og sleppa vinnunni sem hann var í og annað. Ég spyr hann svo að þessu í Magdeburg um páskana og hann játti því að hann væri að skoða málið þar sem hann hefði munnlegt samkomulag við Kjartan formann handknattleiksdeildar Fram um að hann mætti fara eftir fyrra árið út eða til Akureyrar. Þetta viðurkenndi Kjartan fyrir mér þegar ég spurði hann að því. Þá sagðist Kjartan líka aldrei hafa haldið að atvinnumennska kæmi til greina," sagði Alfreð og bætti við að það væri ekki rétt hjá Kjartani að Gummersbach hefði sent Fram skriflegt tilboð í Sverri þó vissulega væri búið að ræða ákveðnar tölur sem eru samkvæmt heimildum Fréttablaðsins tíu þúsund evrur, eða tæp milljón íslenskra króna.

STJÓRNARMENNIRNIR Hjálmar Vilhjálmsson, varaformaður handknatteiksdeildar, og Kjartan formaður, gulur í bakgrunni, eru sagðir hafa gengið á bak orða sinna.

„Ég sagði við Sverri að Gummersbach væri tilbúið að setja ákveðna upphæð í hreinan varnarmann eins og hann. Síðan kemur í ljós að Sverrir er ekki laus þar sem það er mismunandi túlkun á samkomulagi Sverris og Fram. Til að liðka fyrir málum þá tala ég við Gummersbach og spyr hvort þeir séu ekki tilbúnir að gera Fram tilboð í Sverri. Þeir gáfu sig á endanum og sú upphæð sem Gummersbach er til í að borga er mjög sanngjörn að mínu mati," sagði Alfreð.

Ef málið færi í hart sagði Alfreð líklegt að ekkert yrði af kaupunum. Þýsk félög eru þar að auki nánast hætt að kaupa leikmenn sem spila eingöngu vörn, einfaldlega vegna þess að boltinn er orðinn svo hraður að ekki gefst tími til að skipta þessum mönnum inn á völlinn.

„Ég veit ekki hvort þessir menn haldi að þeir séu að tala við Chelsea en Gummersbach er svo sannarlega ekki Chelsea. Sverrir er orðinn dýr varnarmaður ef hann færi á hærri upphæð en verið er að tala um í dag," sagði Alfreð, sem hafnar því að hann hafi farið á bak við Framara.

EKKI SÁTTUR Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari er mjög ósáttur við framkomu stjórnarmanna Fram í garð Sverris Björnssonar.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Ég fór alls ekki á bak við Fram. Ég hitti þá í síðustu viku og þá var ekkert minnst á að ég væri að fara á bak við þá. Ég er mjög hissa á þessari framkomu og ég tel mig hafa komið hreint fram við þá. Þegar málið kemur upp þá fer boltinn að rúlla fyrir alvöru þar sem Sverrir segist geta fengið sig lausan þar sem hann hafi orð Fram fyrir því en það stendur greinilega ekki lengi," sagði Alfreð Gíslason, landsliðsþjálfari í handknattleik.

henry@frettabladid.is

Framkvæmdir á Laugardalsvelli ganga vel:

Framkvæmdirnar eru á áætlun

FÓTBOLTI Framkvæmdir við Laugardalsvöllinn eru í fullum gangi en verið er að endurbæta hina svokölluðu gömlu stúku.

„Stúkan á að vera tilbúin fyrir vináttulandsleikinn gegn Spánverjum um miðjan ágúst, nema þakið á henni. Í september þegar við tökum á móti Dönum á hins vegar stúkan að vera fullkláruð og þakið einnig. Húsið sem verður samtengt stúkunni verður síðan endanlega klárað í desember. Þessu hafa verktakarnir að minnsta kosti lofað okkur og segja að þetta sé á áætlun," sagði Eggert Magnússon, formaður KSÍ, en það er Ístak sem sér um þessar framkvæmdir.

„Stúkan verður mun nútímalegri og verður stækkuð í báða enda. Inngangurinn á völlinn mun síðan gjörbreytast og verða fyrir miðri stúkunni, þar sem nýtt hús kemur og verður samtengt stúkunni. Þar verður miðasalan staðsett og það verður því mun meiri heildarsvipur á þessu. Í húsinu sjálfu verða salarkynnin mjög glæsileg og öll aðstaða mun betri. Svo er verið að gera öll klósettin upp enda kominn tími á það," segir Eggert en þegar nýja stúkan verður tilbúin mun Laugardalsvöllurinn taka tíu þúsund manns í sæti.

Eggert segir að stefnan sé ekki sett á að setja nýtt aðsóknarmet á vináttulandsleikinn gegn Spánverjum en á honum má KSÍ selja miða í stæði. „Það verða framkvæmdir ennþá í gangi á vellinum svo það verður mjög erfitt. En ef Spánn vinnur heimsmeistarakeppnina í Þýskalandi er ég alveg til í að taka þátt í því að reyna að slá það met," sagði Eggert í gamansömum tón. **- egm**

NÝ STÚKA AÐ RÍSA Ekki færri en þrjá krana þarf til þess að hífa steypuklumpuna upp í nýju stúkuna á Laugardalsvelli.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



ROBERT PIRES Spilar á Spáni næstu tvö árin. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Áfall fyrir Arsenal:

Pires samdi við Villarreal

FÓTBOLTI Franski vængmaðurinn Robert Pires er búinn að skrifa undir tveggja ára samning við spænska félagið Villarreal. Sex ára ferill hans hjá Arsenal er þar með á enda.

„Ég hef ákveðið að taka þessari nýju áskorun og það verður mjög spennandi að spila með liðinu sem hefur verið á mikilli uppleið síðustu ár," sagði Pires sem var aðeins boðinn eins árs framlenging hjá Arsenal en hann vildi fá tveggja ára samning. Þar stóð hnífurinn í kúnni. - hbg

JOHNSON Var nálægt því að fara frá Palace í fyrra en ákvað að vera um kyrrt. Sú verður ekki raunin í sumar. NORDICPHOTOS/AFP

Bolton og Wigan:

Berjast um Andy Johnson

FÓTBOLTI Crystal Palace hefur samþykkt tvö tilboð í framherjann Andy Johnson. 8,5 milljónir punda hljóðar kaupverðið upp á en í fyrradag samþykkti liðið boð Wigan og í gær annað frá Bolton.

Johnson mun hefja viðræður við bæði félög í dag, en hann er til taks í landsliðshópi Englendinga ef ske kynni að einhver meiddist. Everton hefur einnig sýnt Johnson áhuga en hann var meðal markahæstu manna í 1. deildinni í Englandi á nýafstöðnu tímabili. Framherjinn skrifaði undir fimm ára samning síðasta sumar en hann er talinn hafa mun meiri áhuga á því að fara til Bolton en Wigan. - hþh

Michael Schumacher:

Taktíkin skiptir öllu

FORMÚLA 1 Michael Schumacher segir að það sé áætlunin sem komi til með að skipta öllu máli í kappakstri helgarinnar sem fram fer í Mónakó. Framúrakstur er gríðarlega erfiður á brautinni en Schumacher á möguleika á því að jafna met goðsagnarinnar Ayrton Senna, sem vann sex sinnum í Mónakó.

„Ef maður er ekki á ráspól getur maður áunnið margt með réttri áætlun og taktík. Maður á möguleika á að vinna þrátt fyrir að vera aðeins þriðji, fjórði eða fimmti í rásröðinni. Margir telja að maður þurfi að vera á ráspól til að sigra, en ég er ekki sammála," sagði Schumacher. - hþh

Guðjón Þórðarson er hættur með enska félagið Notts County eftir eins árs veru hjá elsta félagsliði heims:

Starfið hefði ekki uppfyllt minn metnað

FÓTBOLTI Guðjón Þórðarson tilkynnti stjórn elsta félagsliðs í heimi í gær að hann væri hættur sem knattspyrnustjóri liðsins.

„Ég tók þessa ákvörðun eftir að ég átti fund með stjórninni og sá þá stefnu sem hún tók. Ég taldi að við ættum ekki samleið lengur og taldi það ekki henta mínum metnað að vera hérna áfram," sagði Guðjón við fréttastofu NFS í gær.

Guðjón byrjaði mjög vel með liðið en fataðist svo flugið. Þegar tímabilið var á enda hafði Notts County rétt sloppið við að falla úr neðstu deild í Englandi. Guðjón lýsti því yfir fyrir skömmu að hann hygðist halda áfram með liðið, og ætlaði sér að koma því upp innan þriggja ára. Það breyttist þó eftir ákvarðanir forráðamanna klúbbsins.

GUÐJÓN Situr hér fyrir daginn sem hann tók við Notts County. Hann hefur ákveðið að halda ekki áfram með félagið. FRÉTTABLAÐIÐ/TOM LOAKES

„Vonbrigðin felast fyrst og fremst í ákvörðun manna hjá félaginu en ekki hjá mér, ég hefði viljað rétta klúbbinn við. Það var til að mynda tekin ákvörðun um að leggja niður unglingastarfið og eitt leiðir af öðru. Maður sér alveg í hvaða stöðu klúbburinn er," sagði Guðjón en félagið er mjög illa statt fjárhagslega.

„Ég hef það í það minnsta alls ekki í hyggju að hætta í fótbolta, langt frá því. Ég veit ekkert hvað ég tek mér fyrir hendur. Þetta gerðist bara núna í þessari viku og ég sé hvernig málin þróast. Ég reikna með að koma heim fljótlega en hef ekkert gert það upp við mig hvað ég geri," sagði Guðjón og útilokaði ekki að koma heim til Íslands til að taka við liði hér, „ef rétt er staðið að málunum," eins og hann orðaði það. - hþh

Opna

Húsasmiðjugolfmótið á Kiðjabergi

Laugardaginn 27. maí 06

X – Húsasmiðjan

- Taktu kosningardaginn snemma, kjóstu rétt og komdu svo á opið golfmót Húsasmiðjunnar á Kiðjabergi. Leikin verður punktakeppni.
- Ræst verður út klukkan 08.00
- Glæsileg verðlaun verða veitt fyrir 8 efstu sætin auk þess sem dregið verður úr 10 skorkortum að móti loknu og heppnir þátttakendur verðlaunaðir. Nándarverðlaun á öllum par 3 brautum.

Skráning á www.golf.is

HÚSASMIÐJAN

Sími 525 3000 • www.husa.is

Ömurleg framkoma Framara

UTAN VALLAR
MÁL FRAM OG SVERRIS BJÖRNSSONAR

HENRY BIRGIR GUNNARSSON
ÍÞRÓTTAFRÉTTAMAÐUR

Það er óhætt að segja að manni fallist gjörsamlega hendur yfir framkomu stjórnar handknattleiksdeildar Fram í garð Sverris Björnssonar. Sverrir gekk í raðir Fram síðasta sumar eftir að hafa svo gott sem ekki spilað neinn handbolta í þrjú ár. Sverrir var algjör himnasending fyrir Framara, sem vantaði sárlega mann til að fylla það skarð í vörninni sem Guðlaugur Arnarsson skildi eftir er hann fór í Fylki. Sverrir fyllti í það skarð og bætti um betur. Það var fátt sem benti til þess að Sverrir myndi spila eins vel og raun bar vitni er hann byrjaði að mæta á æfingar allt of þungur og í engu formi. Enda fékk hann samning í samræmi við formið og að hann hefði ekki spilað handbolta lengi.

Hefði gert öll lið að meisturum

Með miklum dugnaði og elju kom Sverrir sér í frábært form og átti mjög stóran þátt í því að Fram varð Íslandsmeistari eftir áralanga bið. Svo stórt var framlag Sverris að þjálfari einn í deildinni sagði að Sverrir hefði gert öll lið að meisturum með frammistöðu sinni. Það eitt og sér segir sína sögu. Sverrir sankaði síðan að sér verðlaunum í lok móts og stærsta uppskeran var sæti í landsliðinu. Ótrúleg endurkoma leikmanns sem var í raun hættur í handbolta.

Sverrir, sem orðinn er 29 ára, fær síðan einstakt tækifæri til að ganga í raðir eins besta liðs Þýskalands, Gummersbach. Slík tækifæri fá fáir menn sem spila eingöngu vörn í nútímahandbolta. Sverrir taldi upphaflega að hann gæti auðveldlega gengið í raðir liðsins þar sem hann segist hafa gert munnlegt samkomulag við Kjartan Ragnarsson, formann handknattleiksdeildar Fram. Þegar á reyndi hélt þetta meinta samkomulag ekki.

Bera sig ekki saman við önnur íslensk félög

Gummersbach býður Fram því tæpa milljón króna fyrir Sverri en Framarar hafna boðinu og láta ekki svo lítið sem að gera gagntilboð - þeir vilja miklu meira og segjast ekki einu sinni geta borið sig saman við önnur íslensk félög. Þvílíkur hroki.

Hafa ber í huga að hér er ekki um að ræða ungan og efnilegan alhliða leikmann sem á framtíðina fyrir sér heldur 29 ára leikmann sem getur aðeins spilað vörn, er búinn að spila í eitt ár eftir þriggja ára fjarveru og hefur aldrei sannað sig á alþjóðavettvangi.

Það er fáranlegt að ætla að gera fordæmi úr slíkum leikmanni og þá sérstaklega þar sem Fram á litla heimtingu á því að mínu mati að krefjast hárrar upphæðar fyrir Sverri.

Á lúsarlaunum

Undirritaður hefur heimildir fyrir því að launin sem Sverrir fær fyrir að spila með Fram í ár sem og á næsta ári nái ekki einu sinni upp í þessa milljón sem búið er að bjóða Fram þannig að Fram myndi alltaf græða á honum. Svo má reyndar ekki gleyma því að hann hefur unnið fyrir mjög lágum launum sínum, og vel það, með frammistöðu sinni í vetur.

Þess utan getur Fram ekki borið fyrir sig að hafa alið leikmanninn upp og því beri liðinu að fá uppeldisbætur. Sverrir hefur spilað fyrir félagið í sjö mánuði og gert kraftaverk fyrir liðið. Án hans væri liðið ekki að spila í Meistaradeildinni á næstu leiktíð og heldur væri ekki sleg-ist um að ganga í raðir liðsins. Það fullyrði ég.

Á betra skilið

Þeir sem til þekkja segja að Sverrir sé hvers manns hugljúfi og traustur drengur. Framarar ættu að vera honum þakklátir fyrir risaframlag hans í garð félagsins og það er hneyksli ef Fram stendur í vegi fyrir því að Sverrir komist til Gummersbach.

Þeir Kjartan og Hjálmar, sem stýra deildinni, ættu frekar að klappa Sverri á bakið, þakka honum fyrir framlagið sem og fyrir milljónina sem er meira en hann hefur kostað félagið.

Þessi framkoma er í einu orði sagt ömurleg og viðkomandi aðilum til háborinnar skammar.

Úrslit Vesturdeildarinnar í NBA-deildinni í körfubolta:

Diaw afgreiddi Dallas

NBA Franski framherjinn Boris Diaw fór fyrir liði Phoenix Suns sem gerði sér lítið fyrir og lagði Dallas Mavericks á útivelli í fyrsta leik liðanna í úrslitaeinvígi Vesturdeildarinnar í fyrrinótt. Diaw tryggði liði sínu sigur á lokasekúndunum þegar hann setti niður tvö af 34 stigum sínum í leiknum.

Þegar tæpar fjórar mínútur voru eftir var Phoenix níu stigum undir. Þá sagði Steve Nash hingað og ekki lengra, tók af skarið og setti niður tíu stig í röð. Hinn funheiti Nash átti að taka síðasta skot leiksins, í þeirri von um að tryggja Phoenix sigur eftir að Devin Harris hafði komið Dallas yfir þegar aðeins fjórar sekúndur lifðu leiks.

„Ég heyrði allt þjálfarateymið hjá Dallas öskra inn á völlinn hvernig leikkerfi okkar í lokinn ætti að vera, þannig að þá var ekkert annað að gera en að fara í varaáætlunina þegar þetta gekk ekki upp hjá mér. Boris náði að klára þetta með stæl," sagði Nash ánægður eftir leikinn, en bæði lið urðu þó fyrir miklum áföllum í nótt.

Josh Howard, leikmaður Dallas, sneri sig illa á ökkla í byrjun leiks og þarf að fara í myndatöku og varnarjaxlinn Raja Bell hjá Phoenix virtist togna illa á kálfa og gæti þáttöku hans í einvíginu verið lokið ef allt fer á versta veg. Hann verður örugglega ekki með í næsta leik og er þetta enn eitt áfallið fyrir meiðslum hrjáð lið Phoenix.

BORIS DIAW Hefur spilað frábærlega með Phoenix í vetur. NORDICPHOTOS/AFP

Boris Diaw skoraði 34 stig fyrir Phoenix, Steve Nash skoraði 27 stig og gaf 16 stoðsendingar. Devin Harris skoraði 30 stig fyrir Dallas, Dirk Nowitzki skoraði 25 stig og hirti 19 fráköst.

- hþh

MAGNAÐUR Larsson raðaði inn mörkunum fyrir Celtic á sínum tíma. NORDICPHOTOS/AFP

Henrik Larsson:

Bauðst að fara aftur til Celtic

FÓTBOLTI Skoska liðið Celtic gerði sitt besta til að fá Henrik Larsson aftur til liðs við sig, en varð ekki að ósk sinni. Larsson er goðsögn hjá Celtic eftir margra ára veru hjá félaginu áður en hann gekk til liðs við Barcelona, sem hann varð Evrópumeistari með á dögunum. Hann er nú á leið heim til Svíþjóðar og ætlar að ljúka ferlinum hjá Helsingborg.

„Ég talaði við Henrik og umboðsmanninn hans, Rob Jansen, en eftir að ég sagði þrjú orð voru þeir búnir að segja þvert nei. Það var ekki ástæða til að fara með málið lengra og því fór sem fór," sagði Peter Lawwell, stjórnarformaður Celtic.

- hþh

Franska landsliðið:

Coupet reifst við Domenech

FÓTBOLTI Svo virðist sem stemningin í franska landsliðshópnum fyrir HM í sumar sé ekki upp á sitt besta. Gregory Coupet, varamarkmaður liðsins, reifst við Raymond Domenech landsliðsþjálfara og endaði það með því að markmaðurinn gekk í burtu af hótelinu með farangurinn sinn, en sneri við að lokum eftir að honum snerist hugur.

„Það er rétt að okkur lenti saman en við erum búnir að leysa þetta og gleyma atvikinu nú þegar," sagði landsliðsþjálfarinn.

- hþh

GOTT FÓLK McCANN

Um helgina ganga landsmenn til sveitastjórnarkosninga. NFS hefur leikinn kl. 10 á laugardagsmorgun og stendur vaktina allan daginn með nýjustu fréttir af kosningum og lifandi umræður um frambjóðendur og flokkana.

Kosningavakan hefst strax að loknum kvöldfréttum og fá áhorfendur glóðvolgar fréttir af niðurstöðum kosninganna um leið og þær berast, ásamt því að fá hita og spenning frambjóðenda beint í æð.

STÆRSTA KOSNINGA-SJÓNVARP Í SÖGU ÍSLANDS

Kosningasjónvarp NFS hefst kl. 10 á laugardag og stendur í 34 klukkustundir

digital ísland

Íslandsmeistararnir eru óstöðvandi

Íslandsmeistarar FH byrja Íslandsmótið með ótrúlegum látum en í gær vann FH sinn þriðja sigur í röð, gegn helstu keppinautunum, þegar ÍA kom í heimsókn í Kaplakrika. 2-1 urðu lokatölurnar í fjörugum leik þar sem ungur leikmaður, Atli Guðnason, skoraði sigurmarkið eftir að hafa komið inn á sem varamaður.

2-1

FH – ÍA

Kaplakriki, áhorfendur: 1312 Egill M. Markússon (2)

1-0 Sigurvin Ólafsson (40.)
1-1 Bjarni Guðjónsson (víti, 51.)
2-1 Atli Guðnason (75.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	11–8 (5–3)
Varin skot	Daði 2 – Páll Gísli 1
Horn	5–5
Aukaspyrnur fengnar	17–20
Rangstöður	3–4

FH 4–3–3		ÍA 4–3–3	
Daði Lárusson	6	Páll Gísli	5
Guðmundur	7	Kári Steinn	6
Tommy Nielsen	7	Heimir Einarsson	5
Ármann Smári	6	*Bjarni Guðjónss.	8
Freyr Bjarnason	7	Guðjón Heiðar	6
Davíð Þór	6	Igor Pesic	4
Sigurvin	7	Pálmi Haraldss.	5
Ásgeir Gunnar	7	Þórður Guðjónss.	4
(76. Baldur Bett	-)	(84. Jón Vilhelm	-)
Tryggvi	4	Ellert Jón	5
Allan Dyring	3	Arnar Gunnlaugss.	6
(66. Atli Guðnason	7)	(37. Andri Júlíuss.	7)
Atli Viðar	3	Dean Martin	4
(66. Ólafur Páll	5)	(46. Hafþór Ægir	7)

**Maður leiksins*

FÓTBOLTI Miklar breytingar voru gerðar á Skagaliðinu frá því í tapleiknum gegn KR en aðeins ein breyting var gerð á FH-liðinu sem lagði Val. Bar þar hæst innkoma Þórðar Guðjónssonar sem var kominn inn á miðjuna hjá ÍA en hann bar einnig fyrirliðabandið hjá þeim gulkæddu. Hans fyrsti leikur fyrir ÍA í sumar.

FH-ingar voru sterkari úti á vellinum og stýrðu umferðinni en háar sendingar fram völlinn skiluðu litlu. ÍA reyndi að sama skapi að sækja hratt en var mistækt í aðgerðum. Arnar Gunnlaugsson lauk keppni fyrir hálfleik meiddur sem var synd því honum óx ásmegin eftir því sem leið á leikinn og hann var þar að auki óvenju duglegur að hreyfa sig. Skagamenn náðu oft á tíðum skemmtilegum skyndisóknum en voru sem fyrr miklar klaufar. FH hélt áfram að stýra umferðinni en gekk bölvanlega að skapa sér færi. Fyrsta markið kom því ekki eftir að FH hafði opnað vörnina heldur með glæsilegu skoti beint úr aukaspyrnu af um 30 metra færi. Glæsilegt mark hjá Sigurvin sem var að leika vel og duglegur að dreifa boltanum út á vængina.

Skagamenn tóku Dean Martin af velli í leikhléi og inn á kom Hafþór Ægir Vilhjálmsson. Það reyndist góð skipting því Hafþór fiskaði víti eftir rúmar sex mínútur þegar Ármann Smári braut á honum. Bjarni sendi Daða í rangt horn og skoraði örugglega.

Leikurinn dó nánast í kjölfarið og ekkert hafði gerst í háa herrans tíð þegar varamaðurinn Atli Guðnason potaði boltanum inn fyrir línu Skagamarksins eftir hornspyrnu. Atli væntanlega búinn að tryggja sér sæti í byrjunarliðinu því hinn danski Allan Dyring er ekkert búinn að geta í fyrstu þrem leikjum sumarsins.

Þessi meðfæddi markaskorari, að eigin sögn, hefur ekki komið sér í færi allt mótið og er langt frá því að vera líklegur til afreka. Það verður ekki tekið af honum að hann er duglegur að hlaupa en Martha Ernstdóttir getur líka hlaupið mikið og lengi en það þýðir ekki endilega að hún eigi skilið sæti í byrjunarliði Íslandsmeistaranna.

Skagamenn náðu ekki að skapa sér mikið það sem eftir lifði leiks nema dauðafæri sem Andri Júlíusson fékk í uppbótartíma en honum tókst á einhvern óskiljanlegan hátt að skalla yfir markið. Þriðji sigur FH í röð því staðreynd og sannkallaður meistarabragur á liðinu enda klárar félagið alla leiki með sigri, sama hvernig það spilar. Það er engin leið að sjá nokkurt lið stöðva FH eins og liðið byrjar þetta mót. ÍA er aftur á móti komið með þrjú töp í röð og þar þurfa menn að skoða sín mál enda hafa verið brestir í vörninni og sóknin langt frá því að vera sannfærandi.

Við þennan leik verður ekki skilið án þess að minnast á ömurlega frammistöðu Egils Más dómara. Hann var vægt til orða tekið lélegur í þessum leik og margir dóma hans algjörlega óskiljanlegir.

henry@frettabladid.is

SLAKUR Allan Dyring náði sér ekki á strik í leiknum, frekar en aðrir sóknarmenn FH. Íslandsmeistararnir búa yfir þeim kosti að geta spilað illa en unnið samt. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

STAÐAN Í LANDSBANKADEILDINNI

1. FH	3	3	0	0	7-1	9
2. FYLKIR	**3**	**2**	**0**	**1**	**4-2**	**6**
3. BREIÐABLIK	3	2	0	1	7-6	6
4. KR	**3**	**2**	**0**	**1**	**3-4**	**6**
5. GRINDAVÍK	3	1	1	1	5-5	4
6. KEFLAVÍK	**3**	**1**	**1**	**1**	**3-3**	**4**
7. VALUR	3	1	0	2	4-4	3
8. ÍBV	**3**	**1**	**0**	**2**	**3-8**	**3**
9. VÍKINGUR	3	1	0	2	5-5	3
10. ÍA	**3**	**0**	**0**	**3**	**4-7**	**0**

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

1. deild karla:

ÞRÓTTUR - FJÖLNIR	0-1
0-1 Pétur Björn Markan.	
STJARNAN-HK	2-0
1-0 Goran Lukic, 2-0 Björn Másson.	

Viðbrögð þjálfara eftir leikinn:

Gjörsamlega óþolandi

FÓTBOLTI „Þetta er gjörsamlega óþolandi. Við töluðum um fyrir leikinn að FH hefði bara skorað úr föstum leikatriðum og svo koma bæði mörk þeirra úr föstum leikatriðum," sagði Skagamaðurinn Bjarni Guðjónsson sem átti stórleik í Skagavörninni. „Í úrslitamarkinu voru tveir menn ódekkaðir á fjærstöng og það gengur ekki. Það er slæmt að vera ekki komnir með nein stig og núna verðum við rífa okkur upp."

Heimir Guðjónsson, aðstoðarþjálfari FH, var ívið hressari en Bjarni í leikslok. „Mér fannst við fá betri færi en þeir í þessum leik en Bjarni bjargaði tvisvar á marklínu fyrir þá. Við hefðum reyndar getað spilað betur og fengið meira út úr vængjunum en það eru stigin sem telja. Það er sterkt hvað við nýtum föstu leikatriðin vel því það drepur niður anda andstæðinganna og það er öflugt að eiga sterka spyrnumenn eins og Sigurvin og Tryggva. Eins gott að eiga sterka skallamenn eins Ármann Smára." - egm

KB BANKA MÓTARÖÐIN 2006

Fyrsta mótið í KB banka mótaröðinni verður haldið um helgina á Garðavelli á Akranesi.

Komdu og fylgstu með bestu kylfingum landsins í návígi þar sem þeir leika listir sínar í harðri og spennandi keppni.

Milli kl. 11.00 og 14.00 á morgun verður boðið upp á skemmtidagskrá, þrautir og golfkennslu fyrir yngstu kynslóðina. Á milli kl. 14.00 og 18.00 verður boðið upp á golfkennslu fyrir byrjendur og lengra komna.

Áhorfendum býðst einnig að taka þátt í getraun og spá fyrir um stigameistara KB banka mótaraðarinnar. Sigurvegari getraunarinnar hlýtur ferð fyrir tvo á KB bankamótið í Turnberry í Skotlandi 5.-8. október.

Komdu á Garðavöll um helgina og fylgstu með spennandi keppni og taktu þátt í sannkallaðri fjölskylduhátíð.

KB banki er aðalsamstarfsaðili Golfsambands Íslands

KB BANKI

Öruggur sigur Víkings á Breiðabliki í nýliðaslag Landsbankadeildarinnar:

Víkingar skutu Blika í kaf

FÓTBOLTI „Við töpuðum leiknum gegn Keflavík ósanngjarnt og vorum staðráðnir í að ná sigri í þessum leik og sýna að við eigum heima í þessari deild. Það var kominn tími á okkur, við spiluðum frábærlega og það virkaði vel að spila upp kantana. Þetta var einfaldlega okkar dagur og varnarmenn þeirra voru þungir og hægir í leiknum. Við höfum fljóta menn fram á við og þeir höfðu ekkert í okkur," sagði Viktor Bjarki Arnarsson, leikmaður Víkings, eftir að liðið vann öruggan 4-1 sigur á Breiðabliki í gær.

Bæði þessi lið komu upp úr 1. deildinni í fyrra en hlutskipti þeirra fyrir leikinn var misjafnt. Blikar höfðu unnið báða leiki sína en Víkingar voru stigalausir á botninum. Það voru þó Víkingar sem höfðu nær öll völd á vellinum frá upphafi til enda í gær. Viktor Bjarki braut ísinn með marki úr vítaspyrnu sem var réttilega dæmd þegar Guðmann Þórisson, ungur varnarmaður Blika, braut á Davíð Þór Rúnarssyni.

Eftir rúman hálftíma kom annað mark frá Víkingum en það skoraði Hörður Bjarnason eftir hreint magnaðan undirbúning Viktors Bjarka sem dansaði framhjá varnarmönnum Blika og renndi boltanum síðan á Hörð sem átti ekki í vandræðum með að skora. Heimamenn voru mun sprækari og léku sér oft á tíðum að gestunum. Marel Baldvinsson fékk úr litlu að moða einn í fremstu víglínu.

Víkingar bættu við tveimur mörkum í seinni hálfleik; fyrst slapp Davíð Þór einn í gegn og kláraði vel og hann lagði síðan upp fjórða markið með fyrirgjöf sem Viktor Bjarki skallaði inn og kórónaði frábæran leik sinn. Marel náði að minnka muninn með ágætu marki eftir sendingu Nenad Zivanovic en markið kom of seint.

„Vonandi höldum við þessu áfram í sumar. Nú erum við vonandi komnir á sigurbraut," sagði Viktor en Bjarni Jóhannsson, þjálfari Breiðabliks var skiljanlega ekki eins hress.

„Við vorum gjörsamlega skotnir í kaf. Það vantaði alla karlmennsku í okkur, seinni hálfleikurinn var þó töluvert skárri en sá fyrri. Við töpuðum á eigin aulahætti og þegar menn eru ekki tilbúnir í að berjast og sýna dugnað þá er eitthvað að hugarfarinu. Menn voru að láta sóla sig trekk í trekk og þá er greinilegt að þeir eru ekki tilbúnir í þetta," sagði Bjarni.

„Völlurinn var skelfilegur og erfitt að sýna góðan fótbolta á honum en Víkingar unnu barátttuna og áttu þennan sigur algjörlega skilinn. Nú ætla ég bara að ná andanum áður en ég fer að vinna í því að reyna að laga hugarfar leikmanna fyrir næsta leik," sagði Bjarni. - egm

VIKTOR BJARKI ARNARSSON Átti frábæran leik gegn Breiðablik í gær. Skoraði tvö mark og lagði upp eitt á snilldarlegan hátt og lék sér að varnarmönnum Blika hvað eftir annað. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Tveir leikir á dagskrá í 1. deild karla í gær:

Annað tap HK gegn nýliðum

FÓTBOLTI HK tapaði sínum öðrum leik í 1. deild karla í gær, nú fyrir nýliðum Stjörnunnar en í fyrsta leiknum töpuðu þeir fyrir Leikni.

Lucic kom Stjörnumönnum yfir með skoti utan vítateigs í fyrri hálfleik. Björn Másson innsiglaði svo sigur heimamanna. Til að fullkomna daginn fyrir Kópavogsbúum varði Hannes Þ. Halldórsson víti frá þeim í síðari hálfleik. Þá töpuðu Þróttarar fyrir Fjölnismönnum í gær en eftir að Pétur Georg Markan hafði komið þeim yfir með glæsilegu skallamarki einsettu þeir sér að verjast og halda stigunum. Það tókst þeim þrátt fyrir miklar sóknarlotur Þróttara, þar sem þeir skutu meðal annars í þverslána. - hþh

ATLI EÐVALDSSON Getur ekki hafa verið sáttur með sína menn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

ÍBV 0-3 Valur

Hásteinsvöllur. Áhorf: 456 — Kristinn Jakobsson (8)

0-1 Matthías Guðmundsson (18.)
0-2 Garðar Gunnlaugsson (46.)
0-3 Garðar Gunnlaugsson (85.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	15–17 (8–9)
Varin skot	Hrafn 5 – Kjartan 6
Horn	3–4
Aukaspyrnur fengnar	19–17
Rangstöður	3–1

ÍBV 4–5–1		VALUR 4–3–3	
Hrafn Davíðs.	5	Kjartan	6
Jonah Long	6	Birkir Már	6
Páll Hjarðar	5	Valur Fannar	7
Andrew Mwesigva	5	Atli Sveinn	6
Anton Bjarnason	4	Steinþór	6
Sævar Eyjólfsson	4	Kristinn Hafliðas.	6
Bjarni Geir	4	Sigurbjörn	7
Atli Jóhannsson	5	(88. Örn Kató	-)
Chris Vorenkamp	4	Pálmi Rafn	7
(75. Lundbye	-)	Matthías	7
Bjarni Rúnar	3	(90. Baldur	-)
(55. Ingi Rafn	6)	Guðmundur Ben.	7
Bo Henriksen	4	(90. Jakob Spangsb.	-)
(55. Pétur Runólfss	5)	*** Garðar Gunnlaugs.**	**8**

**Maður leiksins*

Víkingur 4-1 Breiðablik

Víkingsvöllur, áhorfendur: 987 — Eyjólfur Kristinsson(4)

1–0 Viktor Bjarki Arnarsson (Víti, 18.)
2–0 Hörður Sigurjón Bjarnason (31.)
3–0 Davíð Þór Rúnarsson (57.)
4–0 Viktor Bjarki Arnarsson (78.)
4-1 Marel Baldvinsson (81.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	10–8 (5–3)
Varin skot	Ingvar 2 – Hjörvar 1
Horn	5–3
Aukaspyrnur fengnar	9–12
Rangstöður	1–0

VÍKING. 4–4–2		BREIÐAB. 4–5–1	
Ingvar Kale	7	Hjörvar Hafliðason	4
Milos Glogovac	7	Oliver Risser	3
Grétar S. Sigurðss.	8	Guðmann Þórisson	2
Höskuldur Eiríkss.	7	Árni Gunnarsson	4
(74. Andri Tómas	-)	Stig Haaland	5
Valur Úlfarsson	6	Olgeir Sigurgeirss.	4
(80. Daníel Hjalta.	-)	Petr Podzemsky	4
Jökull I.	7	(63. Srdjan Gasic	3)
Arnar Sigurgeirss.	8	Ragnar Gunnarsson	5
(84. Stefán Sveinb.	-)	(67. Nenad Zivanovic	6)
Jón Guðbrandss.	6	Kristján Sigurðss.	6
Hörður Bjarnason	7	(76. Gunnar Sig.	-)
***Viktor Bjarki**	**9**	Steinþór Þorsteinss.	5
Davíð Rúnarsson	8	Marel Baldvinsson	6

**Maður leiksins*

Valsmenn unnu öruggan 3-0 sigur á ÍBV í Landsbankadeild karla í gærkvöldi:

Gáfum þeim aldrei færi á okkur

FÓTBOLTI Valsmenn mættu ákveðnir til leiks á Hásteinsvöll í Vestmannaeyjum og sigruðu örugglega 3-0 eftir að hafa haft yfir í hálfleik 1-0. Valsliðið hafði tapað tveimur fyrstu leikjum sínum í Landsbankadeildinni og því var mikilvægt fyrir þá að næla í fyrstu stigin ætluðu þeir að blanda sér í toppbaráttuna.

Það var Matthías Guðmundsson sem kom Valsmönnum á bragðið í fyrri hálfleik en Garðar Gunnlaugsson gerði út um leikinn í síðari hálfleik með tveimur mörkum. Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, var að vonum ánægður með sína menn eftir að fyrstu þrjú stigin voru komin í hús. „Þau vilja oft vera erfið þessi fyrstu stig og við vorum soldið upp við vegg, ekki síst vegna þess að við vorum að koma til Eyja. Ég var mjög ánægður með spilamennskuna og barátturna í mínum mönnum í dag. Við mættum ákveðnir til leiks og gáfum þeim aldrei færi á okkur," sagði Willum.

Guðmundur Benediktsson, framherji Vals, sagði að það hefði verið kominn tími á að komast á blað. „Þetta var frábært hjá okkur að koma hingað og sækja þrjú stig. Það er alltaf erfitt að spila í Vestmannaeyjum og mér skilst að Valur hafi ekki unnið hér í 13 ár svo það gerir þetta enn sætara," sagði þessi snjalli framherji sem gerði varnarmönnum ÍBV lífið leitt með fínum leik.

„Við höfum ekki náð að fylgja eftir sigrinum í fyrsta leiknum og erum bara í tómum vandræðum núna. Valsmenn mættu mjög ákveðnir til leiks, sóttu á okkur og voru að leika mjög vel. Það er sérstaklega leiðinlegt að tapa hérna á heimavelli þar sem við höfum verið mjög sterkir. Næsti leikur, gegn Víkingi heima um helgina, er nú orðinn mjög mikilvægur fyrir okkur, og má segja að það sé ákveðinn botnslagur," sagði Bjarni Geir Viðarsson, sem fann sig ekki á miðjunni hjá ÍBV frekar en aðrir leikmenn liðsins.

- jiá

GARÐAR Átti góðan leik fyrir Val í gær og skoraði tvö marka liðsins í öruggum sigri í Eyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Unglingalandsliðið í körfu:

Sigur og tap í Svíþjóð í gær

KÖRFUBOLTI Íslenska unglingalandsliðið í körfubolta, skipað leikmönnum 18 ára og yngri, vann öruggan sigur á Noregi á Norðurlandamótinu sem fram fer í Svíþjóð. Ísland sigraði með 15 stiga mun, 78-63, og hefur nú unnið tvo fyrstu leiki sína á mótinu. Hörður Axel Vilhjálmsson, leikmaður Fjölnis, lagði grunninn að sigrinum með 26 stigum, 7 stoðsendingum og 7 fráköstum.

Landsliðið skipað leikmönnum 16 ára og yngri beið hins vegar í lægri hlut gegn Finnlandi, 70-67. Örn Sigurðarson var hlutskarpastur íslensku strákanna með 20 stig og átta fráköst.

- vig

Fernando Morientes:

Seldur til Valencia

FÓTBOLTI Valencia gekk í gær frá kaupum á framherjanum Fernando Morientes af Liverpool. Kaupverðið á hinum 30 ára gamla Spánverja var ekki gefið upp en talið er að það hafi ekki verið meira en þrjár milljónir punda. Morientes kom til Liverpool í janúar í fyrra fyrir rúmar sex milljónir punda og skoraði aðeins 12 mörk í 61 leik fyrir félagið.

Rafael Benitez, stjóri Liverpool, vildi fá ítalska framherjann Marco Di Vaio til Anfield í skiptum fyrir Morientes en leikmaðurinn hafnaði því boði og kaus að vera áfram á Spáni.

- vig

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„I know you don't smoke weed, I know this; but I'm gonna get you high today, cause it's Friday; you ain't got no job, and you ain't got shit to do."

Svar: Smokey úr Friday frá 1995.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ: BERGSTEINN SIGURÐSSON FÆR EKKI AÐ HORFA Á SJÓNVARPIÐ Í FRIÐI

Að lifa fyrir morgundaginn

Að vinna á dagblaði er gaman en sá böggull fylgir skammrifi að stundum lifir maður og hrærist í því sem gerist á morgun. Yfirleitt gengur það vandræðalaust fyrir sig en undanfarnar þrjár vikur hef ég verið minntur á ókostina. Svo er mál með vexti að ég hef haft gaman af spurningaþættinum Meistaranum í umsjá Loga Bergmanns á Stöð tvö.

Lengst framan af hef ég getað notið þáttanna óáreittur en eftir því sem nær dró úrslitum ákváðu tillitslausir samstarfsmenn mínir að það væri orðið fréttaefni hverjir kæmust í úrslit. Því miður er Meistarinn ekki sýndur í beinni útsendingu heldur yfirleitt tekinn upp degi áður og undanfarnar vikur hefur það ekki brugðist að einhver kollega minna hefur gáð að úrslitum um leið og upptökum lýkur og tilkynnt okkur hinum með tilþrifum hvernig fór. Ítrekað hef ég óskað þess að varfærnislegar yrði

farið með þessar upplýsingar svo sjálfur gæti ég notið þáttarins kvöldið eftir, en illu heilli hafa óskir mínar verið virtar að vettugi.

Kuldaköst eru ömurleg, sérstaklega í lok maí en fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Þannig var það eiginlega notalegt að sjá Gísla Sigurgeirsson segja frá snjóþyngslunum fyrir norðan í fréttum RÚV á þriðjudagskvöld – það hefur varla verið neinn vetur nema Gísli hafi leitt okkur allan sannleika um ófærð fyrir norðan. Ljósastaurinn góði var reyndar víðsfjarri í þetta sinn en það gerði ekkert til.

Kosningahelgi framundan með tilheyrandi kosningasjónvarpi, sem er yfirleitt jafn skemmtilegt og kosningabaráttan hefur verið leiðinleg. Fátt hefur jafn mikið afþreyingargildi og sveittur frambjóðandi í leit að frösum til að snúa ömurlegri kosningu upp í varnarsigur. Ég hlakka til.

▶ **19.35** *Kosningar*

KOSNINGAKASTLJÓS



▶ **20.05** *Gaman*

SIMPSONS



▶ **22.45** *Spenna*

X-FILES

▶ **22.30** *Gaman*

UPPISTAND

▶ **21.10** *Fréttaskýringar*

48 HOURS

SJÓNVARPIÐ

16.45 Fótboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Ævintýri H.C. Andersen (12:26)

18.30 **Ungar ofurhetjur (6:26)** Teiknimyndaflokkur.
19.00 **Fréttir, íþróttir og veður**
▶ **19.35** **Kosningakastljós** Lokaumræður oddvita framboðanna í Reykjavík. Umræðum stýra Elín Hirst og Þórhallur Gunnarsson.
20.40 **Nóvembersæla** (Sweet November) Auglýsingamaður í San Francisco kynnist konu sem breytir lífi hans. Leikstjóri er Pat O'Connor og meðal leikenda eru Keanu Reeves og Charlize Theron.
22.40 **Sérsveitin II** (Mission: Impossible II) Bandarísk spennumynd frá 2000. Njósnari er gerður út af örkinni til að finna stórhættulegan sjúkdómsvald.

0.40 Hundeltur (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára. e) **2.10** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2

6.58 Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah **10.20** My Wife and Kids **10.40** Alf **11.05** Það var lagið

12.00 Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement **13.30** 3rd Rock From the Sun **13.55** Entourage **14.20** Blue Collar TV **14.45** Arrested Development **15.10** Teenagers From Hell **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** Simpsons

18.30 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.00 **Ísland í dag**
▶ **20.05** **Simpsons (17:21)** (Simpson-fjölskyldan) Bart verður háður skyndibitamat vegna nýs sjálfsala í skólanum og er sendur í megrunarbúðir.
20.30 **Two and a Half Men**
20.55 **Stelpurnar (18:24)**
21.20 **Beauty and the Geek (7:7)** (Fríða og nördinn) Það er komið að lokaþætti.
22.05 **Cold Creek Manor** (Leyndardómar ættaróðalsins) Dulmagnað spennudrama með Dennis Quaid og Sharon Stone um fjölskyldu sem flytur úr borginni í afskekkt og niðurnítt ættaróðar sem á sér dularfulla og ógnvekjandi fortíð. Str. b. börnum.

0.00 The Recruit (Stranglega bönnuð börnum) **1.55** Home Room (Bönnuð börnum) **4.00** Beauty and the Geek (7:7) **4.45** Fréttir og Ísland í dag **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS TV

18.30 **Fréttir NFS**
19.00 **Ísland í dag**
20.00 **Sirkus RVK (e)**
20.30 **Splash TV 2006 (e)**
21.00 **Jake in Progress (1:13)** (Krísustjórinn) Nýr bandarískur grínþáttur um ungan og metnaðarfullan kynningarfulltrúa í New York.
21.30 **Tívolí** Skemmti- og fræðsluþátturinn Tívolí er stútfullur af fjöri og fróðleik.
22.00 **Supernatural (15:22) (e)** (Benders) Yfirnáttúrulegir þættir af bestu gerð.
▶ **22.45** **X-Files (e)** (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun! Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið eru komnir aftur í sjónvarpið.

23.30 Never Been Kissed

SKJÁREINN

7.00 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

15.20 Ripley's Believe it or not! (e) **16.05** Game tíví (e) **16.35** Dr. 90210 (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

19.00 **Frasier**
19.30 **Everybody loves Raymond (e)**.
20.00 **One Tree Hill** Þættirnir gefa trúverðuga mynd af lífi og samskiptum nokkurra ungmenna í bænum One Tree Hill, þar sem stormasamt samband hálfbræðranna og fjandvinanna Nathans og Lucasar er rauður þráður.
21.00 **The Bachelorette** Þriðja syrpa þessa vinsæla raunveruleikaþáttar.
▶ **22.30** **Uppistand 2006** Fram koma Eyvindur Karlsson, Sveinn Waage, Þórhallur Þórhallsson, Hjálmar Hjálmarsson, Björk Jakobsdóttir, Jón Mýrdal, Guðlaug Elísabet og Steinn Ármann.

23.00 The Dead Zone (e) **23.45** C.S.I: Miami (e) **0.30** Rockface (e) **1.15** Tvöfaldur Jay Leno (e) **2.45** Óstöðvandi tónlist

NFS

7.00 Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið, fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** 5fréttir **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður

20.00 **Fréttir**
20.10 **Kompás (e)**
21.00 **Fréttir**
▶ **21.10** **48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
22.00 **Fréttir** Fréttir og veður
22.30 **Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringaþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir víðan völl og verður þættinum ekkert óviðkomandi. Kynnar eru þulir NFS; Sigmundur Ernir Rúnarsson Logi Bergmann Eiðsson, Edda Andrésdóttir o.fl.

23.15 Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Kompás (e)

STÖÐ 2 BÍÓ

6.10 Spider-Man 2 **8.15** James Dean: Outside the Lines **10.00** Fame **12.10** Splitting Heirs **14.00** Spider-Man 2 **16.05** James Dean: Outside the Lines **18.00** Fame

Splitting Heirs Tommy greyið sem fæddist á blómatímanum en forríkir foreldrar hans skildu hann eftir í villtu samkvæmi í Lundúnum. Fátækir Pakistarnar tóku piltinn í fólstur en þegar hann kemst til vits og ára uppgötvar hann sér til mikillar skelfingar að hann er í raun 15. hertoginn af Bournemouth.

22.00 **Hard Cash** (Illa fengið fé) Thomas Taylor er nýsloppinn úr fangelsi en tekur fljótt upp fyrri iðju. Nú er alríkislögreglan á hælum hans en ekki í þeim erindum að koma honum aftur í fangelsi. Stranglega bönnuð börnum.

0.00 Windtalkers (Str. b. börnum) **2.10** Barton Fink (B. börnum) **4.05** Hard Cash (Str. b. börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News **12.30** Style Star **13.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **14.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **15.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **16.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **17.00** Superstar Weddings Gone Bad **17.30** Gastineau Girls **18.00** E! News **18.30** Number One Single **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **21.00** Rich Kids: Cattle Drive **22.00** Wild On Tara **22.30** Wild On Tara **23.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **0.00** Wild On Tara **0.30** Celebrity Friends Gone Bad **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment

AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

Frábærar útskriftargjafir

Lampar 4.900.-

Púðar m/fyllingu: 3.390.-
margir litir

broste COPENHAGEN

blómaval heillandi heimur

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

The Bachelorette — Skjár einn kl. 21.00

Jennifer snýr aftur

Piparmey fær nú í þriðja skiptið að finna sér vænlegan karlmann í þessum vinsæla sambandsþætti. Piparjómkan að þessu sinni er heldur ekki af verri endanum en hún heitir Jennifer Schefft og hefur áður komið fram í þessum þætti. Þá var hún reyndar í sporum þeirra sem reyna að berjast um hylli aðalpersónunnar og hafði hún að lokum „sigur" en hún heillaði milljónaerfingjann Andrew Firestone upp úr skónum í þriðju þáttaröð The Bachelor. Þau trúlofuðu sig með pompi og prakt en ástin entist ekki og Jennifer sat eftir með sárt ennið. Hún fær því verðmætt annað tækifæri og spurning hvort hún finni hina sönnu ást að þessu sinni.

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

			8	4				
							8	5
	8			9	6			4
1						9		8
	7			3			6	
6		5						1
3			1	5			9	
8	9							
				2	7			

Lausn á gátu gærdagsins

5	3	7	8	4	6	1	2	9
2	1	8	3	5	9	7	4	6
9	6	4	1	2	7	8	3	5
3	7	1	9	6	2	4	5	8
6	5	9	7	8	4	3	1	2
8	4	2	5	1	3	6	9	7
1	8	6	4	9	5	2	7	3
4	9	3	2	7	8	5	6	1
7	2	5	6	3	1	9	8	4

▶ **19.00** *Íþróttir*

GILLETTE SPORTPAKKINN

SÝN besta sætið

16.10 Landsbankadeildin 2006 (ÍA – KR)
18.00 Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

18.30 **US PGA í nærmynd** (Inside the PGA)
▶ **19.00** **Gillette Sportpakkinn** (Gillette World Sport 2006) Íþróttir í lofti, láði og legi.
19.30 **Landsbankamörkin 2006** Öll mörkin, tilþrifin, umdeildu atvikin.
20.00 **Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur**
20.30 **Motorworld**
21.00 **Fifth Gear** (Í fimmta gír) Breskur bílaþáttur af bestu gerð. Hér er fjallað jafnt um nýja sem notað bíla en ökutæki af nánast öllum stærðum og gerðum koma við sögu.
21.30 **World Poker Tour** (Heimsbikarinn í póker) Snjöllustu pókerspilarar veraldar koma saman á heimsmótaröðinni.

23.00 NBA-úrslitakeppnin

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.30 Morguntónar **6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Víttogbreitt **14.03** Útvarpssagan: Saga um strák **14.30** Miðdegistónar **15.03** Flakk **16.10** Veðurfregnir **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Samfélagið í nærmynd **20.30** Kvöldtónar **21.00** Innsta þrá í óskahöllum **21.55** Orð kvöldsins **22.10** Veðurfregnir **22.15** Pipar og salt **23.00** Kvöldgestir

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Geymt en ekki gleymt **22.10** Næturvaktin

BYLGJAN FM 98,9

7.00 Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson **12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis **18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radió / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

HRÓSIÐ

...fær Ian Anderson sem hélt frábæra tónleika í Laugardalshöll og sýndi þar og sannaði að aldur er afstæður.

REYKJAVÍKURNÆTUR HÖRPU PÉTURSDÓTTUR FINNST NAUÐSYNLEGT AÐ BREYTA TIL

Sökkerasegull!

Við vorum að velta því fyrir okkur vinkonurnar um daginn hvernig stæði á því að ein okkar væri á lausu. Málið er nefnilega að hún er einfaldlega stórglæsileg, svakalega klár og hrikalega skemmtileg. Hún hefur allan pakkann og miklu meira til. Þá litum við yfir farinn veg hennar og þar lá svarið. Við gerðum okkur grein fyrir því að mennirnir sem hún hafði verið með voru allir hálfgerðir aular.

Það er einhvern veginn þannig að sumar konur falla alltaf fyrir sömu týpunum og iðulega enda sögurnar á sama veg. Það fer allt fjandans til! Það er samt svo skrítið að maður skuli ekki læra af mistökunum og reyna að finna sér nýjan rétt á matseðlinum þegar hinn hefur ekki reynst vel. Þrátt fyrir að vera brenndur er leitað á sömu miðin, aftur og aftur.

Ég á einmitt fleiri svona vinkonur sem falla alltaf fyrir sama gæjanum. Einni þeirra tekst að soga til sín alkóhólista í hvert sinn sem henni sýnist svo að fá sér eitt stykki kærasta. Hins vegar endar hún yfirleitt sem einhverskonar félagsráðgjafi og sálfræðingur. Ég held hún hefði frekar átt að skella sér í sálfræði heldur en viðskiptafræði því hún hefur greinilega svo gaman að viðfangsefnum sínum að hún eyðir ómældum tíma í þau og það algerlega kauplaust. Og ég held líka að það væri mun frekar þess virði að skella henni í meðferð við vandanum til tilbreytingar frekar en þeim, þar sem hún gæti þá mögulega átt sér viðreisnar von. Önnur segist bara draga til sín menn sem líti vel út á yfirborðinu en eigi það flestir sameiginlegt að eiga við einhvers konar geðræn vandamál að stríða. Allir haldi að hún eigi svo fína kærasta en svo sé það víst þannig að þegar enginn sér til þá smelli eitthvað í hausnum á þeim og þeir breytist í vænisjúklinga og klikkhausa.

Það getur verið erfitt að halda andlitinu þegar vinkona mætir með bros út að eyrum og útúr hamingjusöm, með nýja kærastann sem hún ætlar klárlega að giftast, og maður áttar sig á því að þetta er ný útgáfa af gamla kærastanum. Hræðslan um að sagan og leiðindin endurtaki sig fellir skugga á hamingju vinkonunnar. Maður verður þó að sýna smá viðleitni og vera bjartsýnn og trúa því sem hún trúir sjálf.

Einhvern tímann hlýtur þessari bölvun að létta. Spurningin er bara hvenær og hversu mikið vatn þarf að renna til sjávar til þess að áin tæmist og leiti á önnur mið fyrir vökvun? Góður og gegn maður ætti að sjá það snemma á ferlinu að vænlegra væri að breyta til og prófa eitthvað nýtt. Eitthvað segir mér að þá væri meiri sjéns á að fá loksins bingó!



LÁRÉTT
2 frumefni **6** persónufornafn **8** kvikmyndahús **9** bar að garði **11** tölvuverslun **12** húða með krómi **14** sveigur **16** þreyta **17** stormur **18** spíra **20** lík **21** rétt.

LÓÐRÉTT
1 eignaðist **3** í röð **4** land **5** form **7** sveppur **10** eldsneyti **13** sjór **15** tafl **16** loka **19** bardagi.

LAUSN

LÁRÉTT: **2** malm, **6** ég, **8** bíó, **9** kom, **11** bt, **12** króma, **14** krans, **16** iða, **17** rok, **18** ala, **20** nú, **21** satt.
LÓÐRÉTT: **1** fékk, **3** áb, **4** Líbanon, **5** mót, **7** gorkúla, **10** mór, **13** mar, **15** skák, **16** ís, **19** ár.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Ataturk-flugstöðin
2. Fjölnir
3. Dirk Kuyt

allt
ný vöru- & þjónustuskrá á visir.is
visir ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

KALDÁRSEL
sumarbúðir fyrir káta krakka
Skráningarsími 588 8899

JÓNAS ÖRN HELGASON: SIGURVEGARI Í MEISTARANUM

Ætlar að bjóða vinum sínum upp á bjór

„Þetta kom bara á lokasprettinum. Síðasta spurningin sem ég svaraði var um hvað páfagaukurinn í Töfraflautunni í Mozart héti," segir Jónas Örn Helgason, 21 árs sigurvegari í spurningaþættinum Meistaranum á Stöð 2. Jónas atti kappi við Ingu Þóru Ingvarsdóttur í úrslitaþættinum í gærkvöldi. Lokastaðan var 13-12. Aðspurður segist Jónas hafa vitað svarið við lokaspurningunni vegna þess að hann hafi einhvern tímann hlustað á Töfraflautuna í skóla.

Þeir sem fylgst hafa með Meistaranum hafa orðið þess varir að Jónas Örn er afskaplega róleg týpa og lítið virðist hagga honum. Hann ítrekar líka að það eigi ekki margt eftir að breytast hjá honum þó hann sé nú fimm milljónum ríkari. „Ég þarf að vísu að efna nokkur loforð sem ég gaf fólki í upphafi. Líkurnar voru náttúrlega bara einn á móti 22 og maður þorði alveg að lofa fólki einhverju skyldi ég vinna. Ætli maður bjóði ekki bara öllum upp á bjór," segir Jónas.

Jónas sagði í Fréttablaðinu á miðvikudag að hann ætlaði sér að nota peningana sem innborgun þegar hann keypti sér íbúð. „Já, ætli maður leggi ekki peningana inn eftir skattinn sem tekur nú sitt. Og svo eftir örfá ár, ekki það að maður sé að flýta sér að heiman, nota ég peningana sem innborgun á íbúð."

JÓNAS ÖRN HELGASON Ætlar að leggja fimm milljónirnar sem hann fékk fyrir sigur í Meistaranum inn á bók. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

SIGURSTUNDIN Jónas Örn tekur við sigurlaununum úr hendi Loga Bergmanns Eiðssonar, umsjónarmanns þáttarins. LJÓSMYND/ÁRNI TORFASON

Þegar Jónas er spurður um hvort samskiptin við kvenþjóðina eigi ekki eftir að breytast eftir sigurinn verður hann hálf vandræðalegur. „Ég veit það nú ekki, það er alla vega engin í spilunum," segir hann. Jónas hefur lokið einu ári í verkfræði við Háskóla Íslands, með misjöfnum árangri að eigin sögn. „Það var ýmislegt annað annríki sem tafði mig frá náminu, maður þurfti að horfa á sjónvarpið, lesa bækur og fara út á lífið," segir hann léttur í bragði. Jónas hefur ekki enn fengið sumarvinnu þó hann hafi sótt um á nokkrum stöðum. Búast má við að einhverjir atvinnurekendur hafi samband við hann í kjölfar sigursins í Meistaranum, en Jónas lætur sig það litlu varða. „Ætli maður endi ekki bara í einhverri sveittri verkamannavinnu, það verður fínt að vinna úti í sumar."

hdm@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ágústa Eva Erlendsdóttir, sem túlkar sjónvarpsdívuna **Silvíu Nótt**, kom ekki með Eurovision-hópnum heim til Íslands heldur dvelst hún um þessar mundir á grískri eyju í smá frí. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Ágústa væntanleg heim til landsins eftir helgi en Silvía Nótt verður hins vegar víðs fjarri. Keppnin tók mikla orku frá leikkonunni og nýtur hún nú þess að vera laus undan hlutverkinu enda er langt síðan einn keppandi naut jafn mikillar athygli og Silvía. Getgátur hafa verið uppi um að Eurovision-keppnin hafi verið svanasöngur dívunnar og að Silvía verði jafnvel skilin algjörlega eftir í Grikklandi en heimildir blaðsins herma að enn sé mikill kraftur í persónunni og hún ætli sér að koma tvíefld til baka.

Frambjóðendur í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík taka upp á ýmsu til að vekja athygli á sér og baráttumálum sínum. **Oddný Sturludóttir**, sem skipar 5. sætið á lista Samfylkingarinnar, ákvað þannig að rifja upp gamla takta á tónlistarsviðinu í gær. Auglýst var að hún myndi leika með gömlu félögum sínum í hljómsveitinni Ensími á tónleikum á Ingólfstorgi. Oddný lék sem kunnugt er á hljómborð með sveitinni fyrstu starfsár hennar og samkvæmt auglýsingu átti Ensími að leika þessi gömlu lög á tónleikunum. Aðdáendur sveitarinnar hafa eflaust kunnað vel að meta þetta framtak Oddnýjar en víst má telja að hún hefði ekki látið slag standa nema kosningar stæðu fyrir dyrum.

Minnkandi eftirspurn á fasteignamarkaði virðist ekki draga kjarkinn úr fasteignasölum landsins og þeim hefur fjölgað ef eitthvað er undanfarið. Nýlega ákváðu tveir valinkunnir menn að reyna fyrir sér í stéttinni. **Marel Baldvinsson** fótboltamaður sneri heim úr atvinnumennsku og gerðist fasteignasali samhliða því að spila fyrir Breiðablik. Í vikunni hóf svo **Gunnar Ólason**, gítarleikari og söngvari Skítamórals, störf á fasteignasölu og bætast þeir tveir í hóp fjölmargra fasteignasala sem áður hafa getið sér gott orð á öðrum vettvangi.

- hdm/- fgg

ÚRVAL FISKRÉTTA Á GRILLIÐ.
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14

Æfingar að hefjast hjá Bubba

Nú styttist óðfluga í afmælistónleika rokkkóngsins Bubba Morthens sem verða haldnir í Laugardalshöll þann 6. júní næstkomandi.

Bubbi var nýkominn heim úr fríi í útlöndum þegar Fréttablaðið hafði samband við hann út af tónleikunum. Æfingar eru að fara í gang og ekki seinna vænna enda mun Bubbi koma fram með flestum þeim hljómsveitum sem hann hefur spilað með á farsælum ferli sínum, þar á meðal Egó, Utangarðsmönnum og GCD. „Þetta á ekki að vera flókið ef allir eru heilir heilsu. Ég held að þetta bara steinliggi," segir Bubbi. „Þetta er eins og hvert annað gigg nema að það er ekki oft sem maður selur upp Höllina á þremur dögum."

Bubbi segist engan veginn hafa búist við því að uppselt yrði á svona skömmum tíma. „Ég bjóst við að við gætum selt upp en hélt að það tæki svona mánuð. Nefndu mér annan innlendan listamann sem myndi gera þetta. Maður getur ekki annað en verið þakklátur," segir hann.

Að sögn Bubba verða þrjú svið notuð á sama tíma í Höllinni þannig að hann mun að öllum líkindum flakka á milli sviða. - fb

BUBBI MORTHENS Bubbi heldur afmælistónleika í Laugardalshöll þann 6. júní fyrir fullu húsi áhorfenda.

Kjósum **trúverðugt fólk** í framlínuna

- ✓ Forgangsröðun til fólksins
- ✓ Flugvöllinn áfram
- ✓ Lifi Laugavegurinn
- ✓ Betri strætó
- ✓ Meira íbúalýðræði
- ✓ Verndum náttúrna
- ✓ Eflum þekkingariðnað

FRJÁLSLYNDIR OG ÓHÁÐIR XF

Kosningaskrifstofa Aðalstræti 9, s. 552 2600 • flistinn@xf.is • www.f-listinn.is

ODDI VOA 9130

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

BAKÞANKAR
ÞORBJARGAR S. GUNNLAUGSDÓTTURS

Lögleg rangstaða

Nú fer koma að heimsmeistarakeppninni í fótbolta, fótboltaveislunni sem fangar athygli alls heimsins og gerir ótrúlegasta fólk að innilegum fótboltaáhugamönnum. Allt er eins og það á að vera nema kannski fyrir það að fréttaflutningur af undirbúningi keppninnar er dálítið sérstakur að þessu sinni. Undirbúningurinn virðist að hluta snúast um að flytja inn nógu margar vændiskonur sem væntanlega eiga að stytta einhverjum áhorfendum stundir milli leikja.

MERKILEGT nokk þá hefur þetta ekki orðið tilefni til mikillar umræðu, eflaust vegna þess að tekist hefur að slá ryki í augu almennings. Aðalatriðið hefur verið að vændi er löglegt í Þýskalandi, þar sem keppnin fer fram, en minna er rætt um hvort það sé í anda íþróttahugsjónarinnar að vændi sé samofið heimsmeistarakeppninni.

STJÓRN KSÍ hefur t.d. sent frá sér ályktun þar sem stjórnin segist ekki ætla að tjá sig frekar um málið í fjölmiðlum. Þar segir m.a. að óháðum íþróttasamtökum „ber að virða alþjóðalög og landslög um heim allan“ og að knattspyrnuhreyfingin hafi gætt þess að „hlutast ekki til um málefni á vettvangi stjórnmála einstakra ríkja“. Engu að síður er keppnin tileinkuð pólitískum markmiðum, „réttindum barna, friði og baráttu gegn hvers kyns fordómum“.

VÆNDI og mansal eru tvær hliðar á sama peningi. Ómögulegt er að skilja þar á milli. Mansal er ólöglegt, enda gengur mansal út að flytja fólk – oft konur og börn – nauðugt milli landa til að starfa sem kynlífsþrælar. Mansal er nútímaþrælahald. Og nú eru sagt frá því að mörg þúsund þrælar verði fluttir inn sem söluvara fyrir einhverja af áhorfendum HM í sumar.

EN jafnvel ólöglegt mansal hefur ekki orðið til þess að kalla fram sérstaklega hörð viðbrögð gegn þessari hlið heimsmeistaramótsins. Og það kristallar auðvitað að í raun skiptir það ekki máli hvort vændi er löglegt í Þýskalandi eða ekki. Málið snýst um viljann til þess að koma í veg fyrir kynlífssölu í tengslum við HM í fótbolta – en ekki um það hvort salan er lögleg í Þýskalandi.

MÖRG af verstu mannréttindabrotum heims hafa verið lögleg, eins og þrælahald, aðskilnaðarstefna og ofbeldi gegn konum, sem enn er löglegt sums staðar í heiminum. Jafnvel þó að lög samþykki ranga hegðun, þá gerir það hegðunina auðvitað ekki rétta. Í þessu tilviki er rangstaðan lögleg.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Þú átt ósýnilegan vin

Varasjóður VR er ný og betri leið til að nýta réttindi þín í sjúkra- og orlofssjóðum. Þú getur safnað í sjóðinn til að tryggja þig enn betur gegn óvæntum útgjöldum og áföllum. En þú mátt líka taka úr sjóðnum þínum til að mæta kostnaði við líkamsrækt, gleraugu, námskeið, sumarfrí o.þ.h. Þannig getur þú nýtt varasjóðinn þinn eins og þér finnst best án þess að skerða dagpeninga og önnur réttindi sem samtrygging samfélagsins veitir.

Félagi í VR er aldrei einn í heiminum.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR